		— Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2005/2006
	Laurea magistrale in architettura (Progettazione architettonica)	— Università di Roma Tre		2004/2005

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
	Laurea specialistica in Architettura	— Università di Napoli II		2001/2002
		— Politecnico di Milano II		
		— Facoltà di architettura dell'Università degli Studi G. D'Annunzio di Chieti-Pescara		
		— Facoltà di architettura, Pianificazione e Ambiente del Politecnico di Milano		
		— Facoltà di Architettura dell'Università degli studi di Trieste		
		— Facoltà di Architettura di Siracusa, Università di Catania		
		— Facoltà di architettura, Università degli Studi di Parma		
		— Facoltà di Architettura, Università di Bologna		
		— Università IUAV di Venezia		2002/2003
		— Politecnico di Torino		
		— Facoltà di Architettura Valle Giulia, Università degli Studi di Roma‘La Sapienza’		2004/2005
		— Università degli Studi di Camerino		
		— Università di Napoli Federico II		
		— Università degli Studi‘Mediterranea’ di Reggio Calabria		
		— Università degli Studi di Sassari		2005/2006
	Laurea Specialistica in Architettura (Progettazione Urbanistica)	— Università degli Studi‘Mediterranea’ di Reggio Calabria		2005/2006
	Laurea Specialistica in Progettazione dell'Architettura	— Università di Firenze		2001/2002
	Laurea magistrale in Architettura	— Politecnico di Milano II		2004/2005
		— Università di Napoli II		
		— Università di Napoli Federico II		
		— Facoltà di architettura dell'Università degli Studi G. D'Annunzio di Chieti-Pescara		
		— Facoltà di architettura, Pianificazione e Ambiente del Politecnico di Milano		
		— Università IUAV di Venezia		
		— Facoltà di Architettura, Università di Bologna		
		— Facoltà di Architettura di Siracusa, Università di Catania		

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Facoltà di architettura, Università degli Studi di Parma		
		— Facoltà di architettura dell'Università degli Studi di Trieste		
		— Università degli Studi di Trieste		2014/2015
		— Università degli Studi di Camerino		2006/2007
		— Università degli Studi di Enna‘Kore’		2004/2005
		— Università degli Studi di Firenze		2008/2009
		— Università degli Studi di Cagliari		
		— Università degli Studi di Udine		2009/2010
		— Università degli Studi‘Mediterranea’ di Reggio Calabria		
		— Università degli Studi di Sassari		2010/2011
		— Università degli Studi della Basilicata		
		— Università degli Studi di Genova		2014/2015
	Laurea specialistica in architettura -progettazione architettonica e urbana	Facoltà‘Ludovico Quaroni’ dell'Università degli Studi‘La Sapienza’ di Roma		2000/2001
	Laurea Magistrale in architettura -progettazione architettonica e urbana	Facoltà‘Ludovico Quaroni’ dell'Università degli Studi‘La Sapienza’ di Roma		2004/2005
	Laurea Specialistica in Architettura (Progettazione Urbana)	Università di Roma Tre		2001/2002
	Laurea Magistrale in Architettura (Progettazione Urbana)	Università di Roma Tre		2004/2005
	Laurea Specialistica in Architettura (Progettazione urbana e territoriale)	Politecnico di Torino		2002/2003
	Laurea Specialistica in architettura (Architettura delle costruzioni)	Politecnico di Milano (Facoltà di Architettura civile)		2001/2002
	Laurea magistrale in architettura (Architettura delle costruzioni)	Politecnico di Milano (Facoltà di Architettura civile)		2004/2005
	Laurea Specialistica Architettura delle Costruzioni	Università degli Studi di Cagliari		2005/2006
	Laurea Specialistica in Architettura (Restauro)	— Facoltà di architettura di Valle Giulia dell'Università degli Studi‘La Sapienza’ di Roma		2004/2005
		— Università degli Studi di Roma Tre — Facoltà di Architettura		2001/2002

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2005/2006
	Laurea Magistrale in Architettura (Restauro)	— Facoltà di architettura di Valle Giulia dell'Università degli Studi‘La Sapienza’ di Roma		2004/2005
		— Università degli Studi di Roma Tre — Facoltà di Architettura		2009/2010
		— Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2004/2005
	Laurea Specialista in Architettura (costruzione)	Politecnico di Torino		2002/2003
	Laurea Specialistica in Architettura (Restauro e Valorizzazione)	Politecnico di Torino		2005/2006
	Laurea Specialistica in Architettura (Ambiente e Paesaggio)	Politecnico di Torino		2005/2006
	Laurea Specialistica in Architettura (Nuove Qualità delle Costruzioni e dei Contesti)	Università degli Studi della Campania‘Luigi Vanvitelli’ (Seconda Università degli Studi di Napoli) (2)		2007/2008
	Laurea Magistrale in Architettura e Ingegneria Edile	Università degli Studi della Campania‘Luigi Vanvitelli’ (Seconda Università degli Studi di Napoli) (2)		2009/2010
	Laurea Magistrale in Architettura e Progetto dell'Ambiente Urbano	Università degli Studi della Campania‘Luigi Vanvitelli’ (Seconda Università degli Studi di Napoli) (2)		2009/2010
	Laurea Magistrale in Architettura — Progettazione degli Interni e per l'Autonomia	Università degli Studi della Campania‘Luigi Vanvitelli’ (Seconda Università degli Studi di Napoli) (2)		2011/2012
	Laurea Magistrale in Architettura — Progettazione architettonica	Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2004/2005
		— Politecnico di Torino		2013/2014
	Laurea Magistrale in Architettura e Città, Valutazione e progetto	Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2004/2005
	Laurea Specialistica in Architettura e Città, Valutazione e progetto	Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2007/2008
	Laurea Magistrale in Architettura — Arredamento e Progetto	Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2008/2009
	Laurea Magistrale in Architettura Manutenzione e Gestione	Università degli Studi di Napoli‘Federico II’		2008/2009
	Laurea Magistrale in Architettura Costruzione Città	Politecnico di Torino		2010/2011

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
	Laurea Magistrale in Architettura per il Progetto Sostenibile	Politecnico di Torino		2010/2011
	Laurea Magistrale in Architettura per il Restauro e la Valorizzazione del Patrimonio	Politecnico di Torino		2010/2011
	Laurea Magistrale Architettura per la Sostenibilità	Politecnico di Torino		2010/2011
	Laurea Magistrale Architettura per l'Ambiente Costruito	Politecnico di Torino		2010/2011
	Laurea Magistrale in Architettura e Culture del Progetto	Università IUAV di Venezia		2013/2014
	Laurea Magistrale in Architettura e Innovazione	Università IUAV di Venezia		2013/2014
	Laurea Magistrale in Architettura per il Nuovo e l'Antico	Università IUAV di Venezia		2013/2014
	Laurea Magistrale in Architettura — Restauro	Università degli Studi'Mediterranea' di Reggio Calabria		2013/2014
	Laurea Magistrale Sustainable Architecture and Landscape Design — Architettura Sostenibile e Progetto del Paesaggio	Politecnico di Milano		2015/2016
	Laurea Magistrale Architectural Design and History — Progettazione Architettonica e Storia			2015/2016
	Laurea Magistrale Architettura e Disegno Urbano			2017/2018
Κύπρος	Δίπλωμα Αρχιτέκτονα — Μηχανικού στην αρχιτεκτονική	— Πανεπιστήμιο Κύπρου	Βεβαίωση που εκδίδεται από το Επιστημονικό και Τεχνικό Επιμελητήριο Κύπρου (ETEK) η οποία επιτρέπει την άσκηση δραστηριοτήτων στον τομέα της αρχιτεκτονικής	2005/2006
	Professional Diploma in Architecture	— University of Nicosia		2006/2007
	Δίπλωμα Αρχιτεκτονικής (5 έτη)	— Frederick University, Σχολή Αρχιτεκτονικής, Καλών και Εφαρμοσμένων Τεχνών του Πανεπιστημίου Frederick		2008/2009
	Δίπλωμα Αρχιτέκτονα Μηχανικού (5 ετούς φοίτησης)	— Frederick University, Σχολή Αρχιτεκτονικής, Καλών και Εφαρμοσμένων Τεχνών του Πανεπιστημίου Frederick		2008/2009
	Δίπλωμα Αρχιτέκτονα Μηχανικού (5 ετούς φοίτησης)	Frederick University, Πολυτεχνική Σχολή, Τμήμα Αρχιτεκτόνων Μηχανικών του Πανεπιστημίου Frederick		2014/2015
Latvija	Arhitekta diploms	Rīgas Tehniskā universitāte	Latvijas Arhitektu savienības sertificēšanas centra Arhitekta prakses sertifikāts	2007/2008

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
Lietuva	Bakalauro diplomas (Architektūros bakalauras)	— Kauno technologijos universitetas — Vilniaus Gedimino technikos universitetas — Vilniaus dailės akademija	Architekto kvalifikacijos atestatas (Atestuotas architektas)	2007/2008
	Magistro diplomas (Architektūros magistras)	— Kauno technologijos universitetas — Vilniaus Gedimino technikos universitetas — Vilniaus dailės akademija		
	Magistro diplomas (Architektūros magistras)	— Kauno technologijos universitetas — Vilniaus Gedimino technikos universitetas — Vilniaus dailės akademija		2016/2017
Luxembourg	Master en Architecture	Université du Luxembourg		2017/2018
Magyarország	Okleveles építészmérnök MSc	— Budapesti Müszaki és Gazdaságtudományi Egyetem — Építészmérnöki Kar	A területi illetékes építészkamara hatósági bizonyítványa a szakmagyakorlási jogosultságról.	2007/2008
	Okleveles építészmérnök	— Széchenyi István Egyetem, Györ — Müszaki Tudományi Kar		2007/2008
	Okleveles építészmérnök	— Pécsi Tudományegyetem — Pollack Mihály Műszaki Kar		2007/2008
Malta	Degree in Bachelor of Engineering and Architecture (Hons)	Universita' ta' Malta	Warrant b'titlu ta' ‘Perit’ mahrug mill-Bord tal-Warrant	2007/2008
Nederland	1. Het getuigschrift van het met goed gevolg afgelegde doctoraal examen van de studierichting bouwkunde, afstudeerrichting architectuur	1. Technische Universiteit te Delft	Verklaring van de Stichting Bureau Architectenregister die bevestigt dat de opleiding voldoet aan de normen van artikel 46. Frá og með 2014/2015: Verklaring van Bureau Architectenregister die bevestigt dat aan de eisen voor de beroepskwalificatie van architect is voldaan	1988/1989
	2. Het getuigschrift van het met goed gevolg afgelegde doctoraal examen van de studierichting bouwkunde, differentiatie architectuur en urbanistiek	2. Technische Universiteit te Eindhoven		
	3. Het getuigschrift hoger beroepsonderwijs, op grond van het met goed gevolg afgelegde examen verbonden aan de opleiding van de tweede fase voor beroepen op het terrein van de architectuur, afgegeven door de betrokken examencommissies van respectievelijk: — de Amsterdamse Hogeschool voor de Kunsten te Amsterdam			1988/1989

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
	— de Hogeschool Rotterdam en omstreken te Rotterdam — de Hogeschool Katholieke Leergangen te Tilburg — de Hogeschool voor de Kunsten te Arnhem — de Rijkshogeschool Groningen te Groningen — de Hogeschool Maastricht te Maastricht			
	4. Master of Science in Architecture, Urbanism & Building Sciences variant Architecture	4. Technische Universiteit Delft Faculteit Bouwkunde		2003/2004
	— Master of Science in Architecture, Building and Planning (specialisatie: Architecture)	Technische Universiteit Eindhoven		2002/2003
	Master of Architecture	ArtEZ hogeschool voor de kunsten/ArtEZ Academie van Bouwkunst		2003/2004
		Amsterdamse Hogeschool van de Kunsten/Academie van Bouwkunst Amsterdam		2003/2004
		Hanze Hogeschool Groningen/Academie van Bouwkunst Groningen		2003/2004
		Hogeschool Rotterdam/Rotterdamse Academie van Bouwkunst		2003/2004
		Fontys Hogeschool voor de Kunsten/Academie voor Architectuur en Stedenbouw in Tilburg		2003/2004
Österreich	1. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing. 2. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing. 3. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing. 4. Magister der Architektur, Magister architecturae, Mag. Arch. 5. Magister der Architektur, Magister architecturae, Mag. Arch.	1. Technische Universität Graz (Erzherzog-Johann-Universität Graz) 2. Technische Universität Wien 3. Universität Innsbruck (Leopold-Franzens-Universität Innsbruck) 4. Universität für Angewandte Kunst in Wien 5. Akademie der Bildenden Künste in Wien	Bescheinigung des Bundesministers für Wissenschaft, Forschung und Wirtschaft über die Erfüllung der Voraussetzung für die Eintragung in die Architektenkammer/Bescheinigung einer Bezirksverwaltungsbehörde über die Ausbildung oder Befähigung, die zur Ausübung des Baumeistergewerbes (Berechtigung für Hochbauplanung) berechtigt	1998/1999

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
	6. Magister der Architektur, Magister architecturae, Mag. Arch.	6. Universität für künstlerische und industrielle Gestaltung in Linz		
	7. Bachelor of Science in Engineering (BSc) (aufgrund eines Bachelorstudiums), Diplom-Ingenieur/in (Dipl.-Ing. oder DI) für technisch-wissenschaftlich Berufe (aufgrund eines Bachelor- und eines Masterstudiums entspricht MSc)	7. Fachhochschule Kärnten		2004/2005
	8. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing.	8. Universität Innsbruck (Leopold-Franzens-Universität Innsbruck)		2008/2009
	9. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing.	9. Technische Universität Graz (Erzherzog-Johann-Universität Graz)		2008/2009
	10. Diplom-Ingenieur, Dipl.-Ing.	10. Technische Universität Wien		2006/2007
	11. Master of Architecture (MArch) (aufgrund eines Bachelor- und eines Masterstudiums entspricht MSc)	11. Universität für künstlerische und industrielle Gestaltung Linz		2008/2009
		11. Akademie der bildenden Künste Wien		2008/2009
	12. Masterstudium der Architektur	12. Universität für angewandte Kunst Wien		2011/2012
	13. BA-Studiengang Bauplanung u. Bauwirtschaft Studienzweig Architektur u. MA-Studiengang Architektur	13. Fachhochschule Joanneum Graz		2015/2016
	14. Bachelorstudieng-ang‘Green Building’ und Masterstudiengang‘Architektur — Green Building’	14. Fachhochschule Campus Wien		2016/2017
Polska	magister inżynier architekt (mgr inż. arch.)	— Politechnika Białostocka — Politechnika Gdańska — Politechnika Łódzka — Politechnika Śląska — Zachodniopomorski Uniwersytet Technologiczny w Szczecinie — Politechnika Warszawska — Politechnika Krakowska — Politechnika Wrocławska	Zaświadczenie o członkostwie w okręgowej izbie architektów/Zaświadczenie Krajowej Rady Izby Architektów RP potwierdzające posiadanie kwalifikacji do wykonywania zawodu architekta zgodnych z wymaganiami wynikającymi z przepisów prawa Unii Europejskiej osoby nie będącej członkiem Izby	2007/2008

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Krakowska Akademia im. Andrzeja Frycza Modrzewskiego		2003/2004
	dyplom ukończenia studiów wyższych potwierdzający uzyskanie tytułu zawodowego magistra inżyniera architekta	— Wyższa Szkoła Ekologii i Zarządzania w Warszawie		2011/2012
		— Politechnika Lubelska		2008/2009
		— Uniwersytet Techniczno-Przyrodniczy im. Jana i Jędrzeja Śniadeckich w Bydgoszczy		2011/2012
		— Politechnika Poznańska		2007/2008
		— Uniwersytet Zielonogórski		2008/2009
	dyplom studiów wyższych potwierdzający uzyskanie tytułu zawodowego magistra inżyniera architekta	Politechnika Świętokrzyska		2012/2013
Portugal	Carta de curso de licenciatura em Arquitectura	— Faculdade de Arquitectura da Universidade técnica de Lisboa	Certificado de cumprimento dos pré-requisitos de qualificação para inscrição na Ordem dos Arquitectos, emitido pela competente Ordem dos Arquitectos	1988/1989
		— Faculdade de arquitectura da Universidade do Porto		
		— Escola Superior Artística do Porto		
		— Faculdade de Ciências e Tecnologia da Universidade de Coimbra		
		— Universidade Lusíada de Lisboa		1986/1987
		— Faculdade de Arquitectura e Artes da Universidade Lusíada de Vila Nova de Famalicão		1993/1994
		— Universidade Lusófona de Humanidades e Tecnologia		1995/1996
		— Instituto Superior Manuel Teixeira Gomes		1997/1998
		— Universidade do Minho		1997/1998
		— Instituto Superior Técnico da Universidade Técnica de Lisboa		1998/1999
		— ISCTE-Instituto Universitário de Lisboa		1998/1999
	Carta de Curso de Licenciatura em Arquitectura e Urbanismo	— Escola Superior Gallaecia		2002/2003
	Para os cursos iniciados a partir do ano académico de 1991/1992	— Faculdade de Arquitectura e Artes da Universidade Lusíada do Porto		1991/1992
	Mestrado integrado em Arquitectura	— Universidade Autónoma de Lisboa		2001/2002

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Universidade Técnica de Lisboa (Instituto Superior Técnico)		2001/2002
		— Universidade Lusófona do Porto		2005/2006
	Carta de curso de Mestrado integrado em Arquitectura	— Universidade do Minho		1997/1998
		— ISCTE-Instituto Universitário de Lisboa		1999/2000
		— Universidade Lusíada de Vila Nova de Famalicão		2006/2007
		— Universidade Lusófona de Humanidades e Tecnologias		1995/1996
		— Faculdade de Arquitectura da Universidade Técnica de Lisboa		2008/2009
		— Universidade de Évora		2007/2008
		— Escola Superior Artística do Porto (ESAP)		1988/1989 (Licenciatura) 2007/2008 (Mestrado)
		— Instituto Superior Manuel Teixeira Gomes		2006/2007
		— Universidade Lusíada do Porto		2006/2007
	Carta de curso de Mestrado Integrado em Arquitectura e Urbanismo	— Universidade Fernando Pessoa		2006/2007
		— ESG/Escola Superior Gallaecia		2002/2003
	Diploma de Mestre em Arquitectura	— Universidade Lusíada de Lisboa		1988/1989
		— Universidade da Beira Interior		2003/2004
		— Universidade de Coimbra		2008/2009
	Carta de Curso, Grau de Licenciado	— Universidade de Évora		2001/2002
	Carta de curso de mestre em Arquitectura	— Universidade do Porto		2003/2004
	Certidão de Licenciatura em Arquitectura	Universidade Católica Portuguesa Centro Regional das Beiras		2001/2002
	Diploma de Mestrado Integrado em Arquitectura	Universidade Católica Portuguesa Centro Regional das Beiras		2001/2002
România	Diploma de arhitect	— Universitatea de arhitectură şi urbanism‘ION MINCU’	Certificat de dobândire a dreptului de semnătură si de înscriere în Tabloul Naţional al Arhitecţilor	2010/2011
		— Universitatea‘Politehnică’ din Timişoara		2011/2012

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Universitatea Tehnică din Cluj-Napoca		2010/2011
		— Universitatea Tehnică‘Gheorghe Asachi’ din Iaşi		2007/2008
		— Universitatea Spiru Haret — Facultatea de Arhitectură		2009/2010
	Diploma de licență și master	— Universitatea de arhitectură şi urbanism‘ION MINCU’		2011/2012
		— Universitatea‘Politehnică’ din Timişoara		
		— Universitatea Tehnică din Cluj-Napoca		
		— Universitatea Tehnică‘Gheorghe Asachi’ din Iaşi		
		— Universitatea Spiru Haret — Facultatea de Arhitectură		
Slovenija	Magister inženir arhitekture/Magistrica inženirka arhitekture	Univerza v Ljubljani, Fakulteta za Arhitekturo	Potrdilo Zbornice za arhitekturo in prostor o usposobljenosti za opravljanje nalog odgovornega projektanta arhitekture	2007/2008
	Diploma o pridobljeni magistrski izobrazbi 2. stopnje	Univerza v Mariboru; Fakulteta za gradbeništvo, prometno inženirstvo in arhitekturo		
Slovensko	Diplom inžiniera Architekta (titul Ing. arch.)	— Slovenská technická univerzita v Bratislave, Fakulta architektúry, študijný odbor 5.1.1 Architektúra a urbanizmus	Certifikát vydaný Slovenskou komorou architektov na základe 3-ročnej praxe pod dohľadom a vykonania autorizačnej skúšky	2007/2008
		— Technická univerzita v Košiciach, Fakulta umení, študijný odbor 5.1.1. Architektúra a urbanizmus		2004/2005
	Diplom magistra umení (titul Mgr. art.)	— Vysoká škola výtvarných umení v Bratislave, študijný odbor 2.2.7 ‘Architektonická tvorba’		2007/2008
Suomi/Finland	Arkkitehdin tutkinto/Arkitektexamen	— Teknillinen korkeakoulu/Tekniska högskolan (Helsinki)		1998/1999
		— Tampereen teknillinen korkeakoulu/Tammerfors tekniska högskola		
		— Oulun yliopisto/Uleåborgs universitet		
		— Aalto-yliopisto/Aalto-universitetet		
		— Tampereen teknillinen yliopisto/Tammerfors tekniska universitet		
		— Oulun yliopisto		2010/2011

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— Tampereen teknillinen yliopisto		2010/2011
		— Aalto-yliopisto/Aalto-universitetet		2010/2011
Sverige	Arkitektexamen	— Chalmers Tekniska Högskola AB		1998/1999
		— Kungliga Tekniska Högskolan		
		— Lunds Universitet		
		— Umeå universitet		2009/2010
United Kingdom	1. Diplomas in architecture	1. — Universities	Certificate of architectural education, issued by the Architects Registration Board. The diploma and degree courses in architecture of the universities, schools and colleges of art should have met the requisite threshold standards as laid down in Article 46 of this Directive and in Criteria for validation published by the Validation Panel of the Royal Institute of British Architects and the Architects Registration Board. EU nationals who possess the Royal Institute of British Architects Part I and Part II certificates, which are recognised by ARB as the competent authority, are eligible. Also EU nationals who do not possess the ARB-recognised Part I and Part II certificates will be eligible for the Certificate of Architectural Education if they can satisfy the Board that their standard and length of education has met the requisite threshold standards of Article 46 of this Directive and of the Criteria for validation. An Architects Registration Board Part 3 Certificate of Architectural Education	1988/1989
		— Colleges of Art		
		— Schools of Art		
		— Cardiff University		2006/2007
		— University for the Creative Arts		2008/2009
		— Birmingham City University		2008/2009
		— University of Nottingham		2008/2009
	2. Degrees in architecture	2. Universities		1988/1989
	3. Final examination	3. Architectural Association		
	— Final Examination (ARB/RIBA Part 2)	— Architectural Association		2011/2012
	4. Examination in architecture	4. Royal College of Art		
	5. Examination Part II	5. Royal Institute of British Architects		
	6. Master of Architecture	6. — University of Liverpool		2006/2007
		— Cardiff University		2006/2007
		— University of Plymouth		2007/2008
		— Queens University, Belfast		2009/2010
		— Northumbria University		2009/2010
		— University of Brighton		2010/2011
		— Birmingham City University		2010/2011
		— University of Kent		2006/2007
		— University of Ulster		2008/2009

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
		— University of Edinburgh/Edinburgh School of Architecture and Landscape Architecture		2009/2010
		— Leeds Metropolitan University		2011/2012
		— Leeds Beckett University (until 2014 Leeds Metropolitan University)		2014/2015
		— University of Newcastle upon Tyne		2011/2012
		— University of Lincoln		2011/2012
		— University of Huddersfield		2012/2013
		— University of the West of England		2011/2012
		— University of Westminster		2011/2012
		— University for the Creative Arts		2013/2014
		— University of Central Lancashire		2014/2015
	7. Graduate Diploma in Architecture	7. University College London		2006/2007
	8. Professional Diploma in Architecture	8. University of East London		2007/2008
		— Northumbria University		2008/2009
	9. Graduate Diploma in Architecture/MArch Architecture	9. University College London		2008/2009
	10. Postgraduate Diploma in Architecture	10. — Leeds Metropolitan University		2007/2008
		— University of Edinburgh		2008/2009
		— Sheffield Hallam University		2009/2010
	11. MArch Architecture (ARB/RIBA Part 2)	11. — University College London		2011/2012
		— University of Nottingham		2013/2014
		— University of East London		2013/2014
	12. Master of Architecture (MArch)	12. Liverpool John Moores University		2011/2012
		— De Montfort University		2011/2012
		— Arts University Bournemouth		2011/2012
		— Nottingham Trent University		2012/2013

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-skólaár
	13. Postgraduate Diploma in Architecture and Architectural Conservation	13. University of Edinburgh		2008/2009
	14. Postgraduate Diploma in Architecture and Urban Design	14. University of Edinburgh		2008/2009
	15. MPhil in Environmental Design in Architecture (Option B)	15. University of Cambridge		2009/2010
	— MPhil in Architecture and Urban Design	— University of Cambridge		2013/2014
	16. Professional Diploma in Architecture: Advanced Environmental and Energy Studies	16. University of East London/Centre for Alternative Technology		2008/2009
	17. MArchD in Applied Design in Architecture	17. Oxford Brookes University		2011/2012
	18. M'Arch	18. University of Portsmouth		2011/2012
	19. Master of Architecture (International)	19. University of Huddersfield		2012/2013
	20. Master of Architecture with Honours	20. Cardiff University		2015/2016
	21. MArch (Architecture)	21. Kingston University		2013/2014
	22. MArch in Architecture	22. University of Greenwich		2013/2014
	23. The degree of Master of Architecture in the College of Humanities and Social Science	23. University of Edinburgh/Edinburgh School of Architecture and Landscape Architecture		2012/2013
	24. M.Arch	24. Sheffield Hallam University		2013/2014
	25. MArch Architecture	25. University of the Arts London is the awarding body and the MArch Architecture is offered by Central Saint Martins		2015/2016
	26. MArch: Master of Architecture	26. London South Bank University		2015/2016
	27. Master of Architecture with Urban Planning	27. University of Dundee		2015/2016
	28. MArch Architecture: Collaborative Practice	28. University of Sheffield		2015/2016
	29. Master of Architecture M.Arch	— Hull School of Art and Design (Open University)		2015/2016

([1]) Heitin tvö „Università degli studi di (heiti bæjarins)“ og „Università di (heiti bæjarins)“ eru samsvarandi hugtök sem tilgreina sama háskóla.
([2]) Frá og með október 2016 breyttist heiti háskólans í „Università degli Studi della Campania “Luigi Vanvitelli“ “.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/772 **2021/EES/22/05**

frá 11. júní 2020

um breytingu á I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla í geitum og búfjárkynjum í útrýmingarhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr. og m-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrörnun“) í dýrum.

2) Í kafla B í VII. viðauka við þá reglugerð er mælt fyrir um þær ráðstafanir sem skal gera í kjölfar staðfestingar á því að upp hafi komið tilvik smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Þegar tilvik dæmigerðrar riðuveiki er staðfest í sauðfé eða geitum skal viðkomandi bú uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í einum af þeim þremur valkostum sem kveðið er á um í lið 2.2.2 í kafla B í VII. viðauka.

3) Samkvæmt valkosti 2 skal aflífa og eyða algerlega öllu sauðfé og öllum geitum á búinu að undanskildu því sauðfé sem er af príonprótínarfgerð sem hefur þol gegn dæmigerðri riðuveiki.

4) Hinn 5. júlí 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit ([2]) um arfbundið þol gegn smitandi svampheilakvilla hjá geitum. Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar eru vettvangs- og tilraunagögn nógu áreiðanleg til að álykta að genasamsæturnar K222, D146 og S146 veiti arfbundið þol gegn stofnum dæmigerðrar riðuveiki sem vitað er að eru af náttúrunnar hendi í geitastofni ESB. Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að hægt væri að byggja stjórnun á uppkomu dæmigerðrar riðuveiki í geitahjörðum á vali á dýrum með arfbundið þol á svipaðan hátt og nú er mælt fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001 að því er varðar sauðfé.

5) Því er rétt að breyta kafla B í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að innleiða þann möguleika að takmarka aflífun og eyðingu geita einungis við þær sem eru smitnæmar fyrir dæmigerðri riðuveiki. Aðildarríkin ættu að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig hvaða dýr ættu að vera undanþegin aflífun og eyðingu í samræmi við arfbundið þol þeirra gegn sjúkdómnum.

6) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er lögð áhersla á að þótt kynbætur með tilliti til þols geti verið árangursrík aðferð til að verjast dæmigerðri riðuveiki í geitum myndi mikill valþrýstingur að öllum líkindum hafa skaðleg áhrif á erfðafræðilega fjölbreytni sökum þess hversu fátíðar þessar genasamsætur eru í flestum búfjárkynjum. Í álitinu er því mælt með því að ráðstafanir til að byggja upp arfbundið þol í geitastofni séu samþykktar á vettvangi aðildarríkjanna, eftir því um hvaða búfjárkyn er að ræða ([3]). Því ættu aðildarríkin að geta útfært eigin undaneldisáætlanir byggt á tíðni genasamsætna sem veita arfbundið þol gegn dæmigerðri riðuveiki í geitastofni þeirra.

7) Í kjölfar tilmæla frá Matvælaöryggisstofnuninni, ef upp kemur riðuveiki á búi þar sem geitur eru haldnar, ætti aðildarríkið að ákvarða, á grundvelli undaneldisáætlunarinnar, þær tilteknu ráðstafanir sem ætti að grípa til í því skyni að byggja upp arfbundið þol í geitastofninum á fyrrgreindu búi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2017 15(8), 4962.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2017 15(8), 4962, bls. 4.

8) Tilskipun ráðsins 89/361/EBE ([4]) var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 ([5]) frá og með 1. nóvember 2018. Í 24. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um skilgreiningu á „búfjárkyni í útrýmingarhættu“: staðbundið búfjárkyn sem aðildarríki viðurkennir að sé í útrýmingarhættu, erfðafræðilega aðlagað að einu eða fleiri hefðbundnum framleiðslukerfum eða umhverfi í aðildarríkinu og þar sem aðili, sem býr yfir nauðsynlegri færni og þekkingu á sviði búfjárkynja í útrýmingarhættu, hefur sýnt fram á með vísindalegum hætti að búfjárkynið sé í útrýmingarhættu.

9) Því er rétt að breyta 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það og skipta út, í kafla B í VII. viðauka og kafla A í VIII. viðauka við þá reglugerð, tilvísununum í tilskipun 89/361/EBE fyrir tilvísanir í reglugerð (ESB) 2016/1012 og orðalaginu „staðbundið búfjárkyn sem hætta er á að tapist úr búfjárrækt“, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 807/2014 ([6]), fyrir orðalagið „búfjárkyn í útrýmingarhættu“ eins og skilgreint er í 24. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012.

10) Því ætti að breyta I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Tilskipun ráðsins 89/361/EBE frá 30. maí 1989 um hreinræktað kynbótafé og -geitur (Stjtíð. EB L 153, 6.6.1989, bls. 30).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefni þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 807/2014 frá 11. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1305/2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og um innleiðingu umbreytingarákvæða (Stjtíð ESB L 227, 31.7.2014, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. liðar I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1069/2009 (*), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (**), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (***), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 (****), tilskipun ráðsins 2006/88/EB (*****) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 (******):

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

(****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB (Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).

(*****) Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

(******) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefni þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).“

b) Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) skilgreiningin á „búfjárkyni í útrýmingarhættu“ í 24. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012.“

2) Kafla B í VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsliðar í lið 2.2.2. kemur eftirfarandi:

„Ef kúariða og afbrigðileg riðuveiki eru útilokaðar í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar, sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, skal búið falla undir skilyrðin sem sett eru fram í a-lið. Að auki, samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins sem ber ábyrgð á búinu, skal búið falla undir skilyrðin í valkosti 1, sem eru sett fram í b-lið, skilyrðin í valkosti 2, sem eru sett fram í c-lið, eða skilyrðin í valkosti 3 sem eru sett fram í d-lið. Ef um er að ræða bú með blandaða sauðfjár- og geitahjörð er aðildarríkinu, sem ber ábyrgð á búinu, heimilt að ákveða að beita skilyrðunum í einum af þessum valkostum að því er varðar sauðfé á búinu og öðrum valkosti að því er varðar geiturnar á búinu:“

b) Í stað næstsíðasta liðar í b-lið liðar 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„Leyfa skal tilflutning á dýrum, sem um getur í i. og ii. lið, frá búinu til sláturhúss.“

c) Í stað c-liðar í lið 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„c) Valkostur 2 – aflífun og alger eyðing smitnæmra dýra eingöngu

Príonprótínarfgerðargreining alls sauðfjár og allra geita, sem eru á búinu, að undanskildum lömbum og kiðlingum yngri en þriggja mánaða að því tilskildu að þeim sé slátrað til manneldis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða.

Tafarlaus aflífun og alger eyðing alls sauðfjár og/eða geita, fósturvísa og eggja, sem voru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið b-liðar í 1. lið, að frátöldu eftirfarandi:

— undaneldishrútum af arfgerð ARR/ARR,

— ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, og, ef slíkar ær til undaneldis eru með fangi þegar rannsóknin er gerð, þeim lömbum sem síðan fæðast, ef arfgerð þeirra uppfyllir kröfurnar í þessari undirgrein,

— sauðfé, sem einungis er ætlað til manneldis og er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,

— geitum með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,

— ef aðildarríkið sem ber ábyrgð á búinu ákveður það: lömbum og kiðlingum yngri en þriggja mánaða að því tilskildu að þeim sé slátrað til manneldis eigi síðar en þegar þau eru þriggja mánaða.

Dýr eldri en 18 mánaða, sem eru aflífuð til eyðingar, skulu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka, eins og mælt er fyrir um í 5. lið í II. hluta kafla A í III. viðauka.

Þrátt fyrir skilyrðin, sem sett eru fram í fyrstu og annarri málsgrein í valkosti 2, er aðildarríkjunum heimilt að ákveða að framkvæma þess í stað ráðstafanirnar sem taldar eru upp í i., ii. eða iii. lið:

i. að láta slátrun dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, til manneldis koma í stað aflífunar og algerrar eyðingar þeirra að því tilskildu að:

   — dýrunum sé slátrað til manneldis innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem ber ábyrgð á búinu,

   — öll dýr, sem eru eldri en 18 mánaða og slátrað til manneldis, séu prófuð til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka,

ii. að fresta, ekki lengur en í þrjá mánuði, arfgerðargreiningu og síðan aflífun og algerri eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis. Hægt er að beita þessari undanþágu í tilvikum þegar vísitilfellið er staðfest nálægt upphafi tímabilsins þegar ær og/eða geitur eru að bera, að því tilskildu að ám og/eða geitum og nýbornum afkvæmum þeirra sé haldið aðskildum frá sauðfé og/eða geitum frá öðrum búum allan þann tíma,

iii. að fresta, í að hámarki þrjú ár frá þeim degi sem vísitilfellið er staðfest, aflífun og algerri eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis, í sauðfjár- og geitahjörðum og á búum þar sem sauðfé og geitur eru haldin saman. Beiting undanþágunnar, sem sett er fram í þessari málsgrein, skal takmarkast við tilvik þar sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð á búinu, telur að ekki sé hægt að takast á við faraldsfræðilegu aðstæðurnar án þess að aflífa viðkomandi dýr en að ekki sé unnt að gera það strax vegna lítils þols sauðfjár- og geitastofnsins á búinu ásamt öðrum athugunarefnum, þ.m.t. efnahagslegum þáttum. Undaneldishrúta af öðrum arfgerðum en ARR/ARR skal aflífa eða vana án tafar. Gera skal allar hugsanlegar ráðstafanir til að byggja hratt upp arfbundið þol í sauðfjár- og/eða geitastofninum á búinu, þ.m.t. með markvissum kynbótum og förgun áa til að auka tíðni ARR-genasamsætunnar og eyða VRQ-genasamsætunni ásamt undaneldi geithafra með genasamsæturnar K222, D146 eða S146. Aðildarríkið, sem ber ábyrgð á búinu, skal sjá til þess að sá fjöldi dýra sem á að aflífa þegar frestinum lýkur sé ekki meiri en strax eftir að vísitilfellið var staðfest. Ef um er að ræða umsókn um undanþáguna, sem sett er fram í þessari málsgrein, gilda ráðstafanirnar, sem eru settar fram í 4. lið, um búið fram að algerri eyðingu dýranna, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis en að því loknu gilda takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið.

Að lokinni aflífun og algerri eyðingu allra dýra, sem um getur í annarri málsgrein valkostar 2, eða slátrun þeirra til manneldis skulu skilyrðin, sem sett eru fram í 3. lið, gilda um búið.“

d) Í stað d-liðar í lið 2.2.2 kemur eftirfarandi:

„d) Valkostur 3 – aflífun og alger eyðing allra dýra er ekki skyldubundin

Aðildarríki getur ákveðið að hvorki aflífa né eyða algerlega þeim dýrum sem tilgreind eru í rannsókninni sem um getur í öðrum og þriðja undirlið b-liðar í 1. lið ef viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í a.m.k. einum eftirfarandi fjögurra undirliða, eru uppfylltar:

— erfitt er að fá í staðinn hrúta af arfgerðinni ARR/ARR og ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu eða geitur með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,

— tíðni ARR-genasamsætunnar innan sauðfjárkynsins eða á búinu er lág eða tíðni genasamsætanna K222, D146 eða S146 innan geitakynsins eða á búinu er lág,

— það er talið nauðsynlegt til að forðast innræktun,

— aðildarríkið telur það nauðsynlegt, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

Ákvarða skal príonprótínarfgerð alls sauðfjár og allra geita, að hámarki í 50 dýrum af hvorri tegund, innan þriggja mánaða frá því að vísitilfelli dæmigerðrar riðuveiki er staðfest.

Ef fleiri tilvik dæmigerðrar riðuveiki greinast á búi þar sem valkosti 3 er beitt skal aðildarríkið endurmeta réttmæti ástæðnanna og viðmiðananna að baki ákvörðunarinnar um að beita valkosti 3 á því búi. Ef niðurstaðan er sú að beiting valkostar 3 nægi ekki til að halda uppkomunni almennilega í skefjum skal aðildarríkið breyta stjórnuninni á þessu búi frá valkosti 3 yfir í valkost 1 eða 2, eins og mælt er fyrir um í b- og c-lið.

Skilyrðin, sem sett eru fram í 4. lið, skulu tafarlaust gilda um bú þar sem ákveðið hefur verið að beita valkosti 3.

Þau aðildarríki sem leyfa beitingu valkostar 3 við stjórnun á uppkomum dæmigerðrar riðuveiki skulu halda skrár yfir ástæðurnar og viðmiðanirnar sem liggja að baki hverrar einstakrar ákvörðunar um beitingu hans.“

e) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Að lokinni aflífun og algerri eyðingu allra dýra, sem tilgreind eru á búi, eða slátrunar þeirra til manneldis, í samræmi við lið 2.2.1, b-lið í lið 2.2.2 eða c-lið í lið 2.2.2, skulu eftirfarandi takmarkanir gilda:

3.1. Búið skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla. Þetta skal ná yfir prófanir til að athuga tilvist smitandi svampheilakvilla í dýrum sem eru eldri en 18 mánaða og hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en ekki innan ramma herferðar um útrýmingu sjúkdóma. Sauðfé af arfgerðinni ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af samsætunum K222, D146 eða S146 skulu undanþegin. Prófanir skulu fara fram í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

3.2. Einungis er heimilt að koma með eftirfarandi dýr inn á búið:

— hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,

— ær sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

— geitur, að því tilskildu að hreinsun og sótthreinsun allra gripahúsa á staðnum hafi farið fram eftir að stofninn var skorinn niður.

3.3. Einungis er heimilt að nota eftirfarandi undaneldishrúta, undaneldisgeithafra og kímefni úr sauðfé og geitum á búinu:

— hrúta af arfgerðinni ARR/ARR,

— sæði úr hrútum af arfgerðinni ARR/ARR,

— fósturvísa sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

— undaneldisgeithafra og kímefni úr geitum eins og skilgreint er í ráðstöfununum sem aðildarríkið ákvarðar til að byggja upp arfbundið þol í geitastofninum á búinu.

3.4. Tilflutningur á dýrum frá búinu skal annaðhvort leyfður til eyðingar eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

a) flytja má eftirfarandi dýr frá búinu í hvaða tilgangi sem er, þ.m.t. til undaneldis:

— sauðfé af ARR/ARR-arfgerð,

— ær sem eru með eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra búa sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við b-lið (valkostur 1), c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,

— geitur með a.m.k. eina af eftirfarandi genasamsætum: K222, D146 og S146,

— geitur, að því tilskildu að þær séu fluttar til annarra búa sem falla undir takmarkanir eftir beitingu ráðstafana í samræmi við b-lið (valkostur 1), c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,

b) flytja má eftirfarandi dýr frá búinu beint til slátrunar til manneldis:

— sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,

— geitur,

— ef aðildarríkið ákveður það: lömb og kiðlinga sem eru yngri en þriggja mánaða við slátrun,

— öll dýr ef aðildarríkið hefur ákveðið að beita undanþágunum sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar í lið 2.2.2 og i. lið c-liðar í lið 2.2.2,

c) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eitt annað bú innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— ekkert sauðfé eða geitur eru á viðtökubúinu nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,

— í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga frá búum, sem falla undir niðurskurðarráðstafanir, beint í sláturhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.

3.5. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 3.1 til 3.4, skulu gilda áfram um búið:

a) þar til allt sauðfé á búinu hefur ARR/ARR-stöðu, að því tilskildu að engar geitur séu haldnar á búinu eða

b) þar til allar geitur á búinu eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að ekkert sauðfé sé haldið á búinu eða

c) þar til allt sauðfé á búinu hefur ARR/ARR-stöðu og allar geitur á búinu eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 eða

d) í tvö ár frá því að beitingu allra ráðstafananna, sem um getur í lið 2.2.1, b-lið liðar 2.2.2 eða c-liðar liðar 2.2.2, lýkur, að því tilskildu að ekkert tilvik smitandi svampheilakvilla annað en afbrigðileg riðuveiki greinist á þessu tveggja ára tímabili. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal búið einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.“

f) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi ráðstafanir skulu tafarlaust gilda á búinu eftir að ákvörðun er tekin um að beita valkosti 3 sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2 eða undanþágunni sem kveðið er á um í iii. lið c-liðar í lið 2.2.2:

4.1. Búið skal falla undir áætlun um aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla. Þetta skal ná yfir prófanir til að athuga tilvist smitandi svampheilakvilla í dýrum sem eru eldri en 18 mánaða sem:

— hefur verið slátrað til manneldis,

— hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en ekki innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.

Sauðfé af arfgerðinni ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af samsætunum K222, D146 eða S146 skulu undanþegin. Prófanir skulu fara fram í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í 3. hluta kafla C í X. viðauka.

4.2. Skilyrðin sem sett eru fram í liðum 3.2 og 3.3 skulu gilda.

Þrátt fyrir liði 3.2 og 3.3 er aðildarríki hins vegar heimilt að leyfa aðflutning á búið og notkun:

— hrúta, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og enga VRQ-genasamsætu, og sæðis þeirra, þ.m.t. til undaneldis,

— áa sem eru ekki með neina VRQ-genasamsætu,

— fósturvísa sem ekki eru með neina VRQ-genasamsætu,

að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— dýrið sem haldið er á búinu er af búfjárkyni sem er í útrýmingarhættu,

— dýrið sem haldið er á búinu er af búfjárkyni sem fellur undir kynbótaáætlun, sem miðar að því að varðveita búfjárkynið, sem ræktunarfélag vinnur eftir, eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar og

— tíðni ARR-genasamsætunnar í búfjárkyninu er lág.

4.3. Tilflutningur á dýrum frá búinu skal leyfður til eyðingar eða ef þau fara beint til slátrunar til manneldis eða skal háður eftirfarandi skilyrðum:

a) flutningur á hrútum og ám af ARR/ARR-arfgerð og geitum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 frá búinu er frjáls, þ.m.t. til undaneldis, að því tilskildu að dýrin séu flutt til annarra búa sem falla undir beitingu ráðstafana í samræmi við c-lið (valkostur 2) eða d-lið (valkostur 3) liðar 2.2.2,

b) ef aðildarríkið ákveður það má flytja lömb og kiðlinga á eitt annað bú innan yfirráðasvæðis þess, eingöngu til eldis fyrir slátrun, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— ekkert sauðfé eða geitur eru á viðtökubúinu nema dýr sem eru í eldi fyrir slátrun,

— í lok eldistímans skal flytja lömb og kiðlinga beint í sláturhús sem er staðsett innan yfirráðasvæðis sama aðildarríkis, til slátrunar eigi síðar en við 12 mánaða aldur.

4.4. Aðildarríkið skal tryggja að sæði, fósturvísar og egg séu ekki send frá búinu.

4.5. Sameiginleg beit alls sauðfjár og allra geita á búinu með sauðfé og geitum frá öðrum búum skal bönnuð á tímabilinu þegar ær og/eða geitur eru að bera.

Utan tímabilsins þegar ær og/eða geitur eru að bera skal sameiginleg beit falla undir takmarkanir sem aðildarríkið ákveður, byggt á rökstuddri athugun á öllum faraldsfræðilegum þáttum.

4.6. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 4.1 til 4.5, skulu gilda í tvö ár eftir að síðasta tilvik smitandi svampheilakvilla, annað en afbrigðilegrar riðuveiki, greinist á búum þar sem valkosti 3, sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2, hefur verið beitt. Ef tilvik afbrigðilegrar riðuveiki er staðfest á þessu tveggja ára tímabili skal búið einnig falla undir ráðstafanirnar sem um getur í lið 2.2.3.“

3) Lið 4.1 í þætti A í kafla A í VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað iii. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af príonprótínarfgerð ARR/ARR, og ef um er að ræða geitur, vera með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að þau komi ekki frá búi sem sætir takmörkununum sem settar eru fram í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka.“

b) Í stað iii. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. ef um er að ræða sauðfé, vera af príonprótínarfgerð ARR/ARR, og ef um er að ræða geitur, vera með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, að því tilskildu að þau komi ekki frá búi sem sætir takmörkununum sem settar eru fram í 3. og 4. lið í kafla B í VII. viðauka.“

c) Í stað i., ii. og iii. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„i. dýrin eru af búfjárkyni sem er í útrýmingarhættu,

ii. dýrin eru færð inn í ræktunarbók fyrir viðkomandi búfjárkyn í sendingaraðildarríkinu. Ræktunarfélag, sem er viðurkennt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar, skal koma á fót og viðhalda fyrrgreindri ræktunarbók. Dýrin skulu einnig færð inn í ræktunarbók fyrir viðkomandi búfjárkyn í viðtökuaðildarríkinu. Ræktunarfélag, sem er viðurkennt í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar, skal einnig koma á fót og viðhalda þeirri ræktunarbók,

iii. ræktunarfélög eða lögbær yfirvöld, sem um getur í ii. lið, annast framkvæmd kynbótaáætlunar um varðveislu fyrir þetta búfjárkyn í sendingaraðildarríkinu og í viðtökuaðildarríkinu,“.

d) Í stað fyrstu og annarrar málsgreinar v. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„eftir að dýr, sem ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a- eða b-lið, koma á viðtökubúið í viðtökuaðildarríkinu skal takmarka tilflutning alls sauðfjár og geita á því búi, í samræmi við lið 3.4. í kafla B í VII. viðauka, í þrjú ár. Ef áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg í viðtökuaðildarríkinu eða það er með samþykkta landsbundna riðuvarnaráætlun skal halda þessari takmörkun í sjö ár.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein þessa liðar skal slík takmörkun á viðskiptum innan Sambandsins eða á tilflutningi á dýrum innan aðildarríkisins ekki gilda um dýr, sem eru af búfjárkyni sem er í útrýmingarhættu, sem ætlunin er að senda á bú þar sem þetta búfjárkyn, sem er í útrýmingarhættu, er ræktað. Búfjárkynið skal falla undir kynbótaáætlun, sem miðar að því að varðveita búfjárkynið, sem ræktunarfélag vinnur eftir, eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, eða lögbært yfirvald í samræmi við 38. gr. þeirrar reglugerðar.“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1625 **2021/EES/22/06**

frá 25. ágúst 2020

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 1. og 2. mgr. 118. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. eru meðal annars reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar, og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja innan Sambandsins. Með henni er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitla þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum.

2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 ([2]) er mælt fyrir um viðbótarreglur fyrir skráðar og samþykktar starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunaregg og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja. Einkum er í II. bálki III. hluta þeirrar framseldu reglugerðar mælt fyrir um reglur að því er varðar rekjanleika sauðfjár og geita í haldi, þ.m.t. skyldur rekstraraðila að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr.

3) Að auki er í 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 kveðið á um tilteknar undanþágur frá kröfunum um rekjanleika fyrir sauðfé og geitur í haldi sem mælt er fyrir um í 45. gr. þeirrar gerðar. Þar á meðal er sá möguleiki fyrir rekstraraðila, sem eru með í haldi svín og geitur sem eru yngri en 12 mánaða, að auðkenna dýrin sín með einu rafrænu eyrnamerki, þar sem einkvæma skráningarnúmerið og auðkenniskóðinn eru sýnileg, ef fyrirhugað er að flytja þessi dýr í sláturhús í sama aðildarríki eftir samsöfnunaraðgerð eða eldi. Eftir samþykkt framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035 bárust framkvæmdastjórninni nokkrar athugasemdir frá tilteknum hagsmunaaðilum og aðildarríkjum varðandi hugsanlegar afleiðingar af því að beita þessari undanþágu sem var talin of þung í vöfum fyrir sauðfjár- og geitaræktendur, einkum með tilliti til lágs markaðsverðs sem þessir ræktendur fá fyrir dýr sem er slátrað til manneldis. Að teknu tilliti til þeirra íhugunarefna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 188. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er hægt að líta þannig á að hefðbundið eyrnamerki eða hefðbundið band um kjúkuna (e. *pastern band*) tryggi nægilegan rekjanleika

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 366, 4.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2035 frá 28. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115).

þegar ungt sauðfé og ungar geitur í haldi frá mismunandi upprunastarfsstöðvum eru flutt í sláturhús eftir eldi. Auk þess er einungis unnt að tryggja nægilegan rekjanleika ef slíkir tilflutningar eru skráðir í einn gagnagrunn og fara því fram innan sama aðildarríkisins sem er einnig krafa fyrir flestar aðrar undanþágur sem kveðið er á um í 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035.

4) Að teknu tilliti til þessara íhugunarefna þykir rétt að breyta reglugerð (ESB) 2019/2035 með því að bæta við viðbótarundanþágu fyrir ungt sauðfé og ungar geitur í haldi til að leggja ekki óhóflega byrði og kostnað á rekstraraðila en tryggja jafnframt rekjanleika sauðfjár og geita í haldi og snurðulausa starfsemi auðkenningar- og skráningarkerfisins fyrir þessi dýr.

5) Þar að auki er þess krafist í 108 gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að aðildarríkin hafi yfir að ráða kerfi fyrir auðkenningu og skráningu landdýra í haldi, þ.m.t. sauðfé og geitur í haldi. Í því kerfi ættu að vera fastsettar verklagsreglur til að það starfi rétt, þ.m.t. til að stjórna undanþágum sem beitt er í aðildarríkjunum. Til að komast hjá áhættu fyrir dýraheilbrigði og til að tryggja rekjanleika sauðfjár og geita í haldi þegar tilteknum undanþágum, sem kveðið er á um í 46. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2035, er beitt ætti aðildarríkjum að vera skylt að koma á verklagsreglum að því er varðar beitingu slíkra undanþága.

6) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2019/2035 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/2035 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 4. mgr. 45. gr. kemur eftirfarandi:

„a) einni af auðkenningum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 46. gr.“

2) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við 46. gr.:

„5 Þrátt fyrir 2. mgr. 45. gr. geta rekstraraðilar, sem eru með sauðfé og geitur í haldi sem fyrirhugað er að flytja í sláturhús eftir eldi í annarri starfsstöð, auðkennt hvert dýr með a.m.k. hefðbundnu eyrnamerki eða hefðbundnu bandi um kjúkuna, eins og tilgreint er í a- og b-lið III. viðauka, þar sem annað hvort einkvæmt skráningarnúmer fæðingarstarfsstöðvar dýrsins eða auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegt, að því tilskildu að þessi dýr:

a) séu ekki ætluð til flutnings til annars aðildarríkis,

og

b) fari til slátrunar áður en þau verða 12 mánaða gömul.“

3) Í 4. mgr. 48. gr. er eftirfarandi c-lið bætt við:

„c) rekstraraðila vegna beitingar undanþáganna sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. 46. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1685 **2021/EES/22/07**

frá 4. október 2019

um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/329 ([2]) voru samtök, sem Wageningen Livestock Research leiðir og sem samanstanda einnig af Háskólanum í Aarhus og Friedrich-Loeffler-Institute, tilnefnd sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra, sem ber ábyrgð á stuðningi við þverlægar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna á sviði krafna um velferð dýra, sem um getur í f-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Samkvæmt verkefnunum sem sett eru fram í vinnuáætlunum tilvísunarmiðstöðva Evrópusambandsins til margra ára er lögð áhersla á velferð svína í starfsemi þessarar tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra.

2) Framkvæmdastjórnin auglýsti síðan, í samræmi við 95. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, opinberlega eftir tillögum um val og tilnefningu á annarri tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra sem ætti að styðja við þverlæga starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í tengslum við beitingu reglna þar sem mælt er fyrir um kröfur um velferð alifugla og annarra lítilla húsdýra.

3) Mats- og valnefndin sem skipuð var fyrir þessa opinberu auglýsingu eftir tillögum komst að þeirri niðurstöðu að samtök, sem Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l'Alimentation (Frakkland) leiðir og sem samanstanda einnig af Institut de Recerca I Tecnologia Agroalimentàries (Spánn), Aarhus Universitet – Institut for Husdyrvidenskab (Danmörk), og Istituto Zooprofilattico Sperimentale della Lombardia e dell'Emilia Romagna (Ítalía), uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 95 gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og gætu borið ábyrgð á þeim verkefnum sem tilgreind eru í 96. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar alifugla og önnur lítil húsdýr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/329 frá 5. mars 2018 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 13.)

4) Því ætti að tilnefna þessi samtök sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra, að því er varðar alifugla og önnur lítil húsdýr, sem ber ábyrgð á stuðningsverkefnum að því marki sem þau verða inni í vinnuáætlunum tilvísunarmiðstöðva Evrópusambandsins til eins árs eða margra ára. Gerð er krafa um að vinnuáætlanir til eins árs eða margra ára séu fastsettar í samræmi við markmið og forgangsverkefni viðeigandi vinnuáætlana sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 ([3]).

5) Í 95. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að tilnefning tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra sé til takmarkaðs tíma eða endurskoðuð reglulega. Því ætti að endurskoða tilnefningu tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr á fimm ára fresti.

6) Gefa ætti tilnefndri tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr nægan tíma til að undirbúa vinnuáætlun sína fyrir næsta fjárhagsáætlunartímabil. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Eftirtalin samtök skulu tilnefnd sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra sem ber ábyrgð á stuðningi við þverlæga starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna á sviði velferðar dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr:

Heiti:	Samtök sem Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l'Alimentation (Frakkland) leiðir og sem samanstanda einnig af Institut de Recerca I Tecnologia Agroalimentàries (Spánn), Aarhus Universitet – Institut for Husdyrvidenskab (Danmörk) og Istituto Zooprofilattico Sperimentale della Lombardia e dell'Emilia Romagna (Ítalía)
Heimilisfang:	14 rue Pierre et Marie Curie 94701 Maisons-Alfort Cedex FRAKKLAND

2. Tilnefningin skal endurskoðuð á fimm ára fresti frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 frá 15. maí 2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna, um breytingu á tilskipunum ráðsins 98/56/EB, 2000/29/EB og 2008/90/EB, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 882/2004 og (EB) nr. 396/2005, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 og niðurfellingu á ákvörðunum ráðsins 66/399/EBE, 76/894/EBE og 2009/470/EB (Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 1).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/499 **2021/EES/22/08**

frá 3. apríl 2020

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum reglugerðar (EB) nr. 124/2009 um hámarksgildi fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem ekki er ætlast til að þau berist í (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í búlgörsku, króatísku og litáísku tungumálaútgáfunum af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 ([2]) er villa í viðaukanum, í fyrirsögn þriðja dálksins í töflunni, að því er varðar hámarksinnihald efna í matvælum.

2) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku og litáísku tungumálaútgáfurnar af reglugerð (EB) nr. 124/2009 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um ensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem ekki er ætlast til að þau berist í (Stjtíð. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/764 **2021/EES/22/09**

frá 10. júní 2020

um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 68/2013 um skrána yfir fóðurefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([2]) eru villur í færslum 1.10.1, 3.7.1 til 3.7.5, 5.38.1, 6.8.1 og 7.1.5 í töflunni í C-hluta viðaukans við þá reglugerð að því er varðar heiti fóðurefnanna sem eru tilgreind í þessum færslum.

2) Því ætti að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 68/2013 til samræmis við það. Þessar villur í C-hluta viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 68/2013 hafa ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur hennar.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 11.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/148 **2021/EES/22/10**

frá 3. febrúar 2020

um leyfi fyrir róbenidínhýdróklóríði (Robenz 66G) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1800/2004 (leyfishafi er Zoetis SA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með róbenidínhýdróklóríði (Robenz 66G) var leyfð, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 ([3]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á róbenidínhýdróklóríði (Robenz 66G) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „hnislalyf og vefsvipungalyf“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. janúar 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi róbenidínhýdróklóríð (Robenz 66G) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin taldi að aukefnið gæti varist hnislasótt á áhrifaríkan hátt hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin taldi að þörf væri á vöktun á staðnum að lokinni setningu á markað varðandi *Eimeria* spp., helst á seinni hluta leyfistímabilsins. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á róbenidínhýdróklóríði (Robenz 66G) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 frá 15. október 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Cycostat 66G sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf (Stjtíð. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5613.

6) Af endurmatinu leiðir að breyta ætti reglugerð (EB) nr. 1800/2004 til samræmis við það.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1800/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falla brott.

2) Viðaukinn fellur brott.

3. gr.

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. ágúst 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Aukefnaflokkur: Hníslalyf og vefsvipungalyf										
5a758	Zoetis SA	Róbenidín-hýdróklóríð (Robenz 66G)	**Samsetning aukefnis**: Róbenidínhýdróklóríð: 66 g/kg Lignósúlfónat: 40 g/kg Kalsíumsúlfatdíhýdrat: 894 g/kg **Virkt efni:** Róbenidínhýdróklóríð, $C_{15}H_{13}Cl_2N_5 \cdot HCl$, 1,3-bis[(p-klóróbensýlíden)amínó] gúanidínhýdróklóríð (97%) CAS-númer: 25875-50-7, Skyld óhreinindi: — N,N',N"-tris[(p-klóróbensýlíden)amínó]gúanidín (TRIS) ≤ 0,5% — bis-(4-klóróbensýlíden)hýdrasín (AZIN) ≤ 0,5% — óþekkt óhreinindi ≤ 1% (stök óþekkt óhreinindi ≤ 0,2%) **Greiningaraðferð** (1) Magnákvörðun á róbenidín-hýdróklóríði í aukefninu og forblöndum: Háþrýstivökva-skiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV)	Eldiskjúk-lingar	—	36	36	1. Notkun aukefnisins bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. 2. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 3. Ekki má blanda aukefninu við önnur hníslalyf. 4. Leyfishafinn skal framkvæma vöktunaráætlanir varðandi þol gegn bakteríum og *Eimeria* spp. að lokinni setningu á markað. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	25. febrúar 2030	800 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af lifur (blautvigt). 350 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af nýra (blautvigt). 200 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af vöðva (blautvigt). 1 300 µg róbenidín-hýdróklóríð/kg af húð/fitu (blautvigt).

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
			Til að magnákvarða róbenidín-hýdróklóríð í fóðri: Háþrýsti-vökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) – Reglugerð fram-kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 Til að magnákvarða róbenidín-hýdróklóríð í vef: Háþrýsti-vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini (RP-HPLC-MS/MS) eða jafngildar aðferðir sem uppfylla kröfurnar sem settar eru í ákvörðun framkvæmda-stjórnarinnar 2002/657/EB.						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/149 **2021/EES/22/11**

frá 4. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðuraukefni fyrir lömb og hesta og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1293/2008 og (EB) nr. 910/2009 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir lömb með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 ([2]) og sem fóðuraukefni fyrir hesta með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2009 ([3]).

3) Handhafi þessa leyfis lagði fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðuraukefni fyrir lömb og hesta og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. febrúar 2019 ([4]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sé áfram öruggt við leyfð notkunarskilyrði fyrir markdýr, neytendur, notendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist augnertandi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerðir (EB) nr. 1293/2008 og (EB) nr. 910/2009 úr gildi.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem gerðar eru með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem setja má fyrirliggjandi birgðir af blöndunni með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, áfram á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem fóðuraukefni (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðuraukefni fyrir hesta (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS) (Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 7).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5639.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virku hópunum „þarmaflórustöðgarar“ fyrir lömb og „meltingarbætandi efni“ fyrir hesta og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 1293/2008 og (EB) nr. 910/2009 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Saccharomyces cerevisiae CNCM I-1077, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 910/2009, forblöndur og fóðurblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. febrúar 2020 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 25. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4b1711	Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem inniheldur að lágmarki: — 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form), — 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form), *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790:2008)	Hestar	-	$3{,}0 \times 10^{9}$	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augnhlífar.	25.2.2030

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1711	Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem inniheldur að lágmarki: — 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form), — 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form), *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790:2008)	Lömb	-	$3{,}0 \times 10^{9}$		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augnhlífar.	25.2.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/150 **2021/EES/22/12**

frá 4. febrúar 2020

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og til undaneldis og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti hugsanlega valdið næmingu öndunarfæra. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Hún komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti mögulega bætt nýtingu fosfórs. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5692.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a31	Andrés Pintaluba S.A.	6-fýtasi EC 3.1.3.26	**Samsetning aukefnis** Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056, með virkni að lágmarki: Fast form: 20 000 U (1)/g Vökvaform: 20 000 U/ml **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** 6-fýtasi sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 12056 ***Greiningaraðferð*** (2) Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðuraukefninu: litamæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa á fýtat – VDLUFA 27.1.4, Til að magnákvarða fýtasavirkni í forblöndum: litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat — VDLUFA 27.1.3, Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðri: litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat — EN ISO 30024.	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem er aldir til að verða varphænur og sem eru aldir til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps eða til undaneldis	-	250 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	25. febrúar 2030

(1) Ein eining (U) er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/151 **2021/EES/22/13**

frá 4. febrúar 2020

um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir svína til eldis og til undaneldis, aðrar en gyltur, allar fuglategundir, allar tegundir fiska og öll krabbadýr og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 911/2009, (ESB) nr. 1120/2010 og (ESB) nr. 212/2011 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 95/2013, (ESB) nr. 413/2013 og (ESB) 2017/2299 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 (áður *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M) var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir laxfiska og rækjur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 ([2]), fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010 ([3]), fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011 ([4]), fyrir alla fiska aðra en laxfiska með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 95/2013 ([5]), fyrir fráfærugrísi, eldissvín, varphænur og eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2013 ([6]), fyrir eldissvín, aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín), eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla til varps með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2299 ([7]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, lagði handhafi leyfis fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sem fóðuraukefni fram umsókn um endurnýjun leyfisins fyrir eldiskjúklinga, aukafuglategundir til eldis, varphænur, aukafuglategundir til varps, fráfærugrísi, eldissvín, aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín) og alla fiska og rækjur og um nýtt leyfi fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og til undaneldis, fyrir skrautfugla og aðra fugla sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, fyrir eldiskalkúna, fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fyrir kalkúna til undaneldis, fyrir kjúklinga til undaneldis og skyldar aukategundir alifugla og aðra skrautfugla og fugla sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, fyrir mjólkurgrísi og skyldar aukategundir svína og fyrir öll krabbadýr og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir laxfiska og rækjur (leyfishafi er Danstar Ferment AG) (Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (handhafi leyfis er Danstar Ferment AG) (Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011 frá 3. mars 2011 um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Danstar Ferment AG) (Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 95/2013 frá 1. febrúar 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir fiska nema laxfiska (leyfishafi er Danstar Ferment AG) (Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 19).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2013 frá 6. maí 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni til notkunar í drykkjarvatn handa fráfærugrísum, eldissvínum, varphænum og eldiskjúklingum (leyfishafi er Danstar Ferment AG) (Stjtíð. ESB L 125, 7.5.2013, bls. 1).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2299 frá 12 desember 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir eldissvín, aukategundir svína (fráfærugrísi og eldissvín), eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla til varps, um leyfi fyrir notkun þessa fóðuraukefnis í drykkjarvatn og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2036/2005 og (EB) nr. 1200/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 413/2013 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (Stjtíð. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 33).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([8]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti fyrri niðurstöður sínar um að *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 teljist öruggt fyrir marktegundirnar, neytendur afurða úr dýrum sem fá aukefnið og fyrir umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að notendur gætu orðið fyrir váhrifum við innöndun og að hvorki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um húð- og augnertingarmátt né húðnæmingu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kjúklinga sem eru aldir til undaneldis, kjúklinga til undaneldis, kalkúna og aukafuglategundir sem eru alin til varps/undaneldis og til undaneldis og fyrir mjólkurgrísi og aukategundir svína til undaneldis og eldis og öll krabbadýr.

5) Mat á *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerðir (EB) nr. 911/2009, (ESB) nr. 1120/2010 og (ESB) nr. 212/2011 og framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 95/2013, (ESB) nr. 413/2013 og (ESB) 2017/2299 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem er tilgreint í viðaukanum og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ fyrir allar tegundir svína til eldis og undaneldis, að undanskildum gyltum, og alla fugla og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ fyrir alla fiska og öll krabbadýr, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 911/2009, (ESB) nr. 1120/2010 og (ESB) nr. 212/2011, sem og framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 95/2013, (ESB) nr. 413/2013 og (ESB) 2017/2299 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5691 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5690.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar											
4d1712	Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS	*Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g Fast óhjúpað form og hjúpað form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Lífvænlegar frumur *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarmagni virks efnis í fóðuraukefni, forblöndum, fóðri og vatni: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15786:2009). Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE-aðferð)	Allar tegundir svína til eldis og til undaneldis, aðrar en gyltur Allar fuglategundir	-	1×10^9	-	5×10^8	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	25. febrúar 2030

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (jákvæð áhrif á vöxt)											
4d1712	Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS	*Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Pediococcus acidilactici* CNCM I-4622 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g	Allar fisktegundir	-	1×10^9	-	-		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í fast fóður. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur Pediococcus acidilactici CNCM I-4622	Öll krabbadýr							
			Greiningaraðferð Ákvörðun á heildarmagni virks efnis í fóðuraukefni, forblöndum, fóðri og vatni: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15786:2009). Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE-aðferð)								

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/157 **2021/EES/22/14**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir tartrasíni sem fóðuraukefni fyrir hunda, ketti, skrautfiska, skrautfugla sem eru kornætur og lítil nagdýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Tartrasín, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir skrautfiska undir fyrirsögninni „aðrir litgjafar“. Það var einnig leyft án tímamarka sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“ fyrir hunda og ketti, undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Það var enn fremur einnig leyft án tímamarka með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 ([3]) sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“ undir fyrirsögninni „aðrir litgafar“, fyrir skrautfugla sem eru kornætur og lítil nagdýr.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á tartrasíni sem fóðuraukefni fyrir skrautfiska, hunda og ketti, skrautfugla sem eru kornætur og lítil nagdýr. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. október 2016 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi tartrasín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum tartrasíns við innöndun teljist hættuleg fyrir notendur aukefnisins, að það teljist húðnæmir og að ekki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um ertingareiginleika varðandi húð eða augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([5]) var í I. áfanga mats á umhverfisáhættu ákveðið að tartrasín, sem aukefni sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, sé undanþegið frekara mati vegna þess að ólíklegt er að umhverfið verði fyrir verulegum áhrifum, þar eð Matvælaöryggisstofnunin hefur í framangreindu áliti sínu ekki tilgreint nein vísindaleg gögn sem gefa tilefni til áhyggna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tartrasín sé áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður og bæti lit skrautfiska og skrautfugla sem eru kornætur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2005 frá 2. mars 2005 um ótímabundið leyfi fyrir tilteknum aukefnum og leyfi fyrir nýrri notkun aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 57, 3.3.2005, bls. 3).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(11), 4613.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

5) Mat á tartrasíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. ágúst 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. febrúar 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a102	Tartrasín	*Samsetning aukefnis* Lýsingin á tartrasíni á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins sem natríumsalt* Tartrasín samanstendur aðallega af trínatríum-5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4-(4-súlfónató-fenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg Efnaformúla: $C_{16}H_9N_4Na_3O_9S_2$ Fast form, framleitt með efnasmíði CAS-númer 1934-21-0 Hreinleikaskilyrði: Litunarefni reiknað sem natríumsalt: ≥ 85% (greining) Önnur litunarefni: ≤ 1% Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni ≤ 0,5%: — 4-hýdrasínóbensensúlfónsýra, — 4-amínóbensen-1-súlfónsýra, — 5-oxó-1-(4-súlfófenýl)-2-pýrasólín-3-karboxýlsýra, — 4,4′-díasóamínódí(bensensúlfónsýra),	Kettir	-	-	433	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu-hlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	26.2.2030
			Hundar	-	-	520		
			Lítil nagdýr	-	-	2 000		
			Skrautfuglar sem eru kornætur	-	-	63		

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		— Tetrahýdroxýrafsýra Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín: ≤ 0,01% Efni sem er útdraganlegt í eter ≤ 0,2% í hlutlausum miðli *Greiningaraðferð* (1) Magnákvörðun á heildarmagni litunarefna í tartrasíni í fóðuraukefninu: — Litrófsmæling við 426 nm (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis nr. 1, 4. bindi og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012). Til að magnákvarða tartrasín í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)						
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. iii. efni sem bæta lit skrautfiska eða -fugla								
2a102	Tartrasín	*Samsetning aukefnis* Lýsingin á tartrasíni á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins sem natríumsalt* Tartrasín samanstendur aðallega af trínatríum-5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4-(4-súlfónatófenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.	Skrautfiskar	-	-	1 924	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af not-kuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	26.2.2030

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Efnaformúla: $C_{16}H_9N_4Na_3O_9S_2$ Fast form, framleitt með efnasmíði CAS-númer 1934-21-0 Hreinleikaskilyrði: Litunarefni reiknað sem natríumsalt: ≥ 85% (greining) Önnur litunarefni: < 1% Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni ≤ 0,5%: — 4-hýdrasínóbensensúlfónsýra, — 4-amínóbensen-1-súlfónsýra, — 5-oxó-1-(4-súlfófenýl)-2-pýrasólín-3-karboxýlsýra, — 4,4′-díasóamínódí(bensensúlfónsýra), — Tetrahýdroxýrafsýra Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín: ≤ 0,01 % Efni sem er útdraganlegt í eter ≤ 0,2% í hlutlausum miðli *Greiningaraðferð* (1) Magnákvörðun á heildarmagni litunarefna í tartrasíni í fóðuraukefninu: — Litrófsmæling við 426 nm (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis nr. 1, 4. bindi og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012). Til að magnákvarða tartrasín í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/159 **2021/EES/22/15**

frá 5. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 538/2007 (leyfishafi er Lactosan Starterkulturen GmbH & Co) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) *Enterococcus faecium* DSM 7134 var leyft til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 27. febrúar 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að *Enterococcus faecium* DSM 7134 sé áfram öruggt við leyfð notkunarskilyrði fyrir markdýr, neytendur, notendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Mat á *Enterococcus faecium* DSM 7134 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 538/2007 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5650.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 538/2007 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1841	Lactosan Starterkulturen GmbH & Co	*Enterococcus faecium* DSM 7134	**Samsetning aukefnis:** Blanda með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem inniheldur að lágmarki: Duft: 1×10^{10} CFU/g aukefnis Korn (örhylkjuð): 1×10^{10} CFU/g aukefnis **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* DSM 7134 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlína-síðagar (EN 15788) Sanngreining: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Fráfærugrísir	—	$0{,}5 \times 10^{9}$	4×10^{9}	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar-, húð- og augnvörn.	26. febrúar 2030
				Eldissvín	—	$0{,}2 \times 10^{9}$	1×10^{9}		26. febrúar 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/160 **2021/EES/22/16**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir blöndu af kjarrmintuolíu, kúmenolíu, karvakróli, metýlsalisýlati og L-mentóli sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er Biomin GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu af kjarrmintuolíu, kúmenolíu, karvakróli, metýlsalisýlati og L-mentóli. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af kjarrmintuolíu, kúmenolíu, karvakróli, metýlsalisýlati og L-mentóli í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda af kjarrmintuolíu, kúmenolíu, karvakróli, metýlsalisýlati og L-mentóli ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að váhrif á notendur við innöndun sé ólíkleg og að ekki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um húð- eða augnnæmingu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Einnig komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti bætt kynbótalegt gildi. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu af kjarrmintuolíu, kúmenolíu, karvakróli, metýlsalisýlati og L-mentóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5688.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á kynbótalegu gildi)									
4d19	Biomin GmbH	Kjarrmintuolía, kúmenolía, karvakról, metýlsalisýlat og L-mentól	**Samsetning aukefnis** Blanda af: — ilmkjarnaolíum úr kjarrmintu (*Origanum vulgare* L) (60–80 mg/g) og kúmenfræi (*Carum carvi* L.) (5–10 mg/g), — karvakróli (60–80 mg/g), metýlsalisýlati (10–40 mg/g) og L-mentóli (30–55 mg/g) Fast form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Kjarrmintuolía (*Origanum vulgare* L.) (CAS-númer: 8007-11-2) með 1,8–16 mg/g línalólinnihaldi. Kúmenolía (*Carum carvi* L.) (CAS-númer: 8000-42-8) með 2,5–6,5 mg/g D-karvóninnihaldi. Karvakrólolía (CAS-númer: 499-75-2) ≥ 99% með 95–140 mg/g karvakról-innihaldi (úr kjarrmintu og hreinu karvakróli). Metýlsalisýlat (CAS-númer: 119-36-8). L-mentól (CAS-númer: 2216-51-8). **Greiningaraðferð** (1) Til að magnákvarða virku efnin í fóðuraukefninu: gasgreining með logajónunargreiningu	Fráfærugrísir	—	75	125	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og augnvörn.	26. febrúar 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/161 **2021/EES/22/17**

frá 5. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Bacillus subtilis* DSM 17299 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1137/2007 (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) *Bacillus subtilis* DSM 17299 var leyft til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1137/2007 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Bacillus subtilis* (DSM 17299) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir núgildandi skilyrði fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti fyrri niðurstöður sínar um að *Bacillus subtilis* DSM 17299 teljist öruggt fyrir marktegundir, neytendur afurða úr dýrum sem fá aukefnið og fyrir umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að notendur gætu orðið fyrir váhrifum við innöndun og að hvorki hafi verið unnt að komast að niðurstöðu um húð- og augnertingarmátt né húðnæmingu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Mat á *Bacillus subtilis* DSM 17299 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Bacillus subtilis* DSM 17299 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 1137/2007 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1137/2007 frá 1. október 2007 um að leyfa *Bacillus subtilis* (O35) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 5).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5687.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1137/2007 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1821	Chr. Hansen A/S	*Bacillus subtilis* DSM 17299	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Bacillus subtilis* DSM 17299 sem inniheldur að lágmarki $1{,}6 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Fast form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* DSM 17299 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með trýptónsojaagar (EN 15784) Sanngreining á *Bacillus subtilis* DSM 17299 í fóðuraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Eldiskjúklingar	—	8×10^8	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Heimilt að nota í fóður sem inniheldur eitt af eftirfarandi leyfðum hníslalyfjum: díklasúríl, halófúgínón, róbenidín, dekókínat, narasín/níkarbasín, lasalósíðnatríum, madúramýsínammóníum, mónensínnatríum, narasín, salínómýsínnatríum eða semdúramýsínnatríum. 3. Sýnt hefur verið fram á samrýmanleika þessa aukefnis við maurasýru. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar-, húð- og augnvörn.	26. febrúar 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/162 **2021/EES/22/18**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi hans er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 í aukefnaflokknum „dýraræktar-aukefni“ sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna.

4) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 var þegar leyfð sem fóðuraukefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1905 ([2]) fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 ([3]) fyrir spenagrísi og gyltur.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið og þegar hún er notuð í fóður fyrir kalkúna sé hún árangursrík við að draga úr mengun skrokka af völdum *Salmonella* spp. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að óhjúpað form aukefnisins ætti að teljast öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1905 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fyrir aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (Stjtíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 30).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með Saccharomyces cerevisiae CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og gyltur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 21).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5693.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (minni mengun skrokka af völdum *Salmonellu* spp. vegna minnkunar hennar í saur)									
4d1703	Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem inniheldur að lágmarki: 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form) 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form) **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790:2008)	Eldiskalkúnar	-	1×10^9		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	26. febrúar 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/163 **2021/EES/22/19**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir blöndu af múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, kjúklinga sem eru aldir til undaneldis og aðrar alifuglategundir sem eru aldar til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með múramídasa sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, kjúklinga sem eru aldir til undaneldis og aðrar tegundir alifugla sem eru aldir til undaneldis.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/805 ([2]) var blanda með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, þegar leyfð sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. apríl 2019 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti hugsanlega valdið ertingu húðar/augna og næmingu húðar og öndunarfæra Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Hún komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti bætt fóðurstuðul. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/805 frá 17. maí 2019 um leyfi fyrir blöndu með múramídasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* DSM 32338, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og aukategundir alifugla til eldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans í ESB er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (Stjtíð. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 33)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5686.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni.									
4d16	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi hans hjá Sambandinu er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	Múramídasi (EC 3.2.1.17)	**Samsetning aukefnis** Blanda með múramídasa (EC 3.2.1.17) (lýsósím), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (DSM 32338), með virkni að lágmarki 60 000 LSU(F) ([1])/g Fast og fljótandi form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** múramídasi (EC 3.2.1.17) (lýsósím) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (DSM 32338) ***Greiningaraðferð*** ([2]) Til að magnákvarða múramídasa: ensímgreiningaraðferð með flúrskini sem ákvarðar ensímhvataða sundurliðun flúrskinsmerktrar peptídóglýkanblöndu við pH 6,0 og 30 °C.	Kjúklingar sem eru aldir til undaneldis Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis Aðrar alifuglateg-undir sem eru aldar til undaneldis	—	25 000 LSU(F)		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn.	26. febrúar 2030

([1]) Eitt LSU(F) er skilgreint sem það magn ensíms sem eykur flúrskin 12,5 µg/ml flúrskinsmerkts peptídóglýkans á mínútu við pH 6,0 og 30 °C um gildi sem samsvarar flúrskini af u.þ.b. 0,06 nmól I-hverfu ísóþíósýanats í flúrskinslausn.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/164 **2021/EES/22/20**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir 6-týtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og allar tegundir svína og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 379/2009 (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) 6-týtasi, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), var leyfður til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, eldisendur, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 379/2009 ([2]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir 6-týtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, eldisendur, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur og óskaði eftir því að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“, og um nýja notkun fyrir allar fuglategundir til eldis aðrar en kjúklinga, kalkúna og endur og allar fuglategundir til varps aðrar en hænur og allar fuglategundir sem eru aldar til varps og undaneldis, mjólkurgrísi og aukategundir svína. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. apríl 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti hugsanlega valdið næmingu öndunarfæra. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt til að bæta meltanleika fóðurs hjá öllum fuglategundum til eldis, til varps, sem eru aldar til varps eða til undaneldis og hjá öllum tegundum svína. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 6-týtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir 6-týtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 379/2009 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 379/2009 frá 8. maí 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á 6-týtasa EC 3.1.3.26 sem aukefni í fóður fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aliendur, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldissvín og gyltur (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (Stjtíð. ESB L 116, 9.5.2009, bls. 6).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5702.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað sem aukefni í fóður að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 379/2009

Reglugerð (EB) nr. 379/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1640	Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.	6-fýtasi EC 3.1.3.26	**Samsetning aukefnis** Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), með virkni að lágmarki: 10 000 FTU (1)/g Fljótandi og fast hjúpað form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** 6-fýtasi (EC 3.1.3.26) sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) **Greiningaraðferð** (2) Ákvörðun á 6-fýtasa í fóðuraukefni: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati. Ákvörðun á 6-fýtasa í forblöndum og fóðri: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati (eftir þynningu með hitameðhöndluðu mjöli úr heilu korni) (EN ISO 30024)	Allar fugla-tegundir, aðrar en varpfuglar	—	250 FTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	26. febrúar 2030
				Allar fuglategundir til varps	—	150 FTU	—		
				Smágrísir (fráfæru-) Eldissvín	—	250 FTU	—		
				Allar tegundir svína, aðrar en fráfærugrísir og eldissvín	—	500 FTU	—		

(1) Eitt FTU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/165 **2021/EES/22/21**

frá 5. febrúar 2020

um leyfi fyrir endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* DSM 32052, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna eða kalkúna sem eru aldir til undaneldis og fyrir aukategundir alifugla og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 786/2007 (leyfishafi er Elanco GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Endó-1,4-betamannanasi, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* ATCC 55045, var leyfður til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 786/2007 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* DSM 32052 (áður framleiddur með *Paenibacillus lentus* ATCC 55045), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“, og um nýja notkun fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna til eldis eða sem eru aldir til undaneldis og aukategundir alifugla. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. febrúar 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé öruggt fyrir marktegundir, neytendur afurða úr dýrum sem fá aukefnið og fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að varan ætti að teljast hugsanlegur öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Aukefnið getur verið áhrifaríkt við að bæta meltanleika fóðurs hjá kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúnum til eldis eða sem eru aldir til undaneldis og aukategundum alifugla.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* DSM 32052, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* ATCC 55045, sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 786/2007 úr gildi.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem gerðar eru með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem setja má fyrirliggjandi birgðir af blöndunni með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* ATCC 55045, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, áfram á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 786/2007 frá 4. júlí 2007 um að leyfa endó-1,4-beta-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 8).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5641.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 786/2007 er felld úr gildi.

3. gr.

Endó-1,4-betamannanasi, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* ATCC 55045, forblöndur og fóðurblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. febrúar 2020 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a3i	Elanco GmbH	Endó-1,4-betamannanasi EC 3.2.1.78	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 32052) með virkni að lágmarki $7,2 \times 10^5$ U (1)/ml Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betamannanasi sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 32052) **Greiningaraðferð** (2) litmælingaraðferð á grundvelli efnahvarfs afoxandi sykra (mannósa-jafngildi) við 3,5-dínítrósalisýlsýru (DNS)	Eldiskjúklingar Eldiskalkúnar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis Aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar til varps/ undaneldis	-	79 200 U	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	26.2.2030

(1) 1 virknieining (U) er það magn ensíms sem leysir 0,72 míkrógrömm afoxandi sykra (mannósajafngilda) á mínútu úr hvarfefni sem í er mannan (karóbgúmmí) við pH-gildið 7,5 og 40 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/166 **2021/EES/22/22**

frá 5. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, aliendur, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 785/2007 (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blandan með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), var leyfður til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, eldisendur, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur með reglugerð (EB) nr. 785/2007 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, eldisendur, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. apríl 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 785/2007 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 785/2007 frá 4. júlí 2007 um að leyfa 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 5).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5701.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 785/2007 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg. heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1640	Danisco (UK) Ltd, viðskipti fara fram undir heitinu Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.	6-fýtasi EC 3.1.3.26	**Samsetning aukefnis** Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), með virkni að lágmarki: 5 000 FTU (1) /g Fast hjúpað form og vökvaform **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) **Greiningaraðferð** (2) Ákvörðun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 í fóðuraukefni: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati. Ákvörðun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 í forblöndum og fóðri: EN ISO 30024: litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati (eftir þynningu með hitameðhöndluðu mjöli úr heilu korni).	Eldiskjúklingar Eldiskalkúnar Eldisendur Varphænur Smágrísir (fráfæru-) Eldissvín Gyltur	— — — —	250 FTU 150 FTU 250 FTU 500 FTU	— — — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	26.2.2030

(1) Eitt FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/172 **2021/EES/22/23**

frá 6. febrúar 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), sem fóðuraukefni fyrir spenagrísi (vanda undan), eldissvín, gyltur, eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, endur og allar aðrar aukafuglategundir og skrautfugla og nýtt leyfi fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur eða til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis eða undaneldishænur og spenagrísi og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 165/2008, (EB) nr. 505/2008 og (ESB) nr. 327/2010 (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) 3-fýtasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), var leyfður til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir spenagrísi (vanda undan), eldissvín og eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007 ([2]), fyrir varphænur og eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007 ([3]), fyrir endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2008 ([4]), fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 505/2008 ([5]) og fyrir aukafuglategundir, aðrar en endur, og fyrir skrautfugla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2010 ([6]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, lagði handhafi leyfisins fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), sem fóðuraukefni fyrir spenagrísi (vanda undan), eldissvín, gyltur, eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, endur og aðrar aukafuglategundir og skrautfugla, og um nýja notkun fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur eða til undaneldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis eða undaneldishænur og mjólkurgrísi og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. febrúar 2019 ([7]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra né á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé öndunarfæranæmir og ætti að teljast sem hugsanlegur húðnæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur fóðuraukefnanna. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið bæti meltanleika fóðurs hjá kjúklingum sem eru

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007 frá 6. mars 2007 um að leyfa 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007 frá 1. október 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 20).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2008 frá 22. febrúar 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 8).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 505/2008 frá 6. júní 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefnis í fóðri (Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 33).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 327/2010 frá 21. apríl 2010 um leyfi fyrir nýrri notkun á 3-fýtasa sem fóðuraukefni fyrir allar aukafuglategundir, aðrar en endur, og fyrir skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (Stjtíð. ESB L 100, 22.4.2010, bls. 3).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5640.

aldir til að verða varphænur eða til undaneldis, kalkúnum sem eru aldir til undaneldis eða undaneldishænum og mjólkurgrísum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672) , sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir 3-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerðir (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 165/2008, (EB) nr. 505/2008 og (ESB) nr. 327/2010 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð og endurnýjuð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 165/2008, (EB) nr. 505/2008 og (ESB) nr. 327/2010 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1600	BASF SE	3-fýtasi EC 3.1.3.8	*Samsetning aukefnis* 3-fýtasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 FTU ([1])/g Vökvaform: 5 000 FTU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-fýtasi sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672) *Greiningaraðferð* ([2]) Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem ensímið leysir úr fýtathvarfefni.	Smágrísir (spenagrísir og fráfærugrísir) Gyltur	-	500 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	27.2.2030
				Eldissvín	-	100 FTU			
				Eldiskjúklingar Kjúklingar sem er aldir til að verða varphænur/sem eru aldir til undaneldis	-	375 FTU			
				Varphænur Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis og undaneldishænur Skrautfuglar og allar aukafuglategundir, aðrar en endur	-	250 FTU			
				Endur	-	300 FTU			

([1]) 1 FTU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/173 **2021/EES/22/24**

frá 6. febrúar 2020

um leyfi fyrir skærbláu FCF sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Skærblátt FCF var leyft án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, fyrir hunda og ketti undir fyrirsögninni „litunarefni sem leyfð hafa verið til litunar matvæla samkvæmt reglum Bandalagsins“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á skærbláu FCF sem fóðuraukefni fyrir hunda og ketti. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 19. júní 2013 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi skærblátt FCF ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta ætti á efnið sem hættulegt við innöndun fyrir notendur aukefnisins og þar eð engin gögn liggja fyrir um húð- og augnertingu gæti það talist hugsanlega húð- og/eða augnertandi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 ([4]) var í I. áfanga mats á umhverfisáhættu ákveðið að skærblátt FCF, sem aukefni sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, sé undanþegið frekara mati vegna þess að ólíklegt er að umhverfið verði fyrir verulegum áhrifum, þar eð Matvælaöryggisstofnunin hefur í framangreindu áliti sínu ekki tilgreint nein vísindaleg gögn sem gefa tilefni til áhyggna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aukefni sé áhrifaríkur litgjafi fyrir fóður. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á skærbláu FCF sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3288.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. ágúst 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda efnið sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. febrúar 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. febrúar 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. i. efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a133	Skærblátt FCF	**Samsetning aukefnis:** Lýsingin á skærbláu FCF á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt. Fast form (duft) **Lýsing á eiginleikum virka efnisins sem natríumsalt:** Dínatríum-α-(4-(N-etýl-3-súlfónató-bensýlamínó)fenýl)-α-(4-N-etýl-3-súlfónatóbensýlamínó)sýklóhexa-2,5-díenýlíden)tólúen-2-súlfónat Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg. Efnaformúla: $C_{37}H_{34}N_2Na_2O_9S_3$ Fast form (duft), framleitt með efnasmíði CAS-númer: 3844-45-9 Hreinleikaskilyrði Innihald ekki minna en 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt (greining) Vatnsóleysanlegt efni: ≤ 0,2% Önnur litunarefni: ≤ 6% Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni: — Summa 2-, 3- og 4-formýlbensens-úlfónsýra: ≤ 1,5% — 3-((etýl)(4-súlfófenýl)amínó)-metýlbensensúlfónsýra: ≤ 0,3% Hvítbasi: ≤ 5%	Kettir Hundar	—	—	278 334	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	27. febrúar 2030

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín: ≤ 0,01% (reiknuð sem anilín) Efni sem er útdraganlegt í etra: ≤ 0,2% úr lausn með pH-gildið 7 **Greiningaraðferð** (1) Magnákvörðun á heildarmagni litunarefna í skærbláu FCF í fóðuraukefninu: Litrófsmæling við 630 nm og títrun með títanklóríði, eins og lýst er í: — Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 með vísun í sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða-heilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum („Analytical methods“, 4. bindi) ásamt lýsingu efnis nr. 1 (2006) „Brilliant Blue FCF“. Til að magnákvarða skærblátt í fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/180 **2021/EES/22/25**

frá 7. febrúar 2020

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, til notkunar í sojabaunir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 8. september 2015 ([2]) og 18. september 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða á umhverfið. Hún komst þó einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist húð- og augnertandi og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt til að minnka magn fásykra úr raffínósaröð og trýpsínlata í sojabaunum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „önnur tæknileg aukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður eins og sett er fram í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(9), 4230.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5275.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg sojabauna			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: önnur tæknileg aukefni (minnkun hamlandi næringarþátta í sojabaunum)								
1o01	*Bacillus subtilis* KCCM 10673P *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP	**Samsetning aukefnis:** Blanda með *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP, sem inniheldur a.m.k. $1,2 \times 10^8$ CFU/g aukefnis og $2,0 \times 10^8$ CFU/g aukefnis, eftir því sem við á. **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Lífvænlegar frumur *Bacillus subtilis* KCCM 10673P og *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP. **Greiningaraðferð** ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda *Bacillus subtilis* KCCM 10673P í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Dreifingaraðferð á trýptónsojaagar (EN 15784). Sanngreining á *Bacillus subtilis* KCCM 10673P í fóðuraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE). Sanngreining á *Aspergillus oryzae* KCTC 10258BP í fóðuraukefninu: Greining með kjarnsýrumögnun (PCR).	Allar dýrategundir	—	*Bacillus subtilis* $1,2 \times 10^6$ *Aspergillus oryzae* $2,0 \times 10^6$	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-skilyrði. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í sojabaunir. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	1. mars 2030

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/992 **2021/EES/22/26**

frá 9. júlí 2020

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir til varps (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir varphænur og aukategundir alifugla og aðrar fuglategundir til varps.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. júlí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast húðnæmir og hugsanlegur öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti verið áhrifaríkt til bætingar á árangri í dýrarækt og/eða nýtingu fosfórs hjá varphænum. Framreikna má þessar niðurstöður yfir á allar aukategundir alifugla og aðrar fuglategundir til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5789.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a27	BASF SE	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	**Samsetning aukefnis** Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), með lágmarksinnihald: Fast form: 5 000 FTU (1)/g Vökvaform: 5 000 FTU/g **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** 6-fýtasi sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770) **Greiningaraðferð** (2) Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóður-aukefninu: — litmæling sem byggist á ensímefnahvarfi 6-fýtasa við fýtat. Til að magnákvarða fýtasavirkni í forblöndum: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – VDLUFA 27.1.3 Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðri: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – EN ISO 30024.	Allar fuglategundir til varps	-	200 FTU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn.	30.7.2030

(1) 1 FTU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1033 **2021/EES/22/27**

frá 15. júlí 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, og leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1139/2007 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1139/2007 ([2]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt beiðni um breytingu á tilgreiningu stofnsins í *Corynebacterium glutamicum* NITE SD 00285.

4) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir. Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, og í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 3. apríl 2019 ([3]) og 14. maí 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* NITE SD 00285 og með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Hún tók einnig fram að L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* NITE SD 00285, sé ertandi fyrir húð, augnætandi og hættulegt við innöndun. Varðandi L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, tók hún fram að það væri ætandi fyrir húð og augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýruarginíns fyrir allar dýrategundir og til að viðbætt L-arginín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni.

6) Matvælaöryggisstofnunin lét í áliti sínu á L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, í ljós áhyggjur varðandi öryggi þess að gefa amínósýruna um munn samtímis í drykkjarvatni og fóðri. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó ekki til hámarksinnihald fyrir L-arginín. Enn fremur mælir Matvælaöryggisstofnunin með viðbót L-arginíns í viðeigandi magni. Ef L-arginíni er bætt við með því að setja það í drykkjarvatn er rétt að gera notandanum aðvart um að taka verði tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1139/2007 frá 1. október 2007 um að leyfa L-arginín sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 11).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5696.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5720.

7) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti með L-arginíni þegar það er notað sem bragðefni. Þegar L-arginín er notað sem bragðefni ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

8) Að því er varðar notkun L-arginíns sem bragðefnis tekur Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki sé þörf á því að sýna frekar fram á verkun efnisins þegar það er notað í ráðlagðri skammtastærð. Notkun L-arginíns sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyft. Í ráðlögðum skammti er ólíklegt að L-arginín sem bragðefni skapi áhyggjuefni varðandi fæðutengda viðbót af öllum nauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

9) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

10) Mat á L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* NITE SD 00285 og með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

11) Af endurnýjun leyfis fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 1139/2007 úr gildi.

12) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

13) Sú staðreynd að notkun L-arginíns er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyfið fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, og aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

1. L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13870, og forblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. febrúar 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. lið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. ágúst 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. lið, sem eru framleidd og merkt fyrir 5. ágúst 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 5. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1139/2007 er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c364	-	L-arginín	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% L-arginíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 15% hámarks-vatnsinnihaldi **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* NITE SD 00285. Efnaformúla: C6H14N4O2 CAS-númer: 74-79-3 **Greiningaraðferð** ([1]): Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að magnákvarða arginín í fóðurau-kefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu fyrir augu og húð og við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	5. ágúst 2030

3c362	-	L-arginín	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% L-arginíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 0,5 % hámarks-vatnsinnihaldi **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182 Efnaformúla: C6H14N4O2 CAS-númer: 74-79-3 **Greiningaraðferð** ([2]): Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að magnákvarða arginín í fóður-aukefninu og í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Einnig má nota aukefnið í drykkjarvatn. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni. 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ 5. Að því er varðar notendur aukefnisins og forblöndunnar skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	5. ágúst 2030

Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
3c362	-	L-arginín	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% L-arginíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 0,5 % hámarks-vatnsinnihaldi **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80182 Efnaformúla: C6H14N4O2 CAS-númer: 74-79-3 Flavis 17.003 **Greiningaraðferð** ([3]): Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að magnákvarða arginín í fóður-aukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka).	Allar dýrategundir		-	-	1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg. 6. Að því er varðar notendur aukefnisins og forblöndunnar skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	5. ágúst 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
(3) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1090 **2021/EES/22/28**

frá 24. júlí 2020

um leyfi fyrir L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram þrjár umsóknir um leyfi fyrir L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Einnig var sótt um leyfi fyrir L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526 og *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 2. júlí 2019 ([2]), ([3]), ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið ef það er gefið sem viðbót í magni sem er í samræmi við kröfurnar fyrir marktegundina. Þessar niðurstöður ná einnig yfir notkun á L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, sem skynrænu aukefni í tilætluðu notkunarmagni. Að því er varðar öryggi notenda aukefnisins greindi Matvælaöryggisstofnunin eingöngu frá vægri áhættu á augnertingu vegna L-histidínmónóhýdróklóríðs, einvatnaðs, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179. Að því er varðar L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE BP-02526, greindi Matvælaöryggisstofnunin frá áhættu við innöndun. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir varðandi aukefnið til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að L-histidín ónóhýdróklórið, einvatnað, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5783.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5784.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(8), 5785.

glutamicum KCCM 80179, sé áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar L-histidíns að því er varðar fóður og til að það sé áhrifaríkt fyrir jórturdýr ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Auk þess komst Matvæla-öryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, sé áhrifaríkt sem bragðefni í fóður.

5) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti með þessum aukefnum þegar þau eru notuð sem bragðefni. Þegar aukefnin eru notuð sem bragðefni ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna. Notkun á L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð. Sú staðreynd að notkun histidínmónóhýdróklóríðs, einvatnaðs, sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyfð kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

7) Mat á efninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02526 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c352	-	L-histidínmónó-hýdróklóríð, einvatnað	**Samsetning aukefnis:** Duft sem inniheldur að lágmarki 98% L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, og 72% histidín og hámarksinnihald sem nemur 100 ppm af histamíni **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80172 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179 eða *Escherichia coli* NITE BP-02526 Efnaformúla: $C_3H_3N_2$-CH_2-CH(NH_2)-COOH· HCl· H_2O CAS-númer: 5934-29-2 **Greiningaraðferð** ([1]): Til að magnákvarða histidín í fóðuraukefninu: — háþrýstivökvaskiljun með greiningu með ljósmæligreiningu (HPLC-UV) — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-histidínmónó-hýdróklóríð, einvatnað, á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts ([2]). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu fyrir augu og húð og við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni. 5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni.	16.8.2030

			Til að magnákvarða histidín í forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða histidín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD)					6. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: „Þegar L-histidínmónóhýdróklóríði, einvötnuðu, er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ — Histidíninnihald.	
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
3c352	-	L-histidínmónó-hýdróklóríð, einvatnað	**Samsetning aukefnis:** Duft sem inniheldur að lágmarki 98% L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, og 72% histidín og hámarksinnihald sem nemur 100 ppm af histamíni **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-histidínmónóhýdróklóríð, einvatnað, sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80179 eða *Escherichia coli* NITE BP-02526. Efnaformúla: $C_3H_3N_2$-CH_2-CH(NH_2-COOH· HCl· H_2O CAS-númer: 5934-29-2 **Greiningaraðferð** (1): Til að magnákvarða histidín í fóðuraukefninu: — háþrýstivökvaskiljun með greiningu með ljósmæligreiningu (HPLC-UV)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-histidínmónó-hýdróklóríð, einvatnað, á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts (3). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu fyrir augu og húð og við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	16.8.2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) Til að magnákvarða histidín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða histidín í fóðurefnum og fóðurblöndu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)					5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 6. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“ — Histidíninnihald. 7. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4705), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

(3) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4705), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1091 **2021/EES/22/29**

frá 24. júlí 2020

um leyfi fyrir L-þreóníni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11473, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11473, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. október 2019 ([2]), ásamt álitinu frá 4. október 2019 ([3]), að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-þreónín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11473, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Hún gat ekki heldur komist að niðurstöðu varðandi húðnæmingar- og húð- og augnertingarmátt L-þreóníns, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11473, og greindi frá áhættu fyrir notendur aukefnisins við innöndun vegna inneiturs. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-þreóníns fyrir allar dýrategundir og til að aukefnið sé jafn áhrifaríkt fyrir jórturdýr og dýr sem ekki eru jórturdýr ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11473, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4939.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5885.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c411	-	L-þreónín	**Samsetning aukefnis:** Duft með að lágmarki 98% L-þreónín og 1% hámarksrakainnihald **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-þreónín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* CGMCC 11473 Efnaformúla: $C_4H_9NO_3$ CAS-númer: 72-19-5. **Greiningaraðferðir** (1): Til að ákvarða L-þreónín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-threonine monograph“ og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180. Til að ákvarða þreónín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17180 og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð fram-kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka).	Allar tegundir	-	-	-	1. Setja má L-þreónín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. L-þreónín má nota í drykkjarvatn. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og for-blöndunum, þ.m.t. öndun-arvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar. 4. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts (2).	16.8.2030

			Til að ákvarða þreónín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS): Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III viðauka). Til að ákvarða þreónín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD).					5. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-þreóníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4939), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1092 **2021/EES/22/30**

frá 24. júlí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 að því er varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða breytingar á slíku leyfi.

2) Notkun á *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 sem fóðuraukefni var leyfð fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gefi út álit um hvort leyfið fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem fóðuraukefni uppfylli enn skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til breytingar á skilyrðum leyfisins. Breytingin varðar samsetningu aukefnisins sem felur í sér færslu pólýetýlenglýkóls (PEG 4000) á skrá yfir frostvarnarefni sem unnt er að nota við framleiðslu aukefnisins. Beiðninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 6. mars 2018 ([3]) og 7. október 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði sem hjálparefni í samsetningum með *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) breyti blöndur með PEG 4000 ekki fyrri niðurstöðum um að aukefnið hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, manna eða á umhverfið og að það sé áhrifaríkt sem aukefni í votfóður. Því er ekki búist við öryggisvanda þegar PEG 4000 er notað sem frostvarnarefni í aukefnið *Lactococcus lactis* NCIMB 30160 í hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg PEG 4000/kg votfóðurs. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.

5) Mat á fyrirhugaðri breytingu á leyfinu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 frá 5. desember 2011 um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 322, 6.12.2011, bls. 3).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5218.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5890.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar um aukefnið með kenninúmeri 1k2082 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1263/2011 kemur eftirfarandi:

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
„1k2082	*Lactococcus lactis* (NCIMB 30160)	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Eitt af eftirfarandi frostvarnarefnum: askorbínsýra, laktósi, mannítól, mónónatríumglútamat, natríumsítrat, mysuduft eða pólýetýlenglýkól (PEG 4000) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) *Greiningaraðferð* (1): Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (ISO 15214) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Pólýetýlenglýkól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	16.8.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1094 **2021/EES/22/31**

frá 24. júlí 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir gyltur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 896/2009 (leyfishafi er Prosol S.p.A.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir gyltur og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. maí 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að við leyfð notkunarskilyrði hafi *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, á neytendur eða umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hugsanlega húð- og augnertandi og hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5719.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 896/2009 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 896/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1710	Prosol S.p.A.	*Saccharomyces cerevisiae MUCL 39885*	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 Duftform og kornað form sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 **Greiningaraðferð** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)	Gyltur	-	$6{,}4 \times 10^9$	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.8.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1095 **2021/EES/22/32**

frá 24. júlí 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 var blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 leyfð sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 ([2]).

2) Reglugerð (ESB) 2015/502 var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/146 ([3]).

3) Hinn 8. janúar 2020 lagði leyfishafinn Micron Bio-Systems Ltd fram umsókn skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lagt er til að heiti fulltrúa hans verði breytt. Umsækjandinn greinir frá því að FF Chemicals BV verði fulltrúi hans í Sambandinu fyrir viðkomandi fóðuraukefni. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

4) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

5) Til að gera FF Chemicals BV kleift að koma fram sem fulltrúi leyfishafans er nauðsynlegt að breyta skilmálum viðkomandi leyfis. Þess vegna ætti að breyta heiti fulltrúans í titli framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/502 og í viðaukanum við hana.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“ í titlinum kemur „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FF Chemicals, BV“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (handhafi leyfis er Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV) (Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/146 frá 30. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 12).

2) Í stað orðanna „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“ í öðrum dálki viðaukans með fyrirsögninni „nafn leyfishafa“ koma orðin „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FF Chemicals BV“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1096 **2021/EES/22/33**

frá 24. júlí 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1119/2010 (handhafi leyfis er Prosol S.p.A.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 ([2]).

3) Í samræmi við 1.mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. nóvember 2019 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að við leyfð notkunarskilyrði hafi *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, á neytendur eða umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hugsanlega húð- og augnertandi og húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (ESB) nr. 1119/2010 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og hesta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (handhafi leyfis er Prosol SpA) (Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 9).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5915.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1119/2010 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1710	Prosol S.p.A.	*Saccharomyces cerevisiae MUCL 39885*	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 Duftform og kornað form sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis	Hestar	-	3×10^9	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	*16.8.2030*
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885	Mjólkurkýr		2×10^9			
			Greiningaraðferð (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1097 **2021/EES/22/34**

frá 24. júlí 2020

um leyfi fyrir lútínauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta* sem fóðuraukefni fyrir alifugla (að undanskildum kalkúnum) til eldis og til varps og fyrir aukategundir alifugla til eldis og til varps (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]) og í 4. gr. um leyfi fyrir nýrri notkun aukefnisins.

2) Lútínauðugur útdráttur og lútín-/seaxantínútdráttur úr *Tagetes erecta* voru leyfðir án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni, sem tilheyrir flokknum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, fyrir alifugla undir fyrirsögninni „karótenóíð og xantófýll“. Þessir tveir útdrættir voru leyfðir með almennu heitunum „lútín“ og „seaxantín“ án nákvæmrar skilgreiningar þannig að beiðnin varðandi þessi tvö form, lútínauðugan útdrátt og lútín-/seaxantínútdrátt, féll undir almennu færslurnar „lútín“ og „seaxantín“. Aukefnin voru síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr., var lögð fram umsókn um leyfi fyrir lútínauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta* til notkunar í drykkjarvatn og um endurmat á lútínauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta* sem fóðuraukefni fyrir alifugla (að undanskildum kalkúnum) til eldis og til varps og fyrir aukategundir alifugla til eldis og til varps. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar: ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum.“ Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 3. apríl 2019 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi lútínauðugur útdráttur og lútín-/seaxantínútdráttur úr *Tagetes erecta* ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún tók fram að yfirfæra megi niðurstöður um öryggi og verkun lútínauðugs útdráttar og lútín-/seaxantínútdráttar úr *Tagetes erecta* fyrir alifugla (að undanskildum kalkúnum) til eldis og til varps á aukategundir alifugla til eldis og til varps. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að virku efnin séu seigfljótandi efni þannig að notendur verði ekki fyrir váhrifum við innöndun. Umsækjandinn viðurkenndi að virku efnin gætu verið ertandi fyrir húð og augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins, þ.m.t. notkun aukefnanna í formi blöndu, þar sem ekki er hægt að útiloka eiturhrif við innöndun eða vegna hugsanlegs húð- eða augnertandi eðlis aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aukefni séu áhrifaríkir litgjafar fyrir matvæli úr dýraríkinu. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5698.

5) Að því er varðar notkun í drykkjarvatn telur framkvæmdastjórnin að erfitt sé að stjórna notkun aukefnanna samtímis í drykkjarvatn og fóður þar eð hámarksgildi eru fastsett af öryggisástæðum og einnig má nota önnur aukefni, sem innihalda xantófýla og karótenóíð, í fóður. Notkun lútínauðugs útdráttar og lútín-/seaxantínútdráttar úr *Tagetes erecta* samtímis í drykkjarvatn og fóður fjölgar íkomuleiðum og eykur áhættuna á að farið verði yfir hámarksgildi sem eru leyfð fyrir aukefni sem innihalda karótenóíð og xantófýla (80 mg/kg fyrir lútínauðugan útdrátt einan og sér eða ásamt öðrum karótenóíðum eða xantófýlum og 50 mg/kg fyrir lútín-/seaxantínútdrátt einan og sér eða ásamt öðrum karótenóíðum eða xantófýlum). Af þessum sökum er synjað um notkun í drykkjarvatn.

6) Matið sýnir að skilyrðin fyrir leyfi fyrir lútínauðugum útdrætti og lútín-/seaxantínútdrætti úr *Tagetes erecta*, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara aukefna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar: ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“ eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfðu efnin sem tilgreind eru í viðaukanum skulu ekki notuð í drykkjarvatn.

3. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. febrúar 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. ágúst 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum								
2a161b	Lútínauðugur útdráttur	*Samsetning aukefnis:* Lútínauðugur útdráttur úr *Tagetes erecta* Bensen ≤ 2mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lútín úr sápuðum útdrætti úr Tagetes erecta (þurrkuð blómakrónublöð) sem fæst með útdrætti og sápumyndun: — Heildarinnihald karótenóíða: ≥ 60g/kg — Lútín ≥ 75% af heildarinnhaldi karótenóíða — Seaxantín ≥ 4% af heildar-innihaldi karótenóíða Efnaformúla: $C_{40}H_{56}O_2$ CAS-númer 127-40-2 (lútín) CAS-númer 144-68-3 (seaxantín) CoE-númer: 494 Vökvaform *Greiningaraðferð* (1): — Til að ákvarða lútín (alsniðhverfu lútíns eingöngu), seaxantín og heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í fóðuraukefninu: háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með litrófsmælingu – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 með vísun í lýsingu efnis nr. 3 (2006) frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri	Alifuglar til eldis (að undanskildum kalkúnum) og aukategundir alifugla til eldis	-	-	80	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Setja verður lútínauðugan útdrátt á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Blanda lútínauðugs útdráttar við önnur leyfð karótenóíð og xantófýla skal ekki fara yfir heildarinnihald karótenóíða og xantófýla sem nemur 80 mg/kg heilfóðurs. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn.	16.8.2030
			Alifuglar til varps (að undanskildum kalkúnum) og aukategundir alifugla til varps	-	-	80		

		sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum „lútín úr Tagetes erecta“, „Combined Compendium for Food Additive Specifications“ (sameiginlegt yfirlit um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum). — Til að ákvarða lútín (alsniðhverfu lútíns eingöngu) í forblöndum og fóðri: háþrýstivökvaskiljun með sýnilegri greiningu (HPLC-Vis) — Til að ákvarða heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í forblöndum og fóðri: vökvaskiljun með sýnilegri greiningu (LC-Vis) – opinber aðferð Samtaka aðila í efnagreiningu 970.64						
2a161bi	Lútín-/seaxantín-útdráttur	*Samsetning aukefnis:* Lútín-/seaxantínútdráttur úr *Tagetes erecta*. Bensen ≤ 2mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Sápaður/hverfður lútín-/seaxantínútdráttur úr þurrkuðum krónublöðum *Tagetes erecta* sem fæst með útdrætti, sápumyndun og hverfingu: — Heildarinnihald karótenóíða: ≥ 60g/kg — Lútín ≥ 37% af heildarinnhaldi karótenóíða, — Seaxantín ≥ 36% af heildarinnhaldi karótenóíða.	Alifuglar til eldis (að undanskildum kalkúnum) og aukategundir alifugla til eldis	-	-	50	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Setja verður lútín-/seaxantínútdrátt á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Blanda lútín-/seaxantínútdrátta við önnur leyfð karótenóíð og xantófýla skal ekki fara yfir heildarinnihald karótenóíða og xantófýla sem nemur 50 mg/kg heilfóðurs 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast	16.8.2030
			Alifuglar til varps (að undanskildum kalkúnum) og aukategundir alifugla til varps.	-	-	50		

		Vökvaform CAS-númer 127-40-2 (lútín) CAS-númer 144-68-3 (seaxantín) CoE-númer: 494 Efnaformúla: $C_{40}H_{56}O_2$ *Greiningaraðferð* ([1]): Til að ákvarða lútín (alsniðhverfu lútíns eingöngu), seaxantín og heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í fóðuraukefninu: — Háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með litrófsmælingu – tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/128/EB með vísun í lýsingu efnis nr. 3 (2006) frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegri sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, „lútín úr *Tagetes erecta*“, „Combined Compendium for Food Additive Specifications“ (sameiginlegt yfirlit um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum). Til að ákvarða lútín (alsniðhverfu lútíns eingöngu) í forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með sýnilegri greiningu (HPLC-Vis) Til að ákvarða heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í forblöndum og fóðri: — Vökvaskiljun með sýnilegri greiningu (LC-Vis) – opinber aðferð Samtaka aðila í efna-greiningu 970.64					við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1098 **2021/EES/22/35**

frá 24. júlí 2020

um leyfi fyrir kardimommuilmkjarnaolíu úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Kardimommuolía úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í hópnum „bragðefni og lystaukandi efni“. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á kardimommuolíu úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. maí 2019 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi kardimommuolía úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Þar eð engar rannsóknir til að meta öryggi fyrir notendur eru fyrir hendi gat Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um öryggi notenda við meðhöndlun á aukefninu. Samkvæmt álitinu hefur umsækjandinn lagt fram öryggisblað fyrir kardimommuolíu þar sem hættur eru tilgreindar. Hætturnar sem lýst er í öryggisblaðinu eru einkum húðerting, augnerting, ofnæmissviðbragð húðar og að efnið er banvænt ef gleypt. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Þar eð efnið sem um er að ræða er notað sem bragðefni í matvæli og hlutverk þess í fóðri er það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess í fóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti með efninu. Að því er varðar fóðuraukefnið sem um er að ræða skal tilgreina tillagt innihald á merkimiðanum. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna sem innihalda fóðuraukefnið.

7) Mat á kardimommuilmkjarnaolíu úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 27.7.2020, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5721.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Sú staðreynd að notkun kardimommuilmkjarnaolíu úr *Elettaria cardamomum* (L.) Maton er ekki leyfð sem bragðefni í drykkjarvatn kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. febrúar 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. ágúst 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. ágúst 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. ágúst 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. ágúst 2020 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b180	Kardimommuilm-kjarnaolía	*Samsetning aukefnis:* Ilmkjarnaolía úr fræi *Elettaria cardamomum* (L.) Maton *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Ilmkjarnaolía úr fræi *Elettaria cardamomum* (L.) Maton samkvæmt skilgreiningu Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) 4733:2004 fyrir olíu úr kardimommu (*E. cardamomum* (L.) Maton). Terpíneólasetat: 30–42% af ilmkjarnaolíu. Metýlevgenól ≤ 0,0002% af ilmkjarnaolíu. Vökvaform: CAS-númer 8000-66-6 Einecs-númer 288-922-1 FEMA-númer 2241 CoE: 180 *Greiningaraðferð* (1): Til að ákvarða terpíneólasetat (plöntu-efnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu (kardimommuolía): — gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID) – ISO 4733	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg fóðurs“. 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, ef gleypt, við snertingu við húð eða augu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn.	16.8.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1175 **2021/EES/22/36**

frá 7. ágúst 2020

um leyfi fyrir L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 10. janúar 2020 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Í niðurstöðum sínum tók hún einnig tillit til þess að umsækjandinn lagði til að aukefnið yrði merkt með hættusetningu H335 (getur valdið ertingu í öndunarfærum) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ([3]). Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þar eð efnið er notað í matvæli og hlutverk þess í fóðri er það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess í fóðri.

5) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Að því er varðar L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat skal tilgreina tillagt innihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

6) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Sú staðreynd að notkun L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrats, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181, er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2020 18(2), 6003.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b920i	-	L-systeín-hýdróklóríð-mónóhýdrat	**Samsetning aukefnis**: L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat Lýsing á eiginleikum virka efnisins: L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat Framleitt með gerjun með *Escherichia coli* KCCM 80180 og *Escherichia coli* KCCM 80181 Hreinleiki: að lágmarki 98,5% Efnaformúla: $C_3H_7NO_2S \cdot HClH_2O$. CAS-númer 7048-04-6 FLAVIS-nr. 17.032 *Greiningaraðferð* ([1]): Til að sanngreina L-systeínhýdróklóríð-mónóhýdrat í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), Ph.Eur. 6.6-2.2.56-aðferð 1 Til að magnákvarða L-systeínhýdróklóríð-mónóhýdrat í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FD) Til að magnákvarða L-systeínhýdróklóríð-mónóhýdrat í forblöndum:	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.	30.8.2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1363 **2021/EES/22/37**

frá 30. september 2020

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir svína (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir svína.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 21. febrúar 2018 ([2]) og 4. október 2019 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að líta ætti á aukefnið sem hugsanlegan öndunarfæranæmi og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um ertingarmátt þess á húð og augu og um húðnæmingu. Því ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt dýraræktartengda þætti hjá öllum tegundum svína talsvert. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 1.10.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(4), 5200.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2019* 17(11), 5881 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2019* 17(11), 5883.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar											
4b1901	Chr. Hansen A/S	*Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 sem inniheldur að lágmarki $1{,}25 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg gró *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 Greiningaraðferð (1) Sanngreining á *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Ákvörðun á heildarfjölda *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: Dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar – EN 15784	Allar tegundir svína	—	5×10^8	-	$1{,}7 \times 10^8$	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið má nota í drykkjarvatn. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	21. október 2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1370 **2021/EES/22/38**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með lantaníðsítrati sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er Treibacher Industrie AG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með lantaníðsítrati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með lantaníðsítrati í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 16. apríl 2013 ([2]), 20. apríl 2016 ([3]) og 12. nóvember 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með lantaníðsítrati ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að forðast ætti langvarandi eða endurtekin váhrif frá aukefninu þó að gögn um bráð eiturhrif á öndunarveg sýni að eiturhrif ryks séu lítil. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Einnig komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti bætt vöxt hjá fráfærugrísum. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með lantaníðsítrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3206.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4477.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5912.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d21	Treibacher Industrie AG	Lantaníðsítrat	***Samsetning aukefnis*** Blanda með lantaníðsítrati sem inniheldur: Lantaníðsítrat ≥ 65% Natríum 8–12% Klóríð 8–12% Vatn < 10% Fast form ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** Lantaníðsítrat Lantan 8,5 ± 0,9% Efnaformúla $C_6H_5LaO_7$ CAS-númer: 3002-52-6 Seríum 16,3 ± 1,6% Efnaformúla: $C_6H_5CeO_7$ CAS-númer: 512-24-3 Sítrat 40 ± 5% Efnaformúla: $C_6H_5O_7$ CAS-númer: 126-44-3 ***Greiningaraðferð*** (1) Til að magnákvarða sítratsölt: Títrun – Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0400 og 0412 Magnákvörðun á heildarinnihaldi lantans og seríums: Rafgasmassagreining (ICP-MS)	Frá-færugrísir	- - -	250	250	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	*22.10.2030.*

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1371 **2021/EES/22/39**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,4-betaglúkanasa sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,4-betaglúkanasa. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* DSM 18 404, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“, sem fóðuraukefni fyrir mjólkandi gyltur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. janúar 2020 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* DSM 18 404, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast hugsanlegur húðnæmir og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri áhrifaríkt sem dýraræktaraukefni með því að bæta meltanleika fæðunnar hjá mjólkandi gyltum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* DSM 18 404, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6025.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a7	BASF SE	endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) og endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4)	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713, og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* DSM 18 404, með virkni að lágmarki 5 600 TXU ([1]) og 2 500 TGU ([2])/g í föstu eða fljótandi formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 109.713 og endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4) sem er framleiddur með *Aspergillus niger* DSM 18 404 *Greiningaraðferð* ([3]) Til að magnákvarða endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu, forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti) við pH = 3,5 og 55 °C. Til að magnákvarða endó-1,4-betaglúkanasa í fóðuraukefninu, forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: Seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaglúkanasa á hvarfefni sem í er glúkan (betaglúkan úr byggi) við pH = 3,5 og 40 °C.	Mjólkandi gyltur	-	560 TXU 250 TGU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	22. október 2030

([1]) 1 TXU er skilgreint sem það magn ensíms sem leysir 5 µmól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr hveiti við pH = 3,5 og 55 °C.
([2]) 1 TGU er skilgreint sem það magn ensíms sem leysir 1 µmól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani úr byggi við pH = 3,5 og 40 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1372 **2021/EES/22/40**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, CGMCC 11674 eða KCCM 10534, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir L-trýptófani sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534 Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka flokknum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 26. febrúar 2019 ([2]), 28. janúar 2020 ([3]), 18. mars 2020 ([4]) og 25. maí 2020 ([5]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra sem eru ekki jórturdýr, öryggi neytenda eða á umhverfið. Til að vera öruggt fyrir jórturdýr ætti að verja L-trýptófan gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá áhættu fyrir notendur aukefnisins við innöndun vegna inneitursinnihalds L-trýptófans, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, og gat ekki útilokað hugsanlegan húð- og augnertingarmátt eða húðnæmingarmátt L-trýptófans sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* CGMCC 7.267. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

5) Matvælaöryggisstofnunin taldi L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, áhrifaríkan gjafa lífsnauðsynlegu amínósýrunnar trýptófans fyrir dýr sem eru ekki jórturdýr; til að viðbætt L-trýptófan, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, hafi full áhrif hjá jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Í álitum sínum lét Matvælaöryggisstofnunin í ljós áhyggjur varðandi hugsanlegt næringarójafnvægi varðandi amínósýrur þegar þær eru gefnar með drykkjarvatni. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó ekki til hámarksinnihald fyrir viðbót L-trýptófans sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534. Því þykir rétt að tilgreina á merkimiða aukefnisins og forblandna sem innihalda það aðvörun um að taka tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum, einkum ef L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, er bætt við sem amínósýru með því að setja það í drykkjarvatn. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5642.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6013.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6071.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6168.

6) Mat á L-trýptófani, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c441	-	L-trýptófan	**Samsetning aukefnis:** Duft með a.m.k. 98% af L-trýptófani (miðað við þurrt efni). Hámarksinnihald 10 mg/kg 1,1′-etýlíden-bis-L-trýptófan (EBT) **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** L-trýptófan sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* CGMCC 7.267, *Escherichia coli* CGMCC 11 674 eða *Escherichia coli* KCCM 10 534 Efnaformúla: $C_{11}H_{12}N_2O_2$ CAS-nr.: 73-22-3 **Greiningaraðferðir** ([1]): Til að sanngreina L-trýptófan í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-tryptophan monograph“. Til að ákvarða trýptófan í fóðuraukefninu og forblöndum: — Háþrýstivökvaskiljun með flúrskinsgreiningu (HPLC-FLD) – EN ISO 13 904 Til að ákvarða trýptófan í fóðurblöndum og fóðurefnum: — Háþrýstivökvaskiljun með flúrskinsgreiningu (HPLC-FLD) – Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (G-hluti III. viðauka)	Allar tegundir	-	-	-	1. Setja má L-trýptófan á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts ([2]). 4. L-trýptófan má nota í drykkjarvatn. 5. Að því er varðar jórturdýr skal L-trýptófan vera varið gegn niðurbroti í vömb.	22.10.2030.

			Til að ákvarða trýptófan í vatni: — Háþrýstivökvaskiljun með flúrskins-greiningu (HPLC-FLD)					6. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-trýptófani er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ 7. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiða fyrir aukefnið: Rakainnihald.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6013 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(4), 6071), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1374 **2021/EES/22/41**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðuraukefni fyrir kálfa, allar aukategundir jórturdýra (til eldis) aðrar en lömb og dýr af úlfaldaætt (til eldis) (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077, í aukefnaflokknum „dýraræktar-aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir kálfa, allar aukategundir jórturdýra (til eldis) aðrar en lömb og dýr af úlfaldaætt (til eldis).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. maí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan teljist augnertandi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan geti bætt þyngdaraukningu og fóðurstuðul. Hægt er að yfirfæra niðurstöður um skilvirkni hjá kálfum á aukategundir jórturdýra og dýr af úlfaldaætt á sama þroskastigi. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5723.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1711	Danstar Ferment AG, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Lallemand SAS	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077	***Samsetning aukefnis*** Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem inniheldur að lágmarki: — 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form) — 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form) ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN 15 789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15 790:2008)	Kálfar Allar aukategundir jórturdýra (til eldis) aðrar en lömb Dýr af úlfaldaætt (til eldis)	-	1×10^{9}	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	22.10.2030.

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1375 **2021/EES/22/42**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Vetagro SpA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndu með sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. júlí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist hugsanlega húð- og augnertandi og húðnæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt árangur í dýrarækt hjá eldiskjúklingum og að þessar niðurstöður gætu átt við kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps ([3]). Á þeim grundvelli hefur Matvælaöryggisstofnunin í áliti sínu frá 2019 yfirfært niðurstöðurnar, sem varða eldiskjúklinga, á eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti bætt árangur í dýrarækt hjá mjólkurgrísum í tillögðum skammti með því að rýmka niðurstöðurnar sem vörðuðu fráfærugrísi ([4]). Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(7), 5795.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2670.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2670.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenn-inúmer aukefn-isins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d3	Vetagro SpA	Blanda með varinni sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni	*Samsetning aukefnis:* Blanda úr vörðum örperlum, sem innihalda sítrónusýru, sorbínsýru, þýmól og vanillín, sem inniheldur að lágmarki: Sítrónusýra: 25 g/100 g Þýmól: 1,7 g/100 g Sorbínsýra: 16,7 g/100 g Vanillín: 1 g/100 g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Sítrónusýra $C_6H_8O_7$ (hreinleiki ≥ 99,5%) 2-hýdroxý-1,2,3-própantríkarboxýlsýra, CAS-nr. 77-92-9 vatnsfrí Sorbínsýra $C_6H_8O_2$ (hreinleiki ≥ 99, 5%) 2,4-hexadíensýra, CAS-nr. 110-44-1 Þýmól (hreinleiki ≥ 98%) 5-metýl-2-(1-metýletýl)fenól, CAS-nr. 89-83-8 Vanillín (hreinleiki ≥ 99,5%) 4-hýdroxý-3-metoxýbensaldehýð, CAS-nr. 121-33-5 *Greiningaraðferð* ([1]): Ákvörðun á sorbínsýru og þýmóli í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólublá sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV/DAD)	Mjólkur-grísir Eldiskalk-únar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	- -	1 000 200	- -	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Ekki skal fara yfir heildarhámarksinnihald úr ólíkum uppsprettum sítrónusýru og sorbínsýru í heilfóðri.“ 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	22.10.2030.

			Ákvörðun á sítrónusýru í aukefninu og forblöndunum: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólubláu sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV/DAD) Ákvörðun á sítrónusýru í fóðri: — ensímákvörðun á innihaldi sítrónusýru – litrófsgreining með NADH (sem afoxað form af nikótínamíðadenínúkleótíði)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1376 **2021/EES/22/43**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056), sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, smágrísi (mjólkurgrísi og fráfærugrísi) og aukategundir svína (leyfishafi er Andrés Pintaluba S.A) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram tvær umsóknir um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, smágrísi (mjólkurgrísi og fráfærugrísi) og aukategundir svína.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 7. október 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi sýnt fram á bætta nýtingu og bætt innihald fosfórs. Þessi niðurstaða getur átt við kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5893 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5894.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a31	Andrés Pintaluba S.A.	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056), með virkni að lágmarki: Fast form: 20 000 U ([1])/g Vökvaform: 20 000 U/ml	Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	-	250 U	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	*22. október 2030*
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins: 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (CGMCC 12056)	Smágrísir (mjólkurgrísir og fráfærugrísir) Aukategundir svína (á spena og eftir fráfærur)	-	1000 U	-		
			Greiningaraðferð ([2]) Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðuraukefninu: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – VDLUFA 27.1.4 Til að magnákvarða fýtasavirkni í forblöndum: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – VDLUFA 27.1.3 Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðri: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat – EN ISO 30024						

([1]) Ein eining (U) er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1377 **2021/EES/22/44**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136), sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi og allar aukategundir svína aðrar en undaneldisdýr (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir svína.

4) Aukefnið var leyft til 10 ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/211 ([2]) fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. október 2019 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé hugsanlega öndunarfæranæmir og að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um hvort aukefnið sé næmandi fyrir húð. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst í fyrra áliti sínu ([4]) að þeirri niðurstöðu að aukefnið sýndi bættan árangur í dýrarækt hjá fráfærugrísum og eldissvínum og að yfirfæra megi þessa niðurstöðu á allar tegundir svína, frá mjólkurgjöf að slátrun, en ekki hefur verið sýnt fram á skilvirkni hjá gyltum eða öðrum svínum til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/211 frá 7. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG-S 15136), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1259/2004, (EB) nr. 1206/2005 og (EB) nr. 322/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 516/2007 (leyfishafi er Beldem, sem er deild í Puratos NV) Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2017, bls. 23.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5892.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(9), 4562.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieining/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1606i	Beldem, deild í Puratos NV	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	**Samsetning aukefnis:** Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136, með virkni að lágmarki: 400 IU (1)/g Fast form og vökvaform **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Endó-1,4-betaxýlanasi sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-15136 **Greiningaraðferð** (2) Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu: — litmælingaraðferð sem mælir afoxandi sykrur sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni úr xýlani úr birkiviði með 3,5-dínítrósalisýlsýru (DNS). Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa í forblöndum og fóðri: — litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni úr arabínoxýlani sem er víxltengt leysilitnum.	Mjólkurgrísir Aukategundir svína aðrar en undaneldisdýr	-	10 IU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn og húðvörn.	22.10.2030.

(1) Eitt IU er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH 4,5 og 30 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1378 **2021/EES/22/45**

frá 1. október 2020

um leyfi fyrir koparklósambandi af lýsíni og glútamínsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir koparklósambandi af lýsíni og glútamínsýru. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir koparklósambandi af lýsíni og glútamínsýru, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. maí 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi koparklósamband af lýsíni og glútamínsýru ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og öryggi neytenda. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri augnertandi, húð- og öndunarfæranæmir og tók fram að notendum stafaði hætta af aukefninu við innöndun. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið skapi ekki frekari áhættu fyrir umhverfið í samanburði við önnur efnasambönd kopars og að það sé áhrifaríkur kopargjafi fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á aukefninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt, með fyrirvara um viðkomandi verndarráðstafanir fyrir notendur aukefnisins. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5728.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Cu) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b415	—	Koparklósamband af lýsíni og glútamínsýru	*Samsetning aukefnis* Blanda með koparklósambandi með lýsíni og koparklósambandi með glútamínsýru í hlutfalli 1:1 sem duft með 17–19% koparinnihald, 19–21% lýsíninnihald, 19–21% glútamínsýruinnihald og að hámarki 3% raka *Lýsing á eiginleikum virku efnanna* Efnaformúlur: Kopar-2,6-díamínóhexansýra, klóríð- og vetnissúlfatsalt: $C_6H_{15}ClCuN_2O_6S$ Kopar-2-amínópentandísýra, natríum- og vetnissúlfatsalt: $C_5H_9CuNNaO_{8.5}S$ *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að magnákvarða innihald lýsíns og glútamínsýru í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða heildarinnihald kopars í fóðuraukefninu: — rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15621) eða	Allar dýrategundir	—	—	Nautgripir: — Nautgripir áður en jórtur hefst: 15 (samtals). — Aðrir nautgripir: 30 (samtals). — Sauðfé: 15 (samtals). Geitur: 35 (samtals). Smágrísir: — mjólkurgrísir og fráfærugrísir allt að 4 vikum eftir fráfærur: 150 (samtals). — frá 5. viku eftir fráfærur til 8 vikum eftir fráfærur: 100 (samtals). Krabbadýr: 50 (samtals). Önnur dýr: 25 (samtals).	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Setja má koparklósamband lýsíns og glútamínsýru á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu, einkum vegna innihalds þungmálma, þ.m.t. nikkel. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 4. Eftirfarandi orð skulu koma fram á merkimiðanum: — Fyrir fóður handa sauðfé ef styrkur kopars í fóðrinu fer yfir 10 mg/kg:	22. október 2030

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Cu) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— frumeindagleypnimæling, AAS (ISO 6869) Til að sanna klóbundna uppbyggingu fóðuraukefnisins: — mið-innrauð litrófsgreining með ákvörðun á innihaldi snefilefnisins og lýsíns og glútamínsýru í fóðuraukefninu Til að magnákvarða heildarinnihald kopars í forblöndum: — rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510 eða EN 15621) eða — frumeindagleypnimæling, AAS (ISO 6869) eða — rafmassagreining, ICP-MS (EN 17053) Til að magnákvarða heildarinnihald kopars í fóðurefnum og fóður-blöndum: — rafgasgeislunargreining, ICP-AES (EN 15510 eða EN 15621) eða — frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka, eða ISO 6869) eða — rafmassagreining, ICP-MS (EN 17053)					— „Styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda eitrun í sumu sauðfjárkyni.“ — Fyrir fóður handa nautgripum eftir að jórtur hefst, ef styrkur kopars í fóðrinu er minni en 20 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu fóðri kann að valda koparskorti í nautgripum sem eru hafðir í bithögum með miklu magni mólýbdens eða brennisteins.“	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1395 **2021/EES/22/46**

frá 5. október 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, um leyfi fyrir því fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 (leyfishafi er Evonik Nutrition & Care GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 var leyft til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 ([2]) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, lagði handhafi leyfis fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem fóðuraukefni fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir eldiskjúklinga og um nýtt leyfi fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, þar sem óskað er eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. janúar 2020 ([3]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti fyrri niðurstöður sínar um að *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að það sé ekki ertandi fyrir húð/augu eða húðnæmir en ætti að teljast hugsanlegur öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Einnig komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið gæti verið áhrifaríkt hjá kjúklingum sem eru aldir til að verða varphænur.

5) Mat á *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 1292/2008 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fóðuraukefni (Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og sama aukefnaflokknum og virka hópnum fyrir eldiskjúklinga og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1292/2008 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1822	Evonik Nutrition & Care GmbH	*Bacillus amyloliqu-efaciens* CECT 5940	***Samsetning aukefnis*** Blanda með *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sem inniheldur að lágmarki: — 1×10^9 CFU/g aukefnis Fast form ***Lýsing á eiginleikum virka efnisins*** Gró *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 ***Greiningaraðferð*** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með trýptónsojaagar (EN 15:784) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE-aðferð).	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	-	1×10^9	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameð-höndlun. 2. Má nota í fóður sem inniheldur hin leyfðu hnískalyf: díklasúríl, mónensínnatríum eða níkarbasín. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, gleraugu og hanska.	26.10.2030.

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1396 **2021/EES/22/47**

frá 5. október 2020

um leyfi fyrir geranióli, sítrali, 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-óli, (Z)-neróli, geranýlasetati, geranýlbútýrati, geranýlformati, geranýlpropíónati, nerýlpropíónati, nerýlformati, nerýlasetati, nerýlísóbútýrati, geranýlísóbútýrati og prenýlasetati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin geranióls, sítral, 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól, (Z)-neról, geranýlasetat, geranýlbútýrat, geranýlformat, geranýlpropíónat, nerýlpropíónat, nerýlformat, nerýlasetat, nerýlísóbútýrat, geranýlísóbútýrat og prenýlasetat (hér á eftir nefnd efnin sem um er að ræða) voru leyfð án tímamarka með tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi aukefni voru síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á efnunum sem um er að ræða sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. maí 2016 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi efnin sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að áætlað öruggt notkunarmagn fyrir sjávarumhverfi sé 0,05 mg/kg fóðurs. Notkunarmagn sem lagt er til fyrir efnin sem um er að ræða fer yfir öruggt magn fyrir sjávarumhverfi og er því notkun fyrir sjávardýr ekki leyfð. Þar eð efnin sem um er að ræða eru skilvirk þegar þau eru notuð sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Því mætti yfirfæra þessa niðurstöðu á fóður. Þótt umsækjandinn hafi dregið umsókn sína til baka að því er varðar drykkjarvatn ætti að vera mögulegt að nota efnin sem um er að ræða í fóðurblöndur sem eru síðan gefnar með vatni.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þar eð engin gögn liggja fyrir ætti að líta á efnin sem um er að ræða sem hættuleg fyrir húð, við snertingu við augu og vegna váhrifa á öndunarveg. Einnig hefur verið tilkynnt að geranióls, sítral og 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól séu húðnæmar. Af þessum sökum ætti að grípa til viðeigandi verndarráðstafana. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á efnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnanna sem um er að ræða eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4512.

7) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Þar eð ekki er gerð krafa um fastsetningu hámarksinnihalds af öryggisástæðum og að teknu tilliti til endurmats, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt, ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiða fóðuraukefnisins. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. apríl 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b02012	-	Geraníól	*Samsetning aukefnis* Geraníól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geraníól Framleitt með þáttaeimingu ilmkjarnaolíu eða með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95% Efnaformúla: $C_{10}H_{18}O$ CAS-númer: 106-24-1 FLAVIS-nr.: 02.012 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða geraníól í fóðurauka-kefninu og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 25 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 25 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*

2b02029	-	3,7,11-trí-metýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól	*Samsetning aukefnis* 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 96% Efnaformúla: $C_{15}H_{26}O$ CAS-númer: 4602-84-0 FLAVIS-nr.: 02.029 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól í fóðuraukefni og í bragðefna-aforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*
2b02058	-	(Z)-neról	*Samsetning aukefnis* (Z)-neról *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* (Z)-neról Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95% Efnaformúla: $C_{10}H_{18}O$ CAS-númer: 106-25-2 FLAVIS-nr.: 02.058 *Greiningaraðferð* (1)	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald.	*26.10.2030*

			Til að ákvarða (Z)-neról í fóðuraukefninu og í bragðefna-aforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b05020	-	Sítral	*Samsetning aukefnis* Sítral *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sítral Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 96% Efnaformúla: $C_{10}H_{16}O$ CAS-númer: 5392-40-5 FLAVIS-nr.: 05.020 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða sítral í fóðurau-kefninu og í bragðefnafor-blöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 25 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 25 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald.	*26.10.2030*

								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09011	-	Geranýlasetat	*Samsetning aukefnis* Geranýlasetat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geranýlasetat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 90% Efnaformúla: $C_{12}H_{20}O_2$ CAS-númer: 105-87-3 FLAVIS-nr.: 09.011 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða geranýlasetat í fóðuraukefni og í bragðefnafor-blöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*

2b09048	-	Geranýl-bútýrat	*Samsetning aukefnis* Geranýlbútýrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geranýlbútýrat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 92% Efnaformúla: $C_{14}H_{24}O_2$ CAS-númer: 106-29-6 FLAVIS-nr.: 09.048 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða geranýlbútýrat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*
2b09076	-	Geranýl-format	*Samsetning aukefnis* Geranýlformat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geranýlformat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 94% Efnaformúla: $C_{11}H_{18}O_2$ CAS-númer: 105-86-2 FLAVIS-nr.: 09.076 *Greiningaraðferð* (1)	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“.	*26.10.2030*

			Til að ákvarða geranýlformat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09128	-	Geranýlprópíónat	*Samsetning aukefnis* Geranýlprópíónat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geranýlprópíónat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 92% Efnaformúla: $C_{13}H_{22}O_2$ CAS-númer: 105-90-8 FLAVIS-nr.: 09.128 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða geranýlprópíónat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu.	*26.10.2030*

								Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09169	-	Nerýl-própíónat	*Samsetning aukefnis* Nerýlpróðíónat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Nerýlpróðíónat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95% Efnaformúla: $C_{13}H_{22}O_2$ CAS-númer: 105-91-9 FLAVIS-nr.: 09.169 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða nerýlpróðíónat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*

2b09212	-	Nerýlformat	*Samsetning aukefnis* Nerýlformat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Nerýlformat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 90% Efnaformúla: $C_{11}H_{18}O_2$ CAS-númer: 2142-94-1 FLAVIS-nr.: 09.212 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða nerýlformat í fóðuraukefni og í bragðefnafo-rblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*
2b09213	-	Nerýlasetat	*Samsetning aukefnis* Nerýlasetat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Nerýlasetat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 93% Efnaformúla: $C_{12}H_{20}O_2$ CAS-númer: 141-12-8 FLAVIS-nr.: 09.213 *Greiningaraðferð* (1)	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:	*26.10.2030*

			Til að ákvarða nerýlasetat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandna og á merkingum á fóðurefni og fóðurblöndum ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09424	-	Nerýlísóbútýrat	*Samsetning aukefnis* Nerýlísóbútýrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Nerýlísóbútýrat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 92% Efnaformúla: $C_{14}H_{24}O_2$ CAS-númer: 2345-24-6 FLAVIS-nr.: 09.424 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða nerýlísóbútýrat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald.	*26.10.2030*

								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09431	-	Geranýlísóbútýrat	*Samsetning aukefnis* Geranýlísóbútýrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Geranýlísóbútýrat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95% Efnaformúla: $C_{14}H_{24}O_2$ CAS-númer: 2345-26-8 FLAVIS-nr.: 09.431 *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða geranýlísóbútýrat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 5 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*

2b09692	-	Prenýlasetat	*Samsetning aukefnis* Prenýlasetat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Prenýlasetat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95% Efnaformúla: $C_7H_{12}O_2$ CAS-númer: 1191-16-8 FLAVIS-nr.: 09.692 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða prenýlasetat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi bragðefnaforblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 1 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 1 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir 1 mg/kg af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	*26.10.2030*

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1397 **2021/EES/22/48**

frá 5. október 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, sem næringaraukefni, um rýmkun á notkun þess og um leyfi fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80189, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 348/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, var leyft til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 348/2010 ([2]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“ og í virka hópinn „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Auk þess var í umsókninni óskað eftir, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, að L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, yrði leyft til notkunar í drykkjarvatn í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ fyrir allar dýrategundir og til notkunar í fóður í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir. Umsóknin varðar leyfi fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 28. janúar 2020 ([3]) ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið. Hún tók einnig fram að L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, væri hættulegt við innöndun fyrir einstaklinga sem meðhöndla aukefnið. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Engin skaðleg áhrif á öryggi notenda voru tilgreind fyrir L-ísólevsín sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi lífsnauðsynlegu amínósýrunnar ísólevsíns fyrir dýr sem eru ekki jórturdýr og til að viðbætt L-ísólevsín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin lét í ljós áhyggjur varðandi gjöf amínósýrunnar um munn samtímis með drykkjarvatni og fóðri. Matvælaöryggisstofnunin lagði þó ekki til hámarksinnihald fyrir L-ísólevsín. Ef L-ísólevsíni er bætt við með því að setja það í drykkjarvatn er rétt að gera notandanum aðvart um að taka verði tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 348/2010 frá 23. apríl 2010 um að leyfa L-ísólefsín sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 29)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6022.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6021.

6) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti með L-ísólevsíni þegar það er notað sem bragðefni. Þegar L-ísólevsín er notað sem bragðefni ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiðanum. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða aukefnisins og forblandna. Að því er varðar notkun L-ísólevsíns sem bragðefnis tekur Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki sé þörf á því að sýna frekar fram á verkun efnisins þegar það er notað í ráðlagðri skammtastærð. Notkun L-ísólevsíns sem bragðefnis í drykkjarvatn er ekki leyfð. Sú staðreynd að notkun L-ísólevsíns er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

7) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641 og með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Af endurnýjun leyfis fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (ESB) nr. 348/2010 úr gildi.

10) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyfið fyrir L-ísólevsíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641 og tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, er endurnýjað og rýmkað svo það nái yfir notkun þess í drykkjarvatn með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, er leyft sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. L-ísólevsín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80 189 og tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

1. L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, og forblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. apríl 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, og forblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda L-ísólevsín, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM ABP-10641, og forblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 348/2010 er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni.									
3c381	-	L-ísólevsín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 93,4% L-ísólevsíninnihald (miðað við þurrt efni) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-ísólevsín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* FERM ABP-10641 IUPAC-heiti: (2S,3S)-2-amíno-3-metýlpentansýra Efnaformúla: C6H13NO2 CAS-númer: 73-32-5 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-ísólevsín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-isoleucine monograph“ Til að magnákvarða ísólevsín í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða ísólevsín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009 (2) (F-hluti III. viðauka)	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-ísólevsín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun og í vatni. 3. Nota má aukefnið í drykkjarvatn. 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: — „Þegar L-ísólevsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ — L-ísólevsíninnihald. 5. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m³ andrúmslofts (3).	26. október 2030

			Til að magnákvarða ísólevsín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða ísólevsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	
3c383	-	L-ísólevsín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 90% L-ísólevsíninnihald *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-ísólevsín sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80189 IUPAC-heiti: (2S,3S)-2-amínó-3-metýlpentansýra Efnaformúla: C6H13NO2 CAS-númer: 73-32-5 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-ísólevsín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-isoleucine monograph“ Til að magnákvarða ísólevsín í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða ísólevsín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Setja má L-ísólevsín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun og í vatni. 3. Nota má aukefnið í drykkjarvatn. 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: — „Þegar L-ísólevsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“ — L-ísólevsíninnihald.	26. október 2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða ísólevsín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að magnákvarða ísólevsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)						
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
3c381	-	L-ísólevsín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 93,4% L-ísólevsíninnihald (miðað við þurrt efni) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-ísólevsín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* FERM ABP-10641 IUPAC-heiti: (2S,3S)-2-amínó-3-metýlpentansýra Efnaformúla: C6H13NO2 CAS-númer: 73-32-5 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-ísólevsín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-isoleucine monograph“ Til að magnákvarða ísólevsín í fóðuraukefninu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða ísólevsín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða	Allar dýrategundir		-	-	1. Setja má L-ísólevsín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg.	26. október 2030

			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)					6. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m³ andrúmslofts ([3]). 7. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).

([3]) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6022), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1398 **2021/EES/22/49**

frá 5. október 2020

um endurnýjun á leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuraukefni fyrir hesta og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 886/2009 (leyfishafi er All-Technology Ireland Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir hesta með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 ([2]).

3) Í samræmi við 1.mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuraukefni fyrir hesta og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. nóvember 2019 ([3]) að við leyfð notkunarskilyrði hafi *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast augnertandi í meðallagi og hugsanlegur húð- og öndunarfæranæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um nýja tillagða lágmarksskammtinn ætti að viðhalda fyrri skömmtum.

5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 886/2009 úr gildi.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuraukefni fyrir hesta (leyfishafi er Alltech France) (Stjtíð. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 66).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5918.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 886/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a1704	All-Technology Ireland Ltd.	*Saccharomyces cerevisiae CBS 493.94*	**Samsetning aukefnis** Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem inniheldur að lágmarki: 1×10^9 CFU/g aukefnis Duft og kornað form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 **Greiningaraðferð** (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglúkósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790:2008)	Hestar	-	$1{,}6 \times 10^9$	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	26.10.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1399 **2021/EES/22/50**

frá 5. október 2020

um leyfi fyrir bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Bútýlhýdroxýanisól var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á bútýlhýdroxýanisóli sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn dró síðar umsóknina til baka að því er varðar ketti.

4) Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „þráavarnarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 6. mars 2018 ([3]) og 12. nóvember 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi bútýlhýdroxýanisól ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast húð- og augnertandi og hugsanlegur húðnæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þar eð bútýlhýdroxýanisól er leyft sem þráavarnarefni til notkunar í matvæli í sambærilegu notkunarmagni komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að rannsóknir séu ekki nauðsynlegar til að sýna fram á skilvirkni bútýlhýdroxýanisóls sem þráavarnarefnis í fóðri fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á bútýlhýdroxýanisóli sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun bútýlhýdroxýanisóls eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir bútýlhýdroxýanisóli af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5215.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5913.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „þráavarnarefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. apríl 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Efnaformúla, lýsing, greiningaraðferðir	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Tæknileg aukefni. Virkur hópur: þráavarnarefni								
1b320	Bútýlhýdroxýanisól	**Samsetning aukefnis** Bútýlhýdroxýanisól (BHA) (≥ 98,5%) Vaxkennt fast form **Lýsing á eiginleikum virka efnisins** Blanda af: — 2-tert-bútýl-4-hýdroxýanisóli — 3-tert-bútýl-4-hýdroxýanisóli (≥ 85%) CAS-nr.: 25013-16-5 $C_{11}H_{16}O_2$ **Greiningaraðferð** (1) Til að magnákvarða bútýlhýdroxýanisól í fóðuraukefninu: — Gasgreining með logajónunargreiningu, (GC/FID) (FCC7-aðferð) Til að magnákvarða bútýlhýdroxýanisól í forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með greiningu á útfjólublá sviði/með díóðufjölnema (RP-HPLC-UV-DAD, 285 nm)	Allar dýrategundir aðrar en kettir	-	-	150	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Hægt er að nota bútýlhýdroxýanisól ásamt bútýlhýdroxýtólúeni (BHT) í magni sem nemur allt að 150 mg blöndu/kg heilfóðurs. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	26.10.2030

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1400 **2021/EES/22/51**

frá 5. október 2020

um leyfi fyrir etýlestra af β-apó-8´-karótensýru sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur og aukategundir alifugla til varps og til eldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]) og í 4. gr. sömu reglugerðar vegna leyfis fyrir nýrri notkun aukefnis.

2) Etýlestri af β-apó-8´-karótensýru, sem tilheyrir virka hópnum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, var leyfður án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir alifugla undir fyrirsögninni „karótenóíð og xantófýll“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 4. gr. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir etýlestra af β-apó-8´-karótensýru í drykkjarvatn og um endurmat á etýlestra af β-apó-8´-karótensýru sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur og aukategundir alifugla til varps og til eldis. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 8. mars 2016 ([3]) og 12. nóvember 2019 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi etýlestri af β-apó-8´-karótensýru ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að etýlestri af β-apó-8´-karótensýru sé ekki ertandi fyrir húð og augu og ekki húðnæmir. Varðandi eiturhrif við innöndun á etýlestra af β-apó-8´-karótensýru getur Matvælaöryggisstofnunin ekki komist að niðurstöðu um áhættu fyrir notendur við innöndun. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aukefni sé áhrifaríkur litgjafi fyrir matvæli úr dýraríkinu. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunar-rannsóknarstofa Evrópusambandsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Að því er varðar notkun í drykkjarvatn telur framkvæmdastjórnin að erfitt sé að stjórna notkun aukefnisins samtímis í drykkjarvatn og fóður þar eð hámarksgildi eru fastsett af öryggisástæðum og einnig má nota önnur aukefni, sem innihalda xantófýla og karótenóíð, í fóður. Notkun etýlestra af β-apó-8´-karótensýru samtímis í drykkjarvatn og fóður fjölgar íkomuleiðum og eykur hættuna á því að farið sé yfir hámarksgildi sem leyfð eru fyrir aukefni sem innihalda karótenóíð og xantófýla. Af þessum sökum ætti að synja um leyfi til notkunar í drykkjarvatn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(4), 4439.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5911.

6) Matið sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun etýlestra af β-apó-8´-karótensýru eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Leyfða efnið, sem tilgreint er í viðaukanum, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“, skal ekki notað í drykkjarvatn.

3. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. apríl 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota til 26. október 2021.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. október 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. október 2020, má áfram setja á markað og nota til 26. apríl 2022.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Hámarksgildi leifa	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
		Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum							
2a160f	Etýlestri af β-apó-8´-karótensýru	**Samsetning aukefnis:** Etýlestri af β-apó-8´-karótensýru. Trífenýlfosfínoxíð ≤ 100 mg/kg.	Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis.	-	-	15	— 20 mg etýlestri af β-apó-8´-karótensýru/kg af eggjarauðu (blautur vefur). — 8 mg etýlestri af β-apó-8´-karótensýru/kg af lifur (blautur vefur). — 2,5 mg etýlestri af β-apó-8´-karótensýru/kg af húð/fitu (blautur vefur).	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Setja skal etýlestra af β-apó-8´-karótensýru á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	26.10.2030
		Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Etýlestri af β-apó-8´-karótensýru. Efnaformúla: $C_{32}H_{44}O_2$ CAS-númer: 1109-11-1 Fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: ≥ 97% allra hverfna.	Varphænur og aukategundir alifugla til varps.	-	-	5			
		Greiningaraðferð — Til að magnákvarða etýlestra af β-apó-8´-karótensýru í fóðurauka-efnablöndunni: litrófsmæling við 446 nm. — Til að magnákvarða etýlestra af β-apó-8´-karótensýru í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með skautuðum stöðufasa með sýnilegri greiningu (NP-HPLC-VIS, 446 nm).		-	-				

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1418 **2021/EES/22/52**

frá 6. október 2020

um leyfi fyrir sápuðum paprikukjarna *(Capsicum annuum)* (kapsantíni) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis, varphænur og aukategundir alifugla til varps (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Sápaður paprikukjarni *(Capsicum annuum)* (kapsantín), sem tilheyrir hópnum „litgjafar, að meðtöldum litarefnum“, var leyfður án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir alifugla undir fyrirsögninni „karótenóíð og xantófýll“. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á sápuðum paprikukjarna *(Capsicum annuum)* (kapsantíni) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis, varphænur og aukategundir alifugla til varps. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „litgjafar: ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. janúar 2020 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi sápaður paprikukjarni *(Capsicum annuum)* ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún tók fram að yfirfæra megi niðurstöður um öryggi sápaðs paprikukjarna *(Capsicum annuum)* (kapsantíns) fyrir eldiskjúklinga og varphænur á aukategundir alifugla til eldis og til varps. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að virka efnið væri seigfljótandi þykkni og notendur verði því ekki fyrir váhrifum frá virka efninu við innöndun. Umsækjandinn viðurkennir að virka efnið geti verið ertandi fyrir húð og augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins, þ.m.t. notkun aukefnanna í formi blöndu, þar sem ekki er hægt að útiloka eiturhrif við innöndun, húð- eða augnertingu eða húðnæmingu. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt þar eð það getur litað húð holdakjúklinga og eggjarauðu. Þessar niðurstöður eru yfirfærðar á aukategundir alifugla til eldis og til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á sápuðum paprikukjarna *(Capsicum annuum)* (kapsantíni) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 8.10.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 6023.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum og tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar: ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“, er leyft sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. apríl 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 27. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 27. október 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 27. október 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af heildarinnihaldi karótenóíða í virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Litgjafar. ii) efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum								
2a160c	Sápaður paprikukjarni (kapsantín)	**Samsetning aukefnis:** Kapsantínauðugur sápaður kjarni úr þurrkuðum aldinum *Capsicum annuum* L. Bensen ≤ 2 mg/kg Hexan ≤ 130 mg/kg Kapsaísín ≤ 250 mg/kg	Eldiskjúklingar	-	-	40	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Tilgreina skal heildarinnihald karótenóíða í aukefninu á merkimiða aukefnisins og á merkimiða forblandna. 3. Setja skal sápaðan paprikukjarna (kapsantín) á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 4. Blanda sápaðs paprikukjarna (kapsantíns) við önnur leyfð karótenóíð og/eða xantófýla skal ekki fara yfir heildarinnihald karótenóíða og/eða xantófýla af 80 mg/kg heilfóðurs. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn	27.10.2030
			Aukategundir alifugla til eldis	-	-	40		
			Varphænur	-	-	40		
		Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Sápaður kjarni þurrkaðra aldina *C. annuum* L. Heildarinnihald karótenóíða: 25–90 g/kg Kapsantín ≥ 35% af heildarkarótenóíðum. CAS-númer kapsantíns: 465-42-9 EINECS-númer kapsantíns: 207-364-1 Seigfljótandi þykkni	Aukategundir alifugla til varps.	-	-	40		
		Greiningaraðferð ([1]) Til að ákvarða kapsantín í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: — Háþrýstivökvaskiljun með sýnilegri greiningu (HPLC-Vis) Til að ákvarða heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í fóðuraukefninu: — Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 með vísun í sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum, lýsing efnis nr. 5 (2008), „paprikukjarni“						

		Til að ákvarða heildarinnihald karótenóíða og xantófýla í forblöndum og fóðri: — Vökvaskiljun með sýnilegri greiningu (LC-Vis) – opinber aðferð Samtaka aðila í efnagreiningu 970.64						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1497 **2021/EES/22/53**

frá 15. október 2020

um leyfi fyrir L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-meþíóníni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. nóvember 2019 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-meþíónín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að L-meþíónín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096, sé áhrifaríkur gjafi meþíóníns fyrir allar dýrategundir og til að aukefnið sé jafn áhrifaríkt fyrir jórturdýr og dýr sem ekki eru jórturdýr ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni.

6) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á aukefninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 16.10.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5917.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: næringaraukefni. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c305	-	L-meþíónín	*Samsetning aukefnis* Duft með að lágmarki 98,5% L-meþíónín og 0,5% hámarksrakainnihald *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-meþíónín, framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80184 og *Escherichia coli* KCCM 80096. Efnaformúla: $C_5H_{11}NO_2S$ CAS-númer: 63-68-3. *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða L-meþíónín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-methionine monograph“ (sanngreining) og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17 180 (magnákvörðun) Til að ákvarða meþíónín í forblöndum — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17 180 og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka)	Allar tegundir	-	-	-	1. Setja má L-meþíónín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. L-meþíónín má nota í drykkjarvatn. 3. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Þegar L-meþíóníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, skal taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	5.11.2030.

			Til að ákvarða meþíónín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka) Til að ákvarða meþíónín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1510 **2021/EES/22/54**

frá 16. október 2020

um leyfi fyrir sinnamýlalkóhóli, 3-fenýlprópan-1-óli, 2-fenýlpropanali, 3-(p-kúmenýl)-2-metýlpropíónaldehýði, alfametýlsinnamaldehýði, 3-fenýlpropanali, sinnamínsýru, sinnamýlasetati, sinnamýlbútýrati, 3-fenýlpropýlísóbútýrati, sinnamýlísóvalerati, sinnamýlísóbútýrati, etýlsinnamati, metýlsinnamati og ísópentýlsinnamati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin sinnamýlalkóhól, 3-fenýlprópan-1-ól, 2-fenýlpropanal, 3-(p-kúmenýl)-2-metýlpropíónaldehýð, alfametýlsinnamaldehýð, 3-fenýlpropanal, sinnamínsýra, sinnamýlasetat, sinnamýlbútýrat, 3-fenýlpropýlísóbútýrat, sinnamýlísóvalerat, sinnamýlísóbútýrat, etýlsinnamat, metýlsinnamat og ísópentýlsinnamat (hér á eftir nefnd efnin sem um er að ræða) voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi aukefni voru síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á efnunum sem um er að ræða sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. desember 2016 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi efnin sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að áætlað öruggt notkunarmagn fyrir sjávarumhverfi sé 0,05 mg/kg fóðurs. Notkunarmagn sem lagt er til fyrir efnin sem um er að ræða fer yfir öruggt magn fyrir sjávarumhverfi og er því notkun fyrir sjávardýr ekki leyfð. Matvælaöryggisstofnunin hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu í álitinu að efnin sem um er að ræða séu skilvirk í matvælum þar eð þau bæta lykt matvæla eða bragðgæði. Því má yfirfæra þessa niðurstöðu á fóður. Umsækjandinn dró umsókn sína til baka að því er varðar drykkjarvatn en þó má nota efnin sem um er að ræða í fóðurblöndur sem eru síðan gefnar með vatni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 344, 19.10.2020, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4672.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að hætta fyrir húð, snertingu við augu og váhrif á öndunarveg væri viðurkennd. Flest af efnunum sem um er að ræða eru flokkuð sem ertandi fyrir öndunarfæri. Af þessum sökum ætti að grípa til viðeigandi verndarráðstafana. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á efnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Kveða ætti á um takmarkanir og skilyrði til að greiða fyrir betra eftirliti. Þar eð ekki er gerð krafa um fastsetningu hámarksinnihalds af öryggisástæðum og að teknu tilliti til endurmats, sem Matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt, ætti að tilgreina ráðlagt innihald á merkimiða aukefnisins. Þegar farið er yfir slíkt innihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða forblandna.

8) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 8. maí 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 8. nóvember 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 8. nóvember 2021 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 8. nóvember 2020, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 8. nóvember 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 8. nóvember 2020 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b02017	-	Sinnamýlalkóhól	*Samsetning aukefnis* Sinnamýlalkóhól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sinnamýlalkóhól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_9H_{10}O$ CAS-númer: 104-54-1 FLAVIS-nr.: 02.017 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða sinnamýlalkóhól í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	8.11.2030

2b02031	-	3-fenýlpropan-1-ól	*Samsetning aukefnis* 3-fenýlpropan-1-ól *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-fenýlpropan-1-ól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_9H_{12}O$ CAS-númer: 122-97-4 FLAVIS-nr.: 02.031 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 3-fenýlpropan-1-ól í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	8.11.2030

2b05038	-	2-fenýlprópanal	*Samsetning aukefnis* 2-fenýlprópanal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 2-fenýlprópanal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95 % Efnaformúla: $C_9H_{10}O$ CAS-númer: 93-53-8 FLAVIS-nr.: 05.038 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 2-fenýlprópanal í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera: Fyrir ketti: 1 mg/kg, og fyrir aðrar tegundir og flokka: 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 1 mg/kg fyrir ketti, — 5 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.“ 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: — 1 mg/kg fyrir ketti, — 5 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	8.11.2030

2b05045	-	3-(p-kúmenýl)-2-metýlpróþíón-aldehýð	*Samsetning aukefnis* 3-(p-kúmenýl)-2-metýlpróþíónaldehýð *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-(p-kúmenýl)-2-metýlpróþíónaldehýð Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 90 % Efnaformúla: $C_{13}H_{18}O$ CAS-númer: 103-95-7 FLAVIS-nr.: 05.045 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 3-(p-kúmenýl)-2-metýlpróþíónaldehýð í fóðurauka-efni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	8.11.2030
2b05050	-	Alfametýlsinnamaldehýð	*Samsetning aukefnis* Alfametýlsinnamaldehýð *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alfametýlsinnamaldehýð	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.	8.11.2030

			Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95 % Efnaformúla: $C_{10}H_{10}O$ CAS-númer: 101-39-3 FLAVIS-nr.: 05.050 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða alfametýls-innamaldehýð í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b05080	-	3-fenýlprópanal	*Samsetning aukefnis* 3-fenýlprópanal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-fenýlprópanal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95 % Efnaformúla: $C_9H_{10}O$ CAS-númer: 104-53-0	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:	8.11.2030

			FLAVIS-nr.: 05.080 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 3-fenýlprópanal í fóðuraukefni og í bragðefna-aforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b08022	-	Sinnamínsýra	*Samsetning aukefnis* Sinnamínsýra *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sinnamínsýra Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_9H_8O_2$ CAS-númer: 621-82-9 FLAVIS-nr.: 08.022 *Greiningaraðferð* (1)	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“.	8.11.2030

			Til að ákvarða sinnamínsýru í fóðuraukefni og í bragðefna-aforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09018	-	Sinnamýlasetat	*Samsetning aukefnis* Sinnamýlasetat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sinnamýlasetat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_{11}H_{12}O_2$ CAS-númer: 103-54-8 FLAVIS-nr.: 09.018 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða sinnamýlasetat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg	8.11.2030

			Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09053	-	Sinnamýlbútýrat	*Samsetning aukefnis* Sinnamýlbútýrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sinnamýlbútýrat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_{13}H_{16}O_2$ CAS-númer: 103-61-7 FLAVIS-nr.: 09.053 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða sinnamýlbútýrat í fóðuraukefni og í bragðefna-aforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg	8.11.2030

								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09428	-	3-fenýlpropýlí-sóbútýrat	*Samsetning aukefnis* 3-fenýlpropýlísóbútýrat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 3-fenýlpropýlísóbútýrat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98% Efnaformúla: $C_{13}H_{18}O_2$ CAS-númer: 103-58-2 FLAVIS-nr.: 09,428. *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða 3-fenýlpropýlí-sóbútýrat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu.	8.11.2030

								Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
2b09459	-	Sinnamýlísóvalerat	*Samsetning aukefnis* Sinnamýlísóvalerat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Sinnamýlísóvalerat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95 % Efnaformúla: $C_{14}H_{18}O_2$ CAS-númer: 140-27-2 FLAVIS-nr.: 09.459 *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða sinnamýlísóvalerat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrategundir, að undanskildum sjávardýrum	-	-	-	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins skal vera 5 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. 4. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“. 5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir forblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	8.11.2030

1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**	**0,01***	**0,01***
1010000	**Vörur úr**		
1011000	**a) Svínum**		
1011010	Vöðvi		
1011020	Fita		
1011030	Lifur		
1011040	Nýru		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1011990	Annað (2)		
1012000	**b) Nautgripum**		
1012010	Vöðvi		
1012020	Fita		
1012030	Lifur		
1012040	Nýru		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1012990	Annað (2)		
1013000	**c) Sauðfé**		
1013010	Vöðvi		
1013020	Fita		
1013030	Lifur		
1013040	Nýru		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1013990	Annað (2)		

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Klórpýrifos (F)	Klórpýrifosmetýl (F) (R)
1014000	**d) Geitum**		
1014010	Vöðvi		
1014020	Fita		
1014030	Lifur		
1014040	Nýru		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1014990	Annað (2)		
1015000	**e) Hestum**		
1015010	Vöðvi		
1015020	Fita		
1015030	Lifur		
1015040	Nýru		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1015990	Annað (2)		
1016000	**f) Alifuglum**		
1016010	Vöðvi		
1016020	Fita		
1016030	Lifur		
1016040	Nýru		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1016990	Annað (2)		
1017000	**g) Öðrum öldum landdýrum**		
1017010	Vöðvi		
1017020	Fita		
1017030	Lifur		
1017040	Nýru		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1017990	Annað (2)		
1020000	**Mjólk**		
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað (2)		
1030000	**Fuglsegg**		

Kenninúmer	**Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)**	Klórpýrifos (F)	Klórpýrifosmetýl (F) (R)
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað (2)		
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)**		
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**		
1060000	**Landhryggleysingjar**		
1070000	**Villt landhryggdýr**		
1100000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)**		
1200000	**AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)**		
1300000	**UNNIN MATVÆLI (9)**		

(*) Greiningarmörk

(a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(F) = Fituleysanleg

Klórpýrifosmetýl (F) (R)
(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Klórpýrifosmetýl – kóði 500000: summa klórpýrifosmetýls og desmetýlklórpýrifosmetýls“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1871 **2021/EES/22/61**

frá 7. nóvember 2019

um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna óleyfilegra lyfjafræðilegra virkra efna sem eru fyrir hendi í matvælum úr dýraríkinu og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/34/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 18. gr., 19. gr. (3. mgr.) og 24. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ef nauðsyn krefur að því er varðar opinbert eftirlit með matvælum úr dýraríkinu er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða viðmiðunarpunkta (hér á eftir nefndir viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir) vegna leifa lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu þar sem ekki hefur verið mælt fyrir um hámarksgildi leifa. Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir ættu að gilda um matvæli úr dýraríkinu sem eru flutt inn frá þriðju löndum og um matvæli úr dýraríkinu sem eru framleidd í Sambandinu.

2) Í kjölfar beiðni frá framkvæmdastjórninni samþykkti sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu leiðbeiningar um aðferðafræðilegar meginreglur og rannsóknaraðferðir sem taka skal tillit til við mat á öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir (hér á eftir nefndar leiðbeiningar Matvælaöryggisstofnunarinnar) ([2]). Í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar er lýst ferli til að meta hvort greiningarstyrkur lyfjafræðilega virks efnis, sem rannsóknarstofur sem sinna opinberu eftirliti geta ákvarðað með fullgiltri greiningaraðferð, sé nægilega lágur til að veita heilbrigði manna fullnægjandi vernd.

3) Í leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar er enn fremur tilgreint við hvaða aðstæður Matvælaöryggisstofnunin ætti að framkvæma efnasértækt áhættumat í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009. Til að tryggja fullnægjandi heilsuvernd ætti einkum að framkvæma efnasértæk áhættumöt fyrir lyfjafræðilega virk efni sem valda blóðmeinum (blóðfrumuþurrð) eða ofnæmi (að undanskilinni húðnæmingu) eða sem eru krabbameinsvaldar með mikinn mátt eða ólífræn efni.

4) Því ætti að samþykkja aðferðafræðilegar meginreglur og rannsóknaraðferðir til að leggja mat á öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir.

5) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB ([3]) er mælt fyrir um lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi greiningaraðferða sem eru notaðar til að greina takmarkaðan fjölda efna sem notkun á er ekki leyfð eða sérstaklega bönnuð í Sambandinu. Þessi lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi svara til meðalgildis og greining efnis eða leifa þess yfir því gildi getur talist marktæk í aðferðafræðilegu tilliti. Lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi gilda um efniviðina sem eru tilgreindir í II. viðauka við þá ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11

([2]) „Updated guidance on methodological principles and scientific methods to be taken into account when establishing Reference Points for Action (RPAs) for non-allowed pharmacologically active substances present in food of animal origin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5332.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB frá 14. ágúst 2002 um framkvæmd á tilskipun ráðsins 96/23/EB varðandi nothæfi greiningaraðferða og túlkun niðurstaðna (Stjtíð. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8).

6) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB ([4]) skal nota lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/657/EB, sem viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir, án tillits til efniviðar matvæla sem prófaður er, fyrir matvæli úr dýraríkinu sem eru flutt inn frá þriðju löndum. Matvæli úr dýraríkinu sem innihalda leifar lyfjafræðilega virks efnis í styrk sem er jafn eða meiri en viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir teljast ekki uppfylla löggjöf Sambandsins en ekki skal banna að matvæli úr dýraríkinu, sem innihalda leifar í styrk undir viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir, fari inn í fæðukeðjuna. Þó ætti ákvörðun viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir ekki að nýtast á neinn hátt sem átylla til að láta viðgangast ólöglega notkun bannaðra eða óleyfilegra efna. Því ætti að líta á allar leifar þessara efna í matvælum úr dýraríkinu sem óæskilegar. Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2005/34/EB, voru eingöngu byggðir á greiningarsjónarmiðum að teknu tilliti til lægsta styrks leifa sem unnt er að greina og staðfesta með fullgiltri greiningaraðferð án tillits til möguleikans á eiturhrifum af völdum viðkomandi efna.

7) Að því er varðar klóramfenikól, malakítgrænu og umbrotsefni nítrófúrans var mælt fyrir um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir í ákvörðun 2005/34/EB. Að því er varðar þessi efni komst þó Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ef leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar er fylgt er þörf á efnasértæku áhættumati en ekki staðlaðri aðferð við áhættumat. Af þessum sökum samþykkti sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, vísindaleg álit um klóramfenikól í matvælum og fóðri ([5]), um nítrófúrön og umbrotsefni þeirra í matvælum ([6]) og um malakítgrænu í matvælum ([7]).

8) Því er viðeigandi að mæla fyrir um viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna þessara efna þar sem bæði er tekið tillit til greiningarsjónarmiða og möguleikans á eiturhrifum af völdum þessara efna. Í ljósi óvissunnar sem Matvælaöryggisstofnunin greindi í áhættumötum sínum um klóramfenikól og umbrotsefni nítrófúrans ætti að bæta næmi greiningaraðferða til að stuðla að framfylgd að því er varðar lægsta styrk sem unnt er að greina.

9) Ef leifar af bönnuðum eða óleyfilegum efnum greinast, jafnvel undir ákvörðuðum viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir, gæti það verið vísbending um misnotkun slíkra efna. Í slíkum tilvikum er þess krafist í reglugerð (EB) nr. 470/2009 að aðildarríki og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnin grípi til ráðstafana til eftirfylgni. Í þessu skyni ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að hafa aðgang að upplýsingum í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður ([8]).

10) Til að gera opinberum rannsóknarstofum kleift að laga aðferðir sínar að uppfærðum viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir vegna klóramfenikóls, malakítgrænu og umbrotsefna nítrófúrans ætti að leyfa þriggja ára tímabili að líða áður en þessir lægri viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir koma til framkvæmda.

11) Þar eð þessi reglugerð tekur yfir ákvæðin í ákvörðun 2005/34/EB, uppfærir þau og rýmkar ætti að fella ákvörðun 2005/34/EB úr gildi í þágu réttarvissu.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

a) reglur til að ákvarða viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna leifa lyfjafræðilega virkra efna sem ekki hefur verið mælt fyrir um hámarksgildi leifa fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009,

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/34/EB frá 11. janúar 2005 um samhæfða staðla fyrir ákvörðun á tilteknum leifum í afurðum úr dýraríkinu sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 61).

([5]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2014. „Scientific Opinion on Chloramphenicol in food and feed.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(11), 3907, 145 bls., doi:10.2903/j.efsa.2014.3907.

([6]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2015. „Scientific Opinion on nitrofurans and their metabolites in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(6), 4140, 217 bls., doi:10.2903/j.efsa.2015.4140.

([7]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðskotaefni í matvælaferlinu, 2016. „Scientific Opinion on malachite green in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(7), 4530, 80 bls., doi:10.2903/j.efsa.2016.4530.

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 frá 10. janúar 2011 um framkvæmdarráðstafanir er varða hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7).

b) aðferðafræðilegar meginreglur og rannsóknaraðferðir fyrir áhættumat á öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir,

c) viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna leifa tiltekinna lyfjafræðilega virkra efna sem ekki hefur verið mælt fyrir um hámarksgildi leifa fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009,

d) sértækar reglur um aðgerðir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfesta tilvist leifar af bönnuðu eða óleyfilegu efni í styrk sem er meiri en, jafn eða undir viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir.

2. gr.

Reglur til að ákvarða viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir

Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir skulu fastsettir við lægsta styrk sem rannsóknarstofur sem sinna opinberu eftirliti, sem eru tilnefndar í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([9]), geta greint.

Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir skulu endurskoðaðir reglulega til að tryggja að þeir svari til lægstu gilda sem hægt er að ná, að teknu tilliti til nýjustu vísindaþróunar.

Þegar framkvæmdastjórnin fastsetur eða endurskoðar viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir skal hún hafa samráð við viðeigandi tilvísunarrannsóknarstofur í Evrópu um greiningargetu landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa og opinberra rannsóknarstofa að því er varðar lægsta styrk leifa sem unnt er að greina með greiningaraðferð sem er fullgilt í samræmi við kröfurnar í ákvörðun 2002/657/EB.

3. gr.

Aðferðafræðilegar meginreglur og rannsóknaraðferðir fyrir áhættumat

1. Við áhættumat, sem er notað til að meta öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir, skal taka tillit til:

a) möguleikans á eiturhrifum af völdum efnisins og lyfjafræðilegrar virkni þess,

b) inntöku leifanna með matvælum.

2. Í þeim tilgangi að ákvarða möguleika á eiturhrifum af völdum efnis og lyfjafræðilega virkni þess skal nota eftirfarandi eiturefnafræðileg skimunargildi (e. *screening value*):

a) að því er varðar efni í I. flokki sem samsvara óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum þar sem til eru beinar vísbendingar um erfðaeiturhrif eða þar sem er fyrirliggjandi viðvörun um erfðaeiturhrif (ályktun út frá venslum efnabyggingar eða byggingarlega hliðstæðum efnum) eða þar sem skortur er á upplýsingum um erfðaeiturhrif og því ekki hægt að útiloka erfðaeiturhrif: 0,0025 µg/kg líkamsþyngdar á dag,

b) að því er varðar efni í II. flokki sem samsvara óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum sem eru með lyfjafræðilega virkni á taugakerfi eða æxlunarfæri eða sem eru barksterar: 0,0042 µg/kg líkamsþyngdar á dag,

c) að því er varðar efni í III. flokki sem samsvara óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum sem eru með áhrif sem veita vörn gegn sýkingum, eru bólgueyðandi og sníkladrepandi og önnur lyfjafræðilega virk efni: 0,22 µg/kg líkamsþyngdar á dag.

3. Ákvarða skal viðkomandi fæðuinntöku á grundvelli talna um fæðuneyslu, fæðuneyslumynstra og tilvistar efnisins í mismunandi matvörum.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

4. Öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir skal metið með því að sannprófa hvort eiturefnafræðilegt skimunargildi, deilt með viðkomandi fæðuinntöku, er hærra en eða jafnt og greiningargeta rannsóknarstofa sem sinna opinberu eftirliti og í því tilviki er öryggi viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir við greiningargetugildið tryggt.

4. gr.

Efnasértækt áhættumat

1. Beina skal beiðni til Matvælaöryggisstofnunarinnar um efnasértækt áhættumat á því hvort viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir séu fullnægjandi til að vernda heilbrigði manna, einkum fyrir efni:

a) sem valda blóðmeinum eða ofnæmi (að undanskilinni húðnæmingu),

b) sem eru krabbameinsvaldar með mikinn mátt,

c) þar sem ekki er hægt að útiloka erfðaeiturhrif ef vísbendingar byggðar á tilraunum eða aðrar vísbendingar eru fyrir hendi um að notkun eiturefnafræðilegs skimunargildis, sem nemur 0,0025 µg/kg líkamsþyngdar á dag, sé e.t.v. ekki fullnægjandi til heilsuverndar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja beiðni fyrir Matvælaöryggisstofnunina um efnasértækt áhættumat, að því er varðar hvort viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir séu fullnægjandi til að vernda heilbrigði manna, ef notkun aðferðarinnar, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 3. gr., bendir til þess að eiturefnafræðilegt skimunargildi, deilt með viðkomandi fæðuinntöku, sé lægra en greiningargeta rannsóknarstofa sem sinna opinberu eftirliti og að litlir eða engir möguleikar séu á umtalsverðum umbótum á greiningargetunni innan tímaramma sem er stuttur eða meðallangur.

3. Ef efnasértækt áhættumat er ófullnægjandi vegna óvissuþátta varðandi tiltekin atriði í eiturefnafræðilegu mati eða váhrifamati og engin trygging er fyrir hendi fyrir því hvort lægsti styrkur, sem unnt er að greina, sé nægilega öruggur fyrir neytendur skulu tilvísunarrannsóknarstofur í Evrópu og landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur leitast við að bæta næmi greiningaraðferða til að geta framfylgt lægri styrkleikum og fastsetja skal viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir við gildi sem eru nógu lág til að hvetja til framfara að því er varðar lægstu gildi sem unnt er að ná.

5. gr.

Framfylgd viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir

Að því er varðar eftirlit með tilteknum efnaleifum, sem notkun á er bönnuð eða ekki leyfð í Sambandinu, í matvælum úr dýraríkinu skulu viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, gilda án tillits til efniviðar matvæla sem prófaður er.

Matvæli úr dýraríkinu sem innihalda leifar lyfjafræðilega virks efnis í styrk sem er jafn eða meiri en viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir teljast ekki uppfylla löggjöf Sambandsins og skulu ekki fara inn í fæðukeðjuna. Ekki skal banna að matvæli úr dýraríkinu, sem innihalda leifar lyfjafræðilega virks efnis í styrk sem er undir viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir, fari inn í fæðukeðjuna.

6. gr.

Upplýsingaskipti og rannsóknir ef um er að ræða staðfesta tilvist bannaðs eða óleyfilegs efnis

Ef niðurstöður úr opinberu eftirliti, þ.m.t. greiningarprófunum, sýna leifar af bönnuðum eða óleyfilegum efnum í magni sem er meira en, jafnt eða undir viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir skal lögbært yfirvald framkvæma rannsóknirnar, sem um getur í 137. gr. (2. eða 3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625 og í 13. gr., 16. gr. (2. mgr.), 17. gr. og 22. til 24. gr. tilskipunar 96/23/EB ([10]), til að ákvarða hvort ólögleg meðhöndlun með bönnuðu eða óleyfilegu lyfjafræðilega virku efni hafi átt sér stað.

([10]) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

Í tilvikum þar sem staðfest er að ekki var farið að tilskildum ákvæðum skal lögbært yfirvald grípa til einnar eða fleiri þeirra aðgerða sem um getur í 138. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og í 15. gr. (3. mgr.), 17. gr. og 23. til 25. gr. tilskipunar 96/23/EB.

Lögbært yfirvald skal halda skrá yfir niðurstöðurnar. Ef niðurstöður úr opinberu eftirliti, þ.m.t. greiningarprófunum á matvælum úr dýraríkinu frá sama rekstraraðila, sýna viðvarandi mynstur sem bendir til að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við eitt eða nokkur bönnuð eða óleyfileg efni af tilteknum uppruna skal lögbært yfirvald upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður um það.

Ef viðvarandi mynstrið varðar innflutt matvæli skal framkvæmdastjórnin vekja athygli lögbærs yfirvalds í upprunalandinu eða -löndunum á þessu.

Aðildarríki skulu tilkynna niðurstöður úr opinberu eftirliti, þ.m.t. greiningarprófunum, sem sýna staðfesta tilvist bannaðs eða óleyfilegs efnis í magni sem er jafnt eða yfir viðmiðunarpunktum fyrir aðgerðir í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður.

7. gr.

Niðurfelling ákvörðunar 2005/34/EB

Ákvörðun 2005/34/EB er felld úr gildi.

8. gr.

Beiting viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir

Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir, sem settir eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skulu gilda frá og með 28. nóvember 2022.

Fram að dagsetningunni sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skulu lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi vegna klóramfenikóls, umbrotsefna nítrófúrans og summu malakítgrænu og malakítfölgrænu, sem koma fram í II. viðauka við ákvörðun 2002/657/EB, gilda sem viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir vegna matvæla úr dýraríkinu sem eru flutt inn frá þriðju löndum og vegna matvæla úr dýraríkinu sem eru framleidd í Sambandinu.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðmiðunarpunktar fyrir aðgerðir (RPA)

Efni	RPA (µg/kg)	Önnur ákvæði
Klóramfenikól	0,15	
Malakítgræna	0,5	0,05 µg/kg fyrir summu malakítgrænu og malakítfölgrænu
Nítrófúrön og umbrotsefni þeirra	0,5 ([1])	0,5 µg/kg fyrir hvert umbrotsefni fúrasólídóns (AOZ eða 3-amínó-2-oxasólídón), fúraltadóns (AMOZ eða 3-amínó-5-metýlmorfólín-2-oxasólídón), nítrófúrantóíns (AHD eða 1-amínóhýdantóín), nítrófúrasóns (SEM eða semíkarbasíð) og nifúrsóls (DNSH eða 3,5-dínítrósalisýlsýruhýdrasíð)

([1]) Vegna þess að SEM kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í vatnakrabba í magni sem er yfir RPA eru einungis gildi AOZ, AMOZ, AHD og DNSH sem eru yfir RPA skýr vísbending um ólöglega notkun nítrófúrana og umbrotsefna þeirra. Eingöngu skal nota RPA sem nemur 0,5 µg/kg fyrir SEM í vatnakrabba ef ólögleg notkun nítrófúrasóns hefur verið staðfest í vatnakrabba.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/540 **2021/EES/22/62**

frá 21. janúar 2020

um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ([1]), einkum 5. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í pólsku útgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 ([2]) er villa í annarri málsgrein liðar 6.19.7.1 í XII. viðauka, að því er varðar aðstæður þar sem ljósker fyrir dagljósabúnað eiga að slokkna sjálfkrafa, sem hefur þar með áhrif á gildissvið skuldbindinga viðtakanda ranga ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta pólsku útgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 20.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208 frá 8. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt (Stjtíð. ESB L 42, 17.2.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/479 **2021/EES/22/63**

frá 1. apríl 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hægt er að setja vörur, sem eru innfluttar frá þriðja landi, á markað Sambandsins sem lífrænar ef þær falla undir skoðunarvottorð, útgefið af lögbærum yfirvöldum, eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum í viðurkenndu þriðja landi eða af viðurkenndu eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila.

2) Til að tryggja fylgni við ákvæði 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 og rekjanleika innfluttra vara í dreifingu, þ.m.t. flutningur frá þriðju löndum, er kveðið á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/25 ([3]), að viðeigandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skuli gefa út skoðunarvottorð áður en sendingin fer frá þriðja landinu sem er útflutningsland eða upprunaland. Viðkomandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili verður að undirrita yfirlýsinguna í reit 18 í vottorðinu eftir að hann hefur sannprófað skjöl á grundvelli allra tilskilinna skoðunarskjala, þar með talin m.a. flutningsskjöl.

3) Svo virðist sem að í einhverjum tilvikum séu tæmandi flutningsskjöl ekki tiltæk nógu snemma fyrir eftirlitsaðilann til að unnt sé að setja allar flutningsupplýsingarnar í skoðunarvottorðið áður en sendingin fer frá þriðja landinu. Af þessum sökum þykir rétt að tilgreina að viðeigandi eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili verður að kanna upplýsingarnar í flutningsskjölunum og færa þær inn í skoðunarvottorðið í síðasta lagi 10 dögum eftir útgáfu vottorðsins og í öllum tilvikum áður en yfirvöld aðildarríkis árita vottorðið.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

5) Þar eð þessar breytingar eru nauðsynlegar til að beita 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/25, ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkt frá þeim degi sem framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/25 kom til framkvæmda.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 2.4.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 frá 13. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 18).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Ákvæðum 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málslið er bætt við í þriðju undirgrein 2. mgr.:

„Ef upplýsingar í tengslum við flutningsskjöl í reitum 16 og 17 og í viðeigandi línum í reit 13 eru ekki fyrir hendi í prentuðu afriti af skoðunarvottorði, sem er undirritað með handskrifaðri undirritun, eða ef slíkar upplýsingar eru öðruvísi en þær sem eru fyrirliggjandi í Traces-kerfinu skulu viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkis og fyrsti viðtakandi einungis taka tillit til þeirra upplýsinga sem eru fyrirliggjandi í Traces-kerfinu í þeim tilgangi að staðfesta og árita skoðunarvottorðið.“

2) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili, sem gefur út skoðunarvottorð, skal einungis gefa skoðunarvottorðið út og undirrita yfirlýsinguna í reit 18 á vottorðinu eftir að hann hefur sannprófað skjöl á grundvelli allra tilskilinna skoðunarskjala, þ.m.t. einkum framleiðsluáætlunar fyrir viðkomandi vörur, viðskiptaskjala og, eins og við á samkvæmt eigin áhættumati, innt af hendi eftirlit með ástandi vörusendingarinnar. Upplýsingar í tengslum við flutningsskjöl í reit 13, einkum fjöldi pakkninga og eigin þyngd, og upplýsingar í reitum 16 og 17 í skoðunarvottorðinu, sem varða flutningatæki og flutningsskjöl, skulu færðar inn í skoðunarvottorðið í síðasta lagi 10 dögum eftir útgáfu vottorðsins og í öllum tilvikum áður en yfirvöld viðkomandi aðildarríkis árita vottorðið.“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. febrúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/786 **2021/EES/22/64**

frá 15. júní 2020

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

2) Samkvæmt upplýsingum frá Indlandi hefur lögbært yfirvald á Indlandi afturkallað viðurkenningu sína á „Indian Society for Certification of Organic Products (ISCOP)“. Af þessum sökum ætti þessi eftirlitsaðili ekki að vera lengur á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

3) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er Japan á skrá að því er varðar vöruflokk F (efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar) [áður: plöntufjölgunarefni og fræ til ræktunar]. Í Japan eru þó engar reglur til fyrir lífræna framleiðslu á efnivið til kynlausrar fjölgunar og fræi til ræktunar. Því ætti að fella brott tilvísanir í þann vöruflokk í færslunni fyrir Japan í þeim viðauka. Þessi niðurfelling gerir eftirlitsaðilum kleift að fá viðurkenningu fyrir þann vöruflokk fyrir Japan að því er varðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Japan hefur verið upplýst um þessar breytingar.

4) Samkvæmt upplýsingum frá Lýðveldinu Kóreu var heiti eftirlitsaðilans „Konkuk University industrial cooperation cops“ breytt í „KAFCC“ og „Woorinong Certification“ og „Neo environmentally-friendly Certification Center“ hafa fengið ný vefföng. Auk þess hefur viðurkenning á eftirlitsaðilanum „Ecolivestock Association“ verið afturkölluð. Að lokum hefur kóreanskt lögbært yfirvald viðurkennt eftirfarandi sex eftirlitsaðila sem ætti að bæta á skrána í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008: „Korea Crops Research Institute (co.ltd)“, „Korea organic certification“, „Jayeondeul agri-food certification institute“, ‘“Institute of Organic food Evaluation“, „EverGreen Nongouhwi“ og „ONNURI ORGANIC Co., Ltd.“.

5) Samkvæmt upplýsingum frá Bandaríkjunum var heiti eftirlitsaðilans „Primuslabs“ breytt í „Primus Auditing Operations“ og hefur eftirlitsaðilinn fengið nýtt veffang. Heiti tveggja eftirlitsaðila sem var bætt við með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 ([3]) voru ranglega stafsett. Þessi heiti ætti að leiðrétta frá og með gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/25.

6) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.

7) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Başak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Kirgistans að því er varðar vöruflokka A og D.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 16.6.2020, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 frá 13. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 18).

8) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Beijing Continental Hengtong Certification Co., Ltd“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir Kína að því er varðar vöruflokka A og D.

9) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Biocert International Pvt Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Georgíu að því er varðar vöruflokk A.

10) „BioGro New Zealand Limited“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

11) Á grundvelli málsskjala sem „Bio.inspecta AG“ lagði fram var gildissvið viðurkenningarinnar rýmkað til Túnís að því er varðar vöruflokka A og D með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/39 ([4]). Þar eð Túnís er á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar vöruflokka A og D aftraði b-liður 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar framkvæmdastjórninni frá því að færa „Bio.inspecta AG“ á skrá í IV. viðauka fyrir það land að því er varðar þessa vöruflokka. Í þágu réttarvissu ættu nauðsynlegar aðlaganir á færslu „Bio.inspecta AG“ í skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 teljast breyting frekar en leiðrétting með afturvirkum hætti frá og með gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/39.

12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CCPB Srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Tansaníu og Mósambík að því er varðar vöruflokka C og D.

13) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CERES Certification of Environmental Standards GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Kúbu, Súdans og Kósovós ([5]) að því er varðar vöruflokka A, B og D og til Alsírs, Bangladess, Búrúndís, Kongó (Brazzaville), Chads, Gambíu, Gíneu og Nígers að því er varðar vöruflokka A og D og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar Belarús (Hvíta-Rússland) til vöruflokks B, að því er varðar Gana til vöruflokks D, að því er varðar Kasakstan til vöruflokka B og F og að því er varðar Moldóvu til vöruflokks F.

14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Dóminíku að því er varðar vöruflokk A og að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Japans að því er varðar vöruflokk F.

15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecovivendi d.o.o. Belgrade“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að viðurkenna „Ecovivendi d.o.o. Belgrade“ fyrir Serbíu að því er varðar vöruflokka A og D.

16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ekoagros“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Belarús (Hvíta-Rússland) að því er varðar vöruflokka D og F, til Kasakstans að því er varðar vöruflokka B og D, til Rússlands að því er varðar vöruflokk F og til Tadsíkistans að því er varðar vöruflokka B og F.

17) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Japan Organic and Natural Foods Association“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Japans að því er varðar vöruflokk C.

18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „ORSER“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Aserbaísjans, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Írans, Kirgistans, Kasakstans og Tyrklands að því er varðar vöruflokka B og E.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/39 frá 10. janúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 106).

([5]) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovó.

19) „Servicio de Certificación CAAE S.L.U“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs““ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Túrkmenistans að því er varðar vöruflokk A.

21) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „TÜV Nord Integra“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar til Alsírs að því er varðar vöruflokka A og D.

22) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingar á reglugerð (EB) nr. 1235/2008

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 3. febrúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Línan sem varðar kenninúmerið IN-ORG-009 í 5. lið í færslunni sem varðar Indland fellur brott.

2) Færslunni sem varðar Japan er breytt sem hér segir:

a) Línan sem varðar vöruflokk F (efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar) í 1. lið fellur brott.

b) Í stað inngangsorðanna í 2. lið kemur eftirfarandi:

„2. Uppruni: afurðir í flokki A sem hafa verið ræktaðar í Japan og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Japan með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Japan eða verið flutt inn í Japan:“

3) Í færslunni sem varðar Lýðveldið Kóreu er 5. lið breytt sem hér segir:

a) Í stað línanna sem varða kenninúmerin KR-ORG-006, KR-ORG-009 og KR-ORG-019 kemur eftirfarandi:

„KR-ORG-006	KAFCC	http://eco.konkuk.ac.kr
KR-ORG-009	Woorinong Certification	https://blog.naver.com/woorinongin/70107436715
KR-ORG-019	Neo environmentally-friendly Certification Center	https://neoefcc.modoo.at/“

b) Línan sem varðar kenninúmerið KR-ORG-025 fellur brott.

c) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„KR-ORG-030	Korea Crops Research Institute (co.ltd)	https://blog.naver.com/kor034
KR-ORG-031	Korea organic certification	http://blog.daum.net/koafc2019
KR-ORG-032	Jayeondeul agri-food certification institute	www.jaci.kr
KR-ORG-033	Institute of Organic food Evaluation	www.ioe42.com
KR-ORG-034	EverGreen Nongouhwi	http://blog.naver.com/evergreen8374
KR-ORG-035	ONNURI ORGANIC Co., Ltd.	https://blog.naver.com/onr77830“

4) Í stað línunnar sem varðar kenninúmerið US-ORG-048 í 5. lið í færslunni sem varðar Bandaríkin kemur eftirfarandi:

„US-ORG-048	Primus Auditing Operations	http://www.primusauditingops.com“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar „BAŞAK Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ í 3. lið er eftirfarandi línu bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„KG-BIO-175	Kirgistan	X	-	-	x	-	–“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni sem varðar „BAŞAK Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“:

„Beijing Continental Hengtong Certification Co., Ltd“

1. Heimilisfang: Room 315, No 18 Jiaomen, Majiaopu West Rd, Beijing, 100068

2. Veffang: www.bjchtc.com

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og völuflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Völuflokkur					
		A	B	C	D	E	F
„CN-BIO-182	Kína	X	-	-	x	-	–“

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“

3) Í stað línunnar sem varðar Georgíu í færslunni sem varðar „Biocert International Pvt Ltd“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

„GE-BIO-177	Georgía	X	-	-	x	x	–“

4) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „BioGro New Zealand Limited“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: BizDojo, 115 Tory Street, Wellington 6011, New Zealand“.

5) Í færslunni sem varðar „Bio.inspecta AG“ í 3. lið fellur línan sem varðar Túnis brott.

6) Í færslunni sem varðar „CCPB Srl“ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„MZ-BIO-102	Mósambík	-	-	x	x	-	-
TZ-BIO-102	Tansanía	-	-	x	x	-	–“

7) Í færslunni sem varðar „CERES Certification of Environmental Standards GmbH“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„BD-BIO-140	Bangladess	X	—	—	x	—	—
BI-BIO-140	Búrúndí	X	—	—	x	—	—
CB-BIO-140	Kúba	X	x	—	x	—	—
CG-BIO-140	Kongó (Brazzaville)	X	—	—	x	—	—
DZ-BIO-140	Alsír	X	—	—	x	—	—

GN-BIO-140	Gínea	X	—	—	x	—	—
GM-BIO-140	Gambía	X	—	—	x	—	—
NE-BIO-140	Níger	X	—	—	x	—	—
SD-BIO-140	Súdan	X	x	—	x	—	—
TD-BIO-140	Chad	X	—	—	x	—	—
XK-BIO-140	Kósovó (*)	X	x	—	x	—	—

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovós og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisyfirlýsingu Kósovós.“

b) Í stað línanna sem varða Belarús (Hvíta-Rússland), Gana, Kasakstan og Moldóvu kemur eftirfarandi:

„BY-BIO-140	Belarús (Hvíta-Rússland)	X	x	—	x	—	—
GH-BIO-140	Gana	X	—	—	x	—	—
KZ-BIO-140	Kasakstan	X	x	—	x	—	x
MD-BIO-140	Moldóva	X	x	—	x	—	x“

8) Í færslunni sem varðar „Ecocert SA“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„DM-BIO-154	Dóminíka	X	—	—	—	—	—“

b) Í stað línunnar sem varðar Japan kemur eftirfarandi:

„JP-BIO-154	Japan	—	x	—	x	—	x“

9) Á eftir færslunni sem varðar „Ecoglobe“ kemur eftirfarandi færsla:

„Ecovivendi d.o.o. Belgrade“

1. Heimilisfang: Voje Veljkovica no.5, Belgrade 11000
2. Veffang: www.ecovivendi.rs
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
„RS-BIO-183	Serbía	X	-	-	x	-	–“

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021“.

10) Í stað línanna sem varða Belarús (Hvíta-Rússland), Kasakstan, Rússland og Tadsíkistan í færslunni sem varðar „Ekoagros“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

„BY-BIO-170	Belarús (Hvíta-Rússland)	X	x	—	x	—	x
KZ-BIO-170	Kasakstan	X	x	—	x	—	x
RU-BIO-170	Rússland	X	x	—	x	—	x
TJ-BIO-170	Tadsíkistan	X	x	—	x	—	x“

11) Í stað línunnar sem varðar Japan í færslunni sem varðar „Japan Organic and Natural Foods Association“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

„JP-BIO-145	Japan	—	—	x	x	—	—“

12) Í stað línanna sem varða Aserbaísjan, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Íran, Kirgistan, Kasakstan og Tyrkland í færslunni sem varðar „ORSER“ í 3. lið kemur eftirfarandi:

„AZ-BIO-166	Aserbaísjan	x	x	-	x	x	-
BA-BIO-166	Bosnía og Hersegóvína	x	x	-	x	x	-
GE-BIO-166	Georgía	x	x	-	x	x	-
IR-BIO-166	Íran	x	x	-	x	x	-
KG-BIO-166	Kirgistan	x	x	-	x	x	-
KZ-BIO-166	Kasakstan	x	x	-	x	x	-
TR-BIO-166	Tyrkland	x	x	-	x	x	–“

13) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „Servicio de Certificación CAAE S.L.U“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Avenida Diego Martínez Barrio n 10 3rd floor module 12, 41013 Sevilla, Spain“.

14) Í færslunni sem varðar „SIA “Sertifikācijas un testēšanas centrs““ í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„TM-BIO-173	Túrkmenistan	x	-	-	-	-	–“

15) Í færslunni sem varðar „TÜV Nord Integra“ í 3. lið er eftirfarandi línu bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„DZ-BIO-160	Alsír	x	-	-	x	-	–“

III. VIÐAUKI

Í stað línanna sem varða kenninúmerin US-ORG-063 og US-ORG-067 í 5. lið í færslunni sem varðar Bandaríkin í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 kemur eftirfarandi:

„US-ORG-063	Eco-Logica S.A	http://www.eco-logica.com/
US-ORG-067	OnMark Certification Services	http://onmarkcertification.com/“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/763 2021/EES/22/65

frá 9. júní 2020

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

2) Þessar nákvæmu skilgreiningar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Hinn 28. september 2018 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Í núverandi nákvæmum skilgreiningum er fastsett að þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)) fáist með því að hlutleysa fosfórsýru með kalsíumhýdroxíði. Umsækjandinn fer fram á að hlutleysing með kalsíumkarbónati sé sett inn sem staðgöngukostur.

5) Samkvæmt umsækjandanum er kalsíumhýdroxíð framleitt með því að glæða kalsíumkarbónat sem hægt væri að komast hjá ef kalsíumkarbónatið væri notað beint sem upphafsefni. Umsækjandinn heldur því fram að helsti kosturinn við að nota kalsíumkarbónat beint sé sá að þá þurfi minni orku til framleiðslunnar sem leiðir til sjálfbærara framleiðsluferlis. Samkvæmt umsækjandanum leiða báðir framleiðsluferlarnir til sömu lokaafurðarinnar, þríkalsíumfosfats (E 341 (iii)), sem inniheldur engin önnur óhreinindi en þau sem eru tilgreind í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

6) Starfshópur sérfræðinga stjórnvalda um aukefni fjallaði um umsóknina. Að teknu tilliti til upplýsinga sem umsækjandinn lagði fram og endurgjafar sem barst frá starfshópnum taldi framkvæmdastjórnin það ólíklegt að tillögð breyting á nákvæmum skilgreiningum fyrir þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)) hefði áhrif á heilbrigði manna.

7) Þar eð notkun á kalsíumkarbónati sem staðgöngukosti fyrir kalsíumhýdroxíð í framleiðsluferlinu á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) telst vera uppfærsla á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 og breyta ætti nákvæmu skilgreiningunum.

8) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 182, 10.6.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað skilgreiningarinnar í færslunni fyrir „E 341 (iii)) þríkalsíumfosfat„ í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 kemur eftirfarandi:

„**Skilgreining**	Þríkalsíumfosfat er samsett úr breytilegri blöndu af kalsíumfosfötum sem fæst með því að hlutleysa fosfórsýru með kalsíumhýdroxíði eða kalsíumkarbónati og fá um það bil samsetninguna $10CaO \cdot 3P_2O_5 \cdot H_2O$“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/566 **2021/EES/22/66**

frá 17. febrúar 2020

um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framseldri reglugerð (ESB) 2016/128 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í eistnesku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 ([2]) eru villur í 5. mgr. 8. gr. að því er varðar sértækar kröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, og í annarri málsgrein 11. gr. að því er varðar beitingu gerðarinnar.

2) Í búlgörsku, eistnesku, finnsku, þýsku og rúmensku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2016/128 eru villur í töflu 1 í A-hluta I. viðauka að því er varðar gildi fyrir vítamín og steinefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna.

3) Í búlgörsku, króatísku, finnsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2016/128 eru villur í töflu 2 í B-hluta I. viðauka að því er varðar gildi fyrir vítamín og steinefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, önnur en þau sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna.

4) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku, eistnesku, finnsku, þýsku, rúmensku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2016/128 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.,

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1163 **2021/EES/22/67**

frá 6. ágúst 2020

um leyfi til að setja á markað sveppaduft með D_2-vítamíni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 17. júlí 2018 lagði fyrirtækið Oakshire Naturals, LP. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) beiðni fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 um að fá að setja sveppaduft með D_2-vítamíni á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsóknin varðar notkun sveppadufts með D_2-vítamíni í margvísleg matvæli og drykkjarvörur til neyslu fyrir almenning, í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]), að undanskildum þeim sem eru ætluð ungbörnum, og í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), sem eru ætluð einstaklingum eldri en 7 mánaða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 7.8.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

5) Umsækjandinn fór einnig þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við vísindagögn sem lögð voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. nákvæm skilgreining á hráefnum og vinnsluhjálparefnum ([5]), greiningarvottorð og gögn um framleiðslulotur sveppadufts með D_2-vítamíni ([6]) og stöðugleikaskýrslur um sveppaduft með D_2-vítamíni ([7]).

6) Hinn 18. október 2018 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og bað hana um að framkvæma mat á sveppadufti með D_2-vítamíni sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Hinn 28. nóvember 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of vitamin D_2 mushroom powder as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([8]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að sveppaduft með D_2-vítamíni sé öruggt við tillagða notkun og notkunarmagn þegar það er notað í margvísleg matvæli og drykkjarvörur, í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, að undanskildum þeim sem eru ætluð fyrir ungbörn, og þegar það er notað í fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir almenning eldri en eins árs. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að við mikla neyslu annarra matvæla, sem innihalda D-vítamín eða eru styrkt með D-vítamíni, gæti inntaka fæðubótarefna sem innihalda sveppaduft með D_2-vítamíni í magni sem jafngildir 10 µg af D-vítamíni leitt til samansafnaðrar heildarinntöku D-vítamíns hjá 7 til 12 mánaða ungbörnum sem færi yfir efri mörk fyrir þolanlega inntöku D-vítamíns ([9]). Því er rétt að álykta að inntaka 7 til 12 mánaða ungbarna á D-vítamíni úr fæðubótarefnum sem innihalda sveppaduft með D_2-vítamíni í magni sem jafngildir 10 µg af D-vítamíni sé ekki í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og því ætti ekki að leyfa slíka notkun fyrir þetta nýfæði.

9) Af þeim sökum eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn og við notkun í fæðubótarefni sem eru ætluð almenningi eldri en eins árs sé sveppaduft með D_2-vítamíni í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Matvælaöryggisstofnunin taldi í vísindalegu áliti sínu að gögn úr nákvæmri skilgreiningu fyrir hráefnin og vinnslu-hjálparefnin, greiningarvottorðin og gögnin um framleiðslulotur sveppadufts með D_2-vítamíni og stöðugleikaskýrslurnar um sveppaduft með D2-vítamíni væru grundvöllurinn til að ákvarða öryggi nýfæðisins. Á þeim grundvelli telur framkvæmdastjórnin að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi sveppadufts með D_2-vítamíni án gagnanna í skýrslunni um þessar rannsóknir.

11) Eftir viðtöku vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar gögn hans sem njóta einkaleyfisverndar úr I. viðauka (hráefni og vinnsluhjálparefni), II. viðauka (greiningarvottorð og gögn um framleiðslulotur) og III. viðauka (stöðugleikaskýrslur) að því er varðar sveppaduft með D_2-vítamíni og að hann skýrði kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara skýrslna og rannsókna eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

12) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

13) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að sá síðarnefndi hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota gögnin úr þessum rannsóknum, sem er að finna í skrá umsækjandans sem var grundvöllurinn fyrir Matvælaöryggisstofnunina til að ákvarða öryggi nýfæðisins og án hennar hefði Matvælaöryggisstofnunin ekki getað lagt mat á nýfæðið, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Af þessum sökum ætti setning nýfæðisins, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í fimm ár.

([5]) Oakshire Naturals 2017 (óbirt).
([6]) Oakshire Naturals 2016 (óbirt).
([7]) Oakshire Naturals 2018 (óbirt).
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18 (1): 5948.
([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16 (8): 5365.

14) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir sveppadufti með D_2-vítamíni, og á tilvísunum í vísindagögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Sveppaduft með D_2-vítamíni, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis umsækjandinn:

— Fyrirtæki: Oakshire Naturals, LP.

— Heimilisfang: PO Box 388, Kennett Square, Pennsylvania 19348, Bandaríkjunum

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. eða með samþykki Oakshire Naturals, LP.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar og skýrslurnar í skrá umsækjandans, sem var grundvöllurinn fyrir mati Matvælaöryggis-stofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn heldur fram að uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 2015/2283, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema Oakshire Naturals, LP. samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Sveppaduft með D_2-vítamíni**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi D_2-vítamíns* ([a])	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „sveppaduft sem inniheldur D-vítamín, meðhöndlað með útfjólublárri ljósi“ eða „sveppaduft sem inniheldur D_2-vítamín, meðhöndlað með útfjólublárri ljósi“ Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda sveppaduft með D_2-vítamíni skal vera yfirlýsing þess efnis að ungbörn skuli ekki neyta þeirra.		Leyft 27. ágúst 2020. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Oakshire Naturals, LP., PO Box 388 Kennett Square, Pennsylvania 19348, Bandaríkjunum. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Oakshire Naturals, LP. leyfilegt að setja nýfæðið sveppaduft með D_2-vítamíni á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Oakshire Naturals, LP. Lokadagur gagnaverndar: 27. ágúst 2025.
	Morgunkorn	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Brauð og sætabrauð úr gerdeigi	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Vörur úr grjónum og pasta	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Aldinsafi og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu	1,125 µg af D_2-vítamíni/100 ml			
	Mjólk og mjólkurafurðir (að undanskildri mjólk í fljótandi formi)	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g/1,125 µg af D_2-vítamíni/100 ml (drykkjarvörur)			
	Ostur (að undanskildum kotasælu, ricotta-osti og rifnum hörðum ostum)	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Staðgöngumáltíðir til að stýra þyngd í formi stanga og drykkjarvara	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g/1,125 µg af D_2-vítamíni/100 ml (drykkjarvörur)			
	Mjólkurvöruhliðstæður	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g/1,125 µg af D_2-vítamíni/100 ml (drykkjarvörur)			
	Kjöthliðstæður	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Súpur og seyði	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Útpressað grænmetisnasl	2,25 µg af D_2-vítamíni/100 g			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum þeim sem eru ætluð fyrir ungbörn	15 µg/dag			
	Fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum	15 µg/dag			

([a]) Notuð er lágmarksforskrift fyrir innihald D-vítamíns í sveppadufti með D_2-vítamíni sem nemur 1 000 µg af D_2-vítamíni/gramm af sveppadufti.“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Sveppaduft með D_2-vítamíni**	**Lýsing/Skilgreining** Sveppaduft með D2-vítamíni er kornað duft sem er framleitt úr jafnblönduðum *Agaricus bisporus* sveppum sem hafa verið óvarðir fyrir útfjólublárri ljósi. Sveppirnir eru þvegnir, jafnblandaðir og leystir upp í vatni til að fá sveppagrugglausn. Sveppagrugglausnin er sett undir ljósaperu með útfjólublárri ljósi. Grugglausnin er síðan síuð, þurrkuð og möluð og til verður sveppaduft með D_2-vítamíni. Geislun með útfjólublárri ljósi: Ferli geislunar með útfjólublárri ljósi á bylgjulengdarbili sem er svipað og það sem notað er fyrir nýfæði, sem er meðhöndlað með útfjólublárri ljósi, sem er leyft samkvæmt reglugerðinni um nýfæði. **Eiginleikar/samsetning** Innihald D_2-vítamíns: 1 000–1 300 µg/g af sveppadufti (*) Raki: ≤ 10,0% Aska: ≤ 13,5% **Þungmálmar** Blý (sem Pb): ≤ 0,5 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,5 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 0,1 mg/kg Arsen: ≤ 0,3 mg/kg **Sveppaeitur** Aflatoxín (summa B1+B2+G1+G2): < 4 µg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 5 000 CFU (**)/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Salmonella* sp.: Greinist ekki í 25 g *Staphylococcus aureus:* ≤ 10 CFU/g *Escherichia coli*: ≤ 10 CFU/g Kólígerlar: ≤ 10 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g *Listeria monocytogenes*: Greinist ekki í 25 g

(*) Breytt úr alþjóðaeiningum (IU) með breytistuðli 0,025 µg = 1 IU.
(**) CFU: Þyrpingamyndandi einingar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/480 2021/EES/22/68

frá 22. mars 2019

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2019 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum fimmtu málsgrein 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Þessi gjöld ætti að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2018. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins ([3]) birti það, var 1,7% árið 2018.

3) Til einföldunar ætti að námunda aðlagaðar fjárhæðir gjalda að næstu 100 evrum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2019.

6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 ætti að uppfæra uppfærsluna þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2019. Því er rétt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

      i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

         — Í fyrstu undirgrein kemur „291 800 evrum“ í stað „286 900 evrum“.

         — Í annarri undirgrein kemur „29 300 evrur“ í stað „28 800 evrur“.

         — Í þriðju undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

      ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

         — Í fyrstu undirgrein kemur „113 300 evrum“ í stað „111 400 evrum“.

         — Í annarri undirgrein kemur „188 700 evrum“ í stað „185 500 evrum“.

         — Í þriðju undirgrein kemur „11 300 evrur“ í stað „11 100 evrur“.

         — Í fjórðu undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) https://ec.europa.eu/eurostat/documents/2995521/9499950/2-17012019-AP-EN.pdf/4ea467c3-8ff2-4723-bc6e-b0c85fb991e4

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „87 600 evrum“ í stað „86 100 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „22 000 til 65 700 evrur“ í stað „21 600 til 64 600 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 100 evrur“ kemur „3 200 evrur“.

— Í stað „7 200 evrur“ kemur „7 300 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „87 600 evrum“ í stað „86 100 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „22 000 til 65 700 evrur“ í stað „21 600 til 64 600 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „14 400 evrur“ í stað „14 200 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4 mgr. kemur „22 000 evrum“ í stað „21 600 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „104 600 evrum“ í stað „102 900 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „26 000 til 78 400 evrur“ í stað „25 600 til 77 100 evrur“.

2) Í fyrstu málsgrein 4 gr. kemur „72 600 evrum“ í stað „71 400 evrum“.

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „146 100 evrum“ í stað „143 700 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „14 400 evrur“ í stað „14 200 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

— Fjórðu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „71 400 evrur“ kemur „72 600 evrur“.

— Í stað „7 200 evrur“ kemur „7 300 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „72 600 evrum“ í stað „71 400 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „123 300 evrum“ í stað „121 200 evrum“.

— Í þriðju undirgrein kemur „14 400 evrur“ í stað „14 200 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

— Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „35 900 evrur“ kemur „36 500 evrur“.

— Í stað „7 200 evrur“ kemur „7 300 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „36 500 evrum“ í stað „35 900 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „9 100 til 27 500 evrur“ í stað „8 900 til 27 000 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 100 evrur“ kemur „3 200 evrur“.

— Í stað „7 200 evrur“ kemur „7 300 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „43 700 evrum“ í stað „43 000 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „11 000 til 33 000 evrur“ í stað „10 800 til 32 400 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4 mgr. kemur „22 000 evrum“ í stað „21 600 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 300 evrur“ í stað „7 200 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „35 000 evrum“ í stað „34 400 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „8 600 til 26 000 evrur“ í stað „8 500 til 25 600 evrur“.

4) Í fyrstu málsgrein 6 gr. kemur „43 700 evrum“ í stað „43 000 evrum“.

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein kemur „72 600 evrum“ í stað „71 400 evrum“.

b) Í annarri málsgrein kemur „22 000 evrum“ í stað „21 600 evrum“.

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „87 600 evrur“ í stað „86 100 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „43 700 evrur“ í stað „43 000 evrur“.

iii. Í fjórðu undirgrein kemur „22 000 til 65 700 evrur“ í stað „21 600 til 64 600 evrur“.

iv. Í fimmtu undirgrein kemur „11 000 til 33 000 evrur“ í stað „10 800 til 32 400 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „291 800 evrum“ í stað „286 900 evrum“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „146 100 evrur“ í stað „143 700 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein kemur „3 200 til 251 500 evrur“ í stað „3 100 til 247 300 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein kemur „3 200 til 125 900 evrur“ í stað „3 100 til 123 800 evrur“.

c) Í fyrstu undirgrein 3 mgr. kemur „7 300 evrum“ í stað „7 200 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2019.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/422 2021/EES/22/69

frá 19. mars 2020

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2020 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ([1]), einkum fimmtu málsgrein 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.

2) Þessi gjöld ætti að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgustig fyrir 2019. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins ([3]) birti það, var 1,6% árið 2019.

3) Til einföldunar ætti að námunda aðlagaðar fjárhæðir gjalda að næstu 100 evrum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.

5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2020.

6) Í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 ætti að uppfæra uppfærsluna þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2020. Því er rétt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

      i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

         — Í fyrstu undirgrein kemur „296 500 evrum“ í stað „291 800 evrum“.

         — Í annarri undirgrein kemur „29 800 evrum“ í stað „29 300 evrum“.

         — Í þriðju undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

      ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

         — Í fyrstu undirgrein kemur „115 100 evrum“ í stað „113 300 evrum“.

         — Í annarri undirgrein kemur „191 700 evrum“ í stað „188 700 evrum“.

         — Í þriðju undirgrein kemur „11 500 evrur“ í stað „11 300 evrur“.

         — Í fjórðu undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) https://ec.europa.eu/eurostat/documents/2995521/10159211/2-17012020-AP-EN.pdf

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „89 000 evrum“ í stað „87 600 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „22 400 til 66 800 evrur“ í stað „22 000 til 65 700 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 200 evrur“ kemur „3 300 evrur“.

— Í stað „7 300 evrur“ kemur „7 400 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „89 000 evrum“ í stað „87 600 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „22 400 til 66 800 evrur“ í stað „22 000 til 65 700 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „14 600 evrur“ í stað „14 400 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4 mgr. kemur „22 400 evrum“ í stað „22 000 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „106 300 evrum“ í stað „104 600 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „26 400 til 79 700 evrur“ í stað „26 000 til 78 400 evrur“.

2) Í fyrstu málsgrein 4 gr. kemur „73 800 evrum“ í stað „72 600 evrum“.

3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „148 400 evrum“ í stað „146 100 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „14 600 evrur“ í stað „14 400 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

— Fjórðu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „72 600 evrur“ kemur „73 800 evrur“.

— Í stað „7 300 evrur“ kemur „7 400 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „73 800 evrum“ í stað „72 600 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „125 300 evrum“ í stað „123 300 evrum“.

— Í þriðju undirgrein kemur „14 600 evrur“ í stað „14 400 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

— Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:

— Í stað „36 500 evrur“ kemur „37 100 evrur“.

— Í stað „7 300 evrur“ kemur „7 400 evrur“.

iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „37 100 evrum“ í stað „36 500 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „9 200 til 27 900 evrur“ í stað „9 100 til 27 500 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „3 200 evrur“ kemur „3 300 evrur“.

— Í stað „7 300 evrur“ kemur „7 400 evrur“.

ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein kemur „44 400 evrum“ í stað „43 700 evrum“.

— Í annarri undirgrein kemur „11 200 til 33 500 evrur“ í stað „11 000 til 33 000 evrur“.

— Í þriðju undirgrein kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

c) Í 3. mgr. kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

d) Í fyrstu undirgrein 4 mgr. kemur „22 400 evrum“ í stað „22 000 evrum“.

e) Í 5. mgr. kemur „7 400 evrur“ í stað „7 300 evrur“.

f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrstu undirgrein kemur „35 600 evrum“ í stað „35 000 evrum“.

ii. Í annarri undirgrein kemur „8 700 til 26 400 evrur“ í stað „8 600 til 26 000 evrur“.

4) Í fyrstu málsgrein 6 gr. kemur „44 400 evrum“ í stað „43 700 evrum“.

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu málsgrein kemur „73 800 evrum“ í stað „72 600 evrum“.

b) Í annarri málsgrein kemur „22 400 evrum“ í stað „22 000 evrum“.

6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „89 000 evrur“ í stað „87 600 evrur“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „44 400 evrur“ í stað „43 700 evrur“.

iii. Í fjórðu undirgrein kemur „22 400 til 66 800 evrur“ í stað „22 000 til 65 700 evrur“.

iv. Í fimmtu undirgrein kemur „11 200 til 33 500 evrur“ í stað „11 000 til 33 000 evrur“.

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í annarri undirgrein kemur „296 500 evrum“ í stað „291 800 evrum“.

ii. Í þriðju undirgrein kemur „148 400 evrur“ í stað „146 100 evrur“.

iii. Í fimmtu undirgrein kemur „3 300 til 255 500 evrur“ í stað „3 200 til 251 500 evrur“.

iv. Í sjöttu undirgrein kemur „3 300 til 127 900 evrur“ í stað „3 200 til 125 900 evrur“.

c) Í fyrstu undirgrein 3 mgr. kemur „7 400 evrum“ í stað „7 300 evrum“.

2. gr.

Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem bíða umfjöllunar 1. apríl 2020.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/171 2021/EES/22/70

frá 6. febrúar 2020

um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 58. gr. og 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnin 1,2-bensendíkarboxýlsýra, díhexýlester, greinótt og línuleg, og díhexýlþalat og efnahópurinn 1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6-10-alkýlestrar, 1,2-bensendíkarboxýlsýra, blandaðir dekýl-, hexýl- og oktýldíestrar með ≥ 0,3 % af díhexýlþalati uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]) og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Efnið trixýlýlfosfat uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfyllir þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Efnin natríumperbórat, perbórsýra, natríumsalt og peroxómetabórat uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Efnin 5-sek-bútýl-2-(2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-ýl)-5-metýl-1,3-díoxan [1], 5-sek-bútýl-2-(4,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-ýl)-5-metýl-1,3-díoxan [2] (sem ná yfir allar stakar rúmhverfur [1] og [2] eða allar samsetningar þeirra) eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð skv. e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

5) Efnin 2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4,6-dítertpentýlfenól (UV-328), 2,4-dí-tert-bútýl-6-(5-klóróbensótríasól-2-ýl)fenól (UV-327), 2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-(tert-bútýl)-6-(sek-bútýl)fenól (UV-350) og 2-bensótríasól-2-ýl-4,6-dí-tert-bútýlfenól (UV-320) eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð og/eða mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli, í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð skv. d-lið og/eða e-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Öll fyrrgreind efni hafa verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt tilmælum Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) frá 10. nóvember 2016 ([3]) og 5. febrúar 2018 ([4]) hafa þau ennfremur verið sett í forgang, að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, í samræmi við 3. og 4. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar. Að auki hafa borist fyrirspurnir til framkvæmdastjórnarinnar frá hagsmunaaðilum þar sem óskað er eftir upplýsingum um hugsanleg efnahagsleg, félagsleg, heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif (kostnaður og ávinningur) af því að færa efnin, sem Efnastofnunin leggur til í drögum sínum að tilmælum, á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 7.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13640/7th_axiv_recommendation_november2016_en.pdf

([4]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13640/8th_axiv_recommendation_february2018_en.pdf

7) Við sérhvert efni, sem er fært á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 með þessari reglugerð, ætti að setja dagsetningu og frá og með þessari dagsetningu verður setning efnisins á markað og notkun þess bönnuð, nema leyfi sé veitt eins og krafist er skv. i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, að teknu tilliti til getu Efnastofnunarinnar til að afgreiða umsóknir um leyfi. Að því er varðar sérhvert þessara efna er engin ástæða fyrir því að dagsetningin, sem um getur í ii. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, verði fastsett innan 18 mánaða fyrir dagsetninguna sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Í e-lið 1. mgr. 58. gr., í tengslum við 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, er kveðið á um þann möguleika að undanþágur séu veittar vegna notkunar eða notkunarflokka ef viðeigandi eftirlit með áhættu er tryggt með lágmarkskröfum í sértækri löggjöf Sambandsins um heilsuvernd manna eða umhverfisvernd. Í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki rétt að veita undanþágur á grundvelli þessara ákvæða.

9) Það eð engar upplýsingar liggja fyrir sem réttlæta þörf fyrir undanþágu vegna vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar er ekki viðeigandi að íhuga slíka undanþágu.

10) Þar eð fyrirliggjandi upplýsingar um notkun tillagðra efna eru takmarkaðar er ekki rétt að fastsetja endurskoðunartímabil á þessu stigi skv. d-lið 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

11) Efnin tetrablýþríoxíðsúlfat, pentablýtetraoxíðsúlfat, gulmenja (blýtetraoxíð) og blýmónoxíð (blýoxíð) uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1A) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og uppfylla þar af leiðandi viðmiðanir fyrir færslu á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skv. c-lið 57. gr. þeirrar reglugerðar. Þau hafa einnig verið tilgreind og færð á skrá yfir umsóknarefni í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og sett í forgang, að því er varðar færslu á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð samkvæmt tilmælum Efnastofnunarinnar frá 10. nóvember 2016, í samræmi við 3. og 4. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar. Notkun á blýi og efnasamböndum þess fellur undir tilskipun ráðsins 98/24/EB ([5]) og að einhverju leyti undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([6]) og framkvæmdarráðstafanir hennar þar sem eru fastsettar niðurstöður um bestu fáanlegu tækni (BAT). Enn fremur verða núverandi bindandi atvinnubundin viðmiðunarmörk Sambandsins og bindandi líffræðileg viðmiðunarmörk fyrir blýsambönd samkvæmt tilskipun 98/24/EB endurskoðuð. Af þessum sökum og í ljósi hugsanlegrar samþykktar á strangari ráðstöfunum á vinnustað er rétt að fresta ákvörðun um að færa þessi efni á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Með framkvæmd tilskipunar 2010/75/ESB og forvera hennar hefur losun á blýi og efnasamböndum þess út í umhverfið þar að auki dregist saman og heldur áfram að minnka, eins og sýnt er fram í skýrslugjöf frá Evrópuskránni yfir losun og flutning mengandi efna, og búist er við frekari minnkun eftir því sem nýjar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eru samþykktar og eftir því sem leyfi eru uppfærð til að endurspegla þær.

12) Öll notkun á 1-metýl-2-pýrrólídóni (NMP) er takmörkuð í samræmi við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. 1-metýl-2-pýrrólídón hefur svipaða eðliseiginleika og N,N-dímetýlasetamíð (DMAC) og N,N-dímetýlformamíð (DMF) og efnin þrjú hafa svipuð iðnaðarnot og hægt er að líta svo á að þau séu jafngild, a.m.k. að því er varðar suma notkun, jafnvel þótt almennt sé ekki hægt að líta á þau sem innskiptanleg staðgönguefni (e. ‘*drop-in’ alternative*). Til að tryggja samræmda stjórnsýslunálgun ([7]), í ljósi þess hversu svipuð þessi þrjú efni eru, ætti að fresta ákvörðun um færslu 1-metýl-2-pýrrólídóns á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eins og gert var að því er varðar N,N-dímetýlasetamíð og N,N-dímetýlformamíð þegar framkvæmdastjórnin tók til greina tilmæli Efnastofnunarinnar frá 17. janúar 2013 ([8]) annars vegar og 6. febrúar 2014 ([9]) hins vegar.

13) Í því skyni að koma í veg fyrir ótímabæra úreldingu hluta eða samsettra framleiðsluvara, sem eru ekki lengur framleiddar eftir lokadagana sem um getur í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, þurfa sum efni (ein og sér eða í blöndum), sem eru skráð í þann viðauka, að vera tiltæk fyrir framleiðslu á varahlutum sem hlutum eða sem samsettum framleiðsluvörum til viðgerða á viðkomandi hlutum eða samsettum framleiðsluvörum ef slíkir hlutir eða samsettar framleiðsluvörur virka ekki sem skyldi án þeirra varahluta og einnig ef sum efni í XIV. viðauka (ein og sér eða í blöndum) eru nauðsynleg til viðgerða á slíkum hlutum eða samsettum framleiðsluvörum. Í því skyni að greiða fyrir umsókn um leyfi fyrir þessari notkun ætti að rýmka núgildandi umbreytingarfyrirkomulag þannig að unnt sé að samþykkja framkvæmdarráðstafanir vegna einfaldaðrar umsóknar um leyfi í slíkum tilvikum. Að auki ætti að

([5]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

([7]) https://echa.europa.eu/rmoa/-/dislist/details/0b0236e181ffe81a

([8]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13640/4th_a_xiv_recommendation_17jan2013_en.pdf

([9]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13640/5th_a_xiv_recommendation_06feb2014_en.pdf

endurskoða orðalag athugasemdanna við töfluna í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í því skyni að tryggja samræmi í hugtakanotkun að því er varðar hluti og samsettar framleiðsluvörur í ljósi dóms Dómstólsins í máli C-106/14 ([10]).

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([10]) Dómur Dómstólsins frá 10. september 2015, Fédération des entreprises du commerce et de la distribution (FCD) og Fédération des magasins de bricolage et de l'aménagement de la maison (FMB), C-106/14, ECLI:EU:C:2015:576.

VIÐAUKI

Töflunni í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslum er bætt við:

			„Umbreytingarfyrirkomulag			
Færslu-númer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Síðasti skiladagur fyrir umsóknir ([1])	Lokadagur ([2])	Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðunartímabil
44.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, díhexýlester, greinótt og línuleg EB-nr.: 271-093-5 CAS-nr.: 68515-50-4	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. ágúst 2021 (*)	27. febrúar 2023 (**)	-	-
45.	Díhexýlþalat EB-nr.: 201-559-5 CAS-nr.: 84-75-3	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. ágúst 2021 (*)	27. febrúar 2023 (**)	-	-
46.	1,2-bensendíkarboxýlsýra, dí-C6-10-alkýlestrar, 1,2-bensendíkarboxýlsýra, blandaðir dekýl-, hexýl- og oktýldíestrar með ≥ 0,3% af díhexýlþalati (EB-nr. 201-559-5) EB-nr.: 271-094-0, 272-013-1 CAS-nr.: 68515-51-5, 68648-93-1	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. ágúst 2021 (*)	27. febrúar 2023 (**)	-	-
47.	Trixýlýlfosfat EB-nr.: 246-677-8 CAS-nr.: 25155-23-1	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. nóvember 2021	27. maí 2023	-	-
48.	Natríumperbórat, perbórsýra, natríumsalt EB-nr.: 239-172-9, 234-390-0 CAS-nr.: -	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. nóvember 2021	27. maí 2023	-	-
49.	Natríumperoxómetabórat EB-nr.: 231-556-4 CAS-nr.: 7632-04-4	Hefur eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B)	27. nóvember 2021	27. maí 2023	-	-
50.	5-sek-bútýl-2-(2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-ýl)-5-metýl-1,3-díoxan [1], 5-sek-bútýl-2-(4,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-ýl)-5-metýl-1,3-díoxan [2] [sem ná yfir allar stakar rúmhverfur [1] og [2] eða allar samsetningar þeirra] EB-nr.: - CAS-nr.: -	vPvB (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli)	27. febrúar 2022	27. ágúst 2023	-	-

			„Umbreytingarfyrirkomulag			
Færslu-númer	Efni	Eðlislægir eiginleikar, eða eiginleiki, sem um getur í 57. gr.	Síðasti skiladagur fyrir umsóknir (1)	Lokadagur (2)	Undanþegin notkun (notkunarflokkar)	Endurskoðunartímabil
51.	2-(2H-bensótríasól-2-ýl)-4,6-dítertpentýlfenól (UV-328) EB-nr.: 247-384-8 CAS-nr.: 25973-55-1	PBT (þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað), vPvB (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli)	27. maí 2022	27. nóvember 2023	-	-
52.	2,4-dí-tert-bútýl-6-(5-klóróbensótríasól-2-ýl)fenól (UV-327) EB-nr.: 223-383-8 CAS-nr.: 3864-99-1	vPvB (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli)	27. maí 2022	27. nóvember 2023	-	-
53.	(2H-bensótríasól-2-ýl)-4-(tert-bútýl)-6-(sek-bútýl)fenól (UV-350) EB-nr.: 253-037-1 CAS-nr.: 36437-37-3	vPvB (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli)	27. maí 2022	27. nóvember 2023	-	-
54.	2-bensótríasól-2-ýl-4,6-dí-tert-bútýlfenól (UV-320) EB-nr.: 223-346-6 CAS-nr.: 3846-71-7	PBT (þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað), vPvB (mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli)	27. maí 2022	27. nóvember 2023	-	-

(1) Dagsetning sem um getur í ii.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.
(2) Dagsetning sem um getur í i.-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr.“

2) Táknið „(*)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Síðasti skiladagur fyrir umsóknir“ fyrir eftirfarandi færslur efna: 32–43.

3) Táknið „(**)“ er sett inn við dagsetninguna sem tilgreind er í dálknum „Lokadagur“ fyrir eftirfarandi færslur efna: 32–43.

4) Í stað athugasemdanna á eftir töflunni kemur eftirfarandi:

„(*) Hinn 1. september 2021 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum sem hlutum eða sem samsettum framleiðsluvörum til viðgerða á hlutum eða samsettum framleiðsluafurðum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum eða samsettu framleiðsluvörum og þau virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahlutar og ekki er hægt að framleiða varahlutinn án efnisins, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum eða samsettum framleiðsluvörum ef efnið, eitt og sér eða í blöndu, var notað við framleiðslu á þessum hlutum eða samsettu framleiðsluvörum og ekki er unnt að gera við þau án þess að nota viðkomandi efni.

(**) Hinn 1. mars 2023 fyrir notkun á efninu við framleiðslu á varahlutum sem hlutum eða sem samsettum framleiðsluvörum til viðgerða á hlutum eða samsettum framleiðsluafurðum ef framleiðslu þeirra var hætt eða verður hætt fyrir lokadaginn sem tilgreindur er í færslunni fyrir það efni, ef efnið var notað við framleiðslu á þessum hlutum eða samsettu framleiðsluvörum og þau virka ekki sem skyldi án viðkomandi varahlutar og ekki er hægt að framleiða varahlutinn án efnisins, og fyrir notkun á efninu (einu og sér eða í blöndu) til viðgerðar á slíkum hlutum eða samsettum framleiðsluvörum ef efnið, eitt og sér eða í blöndu, var notað við framleiðslu á þessum hlutum eða samsettu framleiðsluvörum og ekki er unnt að gera við þau án þess að nota viðkomandi efni.

(***) Uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem krabbameinsvaldur ef það inniheldur < 0,005% bensó[a]pýren miðað við þyngd (Einecs-nr. 200-028-5).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1149 2021/EES/22/71

frá 3. ágúst 2020

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi díísósýanötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Díísósýanöt eru með samræmda flokkun sem öndunarfæranæmir í 1. undirflokki og sem húðnæmir í 1. undirflokki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]). Díísósýanöt eru notuð sem efnafræðilegir hornsteinar fyrir margs konar svið og notkun, m.a. einkum í frauð, þéttiefni og þekjuefni, í öllu Sambandinu.

2) Hinn 6. október 2016 lagði Þýskaland málsskjöl ([3]) fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka), í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Í málsskjölum skv XV. viðauka var tilgreint að næming öndunarfæra vegna váhrifa af völdum díísósýanata bæði á húð og við innöndun leiði til starfstengds asma hjá starfsfólki sem hefur verið skilgreindur sem umtalsvert vandamál fyrir heilbrigði starfsmanna í Sambandinu. Árlegur fjöldi nýrra atvinnusjúkdóma af völdum díísósýanata (áætlað er að það séu yfir 5 000 tilvik) er talinn vera óásættanlega hár. Í málsskjölum skv. XV. viðauka er sýnt fram á að aðgerð á vettvangi Sambandsins er nauðsynleg og lagt er til að notkun díísósýanata í iðnaði og í atvinnuskyni, ein og sér og sem efnisþáttur í öðrum efnum og í blöndum, sem og setning þeirra á markað, verði takmörkuð.

3) Takmörkunin sem lögð er til í málsskjölum skv. XV. viðauka miðar að því að takmarka notkun díísósýanata í iðnaði og í atvinnuskyni við þau tilvik þegar samsetningu tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana er beitt og stöðluðu lágmarksgrunnþjálfunarnámskeiði hefur verið lokið. Miðla ætti upplýsingum um hvernig á að fá aðgang að námskeiðinu í allri aðfangakeðjunni og rekstraraðilar, sem setja þessi efni og blöndur á markað, ættu að bera ábyrgð á að tryggja aðgang að þjálfunarnámskeiðum fyrir viðtakendur slíkra efna eða blandna.

4) Hinn 5. desember 2017 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit sitt ([4]) og komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin sem lögð er til, eins og áhættumatsnefndin breytti henni, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni, sem stafar af váhrifum af völdum þessara efna, með tilliti til árangurs við að draga úr þessari áhættu. Enn fremur taldi hún að innleiðing breyttu, tillögðu takmörkunarinnar myndi einnig draga úr fjölda díísósýanattengdra húðbólgutilvika.

5) Áhættumatsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að viðeigandi þjálfun sé grundvallarnauðsyn og að allt starfsfólk, sem meðhöndlar díísósýanöt, ætti að búa yfir fullnægjandi þekkingu á áhættunum sem stafa af þessum efnum og vera meðvitað um hættur sem tengjast notkun þeirra sem og að búa yfir fullnægjandi þekkingu á góðum starfsvenjum og viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun, þ.m.t. rétt notkun á viðeigandi persónuhlífum. Áhættumatsnefndin tók fram að þörf væri á tilteknum þjálfunarráðstöfunum til að auka vitund um mikilvægi heilsuverndar með viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun og öruggri meðhöndlun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 4.8.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/63c411e5-cf0f-dc5e-ff83-1e8de7e4e282

([4]) https://echa.europa.eu/documents/10162/737bceac-35c3-77fb-ba7a-0e417a81aa4a

6) Áhættumatsnefndin taldi að þröskuldsgildið 0,1% miðað við þyngd, sem er fastsett fyrir díísósýanöt í efni eða í blöndu, samsvari lægstu styrkleikamörkum sem til eru fyrir tiltekin díísósýanöt sem eru flokkuð sem öndunarfæranæmar í 1. undirflokki. Áhættumatsnefndin var einnig sammála þeim sem lagði fram málsskjölin um að innleiðing leiðbeinandi eða bindandi viðmiðunarmarka fyrir váhrif í starfi myndi ekki nægja til að draga eins mikið og mögulegt er úr fjölda starfstengdra asmatilvika þar eð ekkert þröskuldsgildi fyrir næmandi áhrifa díísósýanata er sem stendur þekkt.

7) Hinn 15. mars 2018 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt ([5]) þar sem hún staðfesti niðurstöður áhættumatsnefndarinnar um að í ljósi félagsfræðilegra og hagfræðilegra ávinninga og kostnaðar væri tillagða takmörkunin sú ráðstöfun sem ætti best við í öllu Sambandinu til að takast á við greindu áhætturnar. Enn fremur komst nefndin um félagshagfræðilega greiningu að þeirri niðurstöðu að tillagða takmörkunin væri viðráðanleg fyrir aðfangakeðjurnar sem verða fyrir áhrifum.

8) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu mælti með 48 mánaða frestun á innleiðingu takmörkunarinnar til að gefa öllum aðilum nægan tíma til að koma kröfum varðandi takmörkunina til framkvæmda að fullu.

9) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, um álitin frá áhættumatsnefndinni og nefndinni um félagshagfræðilega greiningu varðandi tillögðu takmörkunina og tekið var tillit til ráðlegginga þess.

10) Hinn 9. maí 2018 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessara álita, að notkun díísósýanata eða setning þeirra á markað, ein og sér, sem efnisþáttur í öðrum efnum eða í blöndum, hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna. Framkvæmdastjórnin telur að fjalla verði um þessa áhættu á vettvangi Sambandsins.

11) Framkvæmdastjórnin telur, að teknu tilliti til málsskjala skv. XV. viðauka sem og álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, að setja ætti lágmarkskröfu um þjálfun notenda í iðnaði og í atvinnuskyni, með fyrirvara um strangari landsbundnar skyldur í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin telur einnig að upplýsingar um þessa kröfu ættu að fylgja pakkningunni.

12) Að því er varðar hugsanlegar endurskoðanir á núverandi takmörkun í framtíðinni ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. mgr. 117. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, um allar kröfur um þjálfun sem komið er á, fjölda tilkynntra tilvika starfstengds asma og starfstengdra öndunarfæra- og húðsjúkdóma, öll landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og upplýsingar um framfylgdarstarfsemi.

13) Með fyrirvara um löggjöf Sambandsins um öryggi og heilbrigði á vinnustað, einkum tilskipun ráðsins 98/24/EB um efnafræðilega áhrifavalda ([6]), er þessari takmörkun ætlað að auka getu vinnuveitenda til að ná betri áhættustjórnun. Lítil og meðalstór fyrirtæki munu njóta góðs af þessari gerð sem mun bæta enn frekar framkvæmd núgildandi krafna um öryggi og heilbrigði á vinnustað með því að þar er kveðið á um þjálfunaráætlanir, sem eru sértækar fyrir díísósýanöt, gegnum alla aðfangakeðjuna.

14) Rekstraraðilar ættu að fá nægilega langan tíma til að aðlagast nýju kröfunum. Þriggja ára umbreytingartímabil er viðeigandi til að gera viðkomandi vinnuafli kleift að ljúka þjálfuninni sem krafist er.

15) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([5]) https://echa.europa.eu/documents/10162/d6794aa4-8e3a-6780-d079-77237244f5f9

([6]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er eftirfarandi færslu bætt við:

„74. Díísósýanöt, O = C=N-R-N = C=O, þar sem R er alifatísk eða arómatísk vetniskol-efniseining af óskilgreindri lengd	1. Skulu ekki notuð sem efni ein og sér, sem efnisþáttur í öðrum efnum eða í blöndum til notkunar í iðnaði eða í atvinnuskyni eftir 24. ágúst 2023, nema: a) styrkur díísósýanata einna og sér og í samsetningu sé minni en 0,1% miðað við þyngd eða b) vinnuveitandi eða sjálfstætt starfandi aðili tryggi að notendur í iðnaði eða í atvinnuskyni hafi lokið þjálfun í öruggri notkun díísósýanata með góðum árangri áður en efnið/efnin eða blandan/ blöndurnar eru notaðar. 2. Skulu ekki sett á markað sem efni ein og sér, sem efnisþáttur í öðrum efnum eða í blöndum til notkunar í iðnaði eða í atvinnuskyni eftir 24. febrúar 2022, nema: a) styrkur díísósýanata einna og sér og í samsetningu sé minni en 0,1% miðað við þyngd eða b) birgirinn tryggi að viðtakandi efnisins/ efnanna eða blöndunnar/blandnanna fái upplýsingar um kröfurnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., og að eftirfarandi yfirlýsing sé sett á umbúðirnar þannig að hún sé sýnilega aðgreind frá öðrum upplýsingum á merkimiðanum: „Frá og með 24. ágúst 2023 er gerð krafa um fullnægjandi þjálfun fyrir notkun í iðnaði eða í atvinnuskyni.“ 3. Að því er varðar þessa færslu merkir „notendur í iðnaði og í atvinnuskyni“ allt starfsfólk eða alla sjálfstætt starfandi aðila sem meðhöndla díísósýanöt ein og sér, sem efnisþátt í öðrum efnum eða í blöndum til notkunar í iðnaði og í atvinnuskyni, eða sem hafa eftirlit með slíkum verkefnum. 4. Þjálfunin, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal taka til leiðbeininga varðandi eftirlit með váhrifum af völdum díísósýanata á húð og við innöndun á vinnustað, með fyrirvara um landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eða aðrar viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun á landsvísu. Sérfræðingur í öryggi og heilbrigði á vinnustað, sem hefur öðlast hæfi með viðeigandi starfsmenntun, skal inna slíka þjálfun af hendi. Sú þjálfun skal að lágmarki taka til: a) þjálfunarþáttanna í a-lið 5. mgr. varðandi alla notkun í iðnaði og í atvinnuskyni, b) þjálfunarþáttanna í a- og b-lið 5. mgr. varðandi eftirfarandi notkun: — meðhöndlun á opnum blöndum við umhverfishita (þ.m.t. frauðgöng (e. *foam tunnel*)), — úðun í loftræstum klefa, — notkun með rúllu, — notkun með pensli, — notkun með böðun og með því að hella, — vélræn eftirmeðhöndlun (t.d. skurður) hluta sem eru ekki fullverkaðir en eru ekki lengur volgir, — hreinsun og úrgangur, — öll önnur notkun með svipuð váhrif með íkomuleið gegnum húð eða við innöndun, c) þjálfunarþáttanna í a-, b- og c-lið 5. mgr. varðandi eftirfarandi notkun: — meðhöndlun hluta sem hafa ekki verið verkaðir á fullnægjandi hátt (t.d. nýverkaðir, ennþá volgir), — notkun í málmsteypu, — viðhald og viðgerð sem krefst aðgengis að búnaði, — opin meðhöndlun á volgum eða heitum samsetningum (> 45 °C), — úðun undir berum himni þar sem loftræsting er takmörkuð eða eingöngu náttúruleg (þ.m.t. stórir iðnaðarvinnusalir) og úðun af miklum krafti (t.d. frauð, teygjuefni), — og öll önnur notkun með svipuð váhrif með íkomuleið gegnum húð eða við innöndun.

	5. Þjálfunarþættir: a) almenn þjálfun, þ.m.t. þjálfun á Netinu, varðandi: — efnafræði díísósýanata, — hættu á eiturhrifum (þ.m.t. bráð eiturhrif), — váhrif af völdum díísósýanata, — viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, — hvernig næming getur þróast, — lykt sem vísbendingu um hættu, — mikilvægi rokgirni fyrir áhættu, — seigju, hitastig og sameindaþyngd díísósýanata, — persónulegt hreinlæti, — persónuhlífar sem þarf, þ.m.t. hagnýtar leiðbeiningar um rétta notkun þeirra og takmarkanir, — áhættu á váhrifum í gegnum snertingu við húð og við innöndun, — áhættu í tengslum við notkunaraðferð sem er notuð, — húð- og öndunarverndarkerfi, — loftræstingu, — hreinsun, leka, viðhald, — förgun tómra umbúða, — vernd vegfarenda, — greiningu á mikilvægum stigum meðhöndlunar, — sértæk landsbundin kóðakerfi (ef við á), — öryggi, byggt á atferli, — vottun eða skjalfesta sönnun þess að þjálfun hafi verið lokið með góðum árangri b) þjálfun á millistigi, þ.m.t. þjálfun á Netinu, varðandi: — frekari þætti, byggt á atferli, — viðhald, — stjórnun breytinga, — mat á gildandi öryggisleiðbeiningum, — áhættu í tengslum við notkunaraðferð sem er notuð, — vottun eða skjalfesta sönnun þess að þjálfun hafi verið lokið með góðum árangri c) framhaldsþjálfun, þ.m.t. þjálfun á Netinu, varðandi: — hvers konar viðbótarvottun sem þarf fyrir sértæka notkun sem fellur þarna undir, — úðun utan úðunarklefa, — opna meðhöndlun á heitum eða volgum samsetningum (> 45 °C), — vottun eða skjalfesta sönnun þess að þjálfun hafi verið lokið með góðum árangri 6. Þjálfunin skal vera í samræmi við ákvæði sem aðildarríkið, þar sem notendur í iðnaði eða í atvinnuskyni starfa, fastsetur. Aðildarríkjum er heimilt að innleiða eða halda áfram að beita sínum eigin landsbundnum kröfum um notkun á efni/efnum eða blöndu/blöndum svo fremi að lágmarkskröfurnar, sem settar eru fram í 4. og 5. mgr., séu uppfylltar. 7. Birgirinn sem um getur í b-lið 2. mgr. skal tryggja að viðtakandinn fái efni til þjálfunar og fyrir námskeið skv. 4. og 5. mgr. á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins eða aðildarríkjanna þar sem efnið/efnin eða blandan/blöndurnar eru afhentar. Við þjálfunina skal taka tillit til sértæki varanna sem afhentar eru, þ.m.t. samsetning, umbúðir og hönnun. 8. Vinnuveitandi eða sjálfstætt starfandi aðili skal skjalfesta að þjálfuninni, sem um getur í 4. og 5. mgr., sé lokið með góðum árangri. Endurtaka skal þjálfunina a.m.k. á fimm ára fresti. 9. Aðildarríki skulu láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslum sínum skv. 1. mgr. 117. gr.: a) hvers konar kröfur um þjálfun sem komið er á og aðrar ráðstafanir við áhættustjórnun sem tengjast notkun díísósýanata í iðnaði og í atvinnuskyni sem gert er ráð fyrir í landslögum,

	b) fjölda tilkynntra og viðurkenndra tilvika starfstengds asma og starfstengdra öndunarfæra- og húðsjúkdóma í tengslum við díísósýanöt, c) landsbundin viðmiðunarmörk fyrir váhrif af völdum díísósýanata, ef einhver eru, d) upplýsingar um framfylgdarstarfsemi í tengslum við þessa takmörkun. 10. Þessi takmörkun skal gilda með fyrirvara um aðra löggjöf Sambandsins um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna á vinnustað.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1413 **2021/EES/22/72**

frá 29. júní 2020

um að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er rangt gildi í fyrstu og annarri línunni í 3. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif í iii. lið b-liðar í töflu 4.1.0 í I. viðauka.

2) Því ætti að leiðrétta sænsku tungumálaútgáfuna af I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um íslensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 8.10.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1435 **2021/EES/22/73**

frá 9. október 2020

um skyldur sem lagðar eru á skráningaraðila um að uppfæra skráningar sínar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 132. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktunum ráðsins frá 26. júní 2019 „Í áttina að sjálfbærri stefnu í íðefnamálum í Sambandinu“ er mikilvægi markvissra aðgerða til að tryggja að skráningarskjöl uppfylli kröfur og auka gæði þeirra ítrekað og einkum þörfin fyrir skilvirka tilhögun uppfærslu þeirra.

2) Í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er skráningaraðilum (hvort sem það er einstakur skráningaraðili eða leiðandi skráningaraðili og aðrir aðilar að sameiginlegri framlagningu) falin ábyrgð á því að uppfæra skráningar sínar án óþarfrar tafar með því að leggja nýjar upplýsingar sem máli skipta fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin). Upplýsingar teljast nýjar ef skráningaraðilinn verður þeirra áskynja eða af sanngirni má ætla að hann hafi orðið þeirra áskynja frá síðustu uppfærslu eða, ef engar uppfærslur liggja fyrir, frá upphaflegri skráningu, hvort sem upplýsingarnar voru í raun til fyrir þann tíma eða ekki. Ábyrgðin á því að uppfæra skráningarnar felur í sér að skráningaraðilar verða að vakta og rekja allar upplýsingar sem máli skipta til að tryggja að skráningar þeirra séu ávallt uppfærðar. Ef um er að ræða sameiginlegar framlagningar liggur ábyrgðin á uppfærslu skráninga, að því er varðar upplýsingar sem voru lagðar fram sameiginlega, hjá öllum skráningaraðilum í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og fellur undir ákvæði um samnýtingu gagna og kostnaðarskiptingu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/9 ([2]).

3) Nýjasta almenna skýrslan, sem framkvæmdastjórnin birti í samræmi við 4. mgr. 117. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, bendir til þess að nauðsynlegt sé að bæta uppfyllingu skyldunnar sem lögð er á skráningaraðila skv. 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar. Mikilvægt er að uppfylla þessa skyldu til að tryggja að skráningarskjöl endurspegli ávallt aðstæður til að Efnastofnunin og aðildarríki geti lagt mat á málsskjöl og efni á skilvirkan hátt og ráðleggingar um örugga notkun séu byggðar á dagréttum og áreiðanlegum gögnum. Til að auðvelda samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og framfylgd hennar og til að bæta skilvirkni við framkvæmd ákvæða þeirrar reglugerðar er því rétt að tilgreina fresti til að uppfylla skylduna.

4) Til að auðvelda samræmi við ákvæði um upplýsingakröfur í 10. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og framfylgd þeirra, og þar af leiðandi einnig almenna og áframhaldandi skyldu til skráningar í 6. og 7. gr. þeirrar reglugerðar, ætti að skýra nánar frestina sem gilda um uppfærslu skráningarskjala eftir breytingu á viðaukunum við þá reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 331, 12.10.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/9 frá 5. janúar 2016 um sameiginlega framlagningu gagna og samnýtingu gagna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 41).

5) Frestirnir sem tilgreindir eru í þessari reglugerð ættu að vera eins stuttir og unnt er, að teknu tilliti til þess hverju skráningaraðilar geta með góðu mót náð á grundvelli fyrri starfsvenja. Á þeim grundvelli ætti að tilgreina þriggja mánaða frest ef uppfærslan er frekar stjórnsýslulegs eðlis og ef uppfærslur ná yfir gagnaöflun til að uppfylla kröfurnar í VII. eða VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eftir viðtöku á rannsóknarskýrslu. Tilgreina ætti frest sem nemur sex, níu eða tólf mánuðum fyrir flóknari uppfærslur eins og þær sem krefjast gagnaöflunar á grundvelli tillögu að prófun eða breytinga á efnaöryggisskýrslu eða leiðbeiningum um örugga notkun. Ef aðili að sameiginlegri framlagningu getur ekki framkvæmt tiltekna uppfærslu fyrr en leiðandi skráningaraðilinn hefur uppfært skráninguna ætti sá aðili að fá níu mánaða frest fyrir uppfærslu á efnaöryggisskýrslu og þriggja mánaða frest fyrir aðrar uppfærslur frá þeim degi þegar Efnastofnunin staðfesti að skráningin, eins og hún hefur verið uppfærð af leiðandi skráningaraðila, sé fullgerð. Ef uppfærslu er krafist í kjölfar breytingar á viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti fresturinn að vera sá dagur þegar breytingin tekur gildi, nema ef annar frestur er gefinn í slíkri breytingu.

6) Frestirnir sem tilgreindir eru í þessari reglugerð ættu að virka sem efri mörk. Með öðrum orðum ætti að krefjast þess að skráningaraðilar framkvæmi uppfærslur eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum eigi síðar en innan tilgreinds frests. Ef farið er fram yfir frestinn verður sjálfkrafa komist að þeirri niðurstöðu að uppfærsla á skráningunni hafi tafist óþarflega. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ætti þó ekki að tilgreina neinn frest fyrir uppfærslu sem kemur til vegna breytingar í lægra tonnafjöldabil, þar eð slík breyting getur verið tímabundin og uppfærslan hefði ekki neikvæð áhrif á heilsuvernd manna og á umhverfið.

7) Frestirnir sem tilgreindir eru í þessari reglugerð, að undanskilinni 13. gr. þessarar reglugerðar, ættu að gilda einungis um skylduna í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 en ekki um aðrar uppfærsluskyldur í þeirri reglugerð þar sem frestir eru tilgreindir annars staðar. Af þessu leiðir að frestirnir sem tilgreindir eru í þessari reglugerð hafa hvorki áhrif á frestina fyrir uppfærslur sem Efnastofnunin óskar eftir í samræmi við 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar né á sérstöku frestina sem mælt er fyrir um í 31. og 32. gr. og í V. bálki þeirrar reglugerðar.

8) Til að veita skráningaraðilum nægan tíma til að laga sig að innleiðingu frestanna sem tilgreindir eru í þessari reglugerð ætti þessi reglugerð ekki að öðlast gildi fyrr en á sextugasta degi eftir að hún birtist.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á stöðu eða auðkenni skráningaraðila

Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem breytingin tekur gildi.

2. gr.

Breytingar á samsetningu efnisins

Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir b-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem framleiðsla eða innflutningur hefst með þeirri breytingu á samsetningu efnisins.

3. gr.

Breytingar á tonnafjöldabili

1. Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem hefur í för með sér hærra tonnafjöldabil skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir eftirfarandi dag:

a) ef nýrra gagna er aflað fyrir uppfærslu sem kemur til vegna beitingar VII. eða VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006: þann dag sem allar lokaprófunarskýrslur sem þarf fyrir uppfærsluna hafa verið mótteknar,

b) í tilvikum sem falla ekki undir a-lið: dagurinn þegar hærra tonnafjöldabili er náð.

Að því er varðar tilvik sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal hefja samningaviðræður við prófunarstofu varðandi allar viðkomandi prófanir eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem hærra tonnafjöldabili er náð.

Frestirnir sem tilgreindir eru í 1. mgr. þessarar greinar gilda með fyrirvara um skyldu skráningaraðila til að upplýsa Efnastofnunina án tafar um viðbótarupplýsingar sem hann þarf á að halda um leið og hærra tonnafjöldabili er náð í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir c-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem felur í sér að framleiðslu eða innflutningi er hætt skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag þegar framleiðslu eða innflutningi var hætt.

3. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef breytingin verður í kjölfar þess að skráningaraðili hefur á ný framleiðslu eða innflutning í samræmi við 2. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Þess í stað skal í því tilviki uppfæra skráninguna og leggja fyrir Efnastofnunina áður en framleiðsla eða innflutningur hefst á ný.

4. gr.

Ný tilgreind notkun og ný notkun sem ráðið er frá

Í tilviki sem fellur undir d-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir:

a) ef um er að ræða nýja tilgreinda notkun: þann dag sem skráningaraðila berast allar upplýsingar sem þarf til að framkvæma áhættumat fyrir nýju notkunina,

b) ef um er að ræða nýja notkun sem ráðið er frá: þann dag sem upplýsingarnar um áhættur sem tengjast notkuninni eru aðgengilegar skráningaraðilanum.

5. gr.

Ný vitneskja um áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið

Í tilviki sem fellur undir e-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja fyrir Efnastofnunina eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag sem skráningaraðili verður nýrrar vitneskju áskynja eða af sanngirni má ætla að hann hafi orðið hennar áskynja.

6. gr.

Breytingar á flokkun og merkingu skráða efnisins

1. Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir f-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem kemur til vegna viðbótar, breytingar eða niðurfellingar á samræmdri flokkun í VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]) skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en á þeim degi sem breytingin tekur gildi.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

2. Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir f-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem kemur til vegna aðlögunar á flokkun efnis í kjölfar nýs mats í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 skal uppfæra skráninguna og leggja fyrir Efnastofnunina eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag sem ákvörðunin um breytingu á flokkun og merkingu efnisins var tekin.

7. gr.

Uppfærslur eða breytingar á efnaöryggisskýrslunni eða leiðbeiningum um örugga notkun

Í tilviki sem fellur undir g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja fyrir Efnastofnunina eigi síðar en tólf mánuðum eftir þann dag sem þörfin fyrir uppfærslu eða breytingu á efnaöryggisskýrslunni eða leiðbeiningunum um örugga notkun, sem um getur í 5. lið VI. viðauka þeirrar reglugerðar, var greind.

8. gr.

Tillögur að prófun áður en prófun sem er tilgreind í IX. eða X. viðauka er framkvæmd

1. Í tilviki sem fellur undir h-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna til að hún nái yfir tillöguna að prófun og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag sem skráningaraðilinn greinir þörfina fyrir framkvæmd einnar eða fleiri af prófununum sem tilgreindar eru í IX. eða X. viðauka við þá reglugerð.

2. Fresturinn sem er tilgreindur í 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki ef um er að ræða tillögu að prófun sem er þróuð sem hluti prófunaráætlunar fyrir hóp efna. Þess í stað skal við þessar aðstæður uppfæra viðkomandi skráningar og leggja þær fyrir Efnastofnunina eigi síðar en 12 mánuðum eftir þann dag sem skráningaraðili eða skráningaraðilar greina þörf fyrir framkvæmd einnar eða fleiri af þeim prófunum sem eru tilgreindar í IX. eða X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

9. gr.

Breyting á aðgangi sem veittur er að upplýsingum í skráningarskjölunum

Ef um er að ræða breytingu sem fellur undir i-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skal uppfæra skráninguna og leggja hana fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem breytingin varð.

10. gr.

Uppfærslur sem fela í sér frekari prófanir

Frestirnir sem tilgreindir eru í 1., 2., 4., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar gilda ekki ef afla þarf gagna vegna aðstæðna, sem falla undir a-, b-, d-, e- eða f-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, til að uppfylla kröfurnar um upplýsingar sem mælt er fyrir um VII. eða VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Í því tilviki skal leggja uppfærslu skráningar vegna slíkra aðstæðna og uppfærslu skráningar til að uppfylla kröfur um gögn í VII. eða VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 saman fyrir Efnastofnunina eigi síðar en þremur mánuðum eftir viðtöku lokaprófunarskýrslna sem eru nauðsynlegar fyrir uppfærsluna.

Við slíkar aðstæður:

a) skal hefja samningaviðræður við prófunarstofu varðandi allar viðkomandi prófanir eigi síðar en þremur mánuðum eftir að þörf fyrir framkvæmd frekari prófana var greind,

b) skal greina þörf fyrir framkvæmd frekari prófana, sem um getur í a-lið, innan viðeigandi frests sem er tilgreindur í 1., 2., 4., 5. eða 6. gr. þessarar reglugerðar.

11. gr.

Aðrar samanlagðar uppfærslur

1. Í tilviki sem fellur undir 10. gr. þessarar reglugerðar eða a- til f-lið eða i-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar 1907/2006 og veldur einnig því að uppfæra eða breyta þarf efnaöryggisskýrslu eða leiðbeiningum fyrir örugga notkun í samræmi við g-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar skal leggja uppfærslu á skráningunni vegna þeirra aðstæðna og uppfærslu á skráningunni vegna uppfærslu eða breytingar á efnaöryggisskýrslu saman fyrir Efnastofnunina eigi síðar en 12 mánuðum eftir viðtöku lokaprófunarskýrslna sem eru nauðsynlegar fyrir uppfærsluna.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal leggja uppfærslu skráningar vegna aðstæðna sem falla undir einn eða fleiri af a- til i-lið í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 saman fyrir Efnastofnunina eigi síðar en við lok lengsta frestsins, sem tilgreindur er í 1.–10. gr. þessarar reglugerðar, talið frá og með þeim degi sem fyrst var greind þörf fyrir uppfærslu á skráningunni.

12. gr.

Uppfærslur á sameiginlegum framlagningum

1. Þrátt fyrir fyrri greinar þessarar reglugerðar, þegar uppfærsla af hálfu aðila að sameiginlegri framlagningu skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) 1907/2006 er háð því að leiðandi skráningaraðili geri fyrri uppfærslu á skráningunni, skal sá aðili uppfæra skráningu sína og leggja hana fyrir Efnastofnunina innan:

a) þriggja mánaða, ef um er að ræða tilvik þar sem uppfærslu er krafist vegna aðstæðna sem falla undir a- til f-lið eða i-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

b) níu mánaða, ef um er að ræða tilvik þar sem uppfærslu eða breytingar á efnaöryggisskýrslu eða leiðbeiningum fyrir örugga notkun er krafist í samræmi við g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

c) níu mánaða, ef um er að ræða tilvik sem fellur undir a- til f-lið eða i-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og veldur einnig því að uppfæra eða breyta þarf gildandi efnaöryggisskýrslu eða leiðbeiningum fyrir örugga notkun í samræmi við g-lið 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar. Í því tilviki skal leggja uppfærslu á skráningu vegna þeirra aðstæðna og uppfærslu á skráningu vegna uppfærslu eða breytingar á efnaöryggisskýrslu eða leiðbeiningum fyrir örugga notkun saman fyrir Efnastofnunina.

2. Frestirnir sem eru tilgreindir í 1. mgr. þessarar greinar gilda frá þeim degi þegar Efnastofnunin upplýsir leiðandi skráningaraðilann, í samræmi við 3. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og hina aðilana að sameiginlegu framlagningunni um að skráningarskjölin, eins og þau hafa verið uppfærð af leiðandi skráningaraðilanum, séu fullgerð.

3. Ef uppfærsla af hálfu aðila að sameiginlegri framlagningu skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er ekki háð því að leiðandi skráningaraðilinn geri fyrri uppfærslu á skráningunni gilda frestirnir sem eru tilgreindir í 1.–11. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Uppfærslur í kjölfar breytingar á viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 131. gr. þeirrar reglugerðar

1. Ef um er að ræða breytingu á einum eða fleiri viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 131. gr. þeirrar reglugerðar sem leiðir til breytingar á upplýsingum sem þarf að leggja fyrir Efnastofnunina í samræmi við 10. eða 12. gr. þeirrar reglugerðar skal uppfæra skráninguna eigi síðar en á þeim degi þegar breytingin tekur gildi, nema annað sé tekið fram í þeirri breytingu.

2. Þrátt fyrir 1. til 12. gr. þessarar reglugerðar, ef breyting á einum eða fleiri viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í samræmi við 131. gr. þeirrar reglugerðar felur í sér skyldu til að uppfæra skráningarmálsskjöl skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 innan frestsins sem tilgreindur er í þessari reglugerð, gildir eingöngu fresturinn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, nema annað sé tekið fram í þeirri breytingu.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sextugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/421 **2021/EES/22/74**

frá 18. mars 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, klópýralíð, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, *Lecanicillium muscarium* (áður „*Verticillium lecanii*“) af stofni Ve6, mepanípýrím, *Metarhizium anisopliae* (var. *anisopliae*) af stofni BIPESCO 5/F52, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea* af stofnum FOC PG 410.3, VRA 1835 og VRA 1984, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61 (áður „*S. griseoviridis*“), *Trichoderma asperellum* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum IMI 206040 og T11, *Trichoderma gamsii* (áður „*T. viride*“) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, klópýralíð, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, *Lecanicillium muscarium* (áður „*Verticillium lecanii*“) af stofni Ve6, mepanípýrím, *Metarhizium anisopliae* (var. *anisopliae*) af stofni BIPESCO 5/F52, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea* af stofnum FOC PG 410.3, VRA 1835 og VRA 1984, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61 (áður „*S. griseoviridis*“), *Trichoderma asperellum* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum IMI 206040 og T11, *Trichoderma gamsii* (áður „*T. viride*“) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram voru framlengd til 30. apríl 2020 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai, *Bacillus thuringiensis* undirteg. israeliensis, *Bacillus thuringiensis* undirteg. kurstaki, *Beauveria bassiana*, benflúralín, klódínafóp, klópýralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, epoxíkónasól, fenpýroxímat, flúasínam, flútólaníl, fosetýl, *Lecanicillium muscarium*, mepanípýrím, mepíkvat, *Metarhizium anisopliae* var. Anisopliae, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea*, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis*af stofni MA 342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum*, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61, þíaklópríð, tólklófosmetýl, *Trichoderma asperellum*, *Trichoderma atroviride*, *Trichoderma gamsii*, *Trichoderma harzianum*, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól, *Verticillium albo-atrum* og síram (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1).

3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Enn fremur er mælt fyrir um framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin díklórpróp-P, mepanípýrím, spínósað, trínexapak og fosetýl í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við innkirtlatruflandi eiginleika í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

5) Þar eð mat á öllum þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

6) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 74, síram, kemur „30. apríl 2021“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 89, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, kemur „30. apríl 2021“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 90, mepanípýrím, kemur „30. apríl 2021“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 123, klódínafóp, kemur „30. apríl 2021“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, kemur „30. apríl 2021“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 125, rimsúlfúrón, kemur „30. apríl 2021“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, kemur „30. apríl 2021“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 129, klópýralíð, kemur „30. apríl 2021“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 130, sýpródiníl, kemur „30. apríl 2021“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 131, fosetýl, kemur „30. apríl 2021“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 132, trínexapak, kemur „30. apríl 2021“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, kemur „30. apríl 2021“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 134, metkónasól, kemur „30. apríl 2021“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 135, pýrimetaníl, kemur „30. apríl 2021“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 136, tríklópýr, kemur „30. apríl 2021“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 137, metrafenón, kemur „30. apríl 2021“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 138, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, kemur „30. apríl 2021“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spínósað, kemur „30. apríl 2021“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 193, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, kemur „30. apríl 2021“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 194, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, kemur „30. apríl 2021“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 195, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA 12 og EG 2348, kemur „30. apríl 2021“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 197, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, kemur „30. apríl 2021“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 198, Cydia pomonella-kyrningaveira (CpGV), kemur „30. apríl 2021“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 199, *Lecanicillium muscarium* (áður „*Verticillium lecanii*“) af stofni Ve6, kemur „30. apríl 2021“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 200, *Metarhizium anisopliae* var. anisopliae (áður *„Metarhizium anisopliae“*) af stofni BIPESCO 5/F52, kemur „30. apríl 2021“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 201, *Phlebiopsis gigantea* af stofnun VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3, kemur „30. apríl 2021“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 202, *Pythium oligandrum* af stofni M1, kemur „30. apríl 2021“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 203, *Streptomyces* K61 (áður „*S. griseoviridis*) af stofni K61, kemur „30. apríl 2021“.

29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 204, *Trichoderma atroviride* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum IMI 206040 og T11, kemur „30. apríl 2021“.

30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 206, *Trichoderma harzianum* Rifai af stofnum T-22 og ITEM 908, kemur „30. apríl 2021“.

31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 207, *Trichoderma asperellum* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum ICC012, T25 og TV1, kemur „30. apríl 2021“.

32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 208, *Trichoderma gamsii* (áður *„T. viride*“) af stofni ICC080, kemur „30. apríl 2021“.

33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 210, abamektín, kemur „30. apríl 2021“.

34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 213, fenpýroxímat, kemur „30. apríl 2021“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/616 **2021/EES/22/75**

frá 5. maí 2020

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu foramsúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Foramsúlfúróni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu foramsúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu foramsúlfúróni sem illgresiseyði á maís var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB frá 25. mars 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúroni, etoxýsúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadíargýli og sýasófamíði (Stjtíð ESB L 81, 28.3.2003, bls. 39).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 26. mars 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að foramsúlfúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 26. febrúar 2016. Framkvæmdastjórnin lagði frumdrög að endurskoðunarskýrslunni og drög að reglugerð um foramsúlfúrón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. júlí 2016 og endurskoðaða útgáfu 22. október 2019.

9) Að því er varðar viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]), er niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú, á grundvelli vísindaþekkingar, að það sé afar ólíklegt að foramsúlfúrón sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, skjaldkirtilsvirkni og steramyndunarvirkni. Því komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki skuli líta á foramsúlfúrón sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og endurnýjunarskýrsluna í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið foramsúlfúrón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu foramsúlfúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda foramsúlfúrón.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir foramsúlfúróni.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa bæði virka efnisins og greindra umbrotsefna þess sem hugsanlega eru fyrir hendi í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn eru notuð til töku drykkjarvatns.

15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir foramsúlfúrón framlengt til 31. júlí 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út skal þessi reglugerð þó koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2020.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(3), 4421, 119 bls. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 frá 7. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól (Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 16).

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu foramsúlfúróni er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Foramsúlfúrón CAS-nr. 173159-57-4 CIPAC-nr. 659	1-(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)-3-[2-(dímetýlkarbamóýl)-5-formamídófenýlsúlfónýl]úrea	≥ 973 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um foramsúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir neytendur og notendur, — áhættu fyrir lagarlífverur og plöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 44 um foramsúlfúrón brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„141	Foramsúlfúrón CAS-nr. 173159-57-4 CIPAC-nr. 659	1-(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýl)-3-[2-(dímetýlkarbamóýl)-5-formamídófenýlsúlfónýl]-úrea	≥ 973 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um foramsúlfúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir neytendur og notendur, — áhættu fyrir lagarlífverur og plöntur utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeð-höndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeð-höndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/617 **2021/EES/22/76**

frá 5. maí 2020

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M og að takmarka notkun á fræjum sem eru meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda það, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB ([2]) var metalaxýli-M bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu metalaxýli-M, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. júní 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á skráningu metalaxýls-M í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 13. nóvember 2013.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að metalaxýl-M uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 30. janúar 2015. Framkvæmdastjórnin lagði frumdrög að endurskoðunarskýrslunni um metalaxýl-M fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 14. júlí 2015 og endurskoðaða útgáfu 16. júlí 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB frá 15. júlí 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum sinídonetýli, sýalófopbútýli, famoxadoni, flórasúlami, metalaxýli-M og píkólínafeni (Stjtíð. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance metalaxyl-M.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(3), 3999, 105 bls. doi:10.2903/j.efsa.2015.3999.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurskoðunarskýrslunni.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur metalaxýl-M, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir metalaxýli-M.

12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

13) Matvælaöryggisstofnunin hefur greint áhættu fyrir fugla og spendýr vegna neyslu á meðhöndluðum fræjum. Að teknu tilliti til þessarar áhættu ætti að takmarka notkun fræja sem hafa verið meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda metalaxýl-M. Því er rétt að sá fræi sem hefur verið meðhöndlað með plöntuverndarvörum sem innihalda metalaxýl-M eingöngu í gróðurhúsum.

14) Framkvæmdastjórnin telur að metalaxýl-M hafi ekki innkirtlatruflandi eiginleika á grundvelli fyrirliggjandi vísindalegra upplýsinga sem teknar eru saman í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Í því skyni að auka tiltrú á þessum niðurstöðum ætti umsækjandinn þó að leggja fram uppfært mat, í samræmi við b-lið í lið 2.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605 og í samræmi við leiðbeiningar um greiningu á innkirtlatruflandi efnum ([7]).

15) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir metalaxýli-M byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda metalaxýl-M. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

17) Takmörkun á notkun á meðhöndluðu fræi ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2021 til að gefa færi á nægilega löngu umbreytingartímabili.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([7]) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5311, 135 bls. https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.2903/j.efsa.2018.5311.

3. gr.

Takmörkun á notkun á meðhöndluðu fræi

Fræi sem hefur verið meðhöndlað með plöntuverndarvörum sem innihalda metalaxýl-M skal eingöngu sá í gróðurhúsum.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2020.

Þó skal 3. gr. gilda frá og með 1. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Metalaxýl-M CAS-nr. 70630-17-0 (R) CIPAC-nr. 580	metýl-N-(metoxýasetýl)-N-(2,6-xýlýl)-DL-alanínat	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: 2,6-dímetýlfenýlamín: hámarksinnihald 0,5 g/kg 4-metoxý-5-metýl-5H-[1,2]oxaþíól-2,2-díoxíð: hámarksinnihald 1 g/kg 2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkarbónýletýlestri: hámarksinnihald 0,18 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Þegar efnið er notað í fræmeðhöndlun má eingöngu leyfa meðhöndlun á fræjum sem eru ætluð til sáningar í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metalaxýl-M, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda og starfsmanna til að tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd liðdýra utan markhóps, fugla og spendýra. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar til að staðfesta að innkirtlatruflandi áhrif séu ekki fyrir hendi í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 (2), fyrir 26. maí 2022.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 37 um metalaxýl-M brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„140	Metalaxýl-M CAS-nr. 70630-17-0 (R) CIPAC-nr. 580	metýl-N-(metoxýasetýl)-N-(2,6-xýlýl)-DL-alanínat	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: 2,6-dímetýlfenýlamín: hámarksinnihald 0,5 g/kg 4-metoxý-5-metýl-5H-[1,2]oxaþíól-2,2-díoxíð: hámarksinnihald 1 g/kg 2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkarbónýletýlestri: hámarksinnihald 0,18 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Þegar efnið er notað í fræmeðhöndlun má eingöngu leyfa meðhöndlun á fræjum sem eru ætluð til sáningar í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metalaxýl-M, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda og starfsmanna til að tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd liðdýra utan markhóps, fugla og spendýra. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar til að staðfesta að innkirtlatruflandi áhrif séu ekki fyrir hendi í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, fyrir 26. maí 2022.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/640 **2021/EES/22/77**

frá 12. maí 2020

um að samþykkja ekki útdrátt úr býþétti sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. desember 2016 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá fyrirtækinu Pollenergie um samþykki fyrir útdrætti úr býþétti sem grunnefni við plöntuvernd sem sveppaeyðir eða bakteríueyðir til meðhöndlunar eftir uppskeru á ávexti með óætu hýði. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um útdrátt úr býþétti fyrir framkvæmdastjórnina 11. október 2018 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki útdrátt úr býþétti fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 5. desember 2019.

3) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram um útdráttinn úr býþétti, sem verið er að leggja mat á, voru ekki fullnægjandi til að sýna skýrt fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]).

4) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi útdrátt úr býþétti sem húðnæmi (H317 „Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð“). Þó að engin sértæk áhyggjuefni væru tilgreind voru upplýsingarnar sem lagðar voru fram ekki fullnægjandi til að sýna fram á að ekki væru fyrir hendi hugsanleg erfðaeiturhrif eða áhrif á innkirtlastarfsemi eða til að meta áhættu fyrir neytendur. Auk þess gerðu fyrirliggjandi upplýsingar um útdrátt úr býþétti ekki kleift að fastsetja örugg mörk fyrir notkun þessa efnis.

5) Ekki lá fyrir neitt mat, sem skipti máli, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.

8) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki útdrátt úr býþétti sem grunnefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for propolis extract (admissibility accepted when named water-soluble extract of propolis) for use in plant protection as fungicide and bactericide.“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins útdráttar úr býþétti (lögmæti samþykkt með heitinu vatnsleysanlegur útdráttur úr býþétti) til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir og bakteríueyðir). EFSA supporting publication 2018:EN-1494, 56 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2018.EN-1494.

([3]) http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir útdrætti úr býþétti sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið útdráttur úr býþétti er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/642 **2021/EES/22/78**

frá 12. maí 2020

um samþykki fyrir grunnefninu L-systeíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 9. febrúar 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Soleo-EcoSolutions um samþykki fyrir L-systeíni sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um L-systeín fyrir framkvæmdastjórnina 29. janúar 2019 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 17. júlí 2019.

3) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að L-systeín uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að L-systeín uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja L-systeín sem grunnefni.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 134. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2019. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for L-cysteine for use in plant protection as insecticide.“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins L-systeíns til notkunar við plöntuvernd sem skordýraeitur). EFSA supporting publication 2019: EN-1562, 46 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2019.EN-1562.

([3]) „Final Review report for the basic substance L-cysteine finalised in the Standing Committee on Plants, Animals, Food and Feed at its meeting on 24 March 2020 in view of the approval of L-cysteine as basic substance in accordance with Regulation (EC) No 1107/2009 (SANTE/11056/2019)“.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið L-systeín er samþykkt sem grunnefni eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
L-systeín (E 920) CAS-nr.: 52-89-1 EINECS-nr.: 200-157-7 (L-systeínhýdróklóríð) CAS-nr.: 7048-04-6 EINECS-nr.: 615-117-8 (L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat)	L-systeínhýdróklóríð (1:1)	Að lágmarki 98,0% L-systeín-hýdróklóríð (miðað við vatnsfrítt form) Matvælagæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([2]). Að hámarki 1,5 mg/kg As Að hámarki 5 mg/kg Pb	2.6.2020	Nota skal L-systeín (E 920) sem blöndu með efniviði (mjöl, matvælagæði) í styrk að hámarki 8% (af L-systeín-hýdróklóríði, miðað við vatnsfrítt form) í samræmi við sértæku skilyrðin, sem er að finna í niðurstöðum endur-skoðunarskýrslunnar um L-systeín (SANTE/11056/2019), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„21	L-systeín (E 920) CAS-nr.: 52-89-1 EINECS-nr.: 200-157-7 (L-systeínhýdróklóríð) CAS-nr.: 7048-04-6 EINECS-nr.: 615-117-8 (L-systeínhýdróklóríð-mónóhýdrat)	L-systeínhýdróklóríð (1:1)	Að lágmarki 98,0% L-systeínhýdróklóríð (miðað við vatnsfrítt form) Matvælagæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012. Að hámarki 1,5 mg/kg As Að hámarki 5 mg/kg Pb	2.6.2020	Nota skal L-systeín (E 920) sem blöndu með efniviði (mjöl, matvælagæði) í styrk að hámarki 8% (af L-systeínhýdróklóríði, miðað við vatnsfrítt form) í samræmi við sértæku skilyrðin, sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um L-systeín (SANTE/11056/2019), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/643 **2021/EES/22/79**

frá 12. maí 2020

um að samþykkja ekki rætur *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 5. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 9. október 2015 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Crop Research Institute (Tékklandi) um samþykki fyrir rótum *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um rætur *Saponaria officinalis* L. fyrir framkvæmdastjórnina 19. júní 2017 ([2]). Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ([3]) og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki rætur *Saponaria officinalis* L. fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 6. desember 2017.

3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að rætur *Saponaria officinalis* L. uppfylla viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]) við notkun sem hefðbundið ýruefni.

4) Í tæknilegri skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar voru þó tilgreind sértæk áhyggjuefni varðandi tilvist efna sem gefa tilefni til áhyggna (t.d. tríterpenóíðsápónín, sapórín) í útdráttum af rótum *Saponaria officinalis* L. ef þau eru notuð í þeim tilgangi að verja plöntur. Ekki lágu fyrir fullnægjandi upplýsingar til að fastsetja öruggt gildi inntöku fyrir neytendur og ekki var unnt að fullgera áhættumat fyrir neytendur varðandi notkun róta *Saponaria officinalis* L. á gúrkur, tómata og humla. Auk þess voru upplýsingar ófullnægjandi til að komast að niðurstöðu að því er varðar áhættu fyrir lífverur utan markhóps.

5) Ekki lá fyrir neitt annað mat, sem skipti máli, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

7) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki rætur *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni.

8) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir rótum *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 138. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Saponaria officinalis* L. roots for use in plant protection as acaricide and elicitor.“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins róta *Saponaria officinalis* L. til notkunar við plöntuvernd sem mítlaeyðir og efni til að efla varnir plantnanna sjálfra). EFSA supporting publication 2017:EN-1263, 44 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið rætur *Saponaria officinalis* L. er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/646 **2021/EES/22/80**

frá 13. maí 2020

um samþykki fyrir virka efninu lavandúlýlsenesíóati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Suterra Europe Biocontrol S.L. umsókn fyrir Ítalíu 17. júlí 2015 um samþykki fyrir virka efninu lavandúlýlsenesíóati.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Ítalía, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 29. desember 2016.

3) Hinn 22. ágúst 2017 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 9. október 2018.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið lavandúlýlsenesíóat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 4. janúar 2019. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 22. október 2019 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um lavandúlýlsenesíóat og 23. mars 2020 drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir lavandúlýlsenesíóati.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að lavandúlýlsenesíóat sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Lavandúlýlsenesíóat er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í lið 5.1.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Því er rétt að samþykkja lavandúlýlsenesíóat sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 14.5.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar* Evrópu 2020 18(3), 5588.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið lavandúlýlsenesíóat, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Lavandúlýlsenesíóat CAS-nr.: 23960-07-8 CIPAC-nr.: ekki úthlutað	(RS)-5-metýl-2-(próp-1-en-2-ýl)hex-4-en-1-ýl-3-metýlbút-2-enóat	≥ 894 g/kg	3. júní 2020	3. júní 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um lavandúlýlsenesíóat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu meta alla rýmkun á notkunarmynstrinu umfram óvirka skammtara til að ákvarða hvort tillögð rýmkun á notkun uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 (2).

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (Stjtíð. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127).

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

„19	Lavandúlýlsenesíóat CAS-nr.: 23960-07-8 CIPAC-nr.: ekki úthlutað	(RS)-5-metýl-2-(próp-1-en-2-ýl)hex-4-en-1-ýl-3-metýlbút-2-enóat	≥ 894 g/kg	3. júní 2020	3. júní 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um lavandúlýlsenesíóat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu meta alla rýmkun á notkunarmynstri umfram óvirka skammtara til að ákvarða hvort tillögð rýmkun á notkun uppfyllir kröfurnar í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 (*).

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (Stjtíð. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/653 **2021/EES/22/81**

frá 14. maí 2020

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) 2019/706 að því er varðar CAS-númer virka efnisins karvóns (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706 ([2]) er endurnýjað samþykki fyrir virka efninu karvóni og var það fært á skrá í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]).

2) Eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 öðlaðist gildi kom í ljós villa að því er varðar CAS-númerið (Chemical Abstracts Number of the American Chemical Society) sem notað er fyrir virka efnið karvón í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706.

3) CAS-númerið er einkvæmt kennimerki efnis sem er einnig notað fyrir virkt efni sem er innihaldsefni í plöntuverndarvörum; það er notað hnattrænt sem tilvísun að því er varðar viðskipti og eftirlitsstarfsemi fyrir íðefni og takmarkast ekki við varnarefni. Í dálki um almennt heiti og kenninúmer er ranglega minnst á „karvón 244-16-8“. Í stað þeirrar lýsingar ætti að koma „karvón 2244-16-8“.

4) Virka efnið karvón er með nokkur CAS-númer. Hins vegar hefur einungis eitt þeirra hlotið samþykki sem plöntuverndarvara. CAS-númerin, eins og þau eru gefin upp í framkvæmdargerðum Sambandsins um leyfi fyrir virkum efnum, eru tekin inn í alþjóðlega gagnagrunna og tilvísanir eru notaðar að því er varðar síðari leyfi fyrir plöntuverndarvörum í aðildarríkjum og utan Sambandsins. CAS-númer 244-16-8 samsvarar ekki neinu skráðu virku efni sem er til; virka efnið yrði því ekki rétt auðkennt að því er varðar samþykki fyrir plöntuverndarvörum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að leiðrétta CAS-númerið, sem er gefið upp í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 og þar af leiðandi í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, þar eð ruglingur gæti skapast varðandi auðkenni efnis við meðferð íðefna og viðskipti með þau.

5) Til glöggvunar þykir rétt að skipta út I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 og viðeigandi færslu 135 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 15.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706 frá 7. maí 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karvóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 11).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

6) Í þágu skýrleika og réttarvissu fyrir rekstraraðila og eftirlitsyfirvöld ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706

Ákvæði I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 eru leiðrétt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er leiðréttur í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2019/706 kemur eftirfarandi:

„Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
karvón 2244-16-8 (d-karvón= S-karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(*S*)-5-ísóprópenýl-2-metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.“

II. VIÐAUKI

Í stað færslu 135 um karvón í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„135	karvón 2244-16-8 (d-karvón= S-karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(*S*)-5-ísóprópenýl-2-metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeð-höndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/869 **2021/EES/22/82**

frá 24. júní 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 ([3]) voru samþykkistímabilin fyrir virku efnin famoxadón og flúmíoxasín framlengd til 30. júní 2020 og samþykkistímabilin fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, fenamífos, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór framlengd til 31. júlí 2020.

3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]).

4) Þar eð mat á öllum þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

5) Enn fremur er krafist framlengingar á samþykkistímabilinu fyrir virku efnin boskalíð, kaptan, dímetómorf, etefón, fólpet, formetanat, milbemektín, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb í því skyni að veita þann tíma sem er nauðsynlegur til að vinna mat í tengslum við innkirtlatruflandi eiginleika í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 frá 7. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól (Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 16).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

6) Að því er varðar tilvik þar sem samþykkja skal reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar ætti að fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Þegar reglugerð er samþykkt þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, þykir rétt, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð sum samþykki fyrir virku efnunum renna út 30. júní 2020.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, kemur „30. júní 2021“.
2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, kemur „30. júní 2021“.
3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 46, sýasófamíð, kemur „31. júlí 2021“.
4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 84, benalaxýl, kemur „31. júlí 2021“.
5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 85, brómoxýníl, kemur „31. júlí 2021“.
6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, kemur „31. júlí 2021“.
7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, kemur „31. júlí 2021“.
8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 99, etoxasól, kemur „31. júlí 2021“.
9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 109, bífenasat, kemur „31. júlí 2021“.
10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, kemur „31. júlí 2021“.
11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 141, fenamífos, kemur „31. júlí 2021“.
12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, kemur „31. júlí 2021“.
13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, kemur „31. júlí 2021“.
14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, kemur „31. júlí 2021“.
15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, kemur „31. júlí 2021“.
16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, kemur „31. júlí 2021“.
17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, kemur „31. júlí 2021“.
18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 153, fosmet, kemur „31. júlí 2021“.
19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, kemur „31. júlí 2021“.
20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, kemur „31. júlí 2021“.
21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, kemur „31. júlí 2021“.
22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, kemur „31. júlí 2021“.
23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, kemur „31. júlí 2021“.
24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, kemur „31. júlí 2021“.
25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 167, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, kemur „31. júlí 2021“.
26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, próþíókónasól, kemur „31. júlí 2021“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/892 **2021/EES/22/83**

frá 29. júní 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu betasýflútríni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Betasýflútríni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu betasýflútríni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu betasýflútríni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 8. mars 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjenda og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að betasýflútrín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 9. ágúst 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 206, 30.6.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródíoni, línuroni, malínhýdrasíði og pendímetalíni (Stjtíð. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance beta-cyfluthrin“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(9), 5405.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi áhyggjuefni. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi einkum óviðunandi áhættu fyrir starfsfólk við lestun og sáningu rófufræs sem hefur verið meðhöndlað með betasýflútríni. Auk þess tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin mikla áhættu fyrir íbúa, liðdýr utan markhóps og lagarlífverur þegar betasýflútrín er notað á ræktunarlandi fyrir kartöflur og hveiti. Enn fremur tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin óviðunandi áhættu fyrir notendur og starfsfólk ef um er að ræða notkun á tómata í gróðurhúsum (varanleg og ekki varanleg) og fyrir liðdýr utan markhóps ef um er að ræða notkun á tómata í gróðurhúsum sem eru ekki varanleg. Þar að auki var ekki hægt að ljúka áhættumati fyrir neytendur á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjendunum að leggja fram athugasemdir varðandi endurnýjunarskýrsluna. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjendurnir settu fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

12) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu betasýflútríni í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda betasýflútrín.

15) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda betasýflútrín ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir betasýflútrín framlengt til 31. október 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

17) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir betasýflútríni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu betasýflútríni er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 48. lína, betasýflútrín, brott.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 frá 26. september 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðósúlfúrón, betasýflútrín, bífenox, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, difenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, fenoxapróp-P, fenpródidín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosþíasat, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, píklóram, prósúlfókarb, pýriproxýfen, þíófanatmetýl, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón (Stjtíð. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 24).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda betasýflútrín sem virkt efni eigi síðar en 20. janúar 2021.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 20. júlí 2021.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/968 **2021/EES/22/84**

frá 3. júlí 2020

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýriproxýfeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Pýriproxýfeni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/69/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu pýriproxýfeni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. desember 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýriproxýfeni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 14. desember 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 213, 6.7.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/69/EB frá 1. júlí 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klófentesíni, díkamba, dífenókónasóli, díflúbensúróni, ímasakíni, lenasíli, oxadíasóni, píklórami og pýriproxýfeni (Stjtíð. ESB L 172, 2.7.2008, bls. 9).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að pýriproxýfen uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 17. maí 2019. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um pýriproxýfen fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 21. október 2019.

9) Að því er varðar viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]) er niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú að pýriproxýfen sé ekki innkirtlatruflandi efni.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið pýriproxýfen, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu pýriproxýfeni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda pýriproxýfen.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pýriproxýfeni.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir pýriproxýfen framlengt til 31. desember 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að koma til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2020 að undanskildu ákvæði sem varðar tólúeninnihald, sem tilgreint er í dálknum „hreinleiki“ í töflunni í I. viðauka, sem ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2021.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu pýriproxýfeni er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7):5307 Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 frá 26. september 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðósúlfúrón, betasýflútrín, bífenox, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, difenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, fenoxapróp-P, fenprópidín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosþíasat, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, píklóram, prósúlfókarb, pýriproxýfen, þíófanatmetýl, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón (Stjtíð. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 24).

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pýriproxýfen. 2-((1-(4-fenoxýfenoxý)-própan-2-ýl)oxý)pýridín. CIPAC-nr.: 715. CAS-nr.: 95737-68-1. EB-nr. (Einecs eða ELINCS): 429-800-1	4-fenoxýfenýl (*RS*)-2(2-pýridýloxý)própýleter	≥ 970 g/kg Frá 1. ágúst 2021 Hámarks-hreinleiki: Tólúen 5 g/kg	1. ágúst 2020	31. júlí 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunar-skýrslunni um pýriproxýfen, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — fæðutengdum váhrifum af efnaleifum pýriproxýfens á neytendur, — vernd lífvera sem búa í seti og lagarlífvera, — vernd býflugna. Að því er varðar vernd lífvera sem búa í seti og lagarlífvera við notkun plöntu-verndarvara sem innihalda pýriproxýfen utanhúss skulu sértæk skilyrði aðildar-ríkjanna fela í sér viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. varðbelti sem ekki er úðað á og/eða að draga úr úðareki, til að áhættan fyrir lífverur sem búa í seti og lagarlífverur verði lítil. Að því er varðar vernd býflugna við notkun plöntuverndarvara sem innihalda pýriproxýfen utanhúss skulu sértæk skilyrði aðildarríkjanna fela í sér að notkunin takmarkist við tímabil utan blómgunartímabils nytjaplantna sem laða að sér býflugur og viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. varðbelti sem ekki er úðað á og/eða að draga úr úðareki, til að áhættan fyrir býflugur og býflugnalirfur verði lítil. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndl-unarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram umbeðnar upplýsingar til staðfestingar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 179 um pýriproxýfen brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„142	Pýriproxýfen. 2-((1-(4-fenoxýfenoxý)-própan-2-ýl)oxý)-pýridín. CIPAC-nr.: 715. CAS-nr.: 95737-68-1. EB-nr. (Einecs eða ELINCS): 429-800-1	4-fenoxýfenýl (*RS*)-2(2-pýridýloxý)-própýleter	≥ 970 g/kg Hámarks-hreinleiki: Tólúen 5 g/kg	1. ágúst 2020	31. júlí 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um pýriproxýfen, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — fæðutengdum váhrifum af efnaleifum pýriproxýfens á neytendur, — vernd lífvera sem búa í seti og lagarlífvera, — vernd býflugna. Að því er varðar vernd lífvera sem búa í seti og lagarlífvera við notkun plöntuverndarvara sem innihalda pýriproxýfen utanhúss skulu sértæk skilyrði aðildarríkjanna fela í sér viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. varðbelti sem ekki er úðað á og/eða að draga úr úðareki, til að áhættan fyrir lífverur sem búa í seti og lagarlífverur verði lítil. Að því er varðar vernd býflugna við notkun plöntuverndarvara sem innihalda pýriproxýfen utanhúss skulu sértæk skilyrði aðildarríkjanna fela í sér að notkunin takmarkist við tímabil utan blómgunartímabils nytjaplantna sem laða að sér býflugur og viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. varðbelti sem ekki er úðað á og/eða að draga úr úðareki, til að áhættan fyrir býflugur og býflugnalirfur verði lítil. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmda-stjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram umbeðnar upplýsingar til staðfestingar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1003 **2021/EES/22/85**

frá 9. júlí 2020

um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 sem áhættulitlum virkum efnum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 var bætt við sem virkum efnum í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virku efnunum *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 28. september 2018.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 127. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/113/EB frá 8. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum örverum sem virkum efnum (Stjtíð. ESB L 330, 9.12.2008, bls. 6).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 18. september 2019 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði frumendurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð að því er varðar *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður í mars 2020.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virku efnin *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 eða FOC PG 410.3, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 eða FOC PG 410.3. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem eingöngu sveppaeyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 séu áhættulítil virk efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 eru ekki efni sem gefa tilefni til áhyggna og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Í kjölfar mats skýrslugjafaraðildarríkisins og Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eru *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 örverur sem búist er við að mönnum, dýrum og umhverfinu stafi lítil áhætta af. Engin veruleg áhættuefni voru tilgreind og ekki er vitað að *Phlebiopsis gigantea* tengist sjúkdómsvaldi manna eða dýra. *Phlebiopsis gigantea* hefur verið notað sem lífræn varnaraðferð í meira en áratug án þess að það hafi leitt til skaðlegra áhrifa á menn frá síðustu jafningjarýni og á grundvelli fyrirhugaðrar notkunar (þ.e. borið beint á yfirborð barrtrjástubba) eru hugsanleg váhrif á menn og áhrif á styrk sem er frá náttúrunnar hendi í jarðvegi talin óveruleg. Af þessum sökum eru einungis fyrirhugaðar almennar ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir starfsfólk og í heildina uppfylla þessi virku efni viðmiðanir fyrir samþykki og flokkun sem áhættulítil efni.

13) Því er rétt að endurnýja samþykki fyrir *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 sem áhættulítil efni.

14) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti því að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 framlengt til 30. apríl 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virku efnunum rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. september 2020.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(10), 5820, doi: 10.2903/j.efsa.2019.5820. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 frá 18. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, klópýralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, *Lecanicillium muscarium* (áður „*Verticillium lecanii*“) af stofni Ve6, mepanípýrím, *Metarhizium anisopliae* (var. anisopliae) af stofni BIPESCO 5/F52, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea* af stofnum FOC PG 410.3, VRA 1835 og VRA 1984, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61 (áður „*S. griseoviridis*“), *Trichoderma asperellum* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum IMI 206040 og T11, *Trichoderma gamsii* (áður „*T. viride*“) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 7).

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virku efnunum *Phlebiopsis gigantea* af stofnum VRA 1835, VRA 1984 og FOC PG 410.3 eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Phlebiopsis gigantea af stofni VRA 1835	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1835, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun (2).
Phlebiopsis gigantea af stofni VRA 1984	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1984, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun.
Phlebiopsis gigantea af stofni FOC PG 410.3	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni FOC PG 410.3, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.
(2) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/plant/docs/pesticides_ppp_app-proc_guide_phys-chem-ana_microbial-contaminant-limits.pdf

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 201 um stofna *Phlebiopsis gigantea* í A-hluta kemur eftirfarandi:

„201	*Phlebiopsis gigantea* STOFN: VRA 1985 Stofnasafn: nr. DSM 16202 STOFN: VRA 1986 Stofnasafn: nr. DSM 16203 STOFN: FOC PG B20/5 Stofnasafn: nr. IMI 390096 STOFN: FOC PG SP log 6 Stofnasafn: nr. IMI 390097 STOFN: FOC PG SP log 5 Stofnasafn: nr. IMI 390098 STOFN: FOC PG BU 3 Stofnasafn: nr. IMI 390099 STOFN: FOC PG BU 4 Stofnasafn: nr. IMI 390100 STOFN: FOC PG97/1062/116/1.1 Stofnasafn: nr. IMI 390102 STOFN: FOC PG B22/SP1287/3.1 Stofnasafn: nr. IMI 390103 STOFN: FOC PG SH 1 Stofnasafn: nr. IMI 390104 STOFN: FOC PG B22/SP1190/3.2 Stofnasafn: nr. IMI 390105	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. maí 2009	30. apríl 2020	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* (SANCO/1863/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

2) Í D-hluta er eftirfarandi færslum bætt við:

„21	*Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1835	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1835, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun.

22	*Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1984	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni VRA 1984, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun.
23	*Phlebiopsis gigantea* af stofni FOC PG 410.3	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. september 2020	31. ágúst 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Phlebiopsis gigantea* af stofni FOC PG 410.3, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Aðildarríki skulu gefa vernd notenda og starfsfólks sérstakan gaum. Framleiðendur skulu tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti meðan á framleiðsluferlinu stendur, eins og mælt er fyrir um í vinnuskjalinu SANCO/12116/2012, að því er varðar viðmiðunarmörk um örverumengun.“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1004 **2021/EES/22/86**

frá 9. júlí 2020

um samþykki fyrir grunnefninu kúamjólk, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 5. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. september 2017 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Basic-Eco-Logique um samþykki fyrir mjólk sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Umsækjandinn fékk leyfi til að ljúka við umsóknina sem var síðan lokið með nýrri útgáfu í maí 2018. Við það tækifæri breytti umsækjandinn gildissviði umsóknarinnar þannig að það næði yfir kúamjólk (óunna nýmjólk).

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina 22. ágúst 2018 ([2]). Hinn 21. október 2019 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 24. mars 2020.

3) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að kúamjólk uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni eða jafnvel óþynnt. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

4) Mjólk sem er ekki ætluð til manneldis telst vera aukaafurð úr dýrum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([5]). Sem slík ætti hún að vera í samræmi við þá reglugerð og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([6]).

5) Þar eð mjólk er, vegna laktósa og mjólkurprótína, skráð sem efni eða afurð sem veldur ofnæmi eða óþoli skv. 7. lið II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([7]) þykir rétt að takmarka notkunina við vaxtarstig þar sem engin aldin eru fyrir hendi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 133. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for milk for use in plant protection as a fungicide.“ EFSA supporting publication 2018:EN-1482. 42 bls.

([3]) http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

6) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að kúamjólk uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja kúamjólk sem grunnefni.

7) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

8) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([8]) til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið kúamjólk, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti **Kenninúmer**	**IUPAC-heiti**	**Hreinleiki** ([1])	**Dagsetning samþykkis**	**Sértæk ákvæði**
Kúamjólk CAS-nr.: 8049-98-7	Ekki fyrir hendi.	Á ekki við	30.7.2020	Kúamjólk skal vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Nota skal kúamjólk í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kúamjólk (SANTE/12816/2019), einkum í I. og II. viðbæti við hana

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	**Almennt heiti** **Kenninúmer**	**IUPAC-heiti**	**Hreinleiki** ([1])	**Dagsetning samþykkis**	**Sértæk ákvæði**
„22	Kúamjólk CAS-nr.: 8049-98-7	Ekki fyrir hendi.	Á ekki við	30.7.2020	Kúamjólk skal vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011. Nota skal kúamjólk í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um kúamjólk (SANTE/12816/2019), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1018 **2021/EES/22/87**

frá 13. júlí 2020

um samþykki fyrir ferrípýrófosfati sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr. í tengslum við 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði BROS Sp. z o.o. Sp.k. umsókn fyrir Pólland 28. desember 2015 um samþykki fyrir virka efninu ferrípýrófosfati.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Pólland sem skýrslugjafaraðildarríki umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 24. júní 2016.

3) Hinn 21. ágúst 2018 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 9. ágúst 2019.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið ferrípýrófosfat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 17. desember 2019. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 23. og 24. mars 2020 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um ferrípýrófosfat og 19. maí 2020 drög að þessari reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir ferrípýrófosfati.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að ferrípýrófosfat sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Ferrípýrófosfat er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, þ.m.t. önnur undirgrein í lið 5.1.2. Nánar tiltekið, jafnvel þótt ferrípýrófosfat teljist þrávirkt, klofnar það að lokum í jón sem eru náttúrulegt innihaldsefni í fæðu manna, eru útbreidd í umhverfinu og nauðsynleg fyrir starfsemi dýra og plantna. Af þessum sökum er búist við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 225, 14.7.2020, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2020. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance ferric pyrophosphate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, 18(1), 5986, 25 bls., doi:10.2903/j.efsa.2020.5986.

10) Því er rétt að samþykkja ferrípýrófosfat sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið ferrípýrófosfat, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ferrípýrófosfat CAS-nr.: 10058-44-3 CIPAC-nr.: —	járn(3+)difosfat	≥ 802 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og frá umhverfissjónarmiði og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: — Blý: 3 mg/kg — Kvikasilfur: 0,1 mg/kg — Kadmíum: 1 mg/kg	3.8.2020	3.8.2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ferrípýrófosfat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„20	Ferrípýrófosfat CAS-nr.: 10058-44-3 CIPAC-nr.: —	járn(3+)difosfat	≥ 802 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og frá umhverfissjónarmiði og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: — Blý: 3 mg/kg — Kvikasilfur: 0,1 mg/kg — Kadmíum: 1 mg/kg	3.8.2020	3.8.2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ferrípýrófosfat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1160 **2021/EES/22/88**

frá 5. ágúst 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 ([3]) voru samþykkistímabil fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, álsílíkat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón og þvagefni framlengd til 31. ágúst 2020 og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 ([4]) var samþykkistímabil fyrir virka efnið tebúkónasól framlengt til 31. ágúst 2020.

3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]).

4) Þar eð mat á öllum þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

5) Að því er varðar tilvik þar sem samþykkja skal reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar ætti að fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Þegar reglugerð er samþykkt þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, þykir rétt, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 21).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 frá 7. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól (Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 16).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

6) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð samþykki fyrir virku efnunum rennur út 31. ágúst 2020.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 219, álammóníumsúlfat, kemur „31. ágúst 2021“.
2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 220, álsílíkat, kemur „31. ágúst 2021“.
3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 222, blóðmjöl, kemur „31. ágúst 2021“.
4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 224, kalsíumkarbónat, kemur „31. ágúst 2021“.
5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 225, koltvísýringur, kemur „31. ágúst 2021“.
6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 228, útdráttur úr teviði, kemur „31. ágúst 2021“.
7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 229, fitueimingarleifar, kemur „31. ágúst 2021“.
8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 230, fitusýrur C7 til C20, kemur „31. ágúst 2021“.
9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 231, hvítlaukskjarni, kemur „31. ágúst 2021“.
10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 232, gibberellsýra, kemur „31. ágúst 2021“.
11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 233, gibberellín, kemur „31. ágúst 2021“.
12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 234, vatnsrofin prótín, kemur „31. ágúst 2021“.
13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 235, járnsúlfat, kemur „31. ágúst 2021“.
14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 236, kísilgúr, kemur „31. ágúst 2021“.
15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 242, plöntuolíur/repjuolía, kemur „31. ágúst 2021“.
16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 244, kalíumbíkarbónat, kemur „31. ágúst 2021“.
17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 247, kvarssandur, kemur „31. ágúst 2021“.
18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 248, fisklýsi, kemur „31. ágúst 2021“.
19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 249, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, kemur „31. ágúst 2021“.
20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 255, ógreinótt fiðrildaferómón, kemur „31. ágúst 2021“.
21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 268, tebúkónasól, kemur „31. ágúst 2021“.
22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 257, þvagefni, kemur „31. ágúst 2021“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1246 **2021/EES/22/89**

frá 2. september 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fenamífosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fenamífosi var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/85/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu fenamífosi, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu fenamífosi var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 2. október 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að fenamífos uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 10. desember 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 288, 3.9.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/85/EB frá 23. október 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum fenamífosi og etefóni (Stjtíð. ESB L 293, 24.10.2006, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2019. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance fenamiphos.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5557, 26 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2019.5557.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi nokkur áhyggjuefni. Einkum var litið svo á að heildaráhættumat fyrir neytendur væri til bráðabirgða þar eð gagnapakkinn um erfðaeiturhrif umbrotsefnanna M01 og M02 var ófullgerður sem leiddi til bráðabirgðaskilgreiningar á leifum í tengslum við áhættumat fyrir þær nytjaplöntur sem fyrirhugað er að nota fenamífos á. Þó svo að ekki hafi verið hægt að ljúka áhættumatinu fyrir neytendur greindist bráð áhætta fyrir neytendur í tengslum við alla dæmigerða notkun að því er varðar aldingrænmeti.

10) Að því er varðar váhrif sem neytendur verða fyrir vegna langvinnrar inntöku yrði fræðileg dagleg hámarksinntaka, ef útreiknuð hámarksgildi leifa, sem leiða af fyrirliggjandi gagnasafni um leifar sem lagt var fram fyrir endurnýjunarferlið, eru notuð í váhrifamatinu, þar að auki 172% af ásættanlegri daglegri inntöku.

11) Að því er varðar eftirstandandi notkun efnisins á skrautplöntur og plöntur í gróðrarstöðvum var enn fremur ekki hægt að útiloka bráða áhættu fyrir neytendur vegna þeirrar notkunar þegar höfð er í huga hugsanleg upptaka leifa í plöntum í skiptiræktun þar eð unnt er að rækta þessar plöntur í skiptiræktun með nytjaplöntum til matar.

12) Að lokum var ekki unnt að ljúka áhættumati fyrir einstök umbrotsefni í mönnum þar eð samanburðarrannsókn í glasi á efnaskiptum var ekki lögð fram.

13) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

14) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

15) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fenamífosi í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

16) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

17) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenamífos.

18) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda fenamífos ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

19) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir fenamífos framlengt til 31. júlí 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið er tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

20) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir fenamífosi skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 frá 24. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 7).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu fenamífosi er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 141. lína, fenamífos, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenamífos sem virkt efni eigi síðar en 23. mars 2021.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 23. september 2021.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1263 **2021/EES/22/90**

frá 10. september 2020

um samþykki fyrir virka efninu natríumvetniskarbónati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Austurríki umsókn frá BIOFA AG 18. mars 2016 um samþykki fyrir virka efninu natríumvetniskarbónati. Hinn 21. janúar 2020 var framkvæmdastjórnin upplýst um að leyfishafaréttindi umsækjandans hefðu yfirfærst frá Biofa AG til SCC Legal GmbH.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti Austurríki, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 26. apríl 2016.

3) Hinn 7. september 2017 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í júní 2018.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið natríumvetniskarbónat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 17. ágúst 2018. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu um natríumvetniskarbónat og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir natríumvetniskarbónati fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 24.–25. janúar 2019.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 11.9.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(9), 5407.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að natríumvetniskarbónat sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Natríumvetniskarbónat er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Því er rétt að samþykkja natríumvetniskarbónat sem áhættulítið efni.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið natríumvetniskarbónat, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Natríumvetniskarbónat CAS-nr.: 144-55-8	Natríumvetniskarbónat	≥ 990 g/kg Arsen ≤ 3 mg/kg Blý ≤ 2 mg/kg Kvikasilfur ≤ 1 mg/kg	1. október 2020	1. október 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunar-skýrslunni um natríumvetniskarbónat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„24	Natríumvetniskarbónat CAS-nr.: 144-55-8	Natríumvetniskarbónat	≥ 990 g/kg Arsen ≤ 3 mg/kg Blý ≤ 2 mg/kg Kvikasilfur ≤ 1 mg/kg	1. október 2020	1. október 2035	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um natríumvetniskarbónat, einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1276 **2021/EES/22/91**

frá 11. september 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu brómoxýníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Brómoxýníli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu brómoxýníli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu brómoxýníli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 21. mars 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að brómoxýníl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 10. apríl 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum alfa-sýpermetríni, benalaxýli, brómoxýníli, desmedífami, joxýníli og fenmedífami (Stjtíð ESB L 120, 24.4.2004, bls. 26).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance bromoxynil (variant evaluated bromoxynil octanoate).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4790, 24 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4790.

9) Í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar er tilgreint að meðan jafningjaryni stóð yfir hafi sérfræðingar frá aðildarríkjum og Matvælaöryggisstofnuninni lagt það til að brómoxýníl, sem fellur sem stendur undir samræmda flokkun og merkingu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]) sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 2. undirflokki, ætti að vera flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Af þeim sökum óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin athugaði hvort hægt væri að sýna fram á óveruleg váhrif í samræmi við lið 3.6.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Hinn 8. nóvember 2018 lagði Matvælaöryggisstofnunin þá niðurstöðu sína ([8]) fyrir framkvæmdastjórnina að að því er varðar dæmigerðu notkunina, sem um er að ræða, væri ekki hægt að líta á váhrif af völdum brómoxýníls, sem eru ekki fæðutengd, sem óveruleg. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi í þessum niðurstöðum áhættu fyrir börn vegna dæmigerðrar notkunar á brómoxýníli, jafnvel þegar tekið er tilliti til tiltækra mildandi ráðstafana.

10) Í niðurstöðu sinni frá 2017 tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin einnig mikla áhættu fyrir villt spendýr vegna fæðutengdra váhrifa af völdum brómoxýníls. Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að hvorki hafi verið hægt að ljúka mati á áhættu fyrir neytendur vegna afurða úr dýraríkinu né mati á áhættu fyrir lagarlífverur.

11) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegri skýrslu sinni ([9]) að jafnvel þótt ekki væri tiltækur nægilegur fjöldi efnafræðilegra staðgöngukosta, að því er varðar tiltekna notkun á brómoxýníli og í sumum aðildarríkjum, væru tiltækar margs konar fyrirbyggjandi og lagfærandi aðferðir sem ekki byggjast á notkun efna og að samsetning aðferða sem byggjast á notkun efna og aðferða sem gera það ekki virtist oft möguleg. Með tilliti til framangreindra áhyggjuefna, einkum áhættu fyrir börn, og að til eru staðgöngukostir sem gera það kleift að beita meginreglum um samþættar varnir gegn skaðvöldum, eins og kveðið er á um í 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru skilyrðin fyrir beitingu undanþágunnar í 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem sífellt bætist við, ekki uppfyllt.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

13) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

14) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu brómoxýníli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda brómoxýníl.

17) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda brómoxýníl ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 ([10]) var samþykkistímabilið fyrir brómoxýníl framlengt til 31. júlí 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið er tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([8]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment for the active substance bromoxynil in light of negligible exposure data submitted.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(12), 5490, 15 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5490.

([9]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Scientific report on evaluation of data concerning the necessity of bromoxynil as herbicide to control a serious danger to plant health which cannot be contained by other available means, including non-chemical methods.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5391, 80 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5391.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 frá 24. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 7).

19) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir brómoxýníli skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu brómoxýníli er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 85. lína, brómoxýníl, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda brómoxýníl sem virkt efni eigi síðar en 14. mars 2021.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 14. september 2021.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1280 **2021/EES/22/92**

frá 14. september 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benalaxýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Benalaxýli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu benalaxýli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2021.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu benalaxýli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 12. október 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjendanna og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að benalaxýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 19. desember 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/58/EB frá 23. apríl 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum alfa-sýpermetríni, benalaxýli, brómxýníli, desmedífami, joxýníli og fenmedífami (Stjtíð ESB L 120, 24.4.2004, bls. 26).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2019. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance benalaxyl.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020, 18(1), 5985, 41 bls., doi:10.2903/j.efsa.2020.5985

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi nokkur áhyggjuefni í niðurstöðu sinni. Einkum var ekki unnt að útiloka hugsanlega mengun grunnvatns af völdum viðkomandi umbrotsefna. Auk þess var langvarandi áhætta fyrir fugla og fugla sem éta ánamaðka vegna fylgieitrunar af völdum benalaxýls tilgreind sem verulegt áhyggjuefni. Einnig voru tilgreind áhyggjuefni í tengslum við langvarandi áhættu fyrir liðdýr utan markhóps að því er varðar alla dæmigerða notkun. Að lokum, í kjölfar beiðni frá Matvælaöryggisstofnuninni um viðbótarupplýsingar til að meta innkirtlatruflandi getu benalaxýls, staðfesti umsækjandinn að engar fleiri rannsóknir yrðu gerðar eða lagðar fram. Af þessum sökum er ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að efnið hafi enga innkirtlatruflandi eiginleika.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

12) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu benalaxýli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda benalaxýl.

15) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda benalaxýl ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir benalaxýl framlengt til 31. júlí 2021 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið er tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

17) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir benalaxýli skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu benalaxýli er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 84. lína, benalaxýl, brott.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/869 frá 24. júní 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, dímetómorf, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 201, 25.6.2020, bls. 7).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda benalaxýl sem virkt efni eigi síðar en 5. apríl 2021.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 5. október 2021.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1293 **2021/EES/22/93**

frá 15. september 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu asadíraktíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c-lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Asadíraktíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/44/ESB ([3]).

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu asadíraktíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, var takmarkað við notkun sem skordýraeyðir.

4) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Trifolio-M GmbH, einn af framleiðendum virka efnisins, umsókn fyrir tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Þýskaland 27. febrúar 2012 um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykki fyrir asadíraktíni til að leyfa notkun þess sem mítlaeyðir. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

5) Tilnefnt skýrslugjafaraðildarríki lagði mat á nýja notkun virka efnisins asadíraktíns í tengslum við hugsanleg áhrif á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið, í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, og setti saman viðbót við drög að matsskýrslu og viðbótarskýrslu sem var lögð fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 10. janúar 2013.

6) Í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 dreifði Matvælaöryggisstofnunin viðbót við drög að matsskýrslu og viðbótarskýrslu til umsækjandans og aðildarríkja til að fá athugasemdir þeirra og gerði hana aðgengilega almenningi. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum. Þýskaland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar og lagði uppfærða viðbót við drög að matsskýrslu og viðbótarskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 19. september 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að nýja notkunin á virka efninu asadíraktíni uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 14. september 2018. Framkvæmdastjórnin lagði drög að viðbót við endurskoðunarskýrsluna um asadíraktín og drög að reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. maí 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 16.9.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/44/ESB frá 13. apríl 2011 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu asadíraktíni og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/941/EB (Stjtíð ESB L 100, 14.4.2011, bls. 43).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance azadirachtin (Margosa extract).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(9), 5234. Doi: 10.2903/j.efsa.2018.5234.

8) Umsækjanda var boðið að leggja fram athugasemdir við viðbótina við endurskoðunarskýrsluna.

9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar ef plöntuverndarvaran er notuð sem mítlaeyðir. Því er rétt að afturkalla þá takmörkun að notkun á asadíraktíni sé eingöngu sem skordýraeyðir.

10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í línu 343, asadíraktín, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

„Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um asadíraktín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 11. mars 2011 og í viðbótinni við endurskoðunarskýrsluna um asadíraktín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 17. júlí 2020.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

1) fæðutengdum váhrifum á neytendur með tilliti til endurskoðunar á hámarksgildum leifa í framtíðinni,

2) vernd liðdýra utan markhóps og lagarlífvera.

Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1295 **2021/EES/22/94**

frá 16. september 2020

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 að því er varðar færslu virku efnanna karbetamíðs, emamektíns, flúrklóridóns, gammasýhalótríns, halósúlfúrónmetýls, ipkónasóls og tembótríóns á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 78. gr. og 7. mgr. 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([2]) var komið á fót skrá yfir virk efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 fyrir því að teljast efni sem ráðgert er að skipta út.

2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 var byggð á rannsókn þar sem gerð var úttekt á upplýsingum um virk efni sem voru samþykkt fyrir 31. janúar 2013. Í þágu samræmis og jafnrar meðferðar þykir rétt að uppfæra skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út með því að færa á skrá í hana önnur efni, sem hafa verið samþykkt samkvæmt umbreytingarreglum skv. 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við þá reglugerð.

3) Karbetamíð, flúrklóridón, halósúlfúrónmetýl og ipkónasól voru samþykkt skv. 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 en voru ekki færð á skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út þar eð þau uppfylltu á þeim tíma ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við þá reglugerð. Í nýlegum álitum sínum komst áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu að þeirri niðurstöðu að flokka ætti þessi virku efni sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]). Í ljósi þessa mats skal líta svo á að karbetamíð, flúrklóridón, halósúlfúrónmetýl og ipkónasól ([4]) uppfylli viðmiðunina sem sett er fram í sjötta undirlið 4. liðar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4) Ekki var tekið tillit til emamektíns, gammasýhalótríns og tembótríóns þegar skránni yfir efni, sem ráðgert er að skipta út, var komið á fót vegna þess að þau höfðu ekki enn verið samþykkt 31. janúar 2013, sem var lokadagsetning samþykkis fyrir efnum sem voru tekin með í rannsókninni sem var grundvöllurinn fyrir framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408, og var þeim því sleppt í skránni sem var komið á fót með þeirri framkvæmdarreglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 303, 17.9.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 frá 11. mars 2015 um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) Álit þar sem lögð er til samræmd flokkun og merking á vettvangi ESB á: karbetamíði (12. mars 2015) https://echa.europa.eu/documents/10162/b72929b7-77cc-148b-532c-4d5aab8661d4, flúrklóridóni (3. nóvember 2018) https://echa.europa.eu/documents/10162/f186167a-b346-82dc-f237-fc8f580416b2; halósúlfúrónmetýli (22. september 2017) https://echa.europa.eu/documents/10162/4f58f826-4c3d-9388-7c59-a2b101f0d2c4 og ipkónasóli (9. mars 2018) https://echa.europa.eu/documents/10162/bebd7903-5dc4-864a-da7a-7c3967da6e4d.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst þó að þeirri niðurstöðu, áður en virku efnin emamektín ([5]) og tembótríón ([6]) voru samþykkt, að þessi efni uppfylli viðmiðunina sem sett er fram í fyrsta undirlið 4. liðar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð ásættanleg, dagleg inntaka og viðtekin váhrif á notanda fyrir hvort efni fyrir sig eru talsvert lægri en viðmiðunargildin fyrir flest samþykkt virk efni.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að gammasýhalótrín ([7]) uppfylli viðmiðunina sem sett er fram í fyrsta undirlið 4. liðar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 vegna þess að viðtekin váhrif á notanda og viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar fyrir þetta efni eru talsvert lægi en viðmiðunargildin fyrir flest samþykkt virk efni.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 til samræmis við það til að taka tilhlýðilegt tillit til þessara mata.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 er breytt sem hér segir:

1) Heitinu „karbetamíð“ er bætt við milli færslunnar „karbendasím“ og færslunnar „klórótólúrón“.

2) Heitinu „emamektín“ er bætt við milli færslunnar „díkvat“ og færslunnar „epoxíkónasól“.

3) Heitinu „flúrklóridón“ er bætt við milli færslunnar „flúkinkónasól“ og færslunnar „glúfosínat“.

4) Heitinu „gammasýhalótrín“ er bætt við milli færslunnar „flúkinkónasól“ og færslunnar „glúfosínat“.

5) Heitinu „halósúlfúrónmetýl“ er bætt við milli færslunnar „glúfosínat“ og færslunnar „haloxýfóp-P“.

6) Heitinu „ipkónasól“ er bætt við milli færslunnar „ímasósúlfúrón“ og færslunnar „ísóprótúrón“.

7) Heitinu „tembótríón“ er bætt við milli færslunnar „tebúfenpýrað“ og færslunnar „tepraloxýdím“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([5]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2012. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance emamectin“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2955.

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2013. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance tembotrione“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(3), 3131.

([7]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2014. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance gamma-cyhalotrin“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3560.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1682 2021/EES/22/95

frá 12. nóvember 2020

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnin 2-hýdroxýetýlmetakrýlat (HEMA) og 11,14-díoxa-2,9-díasaheptadek-16-ensýra, 4,4,6, 16-tetrametýl-10,15-díoxó, 2-[(2-metýl-1-oxó-2-própenýl)oxý]etýlester (dí-HEMA-trímetýlhexýldíkarbamat eða dí-HEMA-TMHDC) sæta sem stendur hvorki banni né takmörkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

2) Hinn 2. júlí 2014 samþykkti Sænska lyfjastofnunin, sem er lögbært yfirvald í Svíþjóð að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1223/2009, og tilkynnti um ákvörðun skv. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 þar sem innleiddar voru takmarkandi ráðstafanir til bráðabirgða varðandi snyrtivöru fyrir neglur sem hafði valdið margs konar óæskilegum áhrifum. Efnin sem tilgreind voru sem líkleg til að valda þessum óæskilegum áhrifum voru HEMA og dí-HEMA-TMHDC.

3) Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 tilkynnti sænska lyfjastofnunin framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna án tafar um þær ráðstafanir sem gerðar voru og öll viðbótargögn.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst í áliti sínu frá 21.–22. júní 2018 ([2]) að þeirri niðurstöðu að „þegar HEMA og dí-HEMA-THMDC eru notuð á nöglina á viðeigandi hátt (...) sem hluti af kerfi til að móta gervineglur er ekki líklegt að það skapi áhættu á næmingu, að því tilskildu að notkun þeirra sé takmörkuð við nöglina eingöngu og að komist sé hjá snertingu við aðliggjandi húð“. Vísindanefndin um öryggi neytenda komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að „[b]æði HEMA og dí-HEMA-TMHDC eru vægir til meðalsterkir næmar og skapa áhættu á næmingu þegar vörurnar eru notaðar á rangan hátt eða þegar notkun þeirra er óviðeigandi eða þegar húð sem liggur að nöglunum mengast án ásetnings við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði“.

5) Samkvæmt 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 verða snyrtivörur, sem eru boðnar fram á markaði, að vera öruggar fyrir heilbrigði manna þegar þær eru notaðar við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

6) Við mat á eðlilegum eða sæmilega fyrirsjáanlegum notkunarskilyrðum skal taka tillit til hugsanlegrar rangrar notkunar, óviðeigandi notkunar eða notkunar án ásetnings. Ef um er að ræða vörur sem útheimta mikla nákvæmni er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af aðstæðum þar sem nákvæmnin við notkun þeirra er ekki nægileg.

7) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu eftir tilvik næmingar fyrir naglavörum sem innihalda HEMA og dí-HEMA-TMHDC, sem tilkynnt var um í nokkrum aðildarríkjum, að hætta sé á að slíkar vörur séu notaðar með ófullnægjandi nákvæmni sem veldur snertingu við húðina sem liggur að nöglinni.

8) Gera ætti greinarmun á faglegri notkun og notkun neytenda á snyrtivörum. Gert er ráð fyrir strangari öryggiskröfum hjá fagfólki. Einkum er gert ráð fyrir að fagfólk búi yfir meiri færni, reynslu og þekkingu á notkun snyrtivöru samanborið við neytendur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1592/17: https://ec.europa.eu/health/sites/health/files/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_214.pdf

9) Settar eru reglur um hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði og öryggi fagfólks með tilteknum tilskipunum Sambandsins þar sem mælt er fyrir um lágmarkskröfur, einkum í tilskipunum ráðsins 89/391/EBE ([1]) og 98/24/EB ([2]). Viðbótarreglur um öryggi fagfólks geta gilt.

10) Að því er varðar neytendur steðjar hugsanleg áhætta að heilbrigði manna vegna notkunar á HEMA og dí-HEMA-TMHDC í vörur fyrir neglur þar eð efnin HEMA og dí-HEMA-TMHDC eru, samkvæmt áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda, eingöngu talin örugg í vörur fyrir neglur ef þær eru notaðar á nöglina og þar eð taka ætti tillit til þess við eðlileg eða sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði að við notkun á nöglina gætu efnin borist á aðliggjandi húð.

11) Þar eð gert er ráð fyrir að notkun fagfólks á vörum fyrir neglur sem innihalda HEMA og dí-HEMA-TMHDC sé öruggari fyrir neytendur ætti einungis fagfólk að nota slíkar vörur og því ætti að bæta varnaðarorðunum „eingöngu til nota í atvinnuskyni“ á umbúðir slíkra vara.

12) Til að vekja athygli bæði fagfólks og neytenda á hugsanlegri heilbrigðisáhættu ætti að bæta varnarorðunum „getur valdið ofnæmisviðbrögðum“ á umbúðir vara fyrir neglur sem innihalda HEMA og dí-HEMA-TMHDC.

13) Því ætti að líta svo á að verndarráðstöfunin sem gerð var í Svíþjóð sé réttlætanleg. Af þessum sökum er nauðsynlegt að setja takmörkun á notkun HEMA og dí-HEMA-TMHDC í vörur fyrir neglur.

14) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

15) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast nýju kröfunum.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([1]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

VIÐAUKI

Í töflunni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er eftirfarandi færslum bætt við:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„313	2-hýdroxýetýlmetakrýlat (*)	HEMA	868-77-9	212-782-2	Vörur fyrir neglur		Eingöngu notkun í atvinnuskyni	Eingöngu til nota í atvinnuskyni Getur valdið ofnæmisviðbrögðum
314	11,14-díoxa-2,9-díasaheptadek-16-ensýra, 4,4,6,16-tetrametýl-10,15-díoxó, 2-[(2-metýl-1-oxó-2-própenýl)-oxý]etýlester (**)	DI-HEMA TRIMETHYLHEXYL DICARBAMATE	41137-60-4/72869-86-4	255-239-5/276-957-5	Vörur fyrir neglur		Eingöngu notkun í atvinnuskyni	Eingöngu til nota í atvinnuskyni Getur valdið ofnæmisviðbrögðum

(*) Frá og með 3. júní 2021 skal ekki setja vörur, sem innihalda þetta efni og eru ekki í samræmi við þessi skilyrði, á markað í Sambandinu. Frá og með 3. september 2021 skal ekki bjóða vörur, sem innihalda þetta efni og eru ekki í samræmi við þessi skilyrði, fram á markaði í Sambandinu.

(**) Frá og með 3. júní 2021 skal ekki setja vörur, sem innihalda þetta efni og eru ekki í samræmi við þessi skilyrði, á markað í Sambandinu. Frá og með 3. september 2021 skal ekki bjóða vörur, sem innihalda þetta efni og eru ekki í samræmi við þessi skilyrði, fram á markaði í Sambandinu.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1683 2021/EES/22/96

frá 12. nóvember 2020

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar birtingar á vísindarannsókn árið 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta á krabbameini í þvagblöðru“ (e. *Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk*), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um neysluvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ([2]), að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir heilbrigðisáhættuþættir í tengslum við notkun hárlitunarefna væru áhyggjuefni.

2) Vísindanefndin um neysluvörur mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða krabbameinsvaldandi áhrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.

3) Í kjölfar álits vísindanefndarinnar um neysluvörur komst framkvæmdastjórnin að samkomulagi við aðildarríkin og hagsmunaaðila um heildaráætlun um að setja reglur um efni, sem eru notuð í hárlitunarvörur, en samkvæmt henni er þess krafist að aðilar iðngreinarinnar leggi fram skrár með uppfærðum vísindagögnum um öryggi hárlitunarefna, sem vísindanefndin um neysluvörur á að meta.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda, sem kom í stað vísindanefndarinnar um neysluvörur samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB ([3]), lagði mat á öryggi einstakra hárlitunarefna sem iðnaðurinn hafði lagt fram uppfærðar skrár fyrir.

5) Af mati vísindanefndarinnar um öryggi neytenda leiðir að nauðsynlegt er, til að tryggja öryggi hárlitunarvara fyrir heilbrigði manna, að banna notkun þriggja hárlitunarefna, 1,2,4-tríhýdroxýbensens ([4]), 2-[(4-amínó-2-nítrófenýl)-amínó]-bensósýru ([5]) og 4-amínó-3-hýdroxýtólúens ([6]), á grundvelli lokaálita frá vísindanefndinni um öryggi neytenda varðandi öryggi þeirra. Í ljósi lokaálita vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi sex önnur hárlitunarefni, dímetýlpíperasíníumamínópýrasólpýridínvetnisklóríð ([7]), metýlimídasólíumprópýl p-fenýlendíamínvetnisklóríð ([8]), HC Orange nr. 6 ([9]), Acid Orange 7 ([10]), tetrabrómófenólblátt ([11]) og *Indigofera Tinctoria* ([12]) þykir þar að auki rétt að takmarka hámarksstyrk þeirra til notkunar í hárlitunarvörur.

6) Í skilgreiningunni á hárvöru, sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. í inngangsorðum II. til VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009, er notkun hárlitunarefna á augnhár undanskilin á grundvelli þess að áhættustigið er ekki það sama þegar snyrtivara er notuð á hár á höfði samanborið við að nota sömu vöruna á augnhár. Því var þörf á sérstöku öryggismati fyrir notkun hárlitunarefna á augnhár.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB frá 3. mars 2004 um að skipa vísindanefndir á sviði neytendaöryggis, lýðheilsu og umhverfis (Stjtíð. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. september 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB (Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21).

([4]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1598/18.

([5]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1497/12.

([6]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1400/11.

([7]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1584/17.

([8]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1609/19.

([9]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1579/16.

([10]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1536/14.

([11]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1610/19.

([12]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1615/20.

7) Efnið 2-metóxýmetýl-p-fenýlendíamín og súlfat þess eru skráð í færslu 292 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Að teknu tilliti til niðurstaðna úr nýjasta áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ([13]) varðandi notkun þessara efna á augnhár ætti að rýmka gildissvið takmörkunarinnar sem þau falla undir þannig að hún nái yfir vörur sem eru ætlaðar til að lita augnhár.

8) Til að koma í veg fyrir alla áhættu sem tengist því þegar neytendur nota sjálfir vörur, sem eru ætlaðar til að lita augnhár, sem innihalda 2-metoxýmetýl-p-fenýlendíamín og súlfat þess ætti eingöngu að leyfa þessar vörur til nota í atvinnuskyni.

9) Til að upplýsa neytendur og fagfólk um hugsanlegar aukaverkanir af notkun hárlitunarefna og vara sem ætlaðar eru til að lita augnhár, með það að markmiði að draga úr áhættu á húðnæmingu af völdum þessara vara, ætti að prenta viðeigandi varnaðarorð á merkimiðana.

10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

11) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast nýjum kröfum og hætta í áföngum notkun snyrtivara sem uppfylla ekki þessar kröfur.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([13]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1603/18.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslum er bætt við í töflunni í II. viðauka:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
„1642	1,2,4-tríhýdroxýbensen (*), við notkun í hárlitunarvörur og í vörur til litunar á augnhárum	533-73-3	208-575-1
1643	4-amínó-3-hýdroxýtólúen (*), við notkun í hárlitunarvörur og í vörur til litunar á augnhárum	2835-98-5	220-620-7
1644	2-[(4-amínó-2-nítrófenýl)-amínó]-bensósýra (*), við notkun í hárlitunarvörur og í vörur til litunar á augnhárum	117907-43-4	411-260-3

(*) Frá og með 3. september 2021 skal ekki setja hárlitunarvörur og vörur til litunar á augnhárum, sem innihalda þessi efni, á markað í Sambandinu.Frá og með 3. júní 2022 skal ekki bjóða hárlitunarvörur og vörur til litunar á augnhárum, sem innihalda þessi efni, fram á markaði í Sambandinu.“

2) Í III. viðauka er töflunni breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu 292 kemur eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„292	1,4-bensendíamín, 2-(metoxýmetýl) 1,4-bensendíamín, 2-(metoxýmetýl)-, súlfat	2-Methoxymethyl-p-Phenylenediamine 2-Methoxymethyl-p-Phenylenediamine Sulfate	337906-36-2 337906-37-3	679-526-3 638-749-6	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Vörur sem eru ætlaðar til að lita augnhár		a) b) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár eða á augnhár ekki fara yfir 1,8% (reiknaður sem óbundinn basi) b) Notkun í atvinnuskyni	a) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára.

								Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með svörtum hennalit.“ b) Prenta skal á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Þessi vara getur kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita augnhárin ef neytandinn:

								— er með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — hefur fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun eða augnháralitun, — hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“. Eingöngu til nota í atvinnuskyni. Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau.“

b) Eftirfarandi færslum er bætt við:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„315	4-(3-amínópýrasól-[1,5-a]pýridín-2-ýl)-1,1-dímetýl-píperasín-1-íumklóríð-hýdróklóríð	Dimethylpiperazinium Aminopyrazolopyridine HCl	1256553-33-9	813-255-5	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Frá og með 3. júní 2021 má hámarksstyrkur við notkun í hár, eftir blöndun við oxandi skilyrði, ekki fara yfir 2% (reiknaður sem óbundinn basi)	Frá og með 3. desember 2021 skal prenta á merkimiðann: Blöndun-arhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi.

								Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með svörtum hennalit.“
316	1-(3-((4-amínófenýl)-amínó)própýl)-3-methýl-1H-imídasól-3-íumklóríð-hýdróklóríð	Methylimi-dazoliumpropyl p-phenylenediamine HCl	220158-86-1		Hárlitunarefni í oxandi hárlitunar-vörum		Frá og með 3. júní 2021 má hámarksstyrkur við notkun í hár, eftir blöndun við oxandi skilyrði, ekki fara yfir 2% (reiknaður sem óbundinn basi)	Frá og með 3. desember 2021 skal prenta á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með svörtum hennalit.“

317	Dí[2-[(E)-2-[4-[bis(2-hýdroxýetýl)-amínófenýl]vínýl]-pýridín-1-íum] etýl]dísúlfíðdí-metansúlfónat	HC Orange No 6	1449653-83-1		Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	Frá og með 3. júní 2021: 0,5%	Óhreinindi metansúlfónats, einkum etýlmetansúlfónat, skulu ekki vera fyrir hendi.	
318	Natríum 4-[(2-hýdroxý-1-naftýl)-asó]bensensúlfónat	Acid Orange 7	633-96-5	211-199-0	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	Frá og með 3. júní 2021: 0,5%		
319	Fenól, 4,4'-(4,5,6,7-tetrabrómó-1,1-díoxídó-3H-2,1-bensoxaþíól-3-ýlíden)bis[2,6-díbrómó-	Tetrabromophenol Blue	4430-25-5	224-622-9	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) Frá og með 3. júní 2021: 0,2%	a) Frá og með 3. júní 2021 má hámarksstyrkur við notkun í hár, eftir blöndun við oxandi skilyrði, ekki fara yfir 0,2 % (reiknaður sem óbundinn basi)	a) Frá og með 3. desember 2021 skal prenta á merkimiðann: Blöndunarhlutfallið. „⚠ Litgjafar fyrir hár geta kallað fram alvarleg ofnæmisviðbrögð. Lesið og fylgið leiðbeiningum. Þessi vara er ekki ætluð til notkunar fyrir einstaklinga sem eru yngri en 16 ára. Tímabundið húðflúr með „svörtum hennalit“ getur aukið hættu á ofnæmi. Ekki skal lita hárið: — ef þú ert með útbrot í andliti eða með viðkvæman hársvörð, ertingu í hársverði eða skaddaðan hársvörð, — ef þú hefur einhvern tímann fundið fyrir óþægindum eftir hárlitun, — ef þú hefur áður fundið fyrir óþægindum eftir tímabundið húðflúr með svörtum hennalit.“

320	*Indigofera tinctoria*, lauf af *Indigofera tinctoria L, þurrkuð* og möluð í duft	*Indigofera tinctoria* leaf *Indigofera tinctoria* leaf powder *Indigofera tinctoria* leaf extract *Indigofera tinctoria* extract	84775-63-3	283-892-6	Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	Frá og með 3. júní 2021: 25%“		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1684 2021/EES/22/97

frá 12. nóvember 2020

um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. desember 2019 ([2]) (hér á eftir nefnt álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda) að notkun á metoxýprópýlamínósýklóhexenýlídenetoxýetýlsýanóasetati sem útblámasíu í snyrtivörur í hámarksstyrk sem nemur 3% sé örugg. Eiturhrif við innöndun voru ekki metin í áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda vegna þess að engin gögn voru lögð fram. Af þessum sökum á álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda ekki við um snyrtivörur í úðaformi sem gætu leitt til váhrifa á lungu endanlegra notenda við innöndun.

2) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst einnig að þeirri niðurstöðu í áliti sínu að metoxýprópýla-mínósýklóhexenýlídenetoxýetýlsýanóasetat sé annars stigs amín og hafi því tilhneigingu til að mynda og myndi nítrósamín. Ekki ætti að nota það ásamt nítrósamínmyndandi efnum. Nítrósamíninnihald ætti að vera minna en 50 milljarðshlutar.

3) Í ljósi álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda og í því skyni að taka tillit til framfara í tækni og vísindum ætti að leyfa notkun metoxýprópýlamínósýklóhexenýlídenetoxýetýlsýanóasetats sem útblámasíu í snyrtivörur í hámarksstyrk sem nemur 3% að undanskilinni notkun sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.

4) Því ætti að breyta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1605/19.

VIÐAUKI

Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er eftirfarandi færslu bætt við:

Tilvísunar-númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN/XAN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„32	2-etoxýetýl (2Z)2-sýanó-2-[3-(3-metoxýprópýlamínó) sýklóhex-2-en-1-ýlíden]asetat	Methoxypropylamino Cyclohexenylidene Ethoxyethylcyanoacetate	1419401-88-9	700-860-3		3%	— Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum – Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít“	

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1764 **2021/EES/22/98**

frá 14. mars 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ekki er fyrir hendi viðeigandi ákvörðun um mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu. Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi eigi að nota til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis þessara rimlahandriðs- og rimlagirðingareininga.

2) Að teknu tilliti til reynslu af eiginleikum viðkomandi vara á nýtingartíma þeirra, sem lýst er í könnun sem var gerð vegna ágalla á þessum vörum, ætti framleiðandinn að meta nothæfi þeirra að því er varðar alla mikilvæga eiginleika, nema viðbrögð við bruna, áður en varan en sett á markað. Ekki er þörf á fleiri kostnaðarsömum kerfum. Að því er varðar nothæfi, með tilliti til viðbragða við bruna, ætti val á kerfi 1, 3 eða 4 að teljast viðeigandi með tilvísun til mismunandi undirflokka vara.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.

2. gr.

Að því er varðar mikilvæga eiginleika rimlahandriðs- og rimlagirðingareininganna, sem um getur í 1. gr., skal meta og sannprófa stöðugleika nothæfis þeirra í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í viðaukanum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

KERFI TI L AÐ META OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA NOTHÆFIS

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika nema viðbrögð við bruna

Vörur og áætluð notkun þeirra	**Núverandi kerfi**
Rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.	**4**

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Vörur og áætluð notkun þeirra	**Undirflokkar vara**	**Núverandi kerfi**
Rimlahandriðs- og rimlagirðingareiningar sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar í tengslum við byggingarmannvirki til að koma í veg fyrir fall og sem eiga ekki að verða fyrir lóðréttu álagi frá mannvirkinu.	Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. viðbót af eldtefjandi efnum eða takmörkun á lífrænum efnum).	**1**
	Vörur þar sem evrópskur lagagrundvöllur er fyrir hendi sem unnt er að nota til að flokka nothæfi varanna, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, án prófunar.	**4**
	Vörur sem falla ekki undir aðra undirflokka.	**3**

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/450 **2021/EES/22/99**

frá 19. mars 2019

um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 305/2011 eiga tæknimatsstofnanir að nota aðferðir og viðmiðanir, sem kveðið er á um í evrópskum matsskjölum, þar sem tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, til að meta nothæfi byggingarvara sem falla undir þessi skjöl í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.

2) Í kjölfar ýmissa beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, tekið saman og samþykkt ýmis evrópsk matsskjöl.

3) Framkvæmdastjórnin hefur metið hvort evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylli kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.

4) Evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 305/2011. Því er viðeigandi að birta tilvísanir til þessara evrópsku matsskjala í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilvísanir til evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur, samin til stuðnings reglugerð (ESB) nr. 305/2011, sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa ákvörðun eru hér með birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

Tilvísun til og titill evrópsks matsskjals

040427-00-0404	Varmaeinangrunarkerfi til nota utandyra (ETICS) með múr sem varmaeinangrandi efni og gifslag eða ósamfelldar klæðningar sem ytra byrði
060012-00-0802	Reykháfakerfi fyrir reykrörsfóðringar úr glertrefjum, ólífrænum og lífrænum efnum og fylgihlutum
090119-00-0404	Klæðningarkerfi fyrir útveggi úr steinefnaplötum með múrhúð sem borin er á á staðnum
090120-00-0404	Sett fyrir steinefnaplötur á útveggjakerfi sem eru ekki hluti af burðarvirkinu
130031-00-0304	Málmnet fyrir burðarbita og súlur
130082-00-0603	Klæðningarkerfi fyrir útveggi - plastklemmur til að festa timbur eða afurðir úr timbri utan á byggingarhluta
260014-00-0301	Aukefni af gerð II úr glæddu lagsílíkati

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/896 **2021/EES/22/100**

frá 28. maí 2019

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar evrópsk matsskjöl um skilveggjasamstæður sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfi sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum, þunnar samsettar málmplötur, sveigjanlegar, holar smákúlur sem steypublanda, festibúnað fyrir þak og sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 305/2011 eiga tæknimatsstofnanir að nota aðferðir og viðmiðanir, sem kveðið er á um í evrópskum matsskjölum, þar sem tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, til að meta nothæfi byggingarvara sem falla undir þessi skjöl í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.

2) Í kjölfar ýmissa beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, tekið saman og samþykkt ýmis evrópsk matsskjöl.

3) Evrópsku matsskjölin tengjast skilveggjasamstæðum sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfum sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum, þunnum samsettum málmplötum, sveigjanlegum, holum smákúlum sem steypublanda, festibúnaði fyrir þak og sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum. Evrópsk matsskjöl innihalda almenna lýsingu á byggingarvörunni, skrá yfir mikilvæga eiginleika sem skipta máli fyrir ætlaða notkun vörunnar samkvæmt tilgreiningu framleiðandans og sem samkomulag ríkir um á milli framleiðandans og samtaka tæknimatsstofnana, ásamt aðferðum og viðmiðunum fyrir mat á nothæfi vörunnar í tengslum við þá mikilvægu eiginleika.

4) Enda þótt evrópsku matsskjölin, sem tengjast skilveggjasamstæðum sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfum sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum og sjálfberandi, gagnsæjum þakeiningum sem eru klæddar plastplötum, hafi verið gefin út, í stað samsvarandi fyrri viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki, byggjast evrópsku matsskjölin, sem tengjast þunnum samsettum málmplötum, sveigjanlegum, holum smákúlum sem steypublanda og festibúnaði fyrir þak, eingöngu á beiðni einstakra framleiðenda um evrópskt tæknimat.

5) Framkvæmdastjórnin hefur metið hvort evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylli kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.

6) Evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011, þar eð atriðin, sem eru tilgreind í 3. forsendu þessarar ákvörðunar, hafa verið felld inn í matsskjölin á tilhlýðilegan hátt. Því er viðeigandi að birta tilvísanir til þessara evrópsku matsskjala í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7) Skrá yfir evrópsk matsskjöl er birt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 ([2]). Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta tilvísunum til nýrra evrópskra matsskjala í þá skrá.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtíð. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78).

8) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 til samræmis við það.

9) Til að gera mögulegt að nota evrópsku matsskjölin eins og fljótt og auðið er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Eftirfarandi línum er bætt í viðaukann við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450:

„030351-00-0402	Kerfi sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 006“)
210005-00-0505	Skilveggjasamstæður sem eru ekki hluti af burðarvirki (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 003“)
210046-00-1201	Þunnar samsettar málmplötur
220089-00-0401	Sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 010“)
260017-00-0301	Sveigjanlegar, holar smákúlur sem steypublanda
331924-00-0602	Festibúnaður fyrir þak“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1059 **2021/EES/22/101**

frá 27. apríl 2020

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldra reglugerða (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012 og (ESB) nr. 874/2012 að því er varðar merkingu tiltekinna orkutengdra vara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 ([2]) eru villur í IV. lið 1. liðar 1. hluta og V. lið 1. liðar. 1. hluta í I. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári og árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári, sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir uppþvottavélar til heimilisnota, og í f- og i-lið 1. liðar í II. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári og árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári á vöruupplýsingablaði fyrir uppþvottavélar til heimilisnota, sem eiga að koma fram í kynningarriti fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni.

2) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010 er villa í c-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári sem veita á fyrir uppþvottavélar til heimilisnota í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

3) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010 er villa í d-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári sem veita á fyrir uppþvottavélar til heimilisnota í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

4) Í ítölsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010 er villa í ii. lið c-liðar 1. liðar í VII. viðauka að því er varðar útreikning á staðlaðri árlegri orkunotkun (SAE_C) tiltekinna uppþvottavéla til heimilisnota í kílóvattstundum á ári.

5) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010 er villa í 3. lið VII. viðauka að því er varðar útreikning á árlegri vatnsnotkun (AW_C) uppþvottavéla til heimilisnota í lítrum.

6) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 ([3]) er villa í VI. lið 1. liðar 1. hluta í II. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir kælitæki til heimilisnota sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til C.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7. 2017, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).

7) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1060/2010 er villa í f-lið 1. liðar III. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) á vöruupplýsingablaði fyrir kælitæki til heimilisnota í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram í kynningarriti fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni.

8) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1060/2010 er villa í b-lið 1. liðar V. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun (AE_C) sem veita á fyrir kælitæki til heimilisnota í kílóvattstundum á ári, í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

9) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, finnsku, frönsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 ([4]) eru villur í IV. lið 1. liðar 1. hluta og V. lið 1. liðar 1. hluta í I. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári og vegna árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir þvottavélar til heimilisnota.

10) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 eru villur í f- og i-lið 1. liðar II. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári og vegna árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári á vöruupplýsingablaði fyrir uppþvottavélar til heimilisnota sem eiga að koma fram í kynningarriti fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni.

11) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 er villa í c-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári sem á að veita fyrir þvottavélar til heimilisnota í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

12) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 er villa í d-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári sem á að veita fyrir þvottavélar til heimilisnota í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

13) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 eru villur í 2. lið VII. viðauka að því er varðar útreikning í lítrum á veginni árlegri vatnsnotkun (AW_C) þvottavéla til heimilisnota.

14) Í þýsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 er villa í 3. lið VII. viðauka að því er varðar útreikning í prósentum á vegnu rakainnihaldi (D), sem eftir er, í þvottavélum til heimilisnota.

15) Í grísku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 ([5]) er villa í IV. lið a-liðar 1. liðar í V. viðauka að því er varðar upplýsingar um aflnotkun í vöttum þegar kveikt er á tækinu sem eiga að koma fram á orkumerkimiða fyrir sjónvörp.

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).

16) Í ítölsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 ([6]) er villa í c-, d- og e-lið 4. gr. að því er varðar tilvísanir í orkunýtniflokka í auglýsingum og tæknilegu kynningarefni fyrir loftjöfnunarsamstæður (e. *air conditioners*) og tilvísanir í einstokka loftjöfnunarsamstæður á umbúðum, í vöruupplýsingum og kynningar- eða auglýsingaefni.

17) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í lið 1.1 (V. lið a-liðar), 1.1 (VI. lið a-liðar), 1.1 (VII. lið a-liðar) og 1.1 (VIII. lið a-liðar) í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um hönnunarálag í kílóvöttum fyrir kælingarham, hönnunarálag í kílóvöttum fyrir hitunarham, gildi árstíðabundins orkunýtnihlutfalls (SEER) fyrir kælingarham og gildi árstíðabundins nýtnistuðuls (SCOP) fyrir hitunarham sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

18) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í IX. lið a-liðar í lið 1.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

19) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 10. lið iv. liðar í lið 1.5 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi árstíðabundins nýtnistuðuls og gildi árstíðabundins orkunýtnihlutfalls fyrir tvívirkar loftjöfnunarsamstæður.

20) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 2.1 og VI. lið a-liðar í lið 2.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um hönnunarálag vegna kælingar í kílóvöttum og gildi árstíðabundins orkunýtnihlutfalls fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

21) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 2.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

22) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 10. lið iv. liðar í lið 2.5 í III. viðauka að því er varðar kröfur sem á að uppfylla um hönnun merkimiða varðandi gildi árstíðabundins orkunýtnihlutfalls fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar.

23) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 3.1 og VI. lið a-liðar í lið 3.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um hönnunarálag vegna hitunar í kílóvöttum og gildi árstíðabundins nýtnistuðuls sem eiga að koma fram á orkumerkimiða fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

24) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 3.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um árlega orkunotkun í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A til G.

25) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 9. lið iv. liðar í lið 3.5 í III. viðauka að því er varðar kröfur sem á að uppfylla um hönnun merkimiða varðandi gildi árstíðabundins nýtnistuðuls fyrir loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar.

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæðna (Stjtíð. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1).

26) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 4.1 og VI. lið a-liðar í lið 4.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl fyrir kælingar- og hitunarham í kílóvöttum og um gildi málorkunýtnihlutfalls (EER_{rated}) og málnýtnistuðuls (COP_{rated}) sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar, tvístokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

27) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 4.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar, tvístokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

28) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 4.2 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi nýtnistuðuls (COP) og orkunýtnihlutfalls (EER) fyrir tvívirkar, tvístokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

29) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 4.3 og VI. lið a-liðar í lið 4.3 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl vegna kælingar í kílóvöttum og gildi orkunýtnihlutfalls, sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

30) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 4.3 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

31) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 4.4 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla varðandi hönnun á merkimiðanum varðandi gildi orkunýtnihlutfalls (EER) fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

32) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 4.5 og VI. lið a-liðar í lið 4.5 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl vegna hitunar í kílóvöttum og gildi málnýtnistuðuls sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

33) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 4.5 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

34) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 4.6 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi nýtnistuðuls (COP) fyrir tvístokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

35) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í V. lið a-liðar í lið 5.1 og VI. lið a-liðar í lið 5.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl fyrir kælingar- og hitunarham í kílóvöttum og gildi málorkunýtnihlutfalls og málnýtnistuðuls sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar, einstokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

36) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í VII. lið a-liðar í lið 5.1 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir tvívirkar, einstokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D. Þessar villur hafa áhrif á allar tungumálaútgáfur.

37) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, þýsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 5.2 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi orkunýtnihlutfalls (EER) og nýtnistuðuls (COP) fyrir tvívirkar, einstokka loftjöfnunarsamstæður sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

38) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 5.3 og VI. lið a-liðar í lið 5.3 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl vegna kælingar í kílóvöttum og gildi málorkunýtnihlutfalls sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

39) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í VII. lið a-liðar í lið 5.3 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D. Þessar villur hafa áhrif á allar tungumálaútgáfur.

40) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 5.4 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi orkunýtnihlutfalls (EER) fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til kælingar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

41) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í V. lið a-liðar í lið 5.5 og VI. lið a-liðar í lið 5.5 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um málafl vegna hitunar í kílóvöttum og gildi málnýtnistuðuls sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

42) Í búlgörsku, króatísku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í VII. lið a-liðar í lið 5.5 í III. viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

43) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í 11. lið iv. liðar í lið 5.6 í III. viðauka að því er varðar kröfurnar sem á að uppfylla um hönnun á merkimiðanum varðandi gildi nýtnistuðuls fyrir einstokka loftjöfnunarsamstæður eingöngu til hitunar sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til D.

44) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012 ([7]) er villa í IV. lið í lið 1.1 í I. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota.

45) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012 eru villur í f-lið 1. liðar II. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) á vöruupplýsingablaði fyrir þurrkara til heimilisnota, sem nota rafmagn, og upplýsingar um vegna árlega orkunotkun ($AE_{C(Gas)}$ og $AE_{C(Gas)el}$) á vöruupplýsingablaði fyrir þurrkara til heimilisnota, sem eru gaskyntir, sem eiga að koma fram í kynningarriti fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni, og í i. lið f-liðar í 1. lið III. viðauka að því er varðar tæknilega þætti fyrir mælingu á veginni árlegri orkunotkun ($AE_{C(Gas)}$ og $AE_{C(Gas)el}$) þurrkara til heimilisnota, sem eru gaskyntir, sem eiga að fylgja tæknigögnunum sem um getur í c-lið 3. liðar þeirrar framseldar reglugerðar.

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2012 frá 1. mars 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilisnota (Stjtíð. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 1).

46) Í búlgörsku, króatísku, hollensku, eistnesku, finnsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012 eru villur í d-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna árlega orkunotkun (AE_C) sem á að veita fyrir þurrkara til heimilisnota, sem nota rafmagn, og upplýsingar um vegna árlega orkunotkun ($AE_{C(Gas)}$ og $AE_{C(Gas)el}$) sem á að veita fyrir þurrkara til heimilisnota, sem eru gaskyntir, í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu og í f-lið 1. liðar þess viðauka að því er varðar upplýsingar um orkunotkun (E_{dry}, $E_{dry½}$, Eg_{dry}, $Eg_{dry½}$, $Eg_{dry,a}$, $Eg_{dry½,a}$) fyrir staðalbaðmullarkerfi við fullt álag og hlutaálag sem á að veita fyrir þurrkara til heimilisnota í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

47) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012 er villa í annarri málsgrein 2. liðar VI. viðauka að því er varðar vegin þéttingarafköst (C_t) þurrkara til heimilisnota með gufuþétti. Þessi villa hefur áhrif á allar tungumálaútgáfur.

48) Í króatísku, hollensku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 ([8]) eru villur í IV. lið 2. liðar 1. hluta í I. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna orkunotkun (E_C) í kílóvattstundum á 1000 klukkustundum sem eiga að koma fram á orkumerkimiðanum fyrir rafmagnsljósaperur.

49) Í króatísku, tékknesku, hollensku, eistnesku, grísku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012 er villa í b-lið 1. liðar IV. viðauka að því er varðar upplýsingar um vegna orkunotkun í kílóvattstundum á 1000 klukkustundum sem á að veita fyrir rafmagnsljósaperur í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna í útstillingu.

50) Í þýsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012 er villa í annarri og þriðju málsgrein 1. hluta VII. viðauka að því er varðar útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar ljósaperu.

51) Því ætti að leiðrétta framseldar reglugerðir (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012 og (ESB) nr. 874/2012 til samræmis við það.

52) Framseldar reglugerðir (ESB) nr. 1059/2010, (ESB) nr. 1060/2010, (ESB) nr. 1061/2010, (ESB) nr. 1062/2010, (ESB) nr. 626/2011, (ESB) nr. 392/2012 og (ESB) nr. 874/2012 hafa verið samþykktar með því að nota sama lagagrundvöll. Þær varða tengdar kröfur að því er varðar tiltekna flokka orkutengdra vara. Til þess að tryggja að brugðist sé við villunum í þessum tengdu gerðum á samræmdan hátt ætti að leiðrétta þær framseldu reglugerðir með einni gerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1059/2010

(á ekki við um íslensku útgáfuna)

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1060/2010

(á ekki við um íslensku útgáfuna)

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar rafmagnsljósapera og lampa (Stjtíð. ESB L 258, 26.9.2012, bls. 1).

3. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010

(á ekki við um íslensku útgáfuna)

4. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2010

(á ekki við um íslensku útgáfuna).

5. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011

Framseld reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er leiðrétt sem hér segir:

1) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

2) Ákvæði III. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

b) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

c) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

d) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

e) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

f) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

g) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

h) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

i) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

j) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

k) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

l) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

m) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

n) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

o) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

p) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

q) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

r) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

s) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

t) í stað VII. liðar a-liðar í lið 5.1 kemur eftirfarandi:

„VII. orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum, vegna kælingar og hitunar, námundað að næstu heilu tölu,“

u) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

v. *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

w) í stað VII. liðar a-liðar í lið 5.3 kemur eftirfarandi:

„VII. orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum, námundað að næstu heilu tölu,“

x. *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

y) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

z) í stað VII. liðar a-liðar í lið 5.5 kemur eftirfarandi:

„VII. orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum, námundað að næstu heilu tölu,“

aa) *(á ekki við um íslensku útgáfuna).*

6. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 392/2012

Framseld reglugerð (ESB) nr. 392/2012 er leiðrétt sem hér segir:

1) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

2) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

3) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

4) *(á ekki við um íslensku útgáfuna)*

5) í VI. viðauka kemur eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar 2. liðar:

„Reikna skal út þéttingarafköst (C_t) þurrkara til heimilisnota með gufuþétti í samræmi við 3. lið VII. viðauka.“

7. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 874/2012

(á ekki við um íslensku útgáfuna).

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/987 **2021/EES/22/102**

frá 20. janúar 2020

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 ([2]) eru villur í e-lið 2. mgr. 1. gr. að því er varðar loftræstieiningar fyrir íbúðarhúsnæði sem falla utan gildissviðs hennar. Þær villur hafa áhrif á efni þess ákvæðis.

2) Í maltnesku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er einnig villa í f-lið 2. mgr. 1. gr. að því er varðar loftræstieiningar fyrir íbúðarhúsnæði sem falla utan gildissviðs hennar. Sú villa hefur áhrif á efni þess ákvæðis.

3) Í sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er þar að auki villa í 9. lið I. viðauka og o-lið IV. viðauka að því er varðar eitt hugtakanna sem eru skilgreind að því er varðar II. til IX. viðauka. Sú villa hefur áhrif á efni þeirra ákvæða.

4) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7. 2017, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði (Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 27).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseld reglugerð (ESB) nr. 1254/2014 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) eru búnar varmaskipti og varmadælu fyrir varmaendurvinnslu eða gera varmaflutning eða varmaútdrátt mögulegan til viðbótar við varmaendurvinnslukerfið, nema varmaflutning vegna frostvarnar eða afísingar,“.

b) *(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

2) *(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

3) *(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/834 2021/EES/22/103

frá 20. maí 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrám og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([4]) öðlaðist gildi 16. ágúst 2012. Kröfurnar í henni, einkum um miðlæga stöðustofnun staðlaðra afleiðusamninga sem ekki eru viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði (OTC), tryggingarkröfur og kröfur um mildun rekstraráhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, skýrslugjafarskyldu um afleiðusamninga, kröfur á miðlæga mótaðila (CCP) og kröfur fyrir afleiðuviðskiptaskrár, stuðla að því að draga úr kerfisáhættu með því að auka gagnsæi á OTC-afleiðumarkaðnum og draga úr greiðslufallsáhættu mótaðila og rekstraráhættunni í tengslum við OTC-afleiður.

2) Einföldun tiltekinna sviða sem fjallað er um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og betri hlutfallsleg nálgun að þeim eru í samræmi við áætlun framkvæmdastjórnarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf þar sem lögð er áhersla á þörfina á kostnaðarlækkun og einföldun þannig að markmið í stefnum Sambandsins náist á sem skilvirkastan hátt, einkum sé miðað að því að draga úr reglugerðarbyrði og stjórnsýsluálagi. Slík einföldun og betri hlutfallsleg nálgun ætti þó ekki að hafa áhrif á heildarmarkmiðin um að stuðla að fjármálastöðugleika og milda kerfisáhættu í samræmi við yfirlýsingu forystumanna G20-hópsins á leiðtogafundinum í Pittsburgh 26. september 2009.

3) Skilvirk og álagsþolin eftirviðskiptakerfi og markaðir fyrir tryggingar eru grundvallarþættir í starfhæfu sambandi fjármagnsmarkaða og styðja við viðleitni til að efla fjárfestingar, vöxt og atvinnu í samræmi við pólitískar áherslur framkvæmdastjórnarinnar.

4) Á árunum 2015 og 2016 hafði framkvæmdastjórnin tvisvar sinnum samráð við almenning um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin fékk einnig ábendingar um beitingu reglugerðarinnar frá Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) (ESMA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]), Evrópska kerfisáhætturáðinu (ESRB), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 ([6]), og seðlabankakerfi Evrópu (ESCB). Þetta samráð við almenning leiddi í ljós að hagsmunaaðilar studdu markmið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og ekki var þörf fyrir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 385, 15.11.2017, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB C 434, 15.12.2017, bls. 63.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1).

yfirgripsmikla endurskoðun á þeirri reglugerð. Hinn 23. nóvember 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin almenna skýrslu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þótt ekki hefði öllum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verið beitt að fullu og ítarlegt mat á henni þar af leiðandi ekki mögulegt sýndi skýrslan hvaða svið þörfnuðust markvissra aðgerða til að tryggja að markmið reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 næðu fram að ganga á hlutfallslegri, skilvirkari og árangursríkari hátt.

5) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti að ná yfir alla fjárhagslega mótaðila sem gætu valdið verulegri kerfisáhættu fyrir fjármálakerfið. Þess vegna ætti að breyta skilgreiningunni á fjárhagslegum mótaðila.

6) Kaupréttaráætlanir starfsmanna eru áætlanir sem yfirleitt er komið á af fyrirtækjum þar sem fólk getur beint eða óbeint skráð sig fyrir, keypt, fengið eða átt hluti í því fyrirtæki eða öðru fyrirtæki innan sömu samstæðu, að því tilskildu að áætlunin komi sér vel fyrir a.m.k. starfsfólk eða fyrrverandi starfsfólk þess fyrirtækis eða annars fyrirtækis innan sömu samstæðu, stjórnarmönnum eða fyrrverandi stjórnarmönnum í því fyrirtæki eða öðru fyrirtæki innan sömu samstæðu. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. júní 2017 um endurskoðunina á miðju tímabili aðgerðaráætlunar sambands fjármagnsmarkaða tilgreinir að ráðstafanir í tengslum við kaupréttaráætlanir starfsmanna séu möguleg leið til að styrkja samband fjármagnsmarkaða með það fyrir augum að efla fjárfestingar almennra fjárfesta. Af þeim sökum og í samræmi við meginregluna um meðalhóf ættu verðbréfasjóðir (UCITS) eða sérhæfðir sjóðir (AIF), sem stofnaðir eru einungis í þeim tilgangi að þjóna einni eða fleiri kaupréttaráætlunum starfsmanna, ekki að teljast fjárhagslegir mótaðilar.

7) Tilteknir fjárhagslegir mótaðilar hafa of lítil umsvif á OTC-afleiðumörkuðunum til að skapa verulega kerfisáhættu fyrir fjármálakerfið og of lítil til að miðlæg stöðustofnun sé fjárhagslega hagkvæm. Þessir mótaðilar, sem gjarnan eru nefndir litlir fjárhagslegir mótaðilar, ættu að vera undanþegnir stöðustofnunarskyldunni en þeir ættu áfram að falla undir kröfuna um skipti á tryggingum til að milda kerfisáhættu. Ef fjárhagslegi mótaðilinn tekur stöðu sem fer yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar í a.m.k. einum flokki OTC-afleiðna, reiknaða út á samstæðugrunni, ætti stöðustofnunarskyldan samt sem áður að gilda um alla flokka OTC-afleiða í ljósi innbyrðis tengsla fjárhagslegra mótaðila og þeirrar mögulegu kerfisáhættu sem gæti skapast fyrir fjármálakerfið ef þessir OTC-afleiðusamningar væru ekki stöðustofnaðir miðlægt. Fjárhagslegi mótaðilinn ætti hvenær sem er að geta sýnt fram á að stöður hans séu ekki lengur yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar í neinum flokki OTC-afleiðna og í þeim tilvikum ætti stöðustofnunarskyldan að hætta að gilda um þá.

8) Ófjárhagslegir mótaðilar eru minna tengdir innbyrðis en fjárhagslegir mótaðilar. Auk þess eru þeir oft aðallega virkir í einum flokki OTC-afleiðna. Starfsemi þeirra hefur því minni kerfisáhættu í för með sér fyrir fjármálakerfið en starfsemi fjárhagslegra mótaðila. Því ætti að þrengja gildissvið stöðustofnunarskyldunnar fyrir ófjárhagslega mótaðila sem kjósa að reikna út stöður sínar á 12 mánaða fresti gagnvart viðmiðunarfjárhæðum stöðustofnunar. Þessir ófjárhagslegu mótaðilar ættu aðeins að falla undir stöðustofnunarskylduna að því er varðar flokka OTC-afleiðna sem fara yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar. Ófjárhagslegir mótaðilar ættu samt sem áður áfram að falla undir kröfuna um skipti á tryggingum fari þeir yfir einhverjar af viðmiðunarfjárhæðum stöðustofnunar. Ófjárhagslegir mótaðilar sem kjósa að reikna ekki út stöður sínar gagnvart viðmiðunarfjárhæðum stöðustofnunar ættu að falla undir stöðustofnunarskylduna að því er varðar alla flokka OTC-afleiðna. Ófjárhagslegur mótaðili ætti hvenær sem er að geta sýnt fram á að stöður hans séu ekki lengur yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar í tilteknum flokki OTC-afleiða og í þeim tilvikum ætti stöðustofnunarskyldan að hætta að gilda fyrir þann flokk OTC-afleiðna.

9) Til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum ætti evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin reglubundið að endurskoða viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar og uppfæra þær ef nauðsyn krefur. Samfara þessari reglubundnu endurskoðun ætti að fylgja skýrsla.

10) Krafan um að stöðustofna tiltekna OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru áður en stöðustofnunarskyldan tekur gildi, skapar réttaróvissu og eykur flækjustig í rekstrinum en veitir takmarkaðan ávinning. Einkum hefur sú krafa í för með sér viðbótarkostnað og aukna fyrirhöfn fyrir mótaðilana að þessum samningum og gæti einnig haft áhrif á snurðulausa starfsemi markaðarins án þess að bæta til muna samræmda og samfellda beitingu reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða ná fram jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir markaðsaðila. Því ætti að fella niður þá kröfu.

11) Mótaðilar sem hafa takmörkuð umsvif á OTC-afleiðumarkaðnum eiga í erfiðleikum með að fá aðgang að miðlægri stöðustofnun, hvort heldur sem viðskiptavinir stöðustofnunaraðila eða í gegnum óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag. Gera ætti kröfu um að stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir stöðustofnunaraðila sem veita stöðustofnunarþjónustu, annaðhvort beint til annarra mótaðila eða óbeint með því að leyfa eigin viðskiptavinum að veita öðrum mótaðilum þá þjónustu, geri það samkvæmt sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar. Þó þessi krafa ætti ekki að leiða til verðstýringar eða skuldbindingar um að gera samninga ættu stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir að hafa heimild til að stýra áhættunni sem tengist stöðustofnunarþjónustunni sem boðin er, s.s. mótaðilaáhættu.

12) Í upplýsingunum um fjármálagerningana sem falla undir starfsleyfi miðlægra mótaðila eru mögulega ekki tilgreindir allir flokkar OTC-afleiðna sem miðlægur mótaðili hefur leyfi til að stöðustofna. Til að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti innt verkefni sín og skyldur af hendi í tengslum við stöðustofnunarskylduna ættu lögbær yfirvöld að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar ef þeim berast upplýsingar frá miðlægum mótaðila um að hann hyggist hefja stöðustofnun á flokki OTC-afleiðna sem fellur undir fyrirliggjandi starfsleyfi hans.

13) Mögulegt ætti að vera að fresta stöðustofnunarskyldunni tímabundið í vissum undantekningartilvikum. Slík frestun ætti að vera möguleg ef viðmiðin, sem liggja til grundvallar því að tilteknir flokkar OTC-afleiðna falli undir stöðustofnunarskylduna, eru ekki lengur uppfyllt. Sú gæti verið raunin ef ákveðnir flokkar OTC-afleiðna verða óhæfir fyrir skyldubundna, miðlæga stöðustofnun eða ef orðið hefur veruleg breyting á einu þessara viðmiða að því er varðar ákveðna flokka OTC-afleiðna. Einnig ætti að vera hægt að fresta stöðustofnunarskyldunni ef miðlægur mótaðili hættir að bjóða upp á stöðustofnunarþjónustu í tilteknum flokkum OTC-afleiðna eða fyrir tiltekna tegund mótaðila og aðrir miðlægir mótaðilar geta ekki tekið þessa stöðustofnunarþjónustu yfir nógu fljótt. Einnig ætti að vera hægt að fresta stöðustofnunarskyldunni ef það telst nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlega ógn við fjármálastöðugleika í Sambandinu. Til að tryggja fjármálastöðugleika og komast hjá röskun á markaði ætti evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, með markmið G20-hópsins í huga, að sjá til þess að ef viðeigandi er að afnema stöðustofnunarskylduna sé það gert á meðan frestun stöðustofnunarskyldunnar stendur yfir og nægilega snemma til að hægt sé að breyta viðkomandi tæknilegum eftirlitsstöðlum.

14) Skylda mótaðila að eiga viðskipti með afleiður sem falla undir stöðustofnunarskylduna á viðskiptavettvöngum, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([7]), verður, í samræmi við tilhögun viðskiptaskyldunnar sem lýst er í þeirri reglugerð, virk þegar lýst er yfir að flokkur afleiðna falli undir stöðustofnunarskylduna. Frestun stöðustofnunarskyldunnar gæti komið í veg fyrir að mótaðilar geti uppfyllt viðskiptaskylduna. Ef óskað hefur verið eftir frestun stöðustofnunarskyldunnar og ef það telst veruleg breyting á viðmiðunum fyrir að viðskiptaskyldan taki gildi ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þar af leiðandi að geta lagt til samhliða frestun viðskiptaskyldunnar á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í stað reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

15) Upplýsingagjöf um eldri samninga hefur reynst erfið því tilteknar upplýsingar sem nú á að tilkynna þurfti ekki að tilkynna áður en reglugerð (ESB) nr. 648/2012 tók gildi. Þetta hefur leitt til þess að skýrslugjafarhlutfallið er lágt og gæði tilkynntra gagna eru slök en byrðin af að tilkynna um þessa samninga er áfram veruleg. Því eru miklar líkur á að þessi sögulegu gögn verði áfram ónotuð. Enn fremur, þegar lokafrestur til að tilkynna um eldri samninga rennur út mun nokkur fjöldi þessara samninga þá þegar hafa fallið úr gildi og með þeim tilheyrandi áhættuskuldbindingar og áhætta. Af þessum sökum ætti að fella niður kröfuna um að tilkynna eldri samninga.

16) Viðskipti innan samstæðu sem snerta ófjárhagslega mótaðila eru tiltölulega lítill hluti allra OTC-afleiðusamninga og eru aðallega notuð til áhættuvarnar innan samstæðna. Þessi viðskipti eiga þess vegna ekki stóran þátt í kerfisáhættu og innbyrðis tengslum en skyldan til að tilkynna slík viðskipti hefur í för með sér verulegan kostnað og fyrirhöfn fyrir ófjárhagslega mótaðila. Viðskipti milli mótaðila innan samstæðu, þar sem a.m.k. einn mótaðilanna er ófjárhagslegur mótaðili, ættu því að vera undanþegin skýrslugjafarskyldu, án tillits til þess hvar ófjárhagslegi mótaðilinn hefur staðfestu.

17) Árið 2017 tók framkvæmdastjórnin upp gæðaprófun á opinberri skýrslugjöf fyrirtækja. Tilgangur þeirrar prófunar er að safna gögnum um samræmi, samkvæmni, árangur og skilvirkni skýrslugjafarramma Sambandsins. Með hliðsjón af þessu ætti að greina frekar möguleikann á að komast hjá ónauðsynlegri tvítekningu í skýrslugjöf og möguleikann á að

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

draga úr eða einfalda skýrslugjöf um samninga sem ekki eru OTC-afleiðusamningar, með tilliti til þarfarinnar fyrir tímanlega skýrslugjöf og þeirra ráðstafana sem samþykktar eru samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 648/2012 og (ESB) nr. 600/2014. Í þeirri greiningu ætti einkum að skoða hvaða upplýsingar eru tilkynntar, hve aðgengileg gögnin eru viðkomandi yfirvöldum, sem og ráðstafanir til að einfalda frekar skýrslugjafarkeðjur um samninga sem ekki eru OTC-afleiðusamningar án ótilhlýðilegs taps á upplýsingum, einkum að því er varðar ófjárhagslega mótaðila sem ekki falla undir stöðustofnunarskylduna. Skoða ætti almennara mat á árangri og skilvirkni ráðstafananna sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til að bæta virkni og minnka skýrslugjafarbyrði vegna OTC-afleiðusamninga, þegar nægileg reynsla og gögn um beitingu þeirrar reglugerðar eru tiltæk, einkum að því er varðar gæði og aðgengileika gagna sem tilkynnt eru afleiðuviðskiptaskrám og að því er varðar upptöku og innleiðingu framseldrar skýrslugjafar.

18) Til að minnka skýrslugjafarbyrði þeirra ófjárhagslegu mótaðila sem ekki falla undir stöðustofnunarskylduna vegna OTC-afleiðusamninga ætti fjárhagslegi mótaðilinn, almennt, að bera alla ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á skýrslugjöfinni, bæði sinni eigin og fyrir hönd ófjárhagslegra mótaðila sem ekki falla undir stöðustofnunarskylduna að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem þessir mótaðilar gera, sem og á að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar. Til að tryggja að fjárhagslegi mótaðilinn hafi þau gögn sem hann þarf til að uppfylla skýrslugjafarskyldu sína ætti ófjárhagslegi mótaðilinn að veita þær upplýsingar um OTC-afleiðusamninga sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að fjárhagslegi mótaðilinn hafi undir höndum. Ófjárhagslegir mótaðilar ættu þó að geta valið að tilkynna um sína OTC-afleiðusamninga. Í slíkum tilfellum ætti ófjárhagslegi mótaðilinn að upplýsa fjárhagslega mótaðilann um það og ætti að bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á skýrslugjöf um þau gögn og á að tryggja að þau séu rétt.

19) Einnig ætti að ákvarða hver ber ábyrgð á skýrslugjöf um OTC-afleiðusamninga ef annar eða báðir mótaðilar eru verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir. Því ætti að taka fram að rekstrarfélag verðbréfasjóðs beri ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á skýrslugjöf fyrir hönd þess verðbréfasjóðs er varðar OTC-afleiðusamninga sem sá verðbréfasjóður gerir, sem og á að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar. Á sama hátt ætti rekstraraðili sérhæfðs sjóðs að bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á skýrslugjöf fyrir hönd þess sérhæfða sjóðs er varðar OTC-afleiðusamninga sem sá sérhæfði sjóður gerir, sem og á að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar.

20) Til að komast hjá ósamræmi innan Sambandsins við beitingu aðferðanna til mildunar áhættu og vegna þess hve flókið áhættustýringarferlið er, þar sem það krefst tímanlegra, nákvæmra og viðeigandi aðgreindra skipta á tryggingum mótaðila sem felur í sér notkun á eigin líkönum, ættu lögbær yfirvöld að sannreyna þetta áhættustýringarferli eða sérhverja verulega breytingu á því áður en farið er að nota það.

21) Vegna þess að þörf er á samleitni í alþjóðareglum og á að ófjárhagslegir mótaðilar og litlir, fjárhagslegir mótaðilar dragi úr áhættu í tengslum við gjaldmiðilsáhættuskuldbindingar sínar, er nauðsynlegt að setja fram sérstakt áhættustýringarferli fyrir efnislegt uppgjör framvirkra gjaldeyrissamninga og fyrir efnislegt uppgjör gjaldeyrisskiptasamninga. Í ljósi hins sérstaka áhættusniðs þeirra þykir rétt að takmarka skyldubundin skipti á viðbótartryggingum, fyrir efnislega uppgerða framvirkra gjaldeyrissamninga og efnislega uppgerða gjaldeyrisskiptasamninga, við viðskipti milli kerfislega mikilvægustu mótaðilana til að takmarka myndun kerfisáhættu og koma í veg fyrir ósamleitni alþjóðareglna. Einnig ætti að tryggja samleitni alþjóðareglna að því er varðar áhættustýringarferli fyrir aðra flokka afleiðna.

22) Þjónusta til að draga úr áhættu að viðskiptum loknum tekur til þjónustu á borð við samþjöppun eignasafns. Samþjöppun eignasafns er undanþegin gildissviðinu um viðskiptaskyldu sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 600/2014. Til að samræma reglugerð (ESB) 648/2012 og reglugerð (ESB) nr. 600/2014, þar sem nauðsyn ber til og við á, en á sama tíma taka tillit til munarins á þessum tveimur reglugerðum, þ.e. möguleikans á að komast hjá stöðustofnunarskyldunni og að hve miklu marki þjónusta til að draga úr áhættu eftir viðskipti mildar eða dregur úr áhættu, ætti framkvæmdastjórnin, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópska kerfisáhætturáðið, að meta hvaða viðskipti sem leiða af þjónustu til að draga úr áhættu að viðskiptum loknum, ef einhver, ættu að fá undanþágu frá stöðustofnunarskyldunni.

23) Til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika upphafstryggingganna og til að hindra að miðlægir mótaðilar breyti upphafstryggingarlíkönum sínum á þann hátt sem gæti virst sveiflumagnandi, ættu miðlægir mótaðilar að veita stöðustofnunaraðilum sínum tæki til að líkja eftir upphafstryggingarkröfum sínum og ættu að veita þeim ítarlegt yfirlit yfir upphafstryggingarlíkanið sem þeir nota. Þetta er í samræmi við alþjóðlegu staðlana sem greiðslu- og markaðsinnviðanefndin og stjórn alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði birtu, einkum rammann um birtingar frá desember 2012 og opinberu megindlegu birtingarstaðlana fyrir miðlæga mótaðila frá 2015, sem skipta máli til að stuðla að réttum skilningi á áhættu og kostnaði samfara þátttöku stöðustofnunaraðila í miðlægum mótaðila og til að auka gagnsæi miðlægra mótaðila gagnvart markaðsaðilum.

24) Gjaldþrotalög einstakra aðildarríkja ættu ekki að koma í veg fyrir að miðlægir mótaðilar geti með nægilegri réttarvissu flutt stöður viðskiptavina eða greitt ágóða af innlausn beint til viðskiptavina, ef um ógjaldfærni stöðustofnunaraðila er að ræða, að því er varðar eignir sem varðveittar eru á aðgreindum safnreikningum og á einstökum aðgreindum reikningum viðskiptavina. Til að skapa hvata til stöðustofnunar og bæta aðgengi að henni ættu gjaldþrotalög einstakra aðildarríkja ekki að koma í veg fyrir að miðlægir mótaðilar fylgi vanskilaferlinu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, að því er varðar eignir og stöður sem varðveittar eru á aðgreindum safnreikningum og á einstökum aðgreindum reikningum viðskiptavina hjá stöðustofnunaraðilanum og miðlæga mótaðilanum. Ef komið hefur verið á óbeinu stöðustofnunarfyrirkomulagi ættu óbeinir viðskiptavinir samt sem áður áfram að njóta ávinnings af vernd sem er sambærileg þeirri sem veitt er samkvæmt reglunum um aðgreiningu og flytjanleika og vanskilaferli sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

25) Sektir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur á afleiðuviðskiptaskrár sem lúta beinu eftirliti hennar ættu að vera nægilega áhrifaríkar, hlutfallslegar og letjandi til að tryggja skilvirkni eftirlitsheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og auka gagnsæi afleiðustaðna og áhættuskuldbindinga. Komið hefur í ljós að sektarfjárhæðirnar sem upphaflega var kveðið á um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 eru ekki nægilega letjandi í ljósi núverandi veltu afleiðuviðskiptaskráa og gæti það mögulega takmarkað árangur eftirlitsheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt þeirri reglugerð að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár. Því ætti að hækka efri mörk grunnfjárhæða sektanna.

26) Yfirvöld í þriðju löndum ættu að hafa aðgang að gögnum sem tilkynnt hafa verið til afleiðuviðskiptaskráa í Sambandinu ef þriðja landið uppfyllir tiltekin skilyrði sem tryggja meðferð þessara gagna og ef það þriðja land kveður á um lagalega bindandi og framfylgjanlega skyldu sem veitir yfirvöldum í Sambandinu beinan aðgang að gögnum sem tilkynnt eru til afleiðuviðskiptaskráa í því þriðja landi.

27) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([8]) er gefinn kostur á einfaldaðri málsmeðferð við skráningu afleiðuviðskiptaskráa sem þegar eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 648/2012 og vilja útvíkka þá skráningu til að geta veitt þjónustu í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Svipaðri einfaldaðri málsmeðferð við skráningu ætti að koma á vegna skráningar viðskiptaskráa sem þegar eru skráðar í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2365 en vilja útvíkka þá skráningu til að geta veitt þjónustu í tengslum við afleiðusamninga.

28) Þegar gæði og gagnsæi gagna sem afleiðuviðskiptaskrár veita aðgang að eru ófullnægjandi er erfitt fyrir aðila sem hafa fengið aðgang að þessum gögnum að nota þau til að hafa eftirlit með afleiðumarkaði og það kemur í veg fyrir að stjórnvöld og eftirlitsaðilar geti greint ógn við fjármálastöðugleika tímanlega. Til að auka gæði og gagnsæi gagna, sem og til að aðlaga kröfurnar um skýrslugjöf í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að skýrslugjafarkröfunum í reglugerðum (ESB) 2015/2365 og (ESB) nr. 600/2014, er nauðsynlegt að samræma frekar reglur og kröfur um skýrslugjöf, einkum að samræma frekar gagnastaðla, framsetningu, aðferðir og fyrirkomulag við skýrslugjöf, auk þess að samræma frekar verklagið sem afleiðuviðskiptaskrár skulu beita til að sannreyna heildstæðni og réttleika tilkynntra gagna og verklagið til afstemmingar gagna við aðrar afleiðuviðskiptaskrár. Að fenginni beiðni ættu afleiðuviðskiptaskrár enn fremur að veita þeim mótaðilum sem ekki senda inn skýrslur aðgang að öllum gögnum sem tilkynnt er um fyrir þeirra hönd með eðlilegum viðskiptaskilmálum.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

29) Með tilliti til þeirrar þjónustu sem afleiðuviðskiptaskrár veita er með reglugerð (ESB) nr. 648/2012 komið á fót samkeppnisumhverfi. Mótaðilar ættu því að geta valið til hvaða afleiðuviðskiptaskrár þeir tilkynna og ættu að geta skipt um afleiðuviðskiptaskrá ef þeir svo kjósa. Til að auðvelda slík skipti og til að tryggja að gögnin séu áfram tiltæk án tvítekningar ættu afleiðuviðskiptaskrár að taka upp viðeigandi reglur til að tryggja skipulegan flutning tilkynntra gagna til annarra afleiðuviðskiptaskráa að beiðni mótaðila sem fellur undir skýrslugjafarskylduna.

30) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 gildir stöðustofnunarskyldan ekki um lífeyriskerfi fyrr en miðlægir mótaðilar hafa útfært viðeigandi tæknilega lausn fyrir yfirfærslu á öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingu. Þar sem ekki hefur ennþá verið útfærð raunhæf lausn til að lífeyriskerfi geti tekið þátt í miðlægri stöðustofnun ætti að framlengja umbreytingartímabilið um a.m.k. tvö ár í viðbót. Lokamarkmiðið ætti samt sem áður áfram að vera miðlæg stöðustofnun þar sem núverandi þróun reglna og markaðar ætti að gera markaðsaðilum kleift að útfæra viðeigandi tæknilegar lausnir á þeim tíma. Með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([9]), Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([10]) og Evrópska kerfisáhætturáðsins ætti framkvæmdastjórnin að vakta hvernig miðlægum mótaðilum, stöðustofnunaraðilum og lífeyriskerfum miðar í mótun raunhæfra lausna svo lífeyriskerfi geti tekið þátt í miðlægri stöðustofnun og semja skýrslu um þann árangur. Sú skýrsla ætti einnig að ná yfir lausnir og tengdan kostnað fyrir lífeyriskerfi með tilliti til þróunar reglna og markaðar s.s. breytinga á hvaða tegundir fjárhagslegra mótaðila falla undir stöðustofnunarskylduna. Til að koma til móts við þróun sem ekki var fyrirséð á þeim tíma þegar þessi reglugerð var samþykkt ætti að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að framlengja umbreytingartímabilið tvisvar í eitt ár í senn eftir að hafa vandlega metið þörfina á slíkri framlengingu.

31) Umbreytingartímabilið þegar lífeyriskerfi voru undanþegin stöðustofnunarskyldunni rann út 16. ágúst 2018. Í þágu réttarvissu og til að tryggja samfellu er nauðsynlegt að framlenging á því umbreytingartímabili gildi afturvirkt um OTC-afleiðusamninga sem lífeyriskerfi gerðu frá 17. ágúst 2018 til 16. júní 2019.

32) Til að einfalda reglurammann ætti að taka tillit til þess að hve miklu marki er nauðsynlegt og viðeigandi að laga viðskiptaskylduna, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014, að breytingum sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð á stöðustofnunarskyldunni fyrir afleiður, einkum á því hvaða aðilar falla undir stöðustofnunarskylduna. Þegar nægileg reynsla og gögn um beitingu þessarar reglugerðar eru tiltæk ætti að fara fram almennara mat á áhrifum þessarar reglugerðar á umfang stöðustofnunar hjá mismunandi tegundum mótaðila og á dreifingu stöðustofnunar innan hverrar gerðar mótaðila, sem og á aðgengileika stöðustofnunarþjónustu, þ.m.t. skilvirkni breytinganna sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, að því er varðar veitingu stöðustofnunarþjónustu með sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar við að auðvelda aðgang að stöðustofnun.

33) Til að tryggja samkvæmni í samræmingu á því hvenær viðskiptaskilmálar í tengslum við veitingu stöðustofnunarþjónustu teljast sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir og til að gefa markaðsaðilum viðbótartíma til að útfæra stöðustofnunarlausnir fyrir lífeyriskerfi með tilteknum skilyrðum, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar skilgreiningu á skilyrðunum fyrir því að viðskiptaskilmálar sem tengjast veitingu stöðustofnunarþjónustu teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir og að því er varðar framlengingu á umbreytingartímabilinu þegar stöðustofnunarskyldan ætti ekki að gilda um OTC-afleiðusamninga lífeyriskerfa. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, m.a. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([11]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

([11]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

34) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar, og einkum að því er varðar frestun stöðustofnunarskyldunnar og viðskiptaskyldunnar og að því er varðar beinan aðgang viðkomandi yfirvalda þriðju landa að upplýsingum sem geymdar eru hjá afleiðuviðskiptaskrám í Sambandinu, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]). Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja framkvæmdargerðir sem öðlast gildi þegar í stað til að fresta stöðustofnunarskyldunni og viðskiptaskyldunni fyrir tiltekna flokka OTC-afleiða, því nauðsynlegt er að taka ákvarðanir hratt til að tryggja réttarvissu um niðurstöðu frestunarferlisins og því er tilhlýðilega rökstutt að brýna nauðsyn beri til.

35) Til að tryggja samkvæmni í samræmingu reglna um aðferðir til mildunar áhættu, skráningu afleiðuviðskiptaskráa og krafna um skýrslugjöf ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur þróað að því er varðar eftirfarandi: Stjórnsýslumeðferð til að tryggja að fram fari upphaflegt og viðvarandi mat á áhættustýringarferlinu sem krefst tímanlegra, nákvæmra og viðeigandi aðgreindra skipta á tryggingum, nánari upplýsingar um einfölduðu umsóknina um útvíkkun skráningar afleiðuviðskiptaskrár sem þegar er skráð samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365, verklagið við afstemmingu gagna á milli afleiðuviðskiptaskráa, verklagsreglurnar sem afleiðuviðskiptaskráin á að fylgja til að staðfesta að skýrslugefandi mótaðili, eða aðilinn sem leggur gögn fram, hafi uppfyllt kröfurnar um skýrslugjöf og til að staðfesta heildstæðni og réttleika tilkynntra gagna, skilmálana og skilyrðin, ráðstafanirnar og gögnin sem krafist er til að tilteknir aðilar fái aðgang að afleiðuviðskiptaskrám. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

36) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa vald til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur þróað að því er varðar gagnastaðla varðandi upplýsingar um mismunandi flokka afleiðna sem senda á skýrslur um og að því er varðar aðferðirnar og fyrirkomulag skýrslugjafar sem og snið umsóknarinnar um útvíkkun skráningar afleiðuviðskiptaskrár sem þegar er skráð samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

37) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja að reglurnar séu hóflegar, leiði ekki til ónauðsynlegrar skýrslugjafarbyrði eða kostnaðar við að fylgja þeim, hafi ekki í för með sér áhættu fyrir fjármálastöðugleika og auki gagnsæi OTC-afleiðustaðna og áhættuskuldbindinga, en þeim verði betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

38) Beitingu tiltekinna ákvæða þessarar reglugerðar ætti að fresta til að koma á öllum veigamiklum framkvæmdar-ráðstöfunum og til að gera markaðsaðilum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta farið að þeim.

39) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 648/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 8. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„8) „fjárhagslegur mótaðili“:

a) verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*),

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

b) lánastofnun sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (**),

c) vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (***),

d) verðbréfasjóður (UCITS) og, ef við á, rekstrarfélag hans, sem hefur starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, nema verðbréfasjóðurinn sé stofnaður eingöngu í þeim tilgangi að þjóna einni eða fleiri kaupréttaráætlunum starfsmanna,

e) stofnun um starfstengdan lífeyri eins og hún er skilgreind í 1. lið 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 (****),

f) sérhæfður sjóður, eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem er annað hvort með staðfestu í Sambandinu eða stýrt af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs sem hefur starfsleyfi eða er skráður í samræmi við þá tilskipun, nema sérhæfði sjóðurinn sé stofnaður eingöngu í þeim tilgangi að þjóna einni eða fleiri kaupréttaráætlunum starfsmanna, eða sérhæfði sjóðurinn sé sérstakur verðbréfunaraðili eins og um getur í g-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, og, ef við á, rekstraraðili hans sem er með staðfestu í Sambandinu,

g) verðbréfamiðstöð sem hefur starfsleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (*****),

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

(*****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað i. til iv. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„i. milli tveggja fjárhagslegra mótaðila sem uppfylla skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. a,

ii. milli fjárhagslegs mótaðila sem uppfyllir skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. a og ófjárhagslegs mótaðila sem uppfyllir skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr.,

iii. milli tveggja ófjárhagslegra mótaðila sem uppfylla skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr.,

iv. milli, annars vegar, fjárhagslegs mótaðila sem uppfyllir skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. a eða ófjárhagslegs mótaðila sem uppfyllir skilyrði annarrar undirgreinar 1. mgr. 10. gr. og, hins vegar, aðila með staðfestu í þriðja landi sem myndi falla undir stöðustofnunarskylduna hefði hann staðfestu í Sambandinu,“

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) þeir eru gerðir eða endurgerðir á þeim degi eða eftir þann dag sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, að því tilskildu að á þeim degi sem þeir eru gerðir eða endurgerðir uppfylli báðir mótaðilar skilyrði a-liðar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Án þess að vera skuldbundnir til að gera samning skulu stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir sem veita stöðustofnunarþjónustu, hvort sem er beint eða óbeint, veita slíka þjónustu á sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar. Slíkir stöðustofnunaraðilar og viðskiptavinir skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að greina, koma í veg fyrir, stýra og hafa eftirlit með hagsmunaárekstrum, einkum milli viðskiptaeiningarinnar og stöðustofnunareiningarinnar, sem kunna að hafa neikvæð áhrif með tilliti til sanngjarnar, eðlilegrar og gagnsærrar veitingar stöðustofnunarþjónustu án mismununar. Slíkar ráðstafanir skal einnig gera þegar mismunandi lögaðilar í sömu samstæðu veita viðskipta- og stöðustofnunarþjónustuna.

Stöðustofnunaraðilum og viðskiptavinum skal heimilt að stýra þeirri áhættu sem tengist stöðustofnunarþjónustunni sem boðin er.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framselda gerðir í samræmi við 82. gr. sem viðbót við þessa reglugerð með tilgreiningu skilyrða þess að þeir viðskiptaskilmálar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir, á grundvelli eftirfarandi:

a) krafna um sanngirni og gagnsæi að því er varðar gjöld, verð, afsláttarstefnu og aðra almenna samningsskilmála og skilyrði í tengslum við verðskrána, án þess að það hafi áhrif á þagnarskyldu um samninga við einstaka mótaðila,

b) þátta sem fela í sér eðlilega viðskiptaskilmála til að tryggja óhlutdræga og skynsamlega samninga,

c) krafna sem auðvelda stöðustofnunarþjónustu á sanngjörnum grunni án mismununar, með hliðsjón af tengdum kostnaði og áhættu, þannig að allur verðmunur sé eðlilegur miðað við kostnað, áhættu og ávinning og

d) viðmiða um áhættustýringu fyrir stöðustofnunaraðilann eða viðskiptavininn sem tengjast stöðustofnunar-þjónustunni sem boðin er.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Fjárhagslegir mótaðilar sem falla undir stöðustofnunarskylduna

1. Á 12 mánaða fresti getur fjárhagslegur mótaðili sem tekur stöður í OTC-afleiðusamningum reiknað út samanlagða meðalstöðu sína í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði í samræmi við 3. mgr.

Reikni fjárhagslegur mótaðili ekki út stöður sínar, eða niðurstaða útreikningsins er hærri en einhver þeirra viðmiðunarfjárhæða stöðustofnunar sem tilgreindar eru skv. b-lið 4. mgr. 10. gr., skal fjárhagslegi mótaðilinn:

a) tafarlaust gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðkomandi lögbæru yfirvaldi viðvart og, ef við á, tilgreina tímabilið sem notað er til útreikningsins,

b) koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi innan fjögurra mánaða frá tilkynningunni sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar og

c) lúta stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 4. gr. að því er varðar alla OTC-afleiðusamninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðusamninga sem fellur undir stöðustofnunarskylduna og sem gerðir eru eða endurgerðir meira en fjórum mánuðum eftir tilkynninguna sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar.

2. Fjárhagslegur mótaðili sem hinn 17. júní 2019 lýtur stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 4. gr. eða verður stöðustofnunarskyldur í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. skal áfram lúta þeirri skyldu og skal halda áfram að stöðustofna þar til hann sýnir viðkomandi lögbæru yfirvaldi fram á að samanlögð meðalstaða í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði sé ekki hærri en viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem tilgreind er skv. b-lið 4. mgr. 10. gr.

Fjárhagslegi mótaðilinn skal geta sýnt viðkomandi lögbæru yfirvaldi fram á að útreikningur samanlagðrar meðalstöðu í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði leiði ekki til kerfisbundins vanmats á þeirri stöðu.

3. Við útreikning staðnanna sem um getur í 1. mgr. skal fjárhagslegi mótaðilinn telja með alla þá OTC-afleiðusamninga sem hann, eða aðrir aðilar innan samstæðunnar sem hann tilheyrir, hafa gert.

Sé um að ræða verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði skal, þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar, reikna út þær stöður sem um getur í 1. mgr. á stigi sjóðsins.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða sem stýra fleiri en einum verðbréfasjóði og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða sem stýra fleiri en einum sérhæfðum sjóði skulu geta sýnt viðkomandi lögbæru yfirvaldi fram á að útreikningurinn á stöðum á stigi sjóðs leiði hvorki til:

a) kerfisbundins vanmats á stöðum einhverra sjóðanna sem þeir stýra eða stöðum rekstraraðilans né

b) þess að farið sé í kringum stöðustofnunarskylduna.

Viðkomandi lögbær yfirvöld fjárhagslega mótaðilans og annarra aðila innan samstæðunnar skulu koma á samstarfsfyrirkomulagi til að tryggja skilvirkan útreikning staðnanna á samstæðustigi.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Heimili lögbært yfirvald miðlægum mótaðila að stöðustofna flokk OTC-afleiðna skv. 14. eða 15. gr., eða flokkur OTC-afleiðna sem miðlægur mótaðili hyggst hefja stöðustofnun á fellur undir fyrirliggjandi starfsleyfi sem veitt hefur verið í samræmi við 14. eða 15. gr., skal lögbæra yfirvaldið tafarlaust gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðvart um þá heimild eða þann flokk OTC-afleiðna sem miðlægi mótaðilinn hyggst hefja stöðustofnun á.“

b) Í 2. mgr. fellur c-liður brott.

5) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. fellur e-liður brott.

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Hafi miðlægur mótaðili ekki lengur starfsleyfi eða er ekki lengur viðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð til að stöðustofna tiltekinn flokk OTC-afleiðna skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þegar í stað fjarlægja þann miðlæga mótaðila af opinberu skránni að því er varðar þann flokk OTC-afleiðna.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Frestun á stöðustofnunarskyldu

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur farið þess á leit að framkvæmdastjórnin fresti stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. fyrir tiltekna flokka OTC-afleiðna eða tiltekna tegund mótaðila að uppfylltu einu eftirfarandi skilyrða:

a) séu þeir tilteknu flokkar OTC-afleiðna ekki lengur tækir til miðlægrar stöðustofnunar samkvæmt þeim viðmiðum sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr.,

b) sé líklegt að miðlægur mótaðili hætti að stöðustofna þá tilteknu flokka OTC-afleiðna og enginn annar miðlægur mótaðili getur stöðustofnað þessa tilteknu flokka OTC-afleiðna óslitið,

c) sé frestun stöðustofnunarskyldunnar fyrir þá tilteknu flokka OTC-afleiðna eða tilteknu tegund mótaðila nauðsynleg til að koma í veg fyrir eða bregðast við alvarlegri ógn við fjármálastöðugleika eða eðlilega starfsemi fjármálamarkaða í Sambandinu og frestunin hæfileg miðað við þau markmið.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, áður en hún leggur fram beiðni eins og um getur í fyrstu undirgrein, hafa samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið og þau lögbæru yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 22. gr.

Með beiðni eins og um getur í fyrstu undirgrein skulu fylgja gögn sem sýna fram á að a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem þar eru tilgreind sé uppfyllt.

Telji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að frestun stöðustofnunarskyldunnar feli í sér verulega breytingu á viðmiðum þess hvort viðskiptaskyldan sem um getur í 5. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 tekur gildi getur beiðni eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar einnig falið í sér beiðni um að fresta viðskiptaskyldunni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar vegna sömu tilteknu flokka OTC-afleiðna og beiðnin um frestun stöðustofnunarskyldu varðar.

2. Að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar geta lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með stöðustofnunaraðilum og lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 22. gr. óskað eftir því að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggi fram beiðni um frestun stöðustofnunarskyldunnar til framkvæmdastjórnarinnar. Beiðni lögbæra yfirvaldsins skal fylgja rökstuðningur og gögn sem sýna fram á að a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt.

Innan 48 klukkustunda eftir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fær í hendur beiðni frá lögbæra yfirvaldinu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal hún, á grundvelli þess rökstuðnings og gagna sem lögbæra yfirvaldið leggur fram, annað hvort fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún fresti stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. eða synja beiðninni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal upplýsa viðkomandi lögbært yfirvald um ákvörðun sína. Synji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beiðni lögbæra yfirvaldsins skal hún tilgreina ástæður þess skriflega.

3. Beiðnir sem um getur í 1. og 2. lið. skulu ekki gerðar opinberar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku beiðni eins og um getur í 1. mgr., á grundvelli þess rökstuðnings og gagna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram, annaðhvort fresta stöðustofnunarskyldunni vegna hinna tilteknu flokka OTC-afleiðna eða hinnar tilteknu tegundar mótaðila sem um getur í 1. mgr. með framkvæmdargerð eða synja um umbeðna frestun. Synji framkvæmdastjórnin um umbeðna frestun skal hún veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skriflegan rökstuðning fyrir synjuninni. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust gera Evrópuþinginu og ráðinu viðvart og senda þeim rökstuðninginn sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fékk í hendur. Slíkar upplýsingar skulu ekki gerðar opinberar.

Framkvæmdargerðin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samþykkt í samræmi við þá tilhögun sem um getur í 3. mgr. 86. gr.

5. Fari Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þess á leit, í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, getur framkvæmdargerðin sem kveður á um frestun stöðustofnunarskyldunnar vegna tiltekinna flokka OTC-afleiðna einnig kveðið á um frestun viðskiptaskyldunnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 vegna sömu tilteknu flokka OTC-afleiðna og falla undir frestun stöðustofnunarskyldunnar

6. Frestun stöðustofnunarskyldunnar og, eftir atvikum, viðskiptaskyldunnar skal tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og gerð opinber í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar og í opinberu skránni sem um getur í 6. gr.

7. Frestun stöðustofnunarskyldunnar sem um getur í 4. mgr. gildir á upphafstímabili sem nemur allt að þremur mánuðum frá deginum sem frestunin kemur til framkvæmda.

Frestun viðskiptaskyldunnar sem um getur í 5. mgr. gildir á jafnlöngu upphafstímabili.

8. Eigi ástæður frestunarinnar enn við getur framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerð, framlengt frestunina sem um getur í 4. mgr. um allt að þrjá mánuði í senn, í að hámarki 12 mánuði í heild. Hver framlenging frestsins skal gerð opinber í samræmi við 6. mgr.

Framkvæmdargerðin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samþykkt í samræmi við þá tilhögun sem um getur í 3. mgr. 86. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, nægilega tímanlega fyrir lok frestunartímabilsins sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar eða framlengingartímabilsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, veita framkvæmdastjórninni álit á því hvort ástæður frestunarinnar eigi enn við. Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa samráð við Evrópska kerfisáhætturáðið og þau lögbæru yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 22. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda afrit af því áliti til Evrópuþingsins og ráðsins. Það álit skal ekki gert opinbert.

Með framkvæmdargerðinni sem kveður á um framlengingu á frestun stöðustofnunarskyldunnar má einnig framlengja frestun viðskiptaskyldunnar sem um getur í 7. mgr.

Framlengingin á frestun viðskiptaskyldunnar skal gilda jafnlengi og framlenging frestunar stöðustofnunarskyldunnar.“

7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Mótaðilar og miðlægir mótaðilar skulu tryggja að upplýsingar um alla afleiðusamninga sem þeir hafa gert og um allar breytingar eða uppsögn samninganna séu tilkynntar í samræmi við 1. mgr. a til 1. mgr. f þessarar greinar til afleiðuviðskiptaskrár sem skráð er í samræmi við 55. gr. eða viðurkennd í samræmi við 77. gr. Veita skal upplýsingarnar eigi síðar en næsta virka dag eftir gerð, breytingu eða uppsögn samnings.

Skyldan um skýrslugjöf gildir um afleiðusamninga sem:

a) gerðir voru fyrir 12. febrúar 2014 og voru enn útistandandi á þeim degi,

b) gerðir voru 12. febrúar 2014 eða síðar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. gildir skýrslugjafarskyldan ekki um afleiðusamninga innan sömu samstæðu ef a.m.k. einn mótaðilanna er ófjárhagslegur mótaðili eða myndi teljast ófjárhagslegur mótaðili ef hann væri með staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að:

a) báðir mótaðilar séu að fullu hluti af sömu samstæðu,

b) báðir mótaðilar lúti fullnægjandi, miðlægum áhættumats-, mælingar- og eftirlitsferlum og

c) móðurfélagið sé ekki fjárhagslegur mótaðili.

Mótaðilar skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum um þá fyrirætlun sína að beita undanþágunni sem um getur í þriðju undirgrein. Undanþágan gildir nema lögbæru yfirvöldin sem fá tilkynninguna fallist ekki á að skilyrðin sem um getur í þriðju undirgrein hafi verið uppfyllt innan þriggja mánaða frá þeim tíma sem skýrslan var send.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„1a. Fjárhagslegir mótaðilar skulu einir bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á því að veita fyrir hönd beggja mótaðila upplýsingar um OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru við ófjárhagslegan mótaðila sem uppfyllir ekki skilyrðin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr., sem og á að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar.

Til að tryggja að fjárhagslegi mótaðilinn hafi öll þau gögn sem hann þarf til að uppfylla skylduna um skýrslugjöf skal ófjárhagslegi mótaðilinn veita fjárhagslega mótaðilanum þær upplýsingar um OTC-afleiðusamningana milli þeirra sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að fjárhagslegi mótaðilinn hafi undir höndum. Ófjárhagslegi mótaðilinn skal bera ábyrgð á að tryggja að þessar upplýsingar séu réttar.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar geta ófjárhagslegir mótaðilar sem hafa þegar fjárfest í skýrslugjafarkerfi ákveðið að tilkynna upplýsingarnar um OTC-afleiðusamninga sína við fjárhagslega mótaðila til afleiðuviðskiptaskrár. Í slíkum tilvikum skulu ófjárhagslegu mótaðilarnir upplýsa fjárhagslegu mótaðilana sem þeir hafa gert OTC-afleiðusamninga við um ákvörðun sína áður en þeir tilkynna þær upplýsingar. Við þær aðstæður skulu ófjárhagslegu mótaðilarnir bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á að tilkynna þær upplýsingar og á að tryggja réttleika þeirra.

Ófjárhagslegum mótaðila sem uppfyllir ekki skilyrðin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. og gerir OTC-afleiðusamning við aðila með staðfestu í þriðja landi skal ekki skylt að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein og ber ekki lagalega ábyrgð á upplýsingagjöf eða því að tryggja að upplýsingar um slíka OTC-afleiðusamninga séu réttar, að því tilskildu að:

a) sá aðili í þriðja landi myndi teljast fjárhagslegur mótaðili ef hann væri með staðfestu í Sambandinu,

b) lagaramminn um upplýsingagjöf sem aðilinn í þriðja landinu fellur undir hafi verið lýstur jafngildur í samræmi við 13. gr. og

c) fjárhagslegi mótaðilinn í þriðja landi hafi veitt slíkar upplýsingar samkvæmt lagaramma um upplýsingagjöf í því þriðja landi til afleiðuviðskiptaskrár sem er með lagalega bindandi og framfylgjanlegum hætti skylt að veita þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 81. gr. beinan og tafarlausan aðgang að gögnunum.

1b. Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á að tilkynna upplýsingarnar um OTC-afleiðusamninga sem sá verðbréfasjóður er mótaðili að, og á því að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar.

1c. Rekstraraðili sérhæfðs sjóðs skal bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á að tilkynna upplýsingarnar um OTC-afleiðusamninga sem viðkomandi sérhæfður sjóður er mótaðili að, og á því að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar.

1d. Aðili með starfsleyfi sem ber ábyrgð á að stjórna og koma fram fyrir hönd stofnunar um starfstengdan lífeyri sem, í samræmi við landslög, hefur ekki réttarstöðu lögaðila skal bera ábyrgð, þ.m.t. lagalega ábyrgð, á að tilkynna upplýsingarnar um OTC-afleiðusamninga sem sú stofnun um starfstengdan lífeyri er mótaðili að, og á því að tryggja að tilkynntar upplýsingar séu réttar.

1e. Mótaðilar og miðlægir mótaðilar sem eru skyldugir til að veita upplýsingarnar um afleiðusamninga skulu tryggja að rétt sé greint frá upplýsingunum og án tvítekningar.

1f. Mótaðilar og miðlægir mótaðilar sem falla undir skýrslugjafarskylduna sem um getur í 1. mgr. geta falið öðrum þá skýrslugjafarskyldu.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 1. og 3. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í náinni samvinnu við seðlabankakerfi Evrópu semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

a) gagnastaðla og snið upplýsinga sem tilkynna á, sem skal fela í sér a.m.k. eftirfarandi:

i. alþjóðleg auðkenni lögaðila (LEI),

ii. alþjóðleg auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN),

iii. einkvæm viðskiptaauðkenni (UTI),

b) aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar,

c) tíðni skýrslugjafar,

d) síðasta dag sem tilkynna má um afleiðusamninga.

Við samningu þessara draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og staðla sem samþykktir hafa verið á vettvangi Sambandsins eða alþjóðlega og hvernig þeir samræmast þeim upplýsingakröfum sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365 (*) og 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).“

8) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Á 12 mánaða fresti getur ófjárhagslegur mótaðili sem tekur stöður í OTC-afleiðusamningum reiknað út samanlagða meðalstöðu sína í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði í samræmi við 3. mgr.

Reikni ófjárhagslegur mótaðili ekki út stöður sínar, eða niðurstaða útreikningsins fyrir einn eða fleiri flokka OTC-afleiðna er hærri en þær viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar sem tilgreindar eru skv. b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr., skal sá ófjárhagslegi mótaðili:

a) tafarlaust gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðkomandi lögbæru yfirvaldi viðvart og, ef við á, tilgreina tímabilið sem notað er til útreikningsins,

b) koma á stöðustofnunarfyrirkomulagi innan fjögurra mánaða frá tilkynningunni sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar,

c) lúta stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 4. gr. að því er varðar þá OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir eða endurgerðir meira en fjórum mánuðum eftir tilkynninguna sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar og sem tilheyra þeim eignaflokkum sem niðurstaða útreikningsins fer yfir viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar í eða hafi ófjárhagslegi mótaðilinn ekki reiknað út stöðu sína, sem tilheyra einhverjum flokki OTC-afleiðna sem fellur undir stöðustofnunarskylduna.

2. Ófjárhagslegur mótaðili sem hinn 17. júní 2019 lýtur stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 4. gr. eða verður stöðustofnunarskyldur í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. þessarar greinar skal áfram lúta þeirri skyldu og skal halda áfram að stöðustofna þar til hann sýnir viðkomandi lögbæru yfirvaldi fram á að samanlögð meðalstaða í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði sé ekki hærri en viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar sem tilgreind eru skv. b-lið 4. mgr. þessarar greinar.

Ófjárhagslegi mótaðilinn skal geta sýnt viðkomandi lögbæru yfirvaldi fram á að útreikningur samanlagðrar meðalstöðu í mánaðarlok fyrir næstliðna 12 mánuði leiði ekki til kerfisbundins vanmats á stöðunni.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Viðkomandi lögbær yfirvöld ófjárhagslega mótaðilans og annarra aðila innan samstæðunnar skulu koma á samstarfsfyrirkomulagi til að tryggja skilvirkan útreikning staðnanna á samstæðustigi.“

c) Í stað fjórðu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að höfðu samráði við Evrópska kerfisáhætturáðið og önnur viðeigandi yfirvöld skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin reglubundið endurskoða viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar og, ef nauðsyn krefur, einkum með tilliti til innbyrðis tengsla fjárhagslegra mótaðila, leggja til breytingar á tæknilegu eftirlitsstöðlunum í samræmi við þessa málsgrein.

Þessari reglubundnu endurskoðun skal fylgja skýrsla Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um þetta efni.“

9) Ákvæðum 15. mgr. 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Fyrsta undirlið er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) áhættustýringarferlin, þ.m.t. umfang og tegund tryggginga- og aðgreiningarfyrirkomulags sem um getur í 3. mgr.“

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„aa) eftirlitsferlin til að tryggja að fram fari upphafleg og viðvarandi sannreyning á þessum áhættustýringarferlum,“

b) Í stað þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, nema sem um getur í aa-lið fyrstu undirgreinar, fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júlí 2018.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku vátryggingaog lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í aa-lið fyrstu undirgreinar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.“

10) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 38. gr.:

„6. Miðlægur mótaðili skal láta stöðustofnunaraðilum sínum í té hermunartól sem gerir þeim kleift að ákvarða fjárhæð viðbótarupphafstryggingar á vergum (brúttó) grunni sem miðlægi mótaðilinn kann að krefjast við stöðustofnun nýrra viðskipta. Þetta tól skal aðeins vera aðgengilegt á grundvelli öruggs aðgangs og skulu niðurstöður hermunarinnar ekki vera bindandi.

7. Miðlægur mótaðili skal veita stöðustofnunaraðilum sínum upplýsingar um þau upphafstryggingarlíkön sem hann notar. Þær upplýsingar skulu:

a) útskýra með skýrum hætti uppbyggingu upphafstryggingarlíkansins og hvernig það virkar,

b) lýsa með skýrum hætti lykilforsendum og takmörkunum upphafstryggingarlíkansins og við hvaða aðstæður þær forsendur eiga ekki við lengur,

c) vera skjalfestar.“

11) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 39. gr.:

„11. Gjaldþrotalög einstakra aðildarríkja skulu ekki koma í veg fyrir að miðlægur mótaðili aðhafist í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. 48. gr. að því er varðar þær eignir og stöður sem skráðar eru á reikninga eins og um getur í 2.–5. mgr. þessarar greinar.“

12) Ákvæðum 56. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar 1. mgr. 55. gr. skal afleiðuviðskiptaskrá leggja fram annað af eftirtöldu hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni:

a) umsókn um skráningu,

b) umsókn um útvíkkun skráningar sé afleiðuviðskiptaskráin þegar skráð skv. III. kafla reglugerðar (ESB) 2015/2365.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) upplýsingar í umsókn um skráningu sem um getur í a-lið 1. mgr.,

b) upplýsingar í einfaldaðri umsókn um útvíkkun skráningar sem um getur í b-lið 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) snið umsókna um skráningu sem um getur í a-lið 1. mgr.,

b) snið umsókna um útvíkkun skráningar sem um getur í b-lið 1. mgr.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra einfaldað snið.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

13) Í stað 5. mgr. 62. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Krefjist beiðni um skrár yfir símtöl eða gagnaumferð eins og um getur í e-lið 1. mgr. þess að lögbært landsyfirvald hafi heimild dómsyfirvalds samkvæmt innlendum reglum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig sækja um slíka heimild. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig sótt um slíka heimild í varúðarskyni.“

14) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt allar nauðsynlegar vettvangsskoðanir á starfsstöðvum, landi eða fasteignum þeirra lögaðila sem um getur í 1. mgr. 61. gr. Ef þess þarf til að tryggja rétta framkvæmd og skilvirkni skoðunarinnar getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt vettvangsskoðun án undangenginnar tilkynningar.

2. Embættismönnum og öðrum aðilum sem hafa heimild Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsskoðun er heimilt að fara inn á hverja starfsstöð, land eða fasteign lögaðila sem fellur undir ákvörðun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur og skulu þeir hafa allar þær heimildir sem um getur í 1. mgr. 62. gr. Einnig skal þeim heimilt að innsigla sérhverja starfsstöð, bækur og gögn í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna skoðunarinnar.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Krefjist vettvangsskoðun sem kveðið er á um í 1. mgr. eða aðstoð sem kveðið er á um í 7. mgr. þess að lögbært landsyfirvald hafi heimild dómsyfirvalds samkvæmt innlendum reglum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig sækja um slíka heimild. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig sótt um slíka heimild í varúðarskyni.“

15) Ákvæðum 64. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þegar rannsakandinn leggur málskjölin með niðurstöðunum sem um getur í 3. mgr. fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina skal hann gera aðilunum sem eru til rannsóknar viðvart. Þeir aðilar skulu hafa rétt til aðgangs að málskjölunum, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila að því er varðar vernd viðskiptaleyndarmála þeirra. Réttur til aðgangs að málsskjölunum nær hvorki til trúnaðarupplýsinga né innri undirbúningsskjala Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vísa málum til viðeigandi yfirvalda til rannsóknar og mögulegrar saksóknar komist hún að því í störfum sínum samkvæmt þessari reglugerð að sterkar vísbendingar séu um möguleg málsatvik sem henni er kunnugt um að geti falið í sér refsiverð brot samkvæmt gildandi lögum. Auk þess skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hvorki beita sektum né févítum sé henni kunnugt um að fyrri sýkna eða sakfelling vegna nákvæmlega eins málsatvika, eða málsatvika sem eru að verulegu leyti þau sömu, hefur öðlast réttaráhrif dóms vegna sakamáls samkvæmt landslögum.“

16) Ákvæðum 2. mgr. 65. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað „20 000 evrur“ í a-lið kemur „200 000 evrur“.

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) vegna brotanna sem um getur í a-, b- og d- til k-liðar I. þáttar I. viðauka og a-, b- og h-lið II. þáttar I. viðauka skulu fjárhæðir sektanna vera að lágmarki 5 000 evrur og ekki hærri en 100 000 evrur.“

c) Eftirfarandi liður bætist við:

„c) vegna brotanna sem um getur í IV. þætti I. viðauka skulu fjárhæðir sektanna vera að lágmarki 5 000 evrur og ekki hærri en 10 000 evrur.“

17) Í stað 1. mgr. 67. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur ákvörðun skv. 1. mgr. 73. gr. og um févíti skv. 66. gr. skal hún gefa þeim aðilum sem falla undir málsmeðferðina tækifæri til að tjá sig um niðurstöður hennar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal byggja ákvarðanir sínar einungis á niðurstöðum sem þeir aðilar sem falla undir málsmeðferðina hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um ákvarðanir sem um getur í a-, c- og d-lið 1. mgr. 73. gr. ef brýnna aðgerða er þörf til að koma í veg fyrir verulegt og yfirvofandi tjón fyrir fjármálakerfið eða til að koma í veg fyrir verulegt og yfirvofandi tjón fyrir heilleika, gagnsæi, skilvirkni og eðlilega starfsemi fjármálamarkaða, þ.m.t. stöðugleika eða réttleika gagna sem tilkynnt eru til afleiðuviðskiptaskrár. Í slíkum tilvikum getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekið bráðabirgðaákvörðun og skal hún gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að hún tekur ákvörðun sína.“

18) Í stað 2. mgr. 72. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Fjárhæð gjalds sem lagt er á afleiðuviðskiptaskrá skal standa straum af öllum eðlilegum stjórnsýslukostnaði sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnun stofnar til í tengslum við skráningu afleiðuviðskiptaskrárinnar og eftirlitsstarfsemi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og skal vera eðlileg miðað við veltu viðkomandi afleiðuviðskiptaskráar og tegund skráningar og eftirlits sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin annast.“

19) Eftirfarandi grein bætist við:

„76. gr. a

Gagnkvæmur beinn aðgangur að gögnum

1. Sé það nauðsynlegt til að þau geti sinnt skyldum sínum skulu viðeigandi yfirvöld þriðju landa þar sem ein eða fleiri afleiðuviðskiptaskrár eru með staðfestu hafa beinan aðgang að upplýsingum hjá afleiðuviðskiptaskrám með staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt framkvæmdargerð í samræmi við 2. mgr. þess efnis.

2. Að beiðni þeirra yfirvalda sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 86. gr., til ákvörðunar á því hvort lagarammi viðkomandi þriðja lands yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) afleiðuviðskiptaskrár með staðfestu í því þriðja landi séu með tilskilin starfsleyfi,

b) skilvirkt eftirlit og framfylgd með afleiðuviðskiptaskrám sé til staðar í því þriðja landi á viðvarandi grundvelli,

c) þagnarskylda sé tryggð, þ.m.t. verndun viðskiptaleyndarmála sem yfirvöld deila með þriðju aðilum, sem sé að lágmarki jafngild þeirri sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

d) lagalega bindandi og framfylgjanleg skylda hvíli á afleiðuviðskiptaskrám með starfsleyfi í því þriðja landi til að veita þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. 81. gr. beinan og tafarlausan aðgang að gögnunum.“

20) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 78. gr.:

„9. Afleiðuviðskiptaskrá skal koma á eftirfarandi verklagi og reglum:

a) verklagi til skilvirkar afstemmingar gagna milli afleiðuviðskiptaskráa,

b) verklagi til sannreyningar á heildstæðni og réttleika tilkynntra gagna,

c) reglum um skipulegan flutning gagna til annarra afleiðuviðskiptaskráa ef mótaðilar eða miðlægir mótaðilar sem um getur í 9. gr. óska eftir slíkum flutningi eða ef nauðsyn krefur af öðrum ástæðum.

10. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) verklagið til skilvirkar afstemmingar gagna milli afleiðuviðskiptaskráa,

b) verklagið sem afleiðuviðskiptaskrá á að beita til að ganga úr skugga um að skýrslugefandi mótaðili eða aðili sem leggur fram gögn hlíti kröfunum um skýrslugjöf og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynntra gagna skv. 9. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

21) Í 80. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5a. Sé þess óskað skal afleiðuviðskiptaskrá veita mótaðilum sem ekki er skylt að veita upplýsingar um OTC-afleiðusamninga sína skv. 1. mgr. a til 1. mgr. d 9. gr. og mótaðilum og miðlægum mótaðilum sem hafa falið öðrum að uppfylla skýrslugjafarskyldu sína skv. 1. mgr. f 9. gr. aðgang að upplýsingum sem veittar eru fyrir þeirra hönd.“

22) Ákvæðum 81. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við í 3. mgr.:

„q) viðeigandi yfirvöldum þriðja lands, sem framkvæmdargerð skv. 76. gr. a. hefur verið samþykkt vegna.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðila seðlabankakerfis Evrópu, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) þær upplýsingar sem á að birta eða gera aðgengilegar í samræmi við 1. og 3. mgr.,

b) hve oft á að birta þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.,

c) þær rekstrarlegu kröfur sem gerðar eru til söfnunar og samanburðar gagna milli afleiðuviðskiptaskráa og um aðgengi þeirra aðila sem um getur í 3. mgr. að þeim upplýsingum,

d) skilmála, fyrirkomulag og tilskilin skjöl sem afleiðuviðskiptaskrár veita þeim aðilum sem um getur í 3. mgr. aðgengi samkvæmt.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 18. júní 2020.

Við samningu þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja að með birtingu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. sé ekki ljóstrað upp um deili aðila að neinum samningi.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

23) Í stað 2.–6. mgr. 82. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Það framsal valds sem um getur í 1. gr. (6. mgr.), 4. gr. (3. mgr. a), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.), skal falið framkvæmdastjórninni um óákveðinn tíma.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla það framsal valds sem um getur í 1. gr. (6. mgr.), 4. gr. (3. mgr. a), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða á síðari degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin reyna að hafa samráð við Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunina og hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 1. gr. (6. mgr.), 4. gr. (3. mgr. a), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) eða 85. gr. (2. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða að bæði Evrópuþingið og ráðið hafi áður en fresturinn er liðinn upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

24) Ákvæðum 85. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Eigi síðar en 18. júní 2024 skal framkvæmdastjórnin meta beitingu þessarar reglugerðar og semja almenna skýrslu. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum eftir því sem við á.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Eigi síðar en 17. júní 2023 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftirfarandi:

a) áhrif reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 (*) á umfang stöðustofnunar hjá fjárhagslegum og ófjárhagslegum mótaðilum og á dreifingu stöðustofnunar innan hverrar tegundar mótaðila, einkum að því er varðar fjárhagslega mótaðila með takmarkað magn viðskipta í OTC-afleiðum og að því er varðar hve viðeigandi þær viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar sem um getur í 4. mgr. 10. gr. eru,

b) áhrif reglugerðar (ESB) 2019/834 á gæði og aðgengi gagna sem tilkynnt eru til afleiðuviðskiptaskráa, sem og gæði upplýsinga sem afleiðuviðskiptaskrár veita aðgang að,

c) breytingar á skýrslugjafarrammanum, þ.m.t. upptöku og innleiðingu framseldrar skýrslugjafar eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. a 9. gr. og einkum áhrif hennar á skýrslugjafarbyrði ófjárhagslegra mótaðila sem ekki falla undir stöðustofnunarskylduna,

d) aðgengileika stöðustofnunarþjónustu, einkum hvort krafan um að veita stöðustofnunarþjónustu, beint eða óbeint, á sanngjörnum, eðlilegum og gagnsæjum viðskiptaskilmálum án mismununar eins og um getur í 3. mgr. a 4. gr. hafi gefist vel við að greiða fyrir aðgengi að stöðustofnun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrám og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).“

c) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Eigi síðar en 18. júní 2020 og á 12 mánaða fresti eftir það, fram að lokaframlengingunni sem um getur í þriðju undirgrein, skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu með mati á því hvort þróaðar hafa verið raunhæfar tæknilausnir til yfirfærslu lífeyriskerfa á tryggingum í reiðufé og öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingum og á þörfinni fyrir ráðstafanir til að greiða fyrir þessum raunhæfu tæknilausnum.

Eigi síðar en 18. desember 2019 og á 12 mánaða fresti eftir það, fram að lokaframlengingunni sem um getur í þriðju undirgrein, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í samstarfi við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópska kerfisáhætturáðið leggja skýrslu fyrir framkvæmda-stjórnina með mati á eftirfarandi:

a) hvort miðlægir mótaðilar og lífeyriskerfi hafa gert viðeigandi ráðstafanir og þróað raunhæfar tæknilausnir sem greiða fyrir þátttöku slíkra kerfa í miðlægri stöðustofnun með því að leggja fram tryggingar í reiðufé og aðrar tryggingar en reiðufé sem viðbótartryggingar, þ.m.t. hvaða áhrif þessar lausnir hafa á seljanleika á markaði og sveiflumögnun (e. *procyclicality*) og mögulegum réttaráhrifum eða öðrum áhrifum þeirra,

b) umfangi og eðli starfsemi lífeyriskerfa á mörkuðum með stöðustofnaðar OTC-afleiður og OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar, innan hvers eignaflokks, og allri tengdri kerfisáhættu fyrir fjármálakerfið,

c) afleiðingum fyrir fjárfestingaráætlanir lífeyriskerfa ef þau uppfylla kröfuna um stöðustofnun, þ.m.t. öllum breytingum á eignadreifingu þeirra í reiðufé og öðru en reiðufé,

d) áhrifum viðmiðunarfjárhæða stöðustofnunar sem tilgreindar eru skv. b-lið 4. mgr. 10. gr. á lífeyriskerfi,

e) áhrifum annarra lagakrafna á kostnaðarmuninn milli stöðustofnaðra OTC-afleiðusamninga og OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir, þ.m.t. tryggingarkröfur vegna afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar og útreikning vogunarhlutfalls (e. *leverage ratio*) í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

f) hvort frekari ráðstafanir séu nauðsynlegar til að greiða fyrir stöðustofnunarlausn fyrir lífeyriskerfi.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framselda gerð í samræmi við 82. gr. til að framlengja tveggja ára tímabilið sem um getur í 1. mgr. 89. gr. tvisvar, sem nemur einu ári í hvort skipti, komist hún að þeirri niðurstöðu að engin raunhæf tæknilausn hafi verið útfærð og að neikvæð áhrif miðlægrar stöðustofnunar afleiðusamninga á eftirlaun lífeyrisþega í framtíðinni séu enn óbreytt.

Miðlægir mótaðilar, stöðustofnunaraðilar og lífeyriskerfi skulu eftir bestu getu stuðla að þróun raunhæfra tæknilausna sem auðvelda slíkum kerfum að stöðustofna OTC-afleiðusamninga.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót sérfræðingahópi sem samanstendur af fulltrúum miðlægra mótaðila, stöðustofnunaraðila, lífeyriskerfa og annarra viðkomandi aðila að slíkum raunhæfum tæknilausnum til að fylgjast með viðleitni þeirra og meta árangurinn sem náðst hefur í þróun raunhæfra tæknilausna sem auðvelda lífeyriskerfum að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. yfirfærslu slíkra kerfa á tryggingum í reiðufé og öðrum tryggingum en reiðufé sem viðbótartryggingum. Þessi sérfræðingahópur skal hittast eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Framkvæmdastjórnin skal meta viðleitni miðlægra mótaðila, stöðustofnunaraðila og lífeyriskerfa þegar hún semur skýrslu sína samkvæmt fyrstu undirgrein.

3. Eigi síðar en 18. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu með mati á eftirfarandi:

a) hvort skyldan til að tilkynna viðskipti skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og samkvæmt þessari reglugerð leiðir til tvítekningar skýrslugjafarskyldu um viðskipti með afleiður sem ekki eru OTC-afleiður og hvort hægt er að draga úr eða einfalda skýrslugjöf um önnur viðskipti en OTC-viðskipti fyrir alla mótaðila án ótilhlýðilegs taps á upplýsingum,

b) hve nauðsynlegt og viðeigandi er að samræma viðskiptaskylduna vegna afleiðna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 við breytingar sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/834 á stöðustofnunarskyldunni vegna afleiðna, einkum á því hvaða aðilar falla undir stöðustofnunarskylduna,

c) hvort einhver viðskipti sem leiða beint af þjónustu sem miðar að því að draga úr áhættu að viðskiptum loknum, þ.m.t. samþjöppun eignasafns, ættu að vera undanþegin stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 1. mgr. 4. gr., að teknu tilliti til þess að hvaða marki þessi þjónusta dregur úr áhættu, einkum greiðslufallsáhættu mótaðila og rekstraráhættu, möguleikanum á að fara í kringum stöðustofnunarskylduna og þáttum sem hafa mögulega letjandi áhrif á miðlæga stöðustofnun.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum eftir því sem við á.“

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Eigi síðar en 18. maí 2020 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina. Í þeirri skýrslu skal meta:

a) samkvæmni krafna um skýrslugjöf vegna afleiðna sem ekki eru OTC-afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 og skv. 9. gr. þessarar reglugerðar, bæði með tilliti til upplýsinga um afleiðusamninga sem veita á og aðgengis viðkomandi aðila að gögnum og hvort samræma ætti þessar kröfur,

b) hentugleika þess að einfalda skýrslugjafarkeðjuna frekar fyrir alla mótaðila, þ.m.t. fyrir alla óbeina viðskiptavini, að teknu tilliti til þarfarinnar fyrir tímanlega skýrslugjöf og þeirra ráðstafana sem gerðar eru skv. 4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

c) samræmingu viðskiptaskyldunnar vegna afleiðna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 600/2014 við breytingar sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/834 á stöðustofnunarskyldunni vegna afleiðna, einkum á því hvaða aðilar falla undir stöðustofnunarskylduna,

d) í samvinnu við Evrópska kerfisáhætturáðið, hvort einhver viðskipti sem leiða beint af þjónustu sem miðar að því að draga úr áhættu að viðskiptum loknum, þ.m.t. samþjöppun eignasafns, ættu að vera undanþegin stöðustofnunarskyldunni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. Í þeirri skýrslu skal:

i. rannsaka samþjöppun eignasafna og aðra tiltæka þjónustu sem miðar að því að draga úr áhættu að viðskiptum loknum, er ekki verðmyndandi og dregur úr áhættu sem ekki er markaðsáhætta í afleiðueignasöfnum án þess að breyta markaðsáhættu eignasafnanna, s.s. viðskipti til endurstillingar eignasafns,

ii. útskýra tilgang og virkni slíkrar þjónustu sem miðar að því að draga úr áhættu að viðskiptum loknum, að hvaða marki hún dregur úr áhættu, einkum greiðslufallsáhættu mótaðila og rekstraráhættu, og meta þörfina á að stöðustofna slík viðskipti eða undanskilja þau frá stöðustofnun, í þeim tilgangi að stýra kerfisáhættu, og

iii. meta að hvaða marki undanþága slíkrar þjónustu frá stöðustofnunarskyldunni hefur letjandi áhrif á miðlæga stöðustofnun og kann að leiða til þess að mótaðilar fari í kringum stöðustofnunarskylduna;

e) hvort lengja mætti listann yfir fjármálagerninga sem teljast auðseljanlegir með lágmarks markaðs- og greiðslufallsáhættu, í samræmi við 47. gr., og hvort á þeim lista gætu verið einn eða fleiri peningamarkaðssjóðir með starfsleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8).“

25) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 86. gr.:

„3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 með hliðsjón af 5. gr. hennar.“

26) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 89. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Fram til 18. júní 2021 skal stöðustofnunarskyldan sem um getur í 4. gr. hvorki gilda um OTC-afleiðusamninga sem unnt er að mæla hlutlægt sem svo að þeir dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa, né um aðila sem komið er á fót til að greiða aðilum slíkra kerfa bætur komi til vanskila.

Stöðustofnunarskyldan sem kveðið er á um í 4. gr. gildir ekki um OTC-afleiðusamninga eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar sem gerðir eru fyrir hönd lífeyriskerfa frá 17. ágúst 2018 til 16. júní 2019.“

27) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með gildistökudegi, að undanskildu eftirfarandi:

a) ákvæði 10. og 11. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. og 7. mgr. 38. gr. og 11. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, koma til framkvæmda frá og með 18. desember 2019,

b) ákvæði b-liðar 7. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar 1. mgr. a til 1. mgr. d 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, koma til framkvæmda frá og með 18. júní 2020,

c) ákvæði b-liðar 2. liðar og 20. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar 3. mgr. a 4. gr. og 9. og 10. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, koma til framkvæmda frá og með 18. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við I. þátt:

„i) afleiðuviðskiptaskrá brýtur í bága við a-lið 9. mgr. 78. gr. ef hún kemur ekki á fullnægjandi verklagi til skilvirkar afstemmingar gagna milli afleiðuviðskiptaskráa,

j) afleiðuviðskiptaskrá brýtur í bága við b-lið 9. mgr. 78. gr. ef hún kemur ekki á fullnægjandi verklagi til að sannreyna heildstæðni og réttleika tilkynntra gagna,

k) afleiðuviðskiptaskrá brýtur í bága við c-lið 9. mgr. 78. gr. ef hún setur ekki fullnægjandi reglur um skipulegan flutning gagna til annarra afleiðuviðskiptaskráa þegar mótaðilar og miðlægir mótaðilar sem um getur í 9. gr. óska eftir slíkum flutningi eða nauðsyn krefur af öðrum ástæðum.“

2) Eftirfarandi liður bætist við IV. þátt:

„d) afleiðuviðskiptaskrá brýtur í bága við 4. mgr. 55. gr. ef hún tilkynnir ekki Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tímanlega um allar verulegar breytingar er varða skilyrði fyrir skráningu hennar.“

_____

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1833 **2021/EES/22/104**

frá 2. október 2020

um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB að því er varðar aðlögun þeirra að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Ákvæði þeirra alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Síðustu breyttu útgáfurnar gilda frá og með 1. janúar 2021, með umbreytingartímabili til 30. júní 2021.

3) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringarskjöl ([2]) hafa aðildarríki skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið á milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.

4) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað þáttar I.1 í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I.1 ADR

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 408, 4.12.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 260, 30.9. 2008, bls. 13.

([2]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2) Í stað þáttar II.1 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„II.1 RID

Viðaukinn við RID-reglurnar, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „RID-samningsríki“, eftir því sem við á.“

3) Í stað þáttar III.1 í III. viðauka kemur eftirfarandi:

„III.1 ADN

Reglurnar sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1916 **2021/EES/22/105**

frá 15. nóvember 2019

um ítarleg ákvæði varðandi búnað á afturhluta ökutækja sem dregur úr loftnúningsviðnámi samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu ([1]) og einkum 4. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með því að draga úr loftnúningsviðnámi ökutækja mætti draga umtalsvert úr eldsneytisnotkun og þar af leiðandi úr losun koltvísýrings. Hins vegar er ekki hægt að draga umtalsvert úr loftnúningsviðnámi ökutækja nema leyfileg mál ökutækja, þ.m.t. búnaður sem dregur úr loftviðnámi, geri slíkt kleift. Tilskipun 96/53/EB var því breytt til að kveða á um undanþágur frá leyfilegri hámarkslengd ökutækja, að framan og að aftan, sbr. þó tiltekin skilyrði.

2) Til að tryggja að inndraganlegur eða samfellanlegur búnaður á afturhluta ökutækja, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sé öruggur ætti að tilgreina við hvaða aðstæður sé heimilt að nota slíkan búnað og hvenær hann skuli vera í lokaðri stöðu, einkum með tilliti til nálægðar við aðra vegfarendur, sérstakra einkenna svæðisins og hraðatakmarkana. Einnig ætti að tryggja að inndraganlegur eða samfellanlegur búnaður á afturhluta ökutækja, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sé samrýmanlegur samþættum flutningsaðgerðum, einkum í tengslum við fermingu og affermingu samþættu flutningaeininganna, og standist tiltekinn vindstyrk við flutning á slíkum einingum.

3) Einnig ætti að veita því athygli að ökutæki eða samtengd ökutæki, með búnað festan á afturhluta ökutækisins sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu uppfylla kröfur tilskipunar 96/53/EB, einkum þær sem varða beygju innan beygjuhrings í lið 1.5 í I. viðauka hennar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. i tilskipunar 96/53/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarleg ákvæði varðandi notkun búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er festur aftan á ökutæki og samtengd ökutæki, í samræmi við tilskipun 96/53/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 18.11.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „búnaður“: búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er festur aftan á ökutæki eða samtengd ökutæki,

b) „í notkunarstöðu“: sú staða sem búnaður er í þegar hann er notaður til að draga úr loftnúningsviðnámi,

c) „í lokaðri stöðu“: sú staða sem búnaður er í þegar hann er dreginn inn eða felldur saman með öruggum hætti.

3. gr.

Notkunarskilyrði

1. Aðildarríkjum er heimilt að banna notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem eru með búnað í notkunarstöðu, í borgum eða milli borga, ef lögbær yfirvöld krefjast þess, að teknu tilliti til sérstakra einkenna slíkra svæða, einkum þar sem hámarkshraðinn er 50 km/klst. eða minni og þar sem óvarðir vegfarendur gætu verið.

2. Við aðstæður eða á svæðum þar sem þörf er á að viðhafa sérstaka eftirtekt eða tillitssemi skal búnaðurinn vera í lokaðri stöðu. Þetta á við um eftirfarandi aðstæður:

a) þegar verið er að stýra, bakka eða leggja ökutækinu,

b) þegar ökutæki hefur verið lagt í stæði,

c) þegar verið er að ferma eða afferma vörur.

3. Eftirfarandi kröfur gilda um notkun búnaðar í samþættum flutningsaðgerðum:

a) við undirbúning á samþættum flutningum og meðan á honum stendur skal búnaðurinn vera í lokaðri stöðu,

b) búnaðurinn skal ekki skaga lengra út en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og heildarbreidd ökutækisins, að búnaðinum meðtöldum, skal vera að hámarki 2600 mm.

4. Búnaður, sem er gallaður, óöruggur eða bilaður, skal vera í lokaðri stöðu eða, ef hægt er, tafarlaust fjarlægður.

5. Þrátt fyrir 2. mgr. og 3. mgr. a þarf búnaður ekki að vera í lokaðri stöðu ef þess er ekki krafist, samkvæmt lið 1.3.1.1.3 í B-hluta, lið 1.3.1.1.3 í C-hluta og lið 1.4.1.1.3 í D-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012, að búnaðurinn sé inndraganlegur eða samfellanlegur, ef kröfur um hámarksmál eru uppfylltar við öll skilyrði.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/933 2021/EES/22/106

frá 29. júní 2018

um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í þýsku útgáfunni af tilskipun 2006/126/EB eru villur, nánar tiltekið í liðum 6.1 og 6.4 í III. viðauka að því er varðar lágmarkskröfur um líkamlega og andlega hæfni til að aka aflknúnu ökutæki, einkum hvað varðar sjóngetu. Villurnar komu fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB ([2]).

2) Því ætti að leiðrétta þýsku útgáfuna af tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á útgáfur á öðrum tungumálum.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en einu ári eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB frá 25. ágúst 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (Stjtíð. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 31).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1474 2021/EES/22/107

frá 13. október 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 360/2012 að því er varðar framlengingu á beitingartímabili hennar og tímabundna undanþágu fyrir fyrirtæki í erfiðleikum í ljósi áhrifanna af COVID-19 heimsfaraldrinum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum 1. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 ([2]) telst aðstoð undir tilteknum viðmiðunarmörkum, sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, ekki uppfylla allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og er því undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.

2) Reglugerð (ESB) nr. 360/2012 fellur úr gildi 31. desember 2020.

3) Nauðsynlegt er að tryggja fyrirsjáanleika og réttarvissu á meðan mögulegar uppfærslur á reglugerð (ESB) nr. 360/2012 eru undirbúnar, í samræmi við mögulegar uppfærslur á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 ([3]).

4) Því ætti í fyrsta lagi að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 360/2012. Í öðru lagi ætti, í samræmi við viðmiðunarreglur um betri reglusetningu, að gera úttekt á reglugerð (ESB) nr. 360/2012 og öðrum reglum um þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2011 ([4]), í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna Evrópusambandsins um ríkisaðstoð að því er varðar greiðslur fyrir veitta þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu ([5]) og í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar - rammi Evrópusambandsins um ríkisaðstoð í formi bóta vegna opinberrar þjónustu (2011) ([6]), að svo miklu leyti sem þær gilda um heilbrigðis- og félagsþjónustu. Framkvæmdastjórnin setti af stað úttekt á þessum reglum þegar í júní 2019. Framlenging á gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 ætti að gera

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 337, 14.10.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart *minniháttaraðstoð* sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart *minniháttaraðstoð* (Stjtíð. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2012 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, C(2011) 9380 (Stjtíð. ESB, L 7, 11.1.2012, bls. 3).

([5]) Stjtíð. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 4.

([6]) Stjtíð. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 15.

framkvæmdastjórninni kleift að taka tillit til niðurstaðna hæfisprófsins sem einnig tekur til reglugerðar (ESB) nr. 1407/2013. Því ætti að samræma framlengingu á gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 og framlengingu á gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 1407/2013. Þessi framlenging á gildistíma ætti að gera framkvæmdastjórninni kleift að fá heildstæðari mynd af því hvernig mismunandi þættir reglugerðanna tveggja vinna saman. Tímabundin framlenging á gildistíma ætti að veita fyrirtækjum, sem falið er að veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, réttarvissu og ekki auka stjórnsýsluálag þar sem bótaráðstafanir, sem fara ekki yfir 500 000 evrur á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára, sem veittar eru fyrirtækjum sem veita þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, munu áfram ekki teljast ríkisaðstoð.

5) Því ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 um þrjú ár, til 31. desember 2023.

6) Í ljósi þeirra efnahagslegu og fjárhagslegu afleiðinga sem uppkoma COVID-19 hefur haft á fyrirtæki og til að tryggja samræmi við almenn stefnumarkandi viðbrögð sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, einkum á tímabilinu 2020-2021, er nauðsynlegt að fyrirtæki sem lent hafa í erfiðleikum vegna uppkomu COVID-19 uppfylli skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 360/2012 í takmarkaðan tíma.

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 360/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 360/2012 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 1. gr.:

„2a. Þrátt fyrir h-lið 2. mgr. skal þessi reglugerð gilda um fyrirtæki sem áttu ekki í erfiðleikum 31. desember 2019 en lenda í erfiðleikum á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

b) Í stað annarrar málsgreinar 5. gr. kemur eftirfarandi:

„Hún gildir til 31. desember 2023.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1603 **2021/EES/22/108**

frá 18. júlí 2019

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 28. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja ákvæði um viðeigandi vöktun losunar, skýrslugjöf um hana og sannprófun á henni í þeim tilgangi að innleiða hnattræna markaðstengda ráðstöfun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á öllum leiðum sem falla undir þá ráðstöfun. Í þágu réttarvissu og skýrleika laga er nauðsynlegt að tilgreina flug sem falla undir þessi ákvæði með vísan til viðkomandi leiða og umráðenda loftfara.

2) Ráðstafanir vegna vöktunar á losun og skýrslugjöf um losunina sem og um sannprófun á losunarskýrslum gilda, að því er varðar viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ([2]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 ([3]). Þessar ráðstafanir hafa verið uppfærðar og þróaðar enn frekar, að því er varðar vöktun á losun og skýrslugjöf um losunina, með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 ([4]) sem kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Í framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2018/2066 og (ESB) 2018/2067 er höfð hliðsjón af fyrstu útgáfu alþjóðlegra staðla og ráðlögðum starfsvenjum sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti 27. júní 2018. Af ástæðum er varða hagkvæmni í stjórnsýslu og til að lágmarka kostnað rekstraraðila við að fylgja reglum þykir rétt að aðlaga ákvæðin um framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 601/2012 og í þessum framkvæmdarreglugerðum.

3) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 geta aðildarríki mælt fyrir um notkun rafrænna sniðmáta og sértækra skráasniða í þeim tilgangi að tilkynna um losun frá flugstarfsemi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Til að tryggja að umráðendur loftfara geti einnig uppfyllt slíkar kröfur þegar tilkynnt er um losun að því er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að birta sértækt snið fyrir skipti á rafrænum gögnum.

4) Beiting krafna um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun fyrir tiltekin flug, að því er varðar eingöngu umráðendur loftfara sem hafa staðfestu í EES, telst ekki skapa röskun á samkeppni. Því er hægt að samþykkja slíkar kröfur á grundvelli 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

5) Á grundvelli samstarfssamnings milli framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir aðstoð Evrópustofnunarinnar til að tryggja gæði losunargagna. Til þess að tryggja heildstæðni og nákvæmni losunargagna, sem aðildarríki eiga að senda á því sniði sem Alþjóðaflugmálastofnunin ætlast til, ættu aðildarríkin að geta óskað eftir því að framkvæmdastjórnin fari þess á leit við Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu að hún veiti þessa aðstoð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

6) Aðildarríki ættu að senda viðeigandi gögn um sannprófaða losun til skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og tryggja heildstæða og tímanlega skýrslugjöf um losunargögn sem varða öll viðkomandi flug.

7) Í samræmi við 2. mgr. 28. gr. b í tilskipun 2003/87/EB ætti að taka það til athugunar í skýrslunni, sem um getur í þeirri grein, hvort endurskoða ætti þessa reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Skýrslugjafarkvaðirnar, sem kveðið er á um í 2. gr., skulu einungis gilda um umráðendur loftfara sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) þeir hafa flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis,

b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn, vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í mismunandi ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES), eða flug sem um getur í 1. mgr. 2. gr., frá og með 1. janúar 2019.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal ekki taka tillit til losunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

a) ríkisflugi,

b) flugi í mannúðarskyni,

c) sjúkraflugi,

d) herflugi,

e) flugi til slökkvistarfa.

2. gr.

1. Umráðendur loftfara skulu gefa skýrslu um losun frá eftirfarandi flugi:

a) flugi milli flugvalla sem eru staðsettir í aðildarríkjum og flugvalla sem eru staðsettir í þriðju löndum,

b) flugi milli flugvalla sem eru staðsettir í aðildarríkjum og flugvalla sem eru staðsettir á ystu svæðum, í hjálendum eða á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja,

c) flugi milli flugvalla sem eru staðsettir á ystu svæðum, í hjálendum eða á yfirráðasvæðum aðildarríkja og flugvalla sem eru staðsettir í þriðju löndum eða hjálendum eða á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

2. Ákvæði 1. mgr. skal einnig gilda um flugrekendur í flutningaflugi sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil sem hefjast eða lýkur á flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkis.

3. Mælt er með að umráðendur loftfara sannprófi einnig og gefi skýrslu um losun sína frá flugi milli flugvalla sem eru staðsettir í tveimur mismunandi þriðju löndum.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. skulu gilda um losun frá öllum tegundum flugs, að undanskildum þeim tegundum flugs sem um getur í 2. mgr. 1. gr., þ.m.t.:

a) flug vegna þjálfunar eða leitar og björgunar,

b) flug samkvæmt sjónflugsreglum,

c) flug vegna vísindarannsókna og prófana,

d) flug vegna skyldu til að veita opinbera þjónustu.

3. gr.

1. Að því er varðar skýrslugjöf um losun skv. 2. gr. þessarar reglugerðar skulu umráðendur loftfara falla undir sömu kröfur og þær sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB og reglugerð (ESB) nr. 601/2012. Frá 1. janúar 2021 skulu þeir falla undir sömu kröfur og þær sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta snið fyrir skipti á rafrænum gögnum í þeim tilgangi að gefa skýrslur um losun frá flugi sem um getur í 2. gr. Umráðendur loftfara skulu nota þetta snið fyrir skipti á rafrænum gögnum.

4. gr.

Sannprófun á gögnum um losun sem gefa skal skýrslu um skv. 2. gr. þessarar reglugerðar og faggilding sannprófenda sem annast sannprófunina skulu falla undir sömu kröfur og þær sem mælt er fyrir um í 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB og B-hluta V. viðauka við þá tilskipun, sem og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

5. gr.

Umráðandi loftfars, sem er skráður í viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 ([5]), skal gefa skýrslu um losun sína hjá ábyrgðaraðildarríki sínu sem er tilgreint í þeim viðauka.

Umráðandi loftfars, sem er ekki skráður í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 748/2009, skal gefa skýrslu um losun sína hjá því aðildarríki sem gaf út flugrekandaskírteini hans eða, ef aðildarríki hefur ekki gefið út flugrekandaskírteini, hjá því aðildarríki þar sem lögheimili viðkomandi umráðandi loftfars er skráð.

6. gr.

Að fenginni beiðni frá aðildarríki getur framkvæmdastjórnin óskað eftir aðstoð frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu til að bæta nákvæmni gagna um losun með það í huga að senda þau í samræmi við 7. gr.

7. gr.

Með fyrirvara um endurskoðun Evrópuþingsins og ráðsins á tilskipun 2003/87/EB skulu aðildarríki senda skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar viðkomandi gögn um losun sem skýrsla hefur verið gefin um skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB og samkvæmt þessari reglugerð. Fyrir sendingu skulu lögbær yfirvöld framkvæma athugun m.t.t. stærðarþreps á gögnunum sem á að senda. Á sama tíma skulu aðildarríki einnig senda framkvæmdastjórninni þessi losunargögn.

Losunarstuðullinn sem er tilgreindur í 16. viðauka, IV. bindis Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður 7. desember 1944 (Chicago-samningur) fyrir eldsneytið þotusteinolíu (Jet A1 eða Jet A), skal notaður að því er varðar sendingu á losunargögnum samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar greinar.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/535 2021/EES/22/109

frá 8. apríl 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 18. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB ([2]), tekur til flugstarfsemi innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (hér á eftir nefnt „viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir“).

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 ([3]) er tekin saman skrá yfir umráðendur loftfara, sem stunduðu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag.

3) Tilgangurinn með skránni er að draga úr stjórnsýslubyrði hjá umráðendum loftfara með því að leggja fram upplýsingar um það hvaða aðildarríki bera ábyrgð á tilteknum umráðanda loftfars.

4) Innfærsla umráðanda loftfars í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er háð starfrækslu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er ekki háð innfærslu í skrána yfir umráðendur loftfara sem framkvæmdastjórnin tók saman á grundvelli 3. mgr. 18.gr. a. í þeirri tilskipun.

5) Samkvæmt samningi milli Evrópusambandsins og Svissneska ríkjasambandsins um að tengja saman viðskiptakerfi þeirra með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ([4]) á flugstarfsemi að falla undir viðkomandi viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir. Sviss á að stjórna nokkrum umráðendum loftfara sem eru sem stendur undir stjórn aðildarríkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 21.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu taki einnig til flugstarfsemi (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1).

([4]) Stjtíð. ESB L 322, 7.12.2017, bls. 3.

6) Umráðandi loftfars á annað hvort að vera undir stjórn aðildarríkis eða Sviss, ekki þeirra beggja. Að því er varðar starfsemi sem fellur undir útreikning á því að farið hafi verið að tilskildum ákvæðum um losun 2019 verða umráðendur loftfara, sem hafa verið færðir undir stjórn Sviss, áfram tímabundið undir stjórn aðildarríkis.

7) Breytingar á skránni yfir umráðendur loftfara eru byggðar á nýjustu gögnum frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 748/2009 til samræmis við það.

9) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi fyrir árlega uppfærslu á skránni yfir umráðendur loftfara sem um getur í b-lið 3. mgr. 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 748/2009 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

BELGÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31102	ACT AIRLINES	TYRKLAND
38484	AEROTRANSCARGO	LÝÐVELDIÐ MOLDÓVA
41049	AHS AIR INT	PAKISTAN
7649	AIRBORNE EXPRESS	BANDARÍKIN
33612	ALLIED AIR LIMITED	NÍGERÍA
27011	ASL AIRLINES BELGIUM	BELGÍA
29424	ASTRAL AVIATION LTD	KENYA
31416	AVIA TRAFFIC COMPANY	TADSÍKISTAN
30020	AVIASTAR-TU CO.	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
123	Abelag Aviation NV	BELGÍA
908	BRUSSELS AIRLINES	BELGÍA
25996	CAIRO AVIATION	EGYPTALAND
4369	CAL CARGO AIRLINES	ÍSRAEL
29517	CAPITAL AVTN SRVCS	HOLLAND
f11336	CORPORATE WINGS LLC	BANDARÍKIN
32909	CRESAIR	BANDARÍKIN
32432	EGYPTAIR CARGO	EGYPTALAND
f12977	EXCELLENT INVESTMENT LLC	BANDARÍKIN
32486	FAYARD ENTERPRISES	BANDARÍKIN
f11102	FedEx Express Corporate Aviation	BANDARÍKIN
13457	Flying Partners CVBA	BELGÍA
29427	Flying Service N.V.	BELGÍA
24578	GAFI GENERAL AVIAT	MÁRITÍUS
f12983	GREEN DIESEL LLC	BANDARÍKIN
29980	HAINAN AIRLINES (2)	KÍNA
23700	HEWA BORA AIRWAYS	KONGÓ
28582	INTER WETAIL AG	SVISS
9542	INTL PAPER CY	BANDARÍKIN
27709	KALITTA AIR	BANDARÍKIN
28087	LAS VEGAS CHARTER	BANDARÍKIN
32303	MASTER TOP LINHAS	BRASILÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
37066	MERIDIAN (AIRWAYS)	BELGÍA
1084	MIL BELGIUM	BELGÍA
31207	N604FJ LLC	BANDARÍKIN
f11462	N907WS AVIATION LLC	BANDARÍKIN
26688	NEWELL RUBBERMAID	BANDARÍKIN
f10341	OfficeMax Inc	BANDARÍKIN
31660	RIPPLEWOOD AVTN	BANDARÍKIN
2344	SAUDIA	SÁDI-ARABÍA
29222	SILVERBACK CARGO	RÚANDA
39079	SOLARIUS AVIATION	BANDARÍKIN
35334	SONOCO PRODUCTS CO	BANDARÍKIN
26784	SOUTHERN AIR	BANDARÍKIN
38995	STANLEY BLACK&DECKER	BANDARÍKIN
27769	Sea Air	BELGÍA
34920	TRIDENT AVIATION SVC	BANDARÍKIN
30011	TUI AIRLINES - JAF	BELGÍA
27911	ULTIMATE ACFT SERVIC	BANDARÍKIN
13603	VF CORP	BANDARÍKIN
36269	VF INTERNATIONAL	SVISS
37064	VIPER CLASSICS LTD	BRETLAND
f11467	WILSON & ASSOCIATES OF DELAWARE LLC	BANDARÍKIN
37549	YILTAS GROUP	TYRKLAND

BÚLGARÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
33329	AERO POWER LTD	BRETLAND
27698	AEROVISTA	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
26520	AIR LIBYA 2	LÍBÍA
39180	ALK JSC	BÚLGARÍA
36020	ARARAT INTERNATIONAL	ARMENÍA
34563	ASIA AIRWAYS	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
24508	BALTIC AIRLINES UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
28445	BH AIR	BÚLGARÍA
43451	BUL AIR LTD.	BÚLGARÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
29056	BULGARIA AIR	BÚLGARÍA
27538	BULGARIAN AIR CHRTR.	BÚLGARÍA
25981	CARGO AIR LTD.	BÚLGARÍA
32313	EAST WING KAZAKHSTAN	KASAKSTAN
36884	FLY ADJARA	GEORGÍA
44279	FLY2SKY OOD	BÚLGARÍA
36995	GR AVIA S.A.	GÍNEA
25134	INTERNAL MINISTRY UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
28505	IRANIAN AIR TRANSPOR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
31721	JORDAN INT AIR CARGO	JÓRDANÍA
28246	KOKSHETAU AIRLINE	KASAKSTAN
32034	KOMIAVIAVIATRANS 2	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
31019	KREMENCHUK FLIGHT	ÚKRAÍNA
38939	KRUNK AVIATION 2	ÚKRAÍNA
21448	MOSCOW AIRLINES JSC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
30622	PMT AIR	KAMBÓDÍA
37661	RGB ENTERPRISES LLC	BANDARÍKIN
27203	ROSAVIA AIR COMPANY	ÚKRAÍNA
1830	SENEGALAIR	SENEGAL
32347	TABAN AIR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
37954	TROPICAL AIR (Z) LTD	SAMBANDSLÝÐVELDIÐ TANSANÍA
37793	UKRSPECEXPORT	ÚKRAÍNA
37987	YAK AIR	GEORGÍA
35082	ZAGROS AIRLINES	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN

TÉKKLAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
30560	ABS JETS INC.	TÉKKLAND
7824	ACL SLOVACKY	TÉKKLAND
35387	ACS SA	SPÁNN
16895	AERO VODOCHODY	TÉKKLAND
f11813	AERSALE INC	BANDARÍKIN
29735	AIR ARABIA	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
38060	AIR NAVIGATION LK	TÉKKLAND
31304	AIRCRAFT INDUSTRIES	TÉKKLAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
39019	AIRLINE CONT.MNTN EQ	BANDARÍKIN
31433	ALANDIA AIR AB	FINNLAND
30203	ATMA AIRLINES	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
34057	AVTN SPECIALTIES	BANDARÍKIN
35333	AXIS AVIATION GROUP	BANDARÍKIN
22621	CAA CZECH REPUBLIC	TÉKKLAND
34430	CAIMITO ENTERP. LTD	KÝPUR
859	CZECH AIRLINES	TÉKKLAND
36294	CZECH CONNECT AIRLIN	TÉKKLAND
33327	EARTH ONE LIMITED	BRETLAND
f10182	Executive Flight Services, Inc.	BANDARÍKIN
36242	GEORGIAN INTERNATION	GEORGÍA
31631	GLOBAL AVIATION LIBY	LÍBÍA
36746	HOLIDAY CZECH	TÉKKLAND
35825	HYUNDAI MOTOR CO	LÝÐVELDIÐ KÓREA
32231	ILIN AIRCOMPANY	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
30145	INCLEDON ENTERPRISES	KÝPUR
27908	JOB AIR SRO	TÉKKLAND
39009	JUMP TANDEM	TÉKKLAND
30825	LETS FLY SRO	TÉKKLAND
38713	LITTLE AVIATION LTD	ÁSTRALÍA
24616	LR AIRLINES	TÉKKLAND
32935	MIDAMERICA HOLDINGS	BANDARÍKIN
3597	MIL CZECH REPUBLIC	TÉKKLAND
30743	NORSE AIR CHARTER	SUÐUR-AFRÍKA
29976	NOVA CHEMICALS	BANDARÍKIN
35361	OKAY HOLDING AS	TÉKKLAND
24121	PETROPAVLOVSK AIR	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
44173	PLORISTA LIMITED	KÝPUR
36763	RETENTURA LTD.	KÝPUR
2276	ROCKWELL AUTOMATION	BANDARÍKIN
f10379	Red.Com	BANDARÍKIN
32812	SKY DIVING FOR FUN	SLÓVAKÍA
27292	SKY GEORGIA	GEORGÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31351	SKY KG AIRLINES	TADSÍKISTAN
32157	SKYDIVE LK	TÉKKLAND
24903	SMARTWINGS A.S.	TÉKKLAND
37554	SOVEREIGN EXPRESS	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
13702	STEVENS EXPRESS	BANDARÍKIN
f13143	Timber LLC	BANDARÍKIN
25890	UKRAINIAN PILOT	ÚKRAÍNA
32721	VIDEOTAPE CENTER	BANDARÍKIN
38948	VIETJET AIR	VÍETNAM
39695	YANAIR	ÚKRAÍNA

DANMÖRK

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
35753	A/S MAERSK AVIATION	DANMÖRK
33185	AIR ALPHA A/C SALES	DANMÖRK
3456	AIR ALSIE	DANMÖRK
22466	AIR GREENLAND	DANMÖRK
37856	AIR PANAMA	PANAMA
34774	ALIGAP A/S	DANMÖRK
142	ATLANTIC AIRWAYS	DANMÖRK
36122	AVIATION HOLDINGS	BANDARÍKIN
39508	BGR I/S	DANMÖRK
36842	BRASILIA JET CENTER	BRASILÍA
18736	BRUEL, N	DANMÖRK
32921	CANYON GATE FLT SVCS	BANDARÍKIN
33047	CITICAPITAL LOCAVIA	FRAKKLAND
27919	DRT VERTRIEBS GMBH	DANMÖRK
366	Danish Air Transport A/S	DANMÖRK
f10500	Duchossois Industries, Inc.	BANDARÍKIN
25431	ELMAGAL AVIATION	SÚDAN
26272	EXECUJET EUROPE A/S	DANMÖRK
35478	FIRST GREENWICH	BRETLAND
f10218	GCTPA, LLC	BANDARÍKIN
33254	GE CAPITAL SOLUTIONS	DANMÖRK

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
37052	GENCHART B.V.	HOLLAND
32364	GLOBAL TRANSERVICE	BANDARÍKIN
32595	GRAAKJAER A/S	DANMÖRK
46487	GREAT DANE AIRLINES	DANMÖRK
38120	HUNNU AIR	MONGÓLÍA
36297	JET FLEET INTL	BANDARÍKIN
32158	JET TIME A/S	DANMÖRK
34892	JJO Invest ApS	DANMÖRK
33518	KIRKBI INVEST	DANMÖRK
31243	KIRKBI TRADING	DANMÖRK
34672	LAO CAPRICORN AIR	LAOSKA ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ
38155	MOENS, G	HOLLAND
32541	NAPLES FLIGHT MGMT	BANDARÍKIN
9914	NILAN A/S	DANMÖRK
12230	Nordic Aviation Capital A/S	DANMÖRK
34830	OLGA LEASING LTD	BERMÚDAEYJAR
33803	PARTNERSELSKABET	DANMÖRK
23090	PHARMA NORD	DANMÖRK
35196	PRIMERA AIR SCAND	DANMÖRK
29123	RHEINLAND AIR SERV.	ÞÝSKALAND
31890	ROMANIAN AIRPORT SVC	RÚMENÍA
9918	STAR AIR	DANMÖRK
36191	SUN WAY GEORGIA	GEORGÍA
4357	SUN-AIR of Scandinavia	DANMÖRK
46967	SUNCLASS AIRLINES	DANMÖRK
21484	THOMAS COOK SCANDINAVIA	DANMÖRK
38112	VINCENT AVIATION LTD	NÝJA-SJÁLAND
32655	VIP PARTNERFLY	DANMÖRK
12327	WEIBEL SCIENTIFIC	DANMÖRK

ÞÝSKALAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31485	328 SUPPORT SERVICES	ÞÝSKALAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
26507	AAA AVIATION & AIRCR	ÞÝSKALAND
34963	ACG AIR CARGO	ÞÝSKALAND
17942	ACH HAMBURG	ÞÝSKALAND
20017	ACM AIR CHARTER GMBH	ÞÝSKALAND
24933	ADVANCE AIR LFG	ÞÝSKALAND
38865	AERO BEE AIRLINES	KANADA
150	AERODIENST	ÞÝSKALAND
32334	AEROFLOT CARGO	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
171	AEROWEST GMBH (HAN)	ÞÝSKALAND
11454	AFI FLIGHT INSPECT.	ÞÝSKALAND
31799	AGRATA AVIATION	EISTLAND
27692	AHSEL HAVA	TYRKLAND
36719	AIR 1 AVIATION	BANDARÍKIN
5764	AIR ALLIANCE EXPRESS AG & CO.KG	ÞÝSKALAND
22484	AIR ALLIANCE GMBH	ÞÝSKALAND
36344	AIR ARABIA EGYPT	EGYPTALAND
29576	AIR ARMENIA	ARMENÍA
35195	AIR CHINA BUSINESS	KÍNA
36986	AIR FINKENWERDER	ÞÝSKALAND
36989	AIR FUHLSBUETTEL	ÞÝSKALAND
32268	AIR HAMBURG	ÞÝSKALAND
22378	AIR KUBAN	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
5663	AIR NAMIBIA	NAMIBÍA
29743	AIR NATIONAL CORP	NÝJA-SJÁLAND
17595	AIR SERVICE BERLIN	ÞÝSKALAND
31446	AIR TRANSPORT INTL 2	BANDARÍKIN
35215	AIR X CHARTER (GERMANY) GMBH & CO , KG	ÞÝSKALAND
17794	AIRBUS HELICOPTERS	ÞÝSKALAND
32484	AIRCASTLE ADVISOR	BANDARÍKIN
33817	AIRCRAFT ASSET MGT.	ÞÝSKALAND
32868	AIRCRAFT GENERAL	ÍTALÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
f11396	AIRCRAFT GUARANTY CORP TRUSTEE	BANDARÍKIN
34984	AIRCRAFT MNGMT LS	SVISS
37424	AIRCRAFT PARTNER	ÞÝSKALAND
36019	AIRCRAFT RENT A.S.	TÉKKLAND
38063	AIRCRAFT SOLUTIONS	LÚXEMBORG
33852	AIRLIFT SERVICE D.O.	LÝÐVELDIÐ NORÐUR-MAKEDÓNÍA
24283	AIRPHIL EXPRESS	FILIPPSEYJAR
34629	AIRVIP LTD.	BERMÚDAEYJAR
33836	AJWA AVIATION	SÁDI-ARABÍA
30361	AL HOKAIR	SVISS
36165	AL SAHAB LIMITED	BAREIN
5165	ALPLA AIR CHARTER	AUSTURRÍKI
38135	ALSCO	BANDARÍKIN
36981	AMENTUM CAPITAL LTD	ÍRLAND
32684	AMJET AVIATION	BANDARÍKIN
31290	AOP AIR OPERATING	SVISS
34337	API HOLDING	ÞÝSKALAND
33706	ARCAS AVIATION GMBH	ÞÝSKALAND
27073	ARTOC Group for Investment and Development	EGYPTALAND
38398	ASG AVIATION	ÞÝSKALAND
35310	ASIA CONTINENT AVIA	KASAKSTAN
25551	ASIA CONTINENTAL	KASAKSTAN
24940	ASIA TODAY LTD	KÍNA
14559	ASW Air-Service Werkflugdiesnt GmbH & Co. KG	ÞÝSKALAND
40316	ATA CONCEPT GMBH	SVISS
30698	ATG SWISS FIRST	SVISS
36360	AUGSBURG AIRWAYS GMB	ÞÝSKALAND
29122	AURON LTD	BERMÚDAEYJAR
38352	AVAZ D.O.O.	BOSNÍA OG HERSEGÓVÍNA
37650	AVIANDO SERVICES	BANDARÍKIN
31551	AVIATION CAP GRP	BRETLAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
35968	AVIATION INVESTMENT	ÞÝSKALAND
35708	AVIATION JOLINA SEC	KANADA
33093	AVIATION PARTNERS S	HONDÚRAS
38617	AZT LLC	BANDARÍKIN
44626	AZURAIR GMBH	ÞÝSKALAND
f10001	Academy of Art University	BANDARÍKIN
3647	Adolf Würth GmbH & Co. KG	ÞÝSKALAND
6802	Aero Personal s.a de c.v.	MEXÍKÓ
156	Aeroflot - Russian Airlines	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
35126	Aerologic GmbH	ÞÝSKALAND
35389	Agiles Aviation GmbH & Co.KG	ÞÝSKALAND
28844	Air Astana JSC	KASAKSTAN
8221	Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG	ÞÝSKALAND
33133	Air China Cargo Co., Ltd	KÍNA
786	Air China Limited	KÍNA
1562	Air Serbia	SERBÍA
22317	Air-Service GmbH	ÞÝSKALAND
32419	AirBridgeCargo Airlines LLC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
21756	Airtrans Flugzeugvermietungs GmbH	ÞÝSKALAND
8901	Archer Daniels Midland Company	BANDARÍKIN
19480	Asiana Airlines	LÝÐVELDIÐ KÓREA
20979	Atlas Air, Inc.	BANDARÍKIN
27868	Atlasjet Airlines	TYRKLAND
7897	BAE SYSTEMS FLT SYST	BANDARÍKIN
30586	BALL CORP	BANDARÍKIN
32840	BARBEDOS GROUP LTD	NÍGERÍA
509	BASF SE	ÞÝSKALAND
29137	BATAVIA AIR	INDÓNESÍA
35233	BAVARIA INTERNATION	ÞÝSKALAND
30306	BEDO BETEILIGUNGS	ÞÝSKALAND
17395	BEECHCRAFT BERLIN	ÞÝSKALAND
38554	BERATEX GROUP LTD	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
11312	BIZAIR FLUG GMBH	ÞÝSKALAND
f12963	BLACK FOREST VENTURES LLC	BANDARÍKIN

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
28042	BLUE SKY GROUP	BANDARÍKIN
14658	BMW AG	ÞÝSKALAND
38111	BOEKHOORN M&A	HOLLAND
6667	BOMBARDIER AEROSPACE	BANDARÍKIN
36062	BORAJET HAVACILIK	TYRKLAND
37261	BOSTON POST LEASING	BANDARÍKIN
37922	BOURNEMOUTH AIR LTD.	SVISS
680	BURDA REISEFLUG	ÞÝSKALAND
516	Bahag Baus Handelsgesellschaft AG Zug/Schweiz Zweigniederlassung Mannheim	ÞÝSKALAND
25978	Bauhaus Gesellschaft für Bau- und Hausbedarf mbH & Co.	ÞÝSKALAND
f10795	Beef Products Inc. / BPI Technology Inc.	BANDARÍKIN
23956	Blue Sky Airservice GmbH	ÞÝSKALAND
29389	Bombardier PreOwned	BANDARÍKIN
31614	Bombardier Transportation GmbH	ÞÝSKALAND
34852	BremenFly	ÞÝSKALAND
15176	Bundespolizei-Fliegergruppe	ÞÝSKALAND
32874	Business Jet Ltd	NÝJA-SJÁLAND
19823	CA ”Air Moldova” IS	LÝÐVELDIÐ MOLDÓVA
33282	CANJET AIRLINES	KANADA
34985	CAPE CHAMONIX WINE	SUÐUR-AFRÍKA
43435	CARGO AIRCRAFT MGT	BANDARÍKIN
32482	CARSON AIR LTD	KANADA
26021	CEBU PACIFIC AIR	FILIPPSEYJAR
30714	CENTRAL MOUNTAIN AIR	KANADA
35194	CHONGQING AIRLINES	KÍNA
28178	CIRRUS AVIATION	ÞÝSKALAND
36157	CLUB SAAB 340	SVISS
4782	COMFORT AIR	ÞÝSKALAND
23741	COMMANDER MEXICANA	MEXÍKÓ
46951	CONDOR FLUGDIENST GMBH	ÞÝSKALAND
33189	CONTINENT AIRLINE UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31333	CORP JET SVCS	BRETLAND
39156	CSM MINING SUPPLIES	SUÐUR-AFRÍKA
24481	CTL LOGISTICS S.A.	PÓLLAND
35021	Chai Ltd.	SVISS
35418	Challenge Aero AG	ÚKRAÍNA
22448	Cirrus Airlines Luftfahrtgesellschaft mbH	ÞÝSKALAND
f10709	Colgan Air Services	BANDARÍKIN
824	Condor Flugdienst GmbH	ÞÝSKALAND
43597	D-CEMS FLUG GMBH	ÞÝSKALAND
34179	DAO AVIATION	DANMÖRK
967	DAS DIRECT AIR	ÞÝSKALAND
28800	DATELINE OVERSEAS	KÝPUR
30651	DAUAIR	ÞÝSKALAND
18003	DBA LUFTFAHRTGESELL.	ÞÝSKALAND
26466	DC Aviation GmbH	ÞÝSKALAND
f10558	DCS Management Services	BANDARÍKIN
30996	DEERE & COMPANY	BANDARÍKIN
38547	DEKALB FARMERS MARK.	BANDARÍKIN
37580	DERMAPHARM	ÞÝSKALAND
f10774	DFZ, LLC	BANDARÍKIN
f10589	DH Flugcharter GmbH	ÞÝSKALAND
25139	DIETZ AG	ÞÝSKALAND
37808	DIETZ AVIATION GMBH	ÞÝSKALAND
18824	DLR BRAUNSCHWEIG	ÞÝSKALAND
10853	DLR OBERPFAFFENHOFEN	ÞÝSKALAND
37798	DO-TEC GMBH	ÞÝSKALAND
27181	DONAVIA JSC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
35451	DORNIER NO LIMITS	ÞÝSKALAND
28795	DULCO HANDEL GMBH	ÞÝSKALAND
968	DUSSMANN P	BANDARÍKIN
30726	DUTCH ANTILLES EXPR.	HOLLAND
4484	Delta Air Lines, Inc.	BANDARÍKIN
8980	Delta Technical Services Ltd	ÞÝSKALAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
1776	Deutsche Lufthansa AG	ÞÝSKALAND
2044	Dr. August Oetker KG	ÞÝSKALAND
8082	E.I. du Pont de Nemours and Company	BANDARÍKIN
36121	EAT LEIPZIG GMBH	ÞÝSKALAND
34657	EEA GMBH	ÞÝSKALAND
31615	EICHSFELD AIR GMBH	ÞÝSKALAND
35749	EON AVIATION	INDLAND
45912	EROFEY LLC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
36507	ERSTE ASSET INVEST.	ÞÝSKALAND
19629	ESCHMANN H D	ÞÝSKALAND
34011	EURO AIR CHARTER	ÞÝSKALAND
1980	EUROPEAN AIR EXPRESS	ÞÝSKALAND
2034	EUROWINGS GMBH	ÞÝSKALAND
3639	EVERGREEN AIRLINES	BANDARÍKIN
36357	EXECUJET AVIATION	SUÐUR-AFRÍKA
39161	EXECUTIVE JET SERV.	KONGÓ
31909	EXECUTIVE SVCS (AZ)	BANDARÍKIN
12213	Emil Capital Partners, LLC	BANDARÍKIN
f10180	Epps Air Service, Inc.	BANDARÍKIN
4783	FAI RENT-A-JET AKTIENGESELLSCHAFT	ÞÝSKALAND
34640	FALCON 007 S.A.R.L.	FRAKKLAND
28589	FANCOURT FLUGCHARTER GmbH & CO KG	ÞÝSKALAND
33077	FAS GMBH	ÞÝSKALAND
35937	FINKCAS	ÞÝSKALAND
27700	FIRST DATA CORP	BANDARÍKIN
32722	FLIGHT CAL. MALAYSIA	MALASÍA
22238	FLIGHT CALIBRATION	ÞÝSKALAND
6705	FLM AVIATION	ÞÝSKALAND
31012	FLUGSCHULE HAMBURG	ÞÝSKALAND
42260	FLYEGYPT	EGYPTALAND
38804	FLYING TECHNOLOGY	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
26843	FMG-FLUGSCHULE	ÞÝSKALAND
1595	FRENZEL G	ÞÝSKALAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
4232	FRONTIER AIRLINES	BANDARÍKIN
38973	FUENFTE XR-GMBH	ÞÝSKALAND
14557	Firma Steiner-Film	ÞÝSKALAND
1778	Flugbereitschaft des Bundesministerium der Verteidigung (FlBschft BMVg)	ÞÝSKALAND
32678	Fresena Flug GmbH & Co KG	ÞÝSKALAND
25111	G-92 KFT	UNGVERJALAND
33827	GABINETTE (ANG)	ANGÓLA
22807	GAS AIR SERVICE GMBH	ÞÝSKALAND
33821	GE CAPITAL B.V.	HOLLAND
35147	GE CAPITAL SWITZERL.	SVISS
25027	GEKO TRADE	ÞÝSKALAND
3349	GENERAL MOTORS	BANDARÍKIN
36747	GEOJET LUFTFAHR. (2)	ÞÝSKALAND
39230	GEORGE TOLOFARI	NÍGERÍA
31914	GERMAN SKY AIRLINES	ÞÝSKALAND
38591	GERMANIA EXPRESS	ÞÝSKALAND
35803	GHASSAN AHMED AL	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
34848	GLOBAL A/C CONSULT	BANDARÍKIN
25642	GLOBAL AVTN BERMUDA	BERMÚDAEYJAR
38372	GLOBO AVIACAO	BRASILÍA
23743	GOMEL AIRLINES	BELARÚS (HVÍTA-RÚSSLAND)
22366	GOVERNMENT CROATIA	KRÓATÍA
22370	GOVERNMENT MACEDONIA	LÝÐVELDIÐ NORÐUR-MAKEDÓNÍA
38832	GREENWAY JETS	BANDARÍKIN
2395	GROB AIRCRAFT AG	ÞÝSKALAND
32172	GULF JET	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
9243	Germania Fluggesellschaft mbH	ÞÝSKALAND
28944	Germanwings GmbH	ÞÝSKALAND
34841	Gibbs International, Inc.	BANDARÍKIN
315	Gruss & Company	BANDARÍKIN
37030	HAMBURG AIRWAYS	ÞÝSKALAND
26105	HANSGROHE SE	ÞÝSKALAND
32580	HASLBERGER FINANZ.	ÞÝSKALAND

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31519	HAWKER HUNTER AVTN	BRETLAND
25435	HBK HOLDING COMPANY	KATAR
35307	HELIJET CHARTER	ÞÝSKALAND
46749	HOLIDAY EUROPE OOD	BÚLGARÍA
31103	HOMAC AVIATION AG	LÚXEMBORG
26281	HTM HELICOPTER TRAVE	ÞÝSKALAND
27680	HURKUS HAVAYOLU TASIMACILIK VE TIC A.S. (d.b.a. FREEBIRD AIRLINES)	TYRKLAND
28618	Haworth Transport	BANDARÍKIN
32953	HeidelbergCement AG	ÞÝSKALAND
f11187	Herc Management Services LLC	BANDARÍKIN
33269	Herrenknecht Aviation GmbH	ÞÝSKALAND
f10652	IAC FALCON HOLDINGS	BANDARÍKIN
38692	IDEAVILLAGE PRODUCTS	BANDARÍKIN
35785	IFM Traviation GmbH	ÞÝSKALAND
39551	IKAR LLC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
25785	ILYUSHIN AVIATION	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
32237	IMPERIAL JET EUROPE	ÞÝSKALAND
37757	INFINUM ALTIDO INC., LTD	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
1528	IRANAIR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
30463	IRAQI AIRWAYS (2)	ÍRAK
37529	ISE INFORMATION SYS.	ÞÝSKALAND
24664	Intermap Technologies	BANDARÍKIN
35760	JEJU AIR	LÝÐVELDIÐ KÓREA
39559	JESWALT INTL	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
11307	JET EXECUTIVE INT.	ÞÝSKALAND
27505	JET GROUP LTD	ÍSRAEL
2200	JETAIR FLUG GMBH	ÞÝSKALAND
16761	JETFLIGHT AVIATION Inc.	SVISS
3328	JETS EXECUTIVOS	MEXÍKÓ
36889	JETSTAR PACIFIC	VÍETNAM
21462	JOHNSON CONTROLS	BANDARÍKIN
36272	JORDAN INTNL	KÍNA
11646	JULIUS BERGER	NÍGERÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
32107	JUNEYAO AIRLINES	KÍNA
36509	JUNKER ERWIN GRINDI	TÉKKLAND
21723	Joint Stock Company Ural airlines	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
37720	K5-AVIATION GMBH	ÞÝSKALAND
1610	KARMANN GMBH	ÞÝSKALAND
31171	KAZAVIASPAS	KASAKSTAN
22239	KIEV AVIATION PLANT	ÚKRAÍNA
25050	KONTROLA LETENJA SRBIJE I CRNE GORE DOO	SERBÍA
1652	KOREAN AIR LINES CO., LTD.	LÝÐVELDIÐ KÓREA
21632	KRASNOJARSKY AIRLINE	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
23758	Kimberly-Clark Corporation	BANDARÍKIN
25800	Knauf Astra Ltd.	BRETLAND
32568	Kompass GmbH & Co. KG	ÞÝSKALAND
36476	LANARA LTD	KASAKSTAN, KIRGISTAN
44176	LANBOWAN LIMITED	SVISS
6383	LECH-AIR FLUGZEUG	ÞÝSKALAND
20222	LGM LUFTFAHRT GMBH	ÞÝSKALAND
38914	LIBRA FLUGZEUG GBR	ÞÝSKALAND
28576	LIBRA TRAVEL	SVISS
42192	LIEBHERR AVIATION	ÞÝSKALAND
f12832	LINCARE LEASING LLC	BANDARÍKIN
1767	LTU LUFTTRANSPORT	ÞÝSKALAND
26498	LUFT AVTN CHARTER	ÁSTRALÍA
34305	LUFTHANSA TECH. VIP ÞÝSKALAND	
35742	LWE VERMIETUNGS GMBH	ÞÝSKALAND
45016	LYNXJET	ÍSRAEL
15456	Luftfahrt-Bundesamt	ÞÝSKALAND
3857	Lufthansa Cargo AG	ÞÝSKALAND
27838	Lufthansa Technik AG	ÞÝSKALAND
f13551	M-BJEP Ltd.	MÖN
24502	M. Bohlke Veneer Corp.	BANDARÍKIN
21072	MAHAN AIR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
21878	MAKEDONSKI AVIOTRANS	LÝÐVELDIÐ NORÐUR-MAKEDÓNÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
12521	MARXER ANLAGEN	ÞÝSKALAND
36372	MAT AIRWAYS	LÝÐVELDIÐ NORÐUR-MAKEDÓNÍA
38074	MENA AEROSPACE (OB)	BAREIN
19999	MENEKSE HAVAYOLLARI	TYRKLAND
444	MHS Aviation GmbH	ÞÝSKALAND
37975	MILLENNIUM AVIATION	AUSTURRÍKI
28438	MLW AVIATION LLC	BANDARÍKIN
25067	MNG Havayollari ve Tasimacilik A.S. (MNG Airlines)	TYRKLAND
3057	MOELLERS MASCHINEN	ÞÝSKALAND
28473	MOONSTAR AVIATION	TYRKLAND
31944	MYN AVIATION	SÁDI-ARABÍA
38209	MZ TRANSPORTATION	ÞÝSKALAND
38512	Microstrategy Services Corporation	BANDARÍKIN
f13307	Miklos Services Corp.	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
CGNR 017	–	**Kynferði** Kynferði bústjóra búrekstrareiningarinnar: M — karl F — kona
CGNR 018	–	**Bústörf í búrekstrareiningu (önnur en heimilisstörf)** Hundraðshlutaflokkur árlegra vinnueininga ([6]) á býli, unnar af hálfu bústjóra búrekstrareiningarinnar.
CGNR 019	–	**Árið þegar bústjóri búrekstrareiningar var flokkaður sem slíkur** Árið þegar bústjóri búrekstrareiningarinnar hóf að gegna því hlutverki
CGNR 020	–	**Búfræðimenntun bústjórans** Hæsta búfræðimenntunarstig sem bústjórinn hefur hlotið: PRACT — einungis hagnýt reynsla af landbúnaði, hafi bústjórinn hlotið reynslu í hagnýtu starfi í búrekstrareiningu BASIC — grundvallarþjálfun í landbúnaði, hafi bústjórinn stundað og lokið námi við landbúnaðarháskóla og/eða stofnun sem sérhæfir sig í tilteknum greinum (þ.m.t. garðyrkju, vínrækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdum greinum); búfræðinám á námssamningi, sem er lokið, telst til undirstöðunáms FULL — fullt búfræðinám, hafi bústjórinn stundað nám sem samsvarar a.m.k. 2 ára fullu og samfelldu námi að loknu skyldunámi og stundaði það við landbúnaðarskóla eða -háskóla eða aðra æðri menntastofnun í búfræði, garðyrkju, vínrækt, skógrækt, fiskeldi, dýralæknisfræði, landbúnaðartækni og tengdri grein
CGNR 021	–	**Starfsþjálfun sem bústjóri hefur undirgengist á undangengnum 12 mánuðum** Hafi bústjóri lokið starfsþjálfun, þar sem meginmarkmið er að öðlast nýja færni, vegna starfsemi á bújörðum eða starfsemi tengdri búrekstrareiningunni beint, eða til að æfa og bæta færni sem fyrir er, undir leiðsögn þjálfara eða hjá þjálfunarstofnun.

Tegund ábúðar á hagnýttu landbúnaðarsvæði (í tengslum við eiganda)

Tegund ábúðar byggist á aðstæðum á viðmiðunardegi á könnunarári.

CGNR 022	–	**Búskapur á eigin landi** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði sem er í rekstri búrekstrareiningarinnar og er í vörslu eigandans sem eign eða hann hefur afnotarétt af því til búskapar eða erfðaleigurétt til langs tíma eða samkvæmt annarri sambærilegri tegund ábúðar.
CGNR 023	–	**Búskapur á leigðu landi** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði í leigu búrekstrareiningarinnar gegn fastri leigu sem samið er um fyrir fram (í reiðufé, í fríðu eða á annan hátt) og gerður hefur verið (skriflegur eða munnlegur) leigusamningur um. Hagnýtta landbúnaðarsvæðinu er einungis úthlutað til einnar búrekstrareiningar. Hagnýtt landbúnaðarsvæði telst að jafnaði til búrekstrareiningarinnar sem það tilheyrir á viðmiðunardegi könnunar eða þeirrar búrekstrareiningar sem nýtti það lengst á viðmiðunarárinu, sé það leigt út til fleiri en einnar búrekstrareiningar á viðmiðunarárinu.

CGNR 024	–	**Samvinnubúskapur eða annars konar ábúð** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði sem er: a) Deilt, þýðir land sem er ræktað í samvinnu leigusala og leiguliða samkvæmt skriflegum eða munnlegum samningi um samvinnubúskap. Afrakstur (annaðhvort fjárhagslegur eða áþreifanlegur) samvinnubúskaparsvæðis skiptist á milli tveggja aðila samkvæmt samkomulagi. b) samkvæmt annars konar ábúð sem er ekki tilgreind í fyrri liðum.
CGNR 025	–	**Sameiginlegt land** Hektarar hagnýtts landbúnaðarsvæðis, sem er í notkun á búinu en sem tilheyrir því ekki beint, þ.e. þar sem sameignarréttindi gilda.
CGNR 026	–	**Lífrænn búskapur** Framleiðsla búrekstrareiningarinnar fellur undir ræktunaraðferð samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru tilgreindar í i) reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007([7]), eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ([8]) eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii) samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um lífræna framleiðslu.
CGNR 027	–	**Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innlendar reglur eða reglur Evrópusambandsins** Hektarar hagnýtts landbúnaðarsvæðis búrekstrareiningarinnar þar sem framleiðsluaðferðir sem notaðar eru uppfylla allar grundvallarreglur um lífræna framleiðslu á býli, sem eru settar fram í i) reglugerð (EB) nr. 834/2007 eða reglugerð (ESB) 2018/848 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf og ii) í samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.
CGNR 028	–	**Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna landbúnaðarframleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins** Hektarar hagnýtts landbúnaðarsvæðis búrekstrareiningarinnar þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt við yfirfærslu frá ólífrænni til lífrænnar framleiðslu á ákveðnu tímabili („yfirfærslutímabili“), eins og sett er fram í i) reglugerð (EB) nr. 834/2007 og reglugerð (ESB) 2018/848 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og ii) í samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um vottun á lífrænni framleiðslu.
CGNR 029	–	**Þátttaka í öðrum umhverfisvottuðum áætlunum** Búrekstrareiningin tekur þátt í landsbundnum eða svæðisbundnum umhverfisvottunaráætlunum eins og þeim sem um getur í 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 43. gr. eða í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1307/2013 um að koma á fót reglum fyrir beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar (núverandi vottunarkerfi jafngilda grænum greiðslum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar) og umsókn um styrk hefur verið samþykkt.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu. (Stjtíð. ESB L 323, 8.12. 2010, bls. 11).

([2]) Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS): Flokkun hagskýrslusvæða.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS), (Stjtíð. ESB L 154, 21.6. 2003, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 637/2008 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 608).

([6]) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 2: (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).

([7]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

II. **LANDSBREYTUR**

Heildarsvæði búrekstrareiningar *er hagnýtt landbúnaðarsvæði (akurland, fastagraslendi, land undir fjölærar nytjaplöntur og matjurtagarðar) og annað landbúnaðarland (land sem er ekki hagnýtt, skóglendi og annað land sem er ótalið annars staðar).*

Svæðið *sem hver þáttur nær til kallast* ***meginsvæðið*** *og vísar til eiginlegs svæðis eins eða fleiri skika, óháð því hvort um var að ræða eina ræktun eða fleiri ræktanir á einu ræktunarári. Sé um að ræða árlega ræktun samsvarar meginsvæðið til svæðis sem sáð er í; sé um að ræða land undir fjölærar nytjaplöntur er meginsvæðið heildarsvæði sem hefur verið plantað í; sé um að ræða skiptiræktun samsvarar hún svæði þar sem meginræktunin á skikanum fer fram á því ári; sé um samhliða ræktun að ræða samsvarar hún svæðinu þar sem ræktunin fer fram samhliða.* Á þennan hátt er hvert svæði aðeins skráð einu sinni.

Meginræktunin *er sú sem hefur mest efnahagslegt gildi.* Þegar ekki er hægt að ákvarða hver meginræktunin er á grundvelli framleiðsluverðmætis mun meginræktunin vera sú sem er ræktuð lengst á svæðinu.

Hagnýtta landbúnaðarsvæðið er það heildarsvæði á búrekstrareiningunni sem er notað sem akurland, fastagraslendi, fyrir fjölærar nytjaplöntur og matjurtagarða, óháð tegund ábúðar.

Við ***skiptiræktun*** *er skipt um nytjaplöntur á tilteknum akri, eftir fyrirfram ákveðnu mynstri eða í röð eftir ræktunarárum svo að nytjaplöntur sömu tegundar séu ekki ræktaðar án hlés á sama akri.* Við skiptiræktun er ræktuninni jafnan breytt árlega en hægt er að hafa skiptiræktun með ræktun til margra ára.

Greina skal sérstaklega frá opnu ræktunarlandi og svæði undir gleri.

CLND 001	–	**Hagnýtt landbúnaðarsvæði (UAA)** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði:			
CLND 002	–	–	**Akurland** Hektarar lands sem er ræktað (plægt eða rutt) reglulega, að jafnaði við skiptirækt.		
CLND 003	–	–	–	**Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)** Hektarar kornjurta sem eru skornar sem þroskað korn, óháð notkun.	
CLND 004	–	–	–	–	**Hveiti og spelt** Hektarar *Triticum aestivum* L. emend. Fiori et Paol., *Triticum spelta* L. og *Triticum monococcum* L.
CLND 005	–	–	–	–	**Harðhveiti** Hektarar *Triticum durum* Desf.
CLND 006	–	–	–	–	**Rúgur og vetrarkornblöndur (blandað korn hveitis og rúgs)** Hektarar af rúgi (*Secale cereale* L.) sem sáð var á einhverjum tímapunkti, blöndur af rúgi og öðrum kornblöndum og aðrar blöndur af korni sem sáð var fyrir eða um vetur (blandað korn hveitis og rúgs).
CLND 007	–	–	–	–	**Bygg** Hektarar byggs (*Hordeum vulgare* L.).
CLND 008	–	–	–	–	**Hafrar og vorkornblöndur (kornblanda, önnur en blandað korn hveitis og rúgs)** Hektarar hafra (*Avena sativa* L.) og annarra kornvara sem sáð er fyrir að vori og vaxa sem blöndur og eru uppskornar sem þroskað korn, þ.m.t. sáðkorn.
CLND 009	–	–	–	–	**Maískorn og maiskólfablanda** Hektarar maíss (*Zea mays* L.), ræktaður vegna kornsins, sem sáðkorn eða maiskólfablanda.
CLND 010	–	–	–	–	**Rúghveiti** Hektarar af rúghveiti (x *Triticosecale* Wittmack).

CLND 011	–	–	–	–	**Dúrra** Hektarar af dúrru (*Sorghum bicolor* (L.) Conrad Moench x Sorghum sudanense (Piper) Stapf).	
CLND 012	–	–	–	–	**Aðrar kornvörur, ót.a. (bókhveiti, hirsi, kanarífræ, o.s.frv.)** Hektarar af kornvörum sem eru uppskornar sem þroskað korn og eru hvergi skráðar annars staðar í fyrri þáttum, s.s. hirsi (*Panicum miliaceum* L.), bókhveiti (*Fagopyrum esculentum* Mill.), kanarífræ (*Phalaris canariensis* L.) og aðrar kornvörur sem eru ótaldar annars staðar (ót.a.).	
CLND 013	–	–	–	–	**Hrísgrjón** Hektarar af hrísgrjónum (*Oryza sativa* L.).	
CLND 014	–	–	–	**Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)** Hektarar af þurrkuðum belgjurtum og prótínjurtum sem eru skornar sem þroskað korn, óháð notkun.		
CLND 015	–	–	–	–	**Fóðurertur, baunir og sætar úlfabaunir** Hektarar af öllum tegundum fóðurerta (*Pisum sativum* L. convar. *sativum* eða *Pisum sativum* L. convar. *arvense* L. or convar. *speciosum*) uppskornar þroskaðar, auk hektara af öllum tegundum breiðbauna og garðbauna (*Vicia faba* L. (partim)) skornar þroskaðar, auk hektara af öllum sætum úlfabaunum (*Lupinus* sp.) skornar sem þroskað korn, þ.m.t. útsæði, óháð notkun þeirra.	
CLND 016	–	–	–	**Rótarávaxtaplöntur** Hektarar af nytjaplöntum sem eru ræktaðar vegna róta þeirra, hnýða eða ummyndaðra stöngla. Undan er skilið rótar-, hnýðis- eða laukgrænmeti, s.s. gulrætur, rauðrófur eða gulrófur.		
CLND 017	–	–	–	–	**Kartöflur (þ.m.t. útsæðiskartöflur)** Hektarar af kartöflum (*Solanum tuberosum* L.).	
CLND 018	–	–	–	–	**Sykurrófur (þó ekki fræ)** Hektarar af sykurrófum (*Beta vulgaris* L.) sem eru ætlaðar fyrir sykuriðnaðinn og til framleiðslu alkóhóls.	
CLND 019	–	–	–	–	**Aðrar rótarávaxtaplöntur, ót. a.** Hektarar af fóðursykurrófum (*Beta vulgaris* L.) og jurtir af Brassicae-ættinni sem eru einkum uppskornar sem dýrafóður, hvort sem er um að ræða rót eða stöngla, og aðrar plöntur sem eru einkum ræktaðar vegna rótanna sem eru ætlaðar í fóður, ót. a.	
CLND 020	–	–	–	**Iðnaðarplöntur** Hektarar iðnaðarplantna sem eru að öllu jöfnu ekki seldar beint til neyslu þar sem þær þurfa að fara í vinnslu áður en til neyslu kemur.		
CLND 021	–	–	–	–	**Olíufræ** Hektarar af repju (*Brassica napus* L.) og nepju (*Brassica rapa* L. var. *oleifera* (Lam.)), sólblómafræ (*Helianthus annus* L.), soja (*Glycine max* (L.) Merril), hörfræ (*Linum usitatissimum* L.), mustarðskorn (*Sinapis alba* L.), valmúi (*Papaver somniferum* L.), safflúr (*Carthamus tinctorius* L.), sesamfræ (*Sesamum indicum* L.), tígrishneta (*Cyperus esculentus* L.), jarðhnetur (*Arachis hypogea* L.), olíugrasker (*Cucurbita pepo* var. *styriaca*) og hampur (*Cannabis sativa* L.) sem er ræktaður til olíuframleiðslu, uppskorinn sem þroskað korn, að undanskildu baðmullarfræi (*Gossypium* spp.).	
CLND 022	–	–	–	–	–	**Repjufræ og nepjufræ** Hektarar af repju (*Brassica napus* L.) og nepju (*Brassica rapa* L. var. *oleifera* (Lam.)), ræktað til framleiðslu á olíu og uppskorið sem þroskað korn.

CLND 023	–	–	–	–	–	**Sólblómafræ** Hektarar af sólblómum (*Helianthus annuus* L), uppskorin sem þroskað korn.
CLND 024	–	–	–	–	–	**Soja** Hektarar af soja (*Glycine max* L. Merril), uppskorið sem þroskað korn, bæði fyrir olíu- og prótínnotkun.
CLND 025	–	–	–	–	–	**Hörfræ (olíuhör)** Hektarar af línyrkjum (*Linum usitatissimum* L.) sem er einkum ræktuð til að framleiða olíu og uppskorin sem þroskað korn.
CLND 026	–	–	–	–	–	**Aðrar olíufræsjurtir, ót.a.** Hektarar af öðrum nytjaplöntum sem eru einkum ræktaðar vegna olíuinnihalds þeirra og uppskornar sem þroskað korn, og ót.a. (nema baðmullarfræ).
CLND 027	–	–	–	–	**Trefjaplöntur** Hektarar af spunalíni (*Linum usitatissimum* L), hampur (*Cannabis sativa* L.), baðmull (*Gossypium* spp.), júta (*Corchorus capsularis* L.), manilahampur (*Musa textilis* Née), kenaf (*Hibiscus cannabinus* L.) og sísal (*Agave sisalana* Perrine).	
CLND 028	–	–	–	–	–	**Spunalín** Hektarar af yrki spunalíns (*Linum usitatissimum* L.), sem er einkum ræktað til að framleiða trefjar.
CLND 029	–	–	–	–	–	**Hampur** Hektarar af hampi (*Cannabis sativa* L.), ræktað til framleiðslu á hálmi.
CLND 030	–	–	–	–	–	**Baðmull** Hektarar baðmullar (*Gossypium* spp.), uppskorin vegna trefja- og/eða til notkunar sem olíufræ.
CLND 031	–	–	–	–	–	**Aðrar trefjaplöntur, ót. a.** Hektarar af öðrum plöntum sem eru einkum ræktaðar vegna trefjainnihalds, sem eru ót. a., eins og júta (*Corchorus capsularis* L.), manilahampur (*Musa textilis* Née), sísal (*Agave sisalana* Perrine) og kenaf (*Hibiscus cannabinus* L.).
CLND 032	–	–	–	–	**Tóbak** Hektarar af tóbaki (*Nicotiana tabacum* L.), ræktað vegna laufa.	
CLND 033	–	–	–	–	**Humlar** Hektarar humla (*Humulus lupulus* L.), ræktað vegna frjókönglа.	
CLND 034	–	–	–	–	**Ilmjurtir, lækningajurtir og matjurtir** Hektarar af ilmjurtum, lækningajurtum og matjurtum, ræktaðar til lyfjagerðar, ilmvatnsframleiðslu og manneldis.	
CLND 035	–	–	–	–	**Orkuplöntur ót. a.** Hektarar af orkuplöntum sem eru eingöngu notaðar til framleiðslu á endurnýjanlegri orku, ót. a., og ræktaðar á akurlandi.	
CLND 036	–	–	–	–	**Aðrar iðnaðarplöntur, ót. a.** Hektarar af öðrum iðnaðarplöntum, ót. a.	
CLND 037	–	–	–	**Plöntur sem eru skornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska** Hektarar alls akurslands þar sem plöntur eru skornar „áður en þær verða fullþroska“ og einungis ætlaðar til dýrafóðurs, votfóðurs eða framleiðslu á endurnýjanlegri orku, þ.e. korntegundum, grösum, belgjurtum eða iðnaðarplöntum á öðru akurlandi sem eru skornar og/eða notaðar „áður en þær verða fullþroska“.		

CLND 038	–	–	–	–	**Skammæ grös og beitarjurtir** Hektarar grasplantna fyrir beit, hey eða vothey sem eru taldar með sem hluti af venjulegri skiptirækt í a.m.k. eitt ár og jafnan skemur en í fimm ár og sáð er til ásamt grasi eða grasblöndum.
CLND 039	–	–	–	–	**Belgjurtir sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroska** Hektarar af belgjurtum sem eru ræktaðar og uppskornar í heilu lagi áður en þær verða fullþroska, einkum til notkunar sem fóður eða orka. Meðtaldar eru blöndur að stærstum hluta úr belgfóðurjurtum (yfirleitt > 80%) og grasplöntum, uppskornar áður en þær verða fullþroskaðar eða sem þurrhey.
CLND 040	–	–	–	–	**Grænfóðurmaís** Hektarar af öllum tegundum maíss (*Zea mays* L.) sem er einkum ræktaður sem vothey (heilir stönglar, plöntuhlutar eða heilar plöntur) og ekki uppskorinn í korn.
CLND 041	–	–	–	–	**Aðrar kornjurtir sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroska (þó ekki grænfóðurmaís)** Hektarar af öllum kornjurtum (þó ekki maís) sem eru ræktaðar og uppskornar áður þær verða fullþroska þar sem öll jurtin er notuð til fóðurs eða til framleiðslu á endurnýjanlegrar orku (framleiðsla lífmassa).
CLND 042	–	–	–	–	**Aðrar plöntur sem eru uppskornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska, ót.a.** Hektarar af annarri árlegri ræktun eða ræktun til margra ára (skemur en 5 ára) sem er ætluð til dýrafóðurs eða ræktuð til að vera uppskorin áður en fullum þroska er náð. Einnig eftirstöðvar ræktunar sem er ót. a. þegar meginuppskeran var eyðilögð en leifarnar má enn nýta (sem fóður eða endurnýjanlega orku).
CLND 043	–	–	–	**Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber** Hektarar af káli, blað- og stilkgrænmeti, grænmeti sem ræktað er til ávaxta, rótar-, hnýðis- eða laukgrænmetis, ferskra belgjurta, annars grænmetis sem uppskorið er ferskt (ekki þroskað) og jarðarber sem ræktuð voru á akurlendi utandyra í skiptirækt við aðrar nytjaplöntur í landbúnaði eða garðyrkju.	
CLND 044	–	–	–	–	**Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber sem vaxa í skiptirækt með nytjaplöntum í garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni)** Hektarar af fersku grænmeti, melónum og jarðarberjum í skiptirækt á akurlandi með öðrum nytjaplöntum í garðyrkju.
CLND 045	–	–	–	–	**Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber sem vaxa í skiptirækt með öðrum jurtum en nytjaplöntum í garðyrkju (opið ræktunarland)** Hektarar af fersku grænmeti, melónum og jarðarberjum í skiptirækt á akurlandi með öðrum nytjaplöntum í landbúnaði.
CLND 046	–	–	–	**Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)** Hektarar allra blóma og skrautjurta sem ætlað er að selja sem afskorin blóm (t.d. rósir, nellikur, brönugrös, prestafíflar, afskorin laufblöð og aðrar afskornar vörur), pottablóm, í beðum og svalablóm og jurtir (t.d. alparósir, stofulyngrósir, prestafíflar, skáblað, blágresi, lísur, önnur pottablóm, jurtir í beðum og svalajurtir) og sem laukar eða jarðstönglablóm og aðrar skrautjurtir (túlípanar, goðaliljur, brönugrös, hátíðarliljur og aðrar).	
CLND 047	–	–	–	**Fræ og ungplöntur** Hektarar útsæðis rótargrænmetis (nema kartaflna og annarra jurta þar sem ræturnar eru einnig notaðar til útsæðis), fóðurplöntur, grös, iðnaðarplöntur (nema olíufræ) og fræ og ungplöntur grænmetis og jurta.	
CLND 048	–	–	–	**Aðrar akurplöntur á akurlandi, ót. a.** Hektarar af akurplöntum, ót. a.	

CLND 049	–	–	–		**Hvíldarland** Hektarar alls akurlands, annaðhvort til skiptiræktunar eða þess sem er viðhaldið í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi (GAEC([1])), hvort sem það er ræktað eða ekki en verður ekki skorið upp á ræktunarári. Grundvallareinkenni hvíldarlands er að það er hvílt svo að það nái sér, að jafnaði í heilt ræktunarár. Hvíldarland getur verið: i. autt land án uppskeru, eða ii. land með sjálfsprottinn gróður sem unnt er að nota sem fóður eða plægja niður, eða iii. land sem einungis er sáð í til að framleiða grænáburð (grænt hvíldarland).
CLND 050	–	–	**Fastagraslendi** Hektarar af landi sem er nýtt til fastrar ræktunar (í nokkur ár samfleytt, jafnan fimm ár eða lengur) jurtkenndra fóðurjurta, fóðurs eða jurta til orkuframleiðslu, með ræktun (sáningu) eða náttúrlega (sjálfsáningu) og er ekki notað í skiptirækt á búrekstrareiningunni. Nota má graslendið til beitar, slá það til vinnslu votheys og þurrheys eða endurnýjanlegrar orku.		
CLND 051	–	–	–		**Beitiland og engi, þó ekki rýrt beitiland** Fastabithagar þar sem jarðvegur er góður eða meðalgóður en má yfirleitt nota til þéttbærrar beitar.
CLND 052	–	–	–		**Rýrt beitiland** Hektarar fastagraslendis með lítinn afrakstur, yfirleitt þar sem jarðvegur er rýr, t.d. á hæðóttu landi og landi hátt yfir sjó sem er yfirleitt ekki bætt með áburði, ræktun, sáningu eða framræslu. Að öllu jöfnu er einungis hægt að nota þessi svæði til dreifbærrar beitar og þau eru að öllu jöfnu ekki slegin eða einungis dreifbært, þar sem þau þola ekki þétta beit dýra.
CLND 053	–	–	–		**Fastagraslendi sem ekki er lengur notað í framleiðsluskyni og fellur undir reglur um greiðslur styrkja** Hektarar fastagraslendis eða engja sem ekki eru lengur notuð til framleiðslu og, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1307/2013 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, sem er viðhaldið í ástandi sem gerir það hagkvæmt til beitar eða ræktunar án undirbúningsaðgerða umfram nauðsynlegar aðferðir og tækjabúnað í landbúnaði og uppfylla skilyrði um fjárstuðning.
CLND 054	–	–	**Land undir fjölærar nytjaplöntur (þ.m.t. ungar og niðurlagðar plantekrur um stundarsakir, að undanskildum svæðum þar sem aðeins er framleitt til eigin neyslu)** Hektarar allra ávaxtatrjáa, allra sítrusávaxtartrjáa, allra hnetutrjáa, allar berjaplantekrur, allar vínekrur, öll ólífutré og allar fjölærar nytjaplöntur sem eru notaðar til manneldis (t.d. te, kaffi og jóhannesarbrauð) og til annarra nota (t.d. gróðrarstöðvar, jólatré eða jurtir til að flétta eða vefa úr, eins og spanskreyr og bambus).		
CLND 055	–	–	–		**Ávextir, ber og hnetur (þó ekki sítrusávextir, þrúgur og jarðarber)** Hektarar aldingarða með kjarnaávexti, steinaldin, ber, hnetur og ávexti frá svæðum með hitabeltisloftslag og heittempruðum beltum.
CLND 056	–	–	–	–	**Kjarnaávextir** Hektarar aldingarða með kjarnaávexti eins og epli (*Malus* spp.), perur (*Pyrus* spp.), kveðar (*Cydonia oblonga* Mill.) eða trjámispilsaldin (*Mespilus germanic*, L.).
CLND 057	–	–	–	–	**Steinaldin** Hektarar aldingarða af steinaldinum eins og ferskjum og nektarínum (*Prunus persica* (L.) Batch), apríkósum (*Prunus armeniaca* L. og öðrum), sætum og súrum kirsuberjum (*Prunus avium* L., *P. cerasus*), plómum (*Prunus domestica* L. og öðrum) og öðrum steinaldinum sem eru ót. a. eins og þyrniplómur (*Prunus spinosa* L.) eða dúnepli/japansplómur (*Eriobotrya japonica* (Thunb.) Lindl.).

CLND 058	–	–	–	–	**Ávextir frá heittempruðum beltum og svæðum með hitabeltisloftslag** Hektarar allra ávaxta frá svæðum með hitabeltisloftslag og heittempruðum beltum eins og kíví (*Actinidia chinensis* Planch.), lárperur (*Persea americana* Mill.) eða bananar (*Musa* spp.).	
CLND 059	–	–	–	–	**Ber (þó ekki jarðarber)** Hektarar allra ræktaðra berja eins og sólberja (*Ribes nigrum* L.), rifsberja (*Ribes rubrum* L.), hindberja (*Rubus idaeus* L.) eða bláberja (*Vaccinium corymbosum* L.).	
CLND 060	–	–	–	–	**Hnetur** Hektarar allra hnetutrjáa: valhnetur, heslihnetur, möndlur, kastaníuhnetur og aðrar hnetur.	
CLND 061	–	–	–	**Sítrusávextir** Hektarar sítrusávaxta (*Citrus* spp.): appelsínur, litlir sítrusávextir, sítrónur, súraldin, pómelónur og aðrir sítrusávextir.		
CLND 062	–	–	–	**Þrúgur** Hektarar vínviðar (*Vitis vinifera* L.)		
CLND 063	–	–	–	–	**Þrúgur fyrir víngerð** Hektarar vínviðar þrúguyrkis sem er jafnan ræktað til að framleiða safa, must og/eða vín.	
CLND 064	–	–	–	–	–	**Þrúgur fyrir víngerð með verndaða upprunatáknun (VUT)** Hektarar vínþrúguyrkja sem eru jafnan ræktuð til að framleiða vín með verndaða upprunatáknun sem uppfyllir kröfur i) í reglugerð ráðsins (EB) nr. 491/2009 ([2]) eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii) í samsvarandi landsreglum.
CLND 065	–	–	–	–	–	**Þrúgur fyrir víngerð með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM):** Hektarar vínþrúguyrkja sem eru jafnan ræktuð til að framleiða vín með verndaða landfræðilega merkingu sem uppfyllir kröfur i) í reglugerð (EB) nr. 491/2009 eða, eftir atvikum, nýjustu löggjafar og ii) í samsvarandi landsreglum.
CLND 066	–	–	–	–	–	**Þrúgur fyrir önnur vín, ót. a. (án VUT/VLM)** Hektarar vínviðar þrúguyrkja sem eru jafnan ræktuð til að framleiða annað vín en það sem er með verndaða upprunatáknun (VUT) eða verndaða landfræðilega merkingu (VLM).
CLND 067	–	–	–	–	**Þrúgur til átu** Hektarar vínviðar þrúguyrkja sem eru jafnan til að framleiða ferskar þrúgur.	
CLND 068	–	–	–	–	**Þrúgur til framleiðslu rúsína** Hektarar vínviðar þrúguyrkja sem eru jafnan til að framleiða rúsínur.	
CLND 069	–	–	–	**Ólífur** Hektarar ólífutrjáa (*Olea europea* L.) sem eru ræktuð til að framleiða ólífur.		
CLND 070	–	–	–	**Gróðrarstöðvar** Hektarar svæðis þar sem ungar, viðarkenndar plöntur eru ræktaðar undir berum himni til umplöntunar síðar.		

CLND 071	–	–	–	**Aðrar fjölærar nytjaplöntur, þ.m.t. aðrar fjölærar nytjaplöntur til manneldis** Hektarar fjölærra nytjaplanta til manneldis sem eru ót. a. og tré sem eru gróðursett sem jólatré á hagnýttu landbúnaðarsvæði.	
CLND 072	–	–	–	–	**Jólatré** Hektarar trjáa sem eru gróðursett í atvinnuskyni, utan skóglendis, á hagnýtta landbúnaðarsvæðinu. Undanskilin eru skógræktarsvæði jólatrjáa sem er ekki lengur viðhaldið og tilheyra skóglendi.
CLND 073	–	–	**Matjurtagarðar** Hektarar lands þar sem jafnan er ræktað grænmeti, rótarávaxtaplöntur og fjölærar nytjaplöntur, meðal annars, og ætlað er til heimilisnota eiganda búrekstrareiningarinnar og heimilis hans og er að öllu jöfnu aðskilið frá öðru landi búrekstrareiningarinnar og auðþekkjanlegt sem matjurtagarðar.		
CLND 074	–	**Annað landbúnaðarland** Hektarar af landbúnaðarlandi sem er ekki hagnýtt (landbúnaðarland sem ekki er lengur nytjað af efnahagslegum, félagslegum eða öðrum ástæðum og ekki notað til skiptiræktunar), skóglendi og annað land með byggingum, bæjarhlað, vegir, tjarnir, grjótnám, gróðursnautt land, land með grýttum jarðvegi, o.s.frv.			
CLND 075	–	–	**Landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt** Hektarar lands sem áður var nýtt í landbúnaði en var á viðmiðunarárinu ekki lengur ræktað og er ekki notað við skiptiræktun, þ.e. land sem er ekki ætlað til nota í landbúnaði. Hægt er að hefja ræktun á þessu landi á ný með því að nýta þá framleiðsluþætti sem jafnan eru fyrir hendi á búinu.		
CLND 076	–	–	**Skóglendi** Hektarar lands sem er þakið trjám eða skógarrunnum, þ.m.t. aspaekrur og plantekrur annarra svipaðra trjáa, í skógi eða ekki, og gróðrarstöðvar fyrir skógartré í skóglendi sem er ætlað að uppfylla þarfir búrekstrareiningarinnar og einnig aðstaða í skógum (vegir, geymslustaðir fyrir timbur, o.s.frv.).		
CLND 077	–	–	–	**Stuttur skiptiræktunartími** Hektarar af skóglendi fyrir ræktun viðarplantna þar sem skiptiræktunartímabilið er 20 ár eða skemur. Skiptiræktunartímabilið er tíminn frá fyrstu sáningu/plöntun trjánna fram að uppskeru endanlegrar afurðar þar sem eðlilegar stjórnunaraðgerðir, s.s. grisjun, eru ekki meðtaldar.	
CLND 078	–	–	**Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum og öðrum landsvæðum án framleiðslu)** Hektarar af landbúnaðarlandi sem er ekki hluti af heildarsvæði sem tilheyrir búrekstrareiningu en fellur hvorki undir hagnýtt landbúnaðarsvæði, landbúnaðarsvæði sem ekki er hagnýtt eða skóglendi, eins og land með byggingum (þó ekki sé það notað til ætisvepparæktunar), bæjarhlöðum, vegum, tjörnum, grjótnámum, gróðursnautt land eða land með grýttum jarðvegi.			
		Sérstök búsvæði			
CLND 079	–	–	**Ræktaðir ætisveppir** Hektarar af ræktuðum ætisveppum sem vaxa í byggingum sem hafa verið sérstaklega reistar eða lagaðar að þeim tilgangi, og einnig í neðanjarðarrýmum, hellum og kjöllurum.		

CLND 080	–	**Hagnýtt landbúnaðarsvæði undir gleri eða háu aðgengilegu skýli** Hektarar af nytjaplöntum sem vaxa allan eða stærsta hluta líftíma síns í gróðurhúsum eða undir háu föstu eða færanlegu skýli (úr gleri eða stífu eða sveigjanlegu plasti). Svæði þessi mega ekki teljast með í breytunum sem eru nefndar að ofan.			
CLND 081	–	–	**Grænmeti, þ.m.t. melónur og jarðarber, undir gleri eða háu aðgengilegu skýli** Hektarar af káli, blað- og stilkgrænmeti, grænmeti sem ræktað er til ávaxta, rótar-, hnýðis- eða laukgrænmetis, ferskra belgjurta, annars grænmetis sem er uppskorið ferskt (ekki þroskað) og jarðarber sem ræktuð voru undir gleri eða háu aðgengilegu skýli.		
CLND 082	–	–	**Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), undir gleri eða háu aðgengilegu skýli** Hektarar allra blóma og skrautjurta sem ætlað er að selja sem afskorin blóm (t.d. rósir, nellikur, brönugrös, prestafíflar, afskorin laufblöð og aðrar afskornar vörur), pottablóm, í beðum og svalablóm og jurtir (t.d. alparósir, stofulyngrósir, prestafíflar, skáblað, blágresi, lísur eða önnur pottablóm, jurtir í beðum og svalajurtir) og sem laukar eða jarðstönglablóm og aðrar skrautjurtir (túlípanar, goðaliljur, brönugrös, hátíðarliljur og aðrar) undir gleri eða háu aðgengilegu skýli.		
CLND 083	–	–	**Önnur ræktun á akurlandi undir gleri eða háu aðgengilegu skýli** Hektarar af öðrum nytjaplöntum á akurlandi sem eru ót. a. og vaxa undir gleri eða háu aðgengilegu skýli.		
CLND 084	–	–	**Varanleg ræktun undir gleri eða háu aðgengilegu skýli** Hektarar af varanlegri ræktun sem vex undir gleri eða háu aðgengilegu skýli.		
CLND 085	–	–	**Annað hagnýtt landbúnaðarsvæði undir gleri eða háu aðgengilegu skýli, ót. a.** Hektarar af hagnýtu landbúnaðarsvæði sem er ót. a. og vaxa undir gleri eða háu aðgengilegu skýli.		

Lífrænn búskapur

Búrekstrareiningin sem á land þar sem lífrænar framleiðsluaðferðir í búskap eru notaðar samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i) reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og í ii) samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um lífræna framleiðslu, þ.m.t. á aðlögunartímanum.

Nytjaplöntur eru skilgreindar í II. kjarnaþætti. LANDSBREYTUR

CLND 086	–	**Lífrænn búskapur á hagnýttu landbúnaðarsvæði**			
CLND 087	–	–	**Lífrænn búskapur á akurlandi**		
CLND 088	–	–	–	**Lífrænt ræktaðar kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)**	
CLND 089	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með almennt hveiti og spelt.**
CLND 090	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með harðhveiti**
CLND 091	–	–	–	**Lífrænn búskapur með þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)**	
CLND 092	–	–	–	**Lífrænn búskapur með rótarávaxtaplöntur**	
CLND 093	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með kartöflur (þ.m.t. útsæðiskartöflur)**
CLND 094	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með sykurrófur (þó ekki útsæði)**

CLND 095	–	–	–	**Lífrænn búskapur með iðnaðarplöntur**		
CLND 096	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með olíufræ**	
CLND 097	–	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með sojabaunir**
CLND 098	–	–	–	**Lífrænn búskapur með plöntur sem eru skornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska**		
CLND 099	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með skammær grös og beitarjurtir**	
CLND 100	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur á belgjurtum sem eru skornar áður en þær verða fullþroska**	
CLND 101	–	–	–	**Lífrænn búskapur með ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber**		
CLND 102	–	–	–	**Lífrænn búskapur með fræi og ungplöntum**		
CLND 103	–	–	**Lífrænn búskapur með fastagraslendi**			
CLND 104	–	–	–	**Lífrænn bústaður með beitiland og engi, þó ekki rýrt beitiland**		
CLND 105	–	–	–	**Lífrænn búskapur með rýrt beitiland**		
CLND 106	–	–	**Lífrænn búskapur með land undir fjölærar nytjaplöntur (þ.m.t. ungar og niðurlagðar plantekrur um stundarsakir, að undanskildum svæðum þar sem aðeins er framleitt til eigin neyslu)**			
CLND 107	–	–	–	**Lífrænn búskapur með ávexti, ber og hnetur (þó ekki sítrusávexti, þrúgur og jarðarber)**		
CLND 108	–	–	–	**Lífrænn búskapur með sítrusávexti**		
CLND 109	–	–	–	**Lífrænn búskapur með þrúgur fyrir víngerð**		
CLND 110	–	–	–	**Lífrænn búskapur með ólífur**		
CLND 111	–	–	**Lífrænn búskapur með grænmeti, þ.m.t. melónur og jarðarber, undir gleri eða háu aðgengilegu skýli**			

Áveita á ræktuðu landi utanhúss

CLND 112	–	**Heildaráveitusvæði** Hektarar heildarhámarks hagnýtts landbúnaðarsvæðis sem hægt væri að vökva á viðmiðunarárinu með þeim búnaði og vatnsmagni sem jafnan er fyrir hendi á búrekstrareiningunni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549).

([2]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 491/2009 frá 25. maí 2009 um breytingar á reglugerð (EB) nr. 1234/2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 154, 17.6.2009, bls. 1).

III. **BREYTUR BÚFÉNAÐAR**

Dýrin þurfa ekki að vera í eigu eigandans. Dýr þessi geta verið á búrekstrareiningunni (á hagnýttu landbúnaðarsvæði eða í gripahúsum sem búrekstrareiningin notar) eða utan hennar (á sameiginlegu beitarlandi eða í árstíðabundnum flutningum o.s.frv.).

		Nautgripir Varðar nautgripi (*Bos taurus* L.) og vatnabuffal (*Bubalus bubalis* L.), þ.m.t. blendinga eins og nautundar (e. *Beefalo*).
CLVS 001	–	**Nautgripir yngri en ársgamlir** Hausar nautgripa, á törfum og kvígum, yngri en ársgömlum.

CLVS 002	–	–	**Nautgripir eldri en eins árs og yngri en tveggja ára gamlir.** Hausar nautgripa eldri en eins árs og yngri en tveggja ára gamlir.			
CLVS 003	–	–	–	**Nautgripir, tarfar, eins árs en yngri en tveggja ára.** Hausar nautgripa, tarfa, eldri en eins árs en yngri en tveggja ára.		
CLVS 004	–	–	–	**Kvígur, eldri en eins árs en yngri en tveggja ára** Hausar nautgripa, kvíga, eldri en eins árs en yngri en tveggja ára gamalla.		
			Nautgripir, tveggja ára og eldri			
CLVS 005	–	–	–	**Nautgripir, tarfar, tveggja ára og eldri** Hausar nautgripa, tarfa, tveggja ára gamalla og eldri		
CLVS 006	–	–	–	**Kvígur, tveggja ára og eldri** Hausar nautgripa, kvíga, tveggja ára gamalla og eldri		
CLVS 007	–	–	–	–	**Kvígur, tveggja ára og eldri** Hausar nautgripa, kvíga sem hafa enn ekki borið, tveggja ára og eldri.	
CLVS 008	–	–	–	–	**Kýr** Hausar nautgripa, kvígur sem hafa þegar borið, tveggja ára og eldri.	
CLVS 009	–	–	–	–	–	**Mjólkurkýr** Hausar nautgripa, borinna kvíga (þ.m.t. þeirra sem eru yngri en tveggja ára) og sem eru vegna kyns síns eða tiltekinna eiginleika einungis eða að mestu leyti haldnar til mjólkurframleiðslu til manneldis eða vegna vinnslu mjólkurafurða.
CLVS 010	–	–	–	–	–	**Kýr aðrar en mjólkurkýr** Hausar nautgripa, borinna kvíga (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára) sem vegna kyns síns eða tiltekinna eiginleika eru einungis eða að mestu leyti haldnar til undaneldis og er mjólk þeirra hvorki ætluð til manneldis né vinnslu mjólkurafurða.
CLVS 011	–	–	–	–	–	**Buffalakýr** Hausar buffalakúa (kvendýra af tegundinni *Bubalus bubalis*, L.) sem hafa þegar borið (þ.m.t. þær sem eru yngri en tveggja ára).
CLVS 012	–	**Sauðfé (á öllum aldri)** Hausar húsdýra af tegundinni *Ovis aries* L.				
CLVS 013	–	–	**Ær til undaneldis** Hausar lembdra áa og gimbra sem hleypt er til hrúts, óháð mjólkur- eða kjötframleiðslu.			
CLVS 014	–	–	**Annað sauðfé** Hausar alls annars sauðfjár en áa til undaneldis.			
CLVS 015	–	**Geitur (á öllum aldri)** Hausar húsdýra af undirtegundinni *Capra aegagrus hircus* L.				
CLVS 016	–	–	**Huðnur til undaneldis** Hausar huðna sem hafa borið og kiðfullar geitur.			

CLVS 017	–	–	**Aðrar geitur** Hausar allra annarra geita en huðna til undaneldis.
			Svín *Vísar til húsdýra af ættkvíslinni Sus scrofa domesticus Erxleben.*
CLVS 018	–	–	**Smágrísir undir 20 kílóum að þyngd** Hausar smágrísa sem eru undir 20 kílóum að þyngd.
CLVS 019	–	–	**Gyltur til undaneldis sem vega 50 kíló og meira** Hausar gylta ætlaðra til undaneldis og vega 50 kíló og meira, óháð því hvort þær hafi gotið eða ekki.
CLVS 020	–	–	**Önnur svín** Hausar svína, ekki tilgreind annars staðar.
			Alifuglar *Vísar til varphæna og kjúklinga (Gallus gallus L.), kalkúna (Meleagris spp.), anda (Anas spp. and Cairina moschata L.), gæsa (Anser anser domesticus L.), strúta (Struthio camelus L.) og aðrir alifuglar ót. a., eins og kornhænur (Coturnix spp.), fasanar (Phasianus spp.), perluhænsn (Numida meleagris domestica L.) og dúfur (Columbinae spp.). Þó eru ekki taldir með fuglar sem aldir eru upp í innilokun til veiða en ekki til framleiðslu á kjöti eða eggjum.*
CLVS 021	–	–	**Holdakjúklingar** Hausar húsdýra af tegundinni *Gallus gallus* L. sem eru haldin til kjötframleiðslu.
CLVS 022	–	–	**Varphænur** Hausar húsdýra af tegundinni *Gallus gallus* L. sem hafa náð varpaldri og eru haldin til eggjaframleiðslu.
CLVS 023	–		**Aðrir alifuglar** Hausar alifugla sem eru ekki tilgreindir undir holdakjúklingum eða varphænum. Ungar eru undanskildir.
CLVS 024	–	–	**Kalkúnar** Hausar húsdýra af ættkvíslinni *Meleagris.*
CLVS 025	–	–	**Endur** Hausar húsdýra af ættkvíslinni *Anas* og tegundinni *Cairina moschata* L.
CLVS 026	–	–	**Gæsir** Hausar húsdýra af tegundinni *Anser anser domesticus* L.
CLVS 027	–	–	**Strútar** Hausar strúta (*Struthio camelus* L.)
CLVS 028	–	–	**Aðrir alifuglar ót. a.** Hausar annarra alifugla, ót. a.
			Kanínur *Vísað er til húsdýra af ættkvíslinni Oryctolagus.*
CLVS 029	–	–	**Kænur til undaneldis** Hausar kæna (*Oryctolagus* spp.) til að framleiða kanínur til manneldis og hafa eignast unga.

CLVS 030	–	**Býflugur** Fjöldi býkúpa með býflugum (*Apis mellifera* L.) sem haldnar eru til framleiðslu á hunangi.
CLVS 031	–	**Hjartardýr** Dýr eins og rauðhjörtur (*Cervus elaphus* L.), síkahjörtur (*Cervus nippon* Temminck), hreindýr (*Rangifer tarandus* L.) eða dádýa (*Dama dama* L.) til staðar til matvælaframleiðslu.
CLVS 032	–	**Loðdýr** Dýr eins og minkur (*Neovison vison* Schreber), evrópsk þefvísla eða evrópskur hreysiköttur (*Mustela putorius* L.), refur (*Vulpes* spp. og aðrir), marðarhundur (*Nyctereutes* spp.) eða loðkanína (*Chinchilla* spp.) til staðar til loðskinnaframleiðslu.
CLVS 033	–	**Búfé ót. a** Búfé sem er ót.a. í þessum þætti til staðar.

Lífrænar framleiðsluaðferðir sem beitt er við búfjárrækt

Búrekstrareiningin hefur dýr samkvæmt starfsvenjum í landbúnaði samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem eru skilgreindar í i) reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 eða reglugerð (ESB) 2018/848 eða, eftir atvikum, í nýjustu löggjöf, og í ii) samsvarandi innlendum framkvæmdarreglum um lífræna framleiðslu, þ.m.t. á umbreytingartímanum.
Dýr eru skilgreind í III. kjarnaþætti. BREYTUR BÚFÉNAÐAR

CLVS 034	–	**Lífrænn búskapur með dýr af nautgripastofni** Hausar lífræns búskapar með dýr af nautgripastofni				
CLVS 035	–	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með mjólkurkúastofn** Hausar lífræns búskapar með mjólkurkýr
CLVS 036	–	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með kýr af öðrum stofni en mjólkurkúastofni** Hausar lífræns búskapar með kýr af öðrum stofni en mjólkurkúastofni
CLVS 037	–	–	–	–	–	**Lífrænn búskapur með buffalakúastofn** Lífrænn búskapur með buffalakúastofn til staðar
CLVS 038	–	**Lífrænn búskapur með sauðfjárstofn (allur aldur)** Hausar lífræns búskapar með sauðfjárstofn				
CLVS 039	–	**Lífrænn búskapur á geitastofni (allur aldur)** Hausar lífræns búskapar með geitastofn				
CLVS 040	–	**Lífrænn búskapur með svínastofn** Hausar lífræns búskapar með svínastofn				
CLVS 041	–	**Lífrænn búskapur með alifuglastofn** Hausar lífræns búskapar með alifuglastofn				
CLVS 042	–	–	**Lífrænn búskapur með holdakjúklingastofn** Hausar lífræns búskapar með holdakjúklingastofn			
CLVS 043	–	–	**Lífrænn búskapur með varphænustofn** Hausar lífræns búskapar með varphænustofn			

II. VIÐAUKI

Skrá yfir breytur á hvert viðhengi

1. ÁFANGI: VINNUAFL OG ÖNNUR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: bústjórnun				
	Ítarleg efnisatriði: eigandi og jafnt hlutfall kynjanna			
MLFO 001	–	Kynferði eigandans		Karl eða kona
MLFO 002	–	Fæðingarár		Ár
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun			
MLFO 003	–	Landbúnaðarstörf eiganda á búrekstrareiningunni		Ársverk, flokkur 1 ([1])
	Ítarleg efnisatriði: öryggisráðstafanir, þ.m.t. öryggisáætlun fyrir bújörð			
MLFO 004	–	Öryggisáætlun fyrir bújörð		Já/nei
Efnisatriði: vinnuafl aðstandenda				
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun, fjöldi einstaklinga sem taka þátt og jafnt hlutfall kynjanna			
MLFO 005	–	Karlkyns aðstandendur sem vinna landbúnaðarstörf		Fjöldi einstaklinga á hvert ársverk, flokkur 2 ([2])
MLFO 006	–	Kvenkyns aðstandendur sem vinna landbúnaðarstörf		Fjöldi einstaklinga á hvert ársverk, flokkur 2 ([2])
Efnisatriði: vinnuafl sem ekki telur til aðstandenda				
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun, fjöldi einstakra starfsmanna og jafnt hlutfall kynjanna			
		Vinnuafl sem ekki tekur til aðstandenda og er fastráðið á búrekstrareiningunni		
MLFO 007	–	–	Utanaðkomandi karlkyns vinnuafl sem er fastráðið á bújörðinni	Fjöldi einstaklinga á hvert ársverk, flokkur 2 ([2])
MLFO 008	–	–	Utanaðkomandi kvenkyns vinnuafl sem er fastráðið á bújörðinni	Fjöldi einstaklinga á hvert ársverk, flokkur 2 ([2])
	Ítarleg efnisatriði: óreglulegt vinnuafl sem starfar á bújörðinni			
MLFO 009	–	Utanaðkomandi starfsmenn sem ekki eru fastráðnir: karlar og konur		Vinnudagar í fullu starfi
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun verktaka			
MLFO 010	–	Einstaklingar sem ekki vinna beint fyrir búrekstrareininguna og falla ekki undir fyrrnefnda flokka.		Vinnudagar í fullu starfi

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint				
	Ítarleg efnisatriði: tegundir starfsemi			
MLFO 011	–	Framboð á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum		Já/nei
MLFO 012	–	Ferðaþjónusta, gistiaðstaða og önnur frístundastarfsemi		Já/nei
MLFO 013	–	Handverk		Já/nei
MLFO 014	–	Vinnsla landbúnaðarafurða		Já/nei
MLFO 015	–	Vinnsla endurnýjanlegrar orku		Já/nei
MLFO 016	–	Timburvinnsla		Já/nei
MLFO 017	–	Lagareldi		Já/nei
		Verktakavinna (með notkun á framleiðsluþáttum búrekstrareiningarinnar)		
MLFO 018	–	–	Verktakavinna í landbúnaði	Já/nei
MLFO 019	–	–	Verktakavinna í öðru en landbúnaði	Já/nei
MLFO 020	–	Skógrækt		Já/nei
MLFO 021	–	Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint, ót. a.		Já/nei
	Ítarleg efnisatriði: mikilvægi fyrir búrekstrareininguna			
MLFO 022	–	Hlutfall annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint varðandi endanlega afurð búrekstrareiningarinnar.		Hundraðshlutaflokkar ([3])
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun			
MLFO 023	–	Eigandi með aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna).		M/S/N ([4])
MLFO 024	–	Aðstandendur sem vinna við búrekstrareininguna og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna) að aðalstarfi.		Fjöldi einstaklinga
MLFO 025	–	Aðstandendur sem vinna við búrekstrareininguna og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna) að aukastarfi.		Fjöldi einstaklinga
MLFO 026	–	Utanaðkomandi vinnuafl sem vinnur við búrekstrareininguna og hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrar eininguna) að aðalstarfi.		Fjöldi einstaklinga
MLFO 027	–	Utanaðkomandi vinnuafl sem vinnur við búrekstrareininguna og hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrar eininguna) að aukastarfi.		Fjöldi einstaklinga

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: önnur tekjuskapandi starfsemi sem ekki tengist búrekstrareiningunni beint				
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun			
MLFO 028	–	Eini eigandinn, sem er einnig bústjóri búrekstrareiningar með einn eiganda, hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni).		M/S/N (4)
MLFO 029	–	Aðstandendur einkaeigenda (þegar eini eigandinn er bústjóri búrekstrareiningarinnar) sem starfa á búrekstrareiningunni og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni) sem er þeirra aðalstarf.		Fjöldi einstaklinga
MLFO 030	–	Aðstandendur einkaeigenda (þegar eini eigandinn er bústjóri búrekstrareiningarinnar) sem starfa á búrekstrareiningunni og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni) sem þeirra aukastarf.		Fjöldi einstaklinga

(1) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 1: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75-< 100), (100).
(2) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 2: (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).
(3) Endanleg afurð hundraðshlutaflokka einingarinnar: (≥ 0-≤ 10), (> 10-≤ 50), (> 50-< 100).
(4) M – aðalstarf, S – aukastarf, N – engin aðild.

2. VIÐHENGI. DREIFBÝLISÞRÓUN

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: búrekstrareiningar sem styðjast við ráðstafanir á sviði dreifbýlisþróunar				
MRDV 001	–	Ráðgjafaþjónusta, bústjórnun og afleysingarþjónusta		Já/nei
MRDV 002	–	Gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli		Já/nei
MRDV 003	–	Fjárfestingar í efnislegum eignum		Já/nei
MRDV 004	–	Að koma að nýju á framleiðslugetu í landbúnaði þar sem tjón hefur orðið af völdum náttúruhamfara og hamfara og að taka upp viðeigandi forvarnir		Já/nei
		Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun		
MRDV 005	–	–	Aðstoð við sprotafyrirtæki ungra bænda	Já/nei
MRDV 006	–	–	Aðstoð við sprotafyrirtæki við þróun lítilla bújarða	Já/nei
MRDV 007	–	–	Landsbundnar viðbótarbeingreiðslur til Króatíu	Já/nei
MRDV 008	–	Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og lífvænleika skóga		Já/nei
		Greiðslur fyrir umhverfis- og loftslagsvænan landbúnað		
MRDV 009	–	–	Umhverfis- og loftslagsvænn landbúnaður	Já/nei
MRDV 010	–	–	Þjónusta á sviði umhverfis- og loftslagsvænnar skógræktar og til verndunar skóga	Já/nei

Breytur			Einingar/flokkar
MRDV 011	–	Lífrænn búskapur	Já/nei
MRDV 012	–	Evrópunet verndarsvæða og beingreiðslur vegna rammatilskipunar um vatn	Já/nei
MRDV 013	–	Greiðslur til svæða sem standa frammi fyrir náttúrulegum takmörkunum eða öðrum sértækum takmörkunum	Já/nei
MRDV 014	–	Velferð dýra	Já/nei
MRDV 015	–	Áhættustýring	Já/nei

3. VIÐHENGI. GRIPAHÝSING OG MEÐHÖNDLUN HÚSDÝRAÁBURÐAR

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: gripahýsing				
	Ítarleg efnisatriði: nautgripahýsing			
MAHM 001	–	Mjólkurkýr		Meðalfjöldi
MAHM 002	–	–	Mjólkurkýr í bundnum básum (fljótandi húsdýraáburður)	Fjöldi stæða
MAHM 003	–	–	Mjólkurkýr í bundnum básum (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða
MAHM 004	–	–	Mjólkurkýr í lausagönguhúsi eða smáklefum (fljótandi húsdýra-áburður)	Fjöldi stæða
MAHM 005	–	–	Mjólkurkýr í lausagönguhúsi eða smáklefum (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða
MAHM 006	–	–	Mjólkurkýr hýstar á annan hátt (fljótandi húsdýraáburður)	Fjöldi stæða
MAHM 007	–	–	Mjólkurkýr hýstar á annan hátt (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða
MAHM 008	–	–	Mjólkurkýr sem eru alltaf utandyra	Fjöldi stæða
MAHM 009	–	–	Mjólkurkýr sem eru að hluta til utandyra (á beit)	Mánuðir
MAHM 010	–	–	Mjólkurkýr með aðgang að svæði til hreyfingar	Já/nei
MAHM 011	–	Aðrir nautgripir		Meðalfjöldi
MAHM 012	–	–	Aðrir nautgripir í bundnum básum (fljótandi húsdýraáburður)	Fjöldi stæða
MAHM 013	–	–	Aðrir nautgripir í bundnum básum (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða
MAHM 014	–	–	Aðrir nautgripir hýstir í lausgönguhúsi eða smáklefum (fljótandi húsdýraáburður)	Fjöldi stæða
MAHM 015	–	–	Aðrir nautgripir hýstir í lausagönguhúsi eða smáklefum (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða
MAHM 016	–	–	Aðrir nautgripir hýstir á annan hátt (fljótandi húsdýraáburður)	Fjöldi stæða
MAHM 017	–	–	Aðrir nautgripir hýstir á annan hátt (húsdýraáburður í föstu formi)	Fjöldi stæða

Breytur				Einingar/flokkar
MAHM 018	–	–	Aðrir nautgripir sem eru alltaf utandyra	Fjöldi stæða
MAHM 019	–	–	Aðrir nautgripir sem eru að hluta til utandyra (á beit)	Mánuðir
MAHM 020	–	–	Aðrir nautgripir með aðgang að svæði til hreyfingar	Já/nei
	Ítarleg efnisatriði: svínahýsing			
MAHM 021	–	Gyltur til undaneldis		Meðalfjöldi
MAHM 022	–	–	Gyltur til undaneldis á rimlagólfi að öllu leyti	Fjöldi stæða
MAHM 023	–	–	Gyltur til undaneldis á rimlagólfi að hluta til	Fjöldi stæða
MAHM 024	–	–	Gyltur til undaneldis hýstar á gegnheilu gólfi (að undanskildu þykku lagi af undirburði)	Fjöldi stæða
MAHM 025	–	–	Gyltur til undaneldis þar sem allt yfirborð gólfs er þykkur undirburður	Fjöldi stæða
MAHM 026	–	–	Gyltur til undaneldis hýstar á annan hátt	Fjöldi stæða
MAHM 027	–	–	Gyltur til undaneldis utandyra (útiganga)	Fjöldi stæða
MAHM 028	–	–	Gyltur til undaneldis utandyra (útiganga)	Mánuðir
MAHM 029	–	Önnur svín		Meðalfjöldi
MAHM 030	–	–	Önnur svín á rimlagólfi að öllu leyti	Fjöldi stæða
MAHM 031	–	–	Önnur svín á rimlagólfi að hluta til	Fjöldi stæða
MAHM 032	–	–	Önnur svín hýst á gegnheilu gólfi (að undanskildum þykkum undirburði)	Fjöldi stæða
MAHM 033	–	–	Önnur svín þar sem allt yfirborð gólfs er þykkur undirburður	Fjöldi stæða
MAHM 034	–	–	Önnur svín hýst á annan hátt	Fjöldi stæða
MAHM 035	–	–	Önnur svín utandyra (útiganga)	Fjöldi stæða
MAHM 036	–	–	Önnur svín með aðgang að svæði til hreyfingar	Já/nei
	Ítarleg efnisatriði: hýsing varphæna			
MAHM 037	–	Varphænur		Meðalfjöldi
MAHM 038	–	–	Varphænur hýstar á þykkum undirburði	Fjöldi stæða
MAHM 039	–	–	Varphænur í hænsnahúsi (án undirburðar)	Fjöldi stæða
MAHM 040	–	–	Varphænur í búrum með færibönd fyrir húsdýraáburð	Fjöldi stæða
MAHM 041	–	–	Varphænur í búrum með djúpar gryfjur	Fjöldi stæða
MAHM 042	–	–	Varphænur í búrum með þrepafyrirkomulagi	Fjöldi stæða
MAHM 043	–	–	Varphænur hýstar á annan hátt	Fjöldi stæða
MAHM 044	–	–	Varphænur utandyra (útiganga)	Fjöldi stæða

Breytur				Einingar/flokkar
Efnisatriði: notkun næringarefna og húsdýraáburðar á bújörðinni				
	Ítarleg efnisatriði: Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem borið er á			
MAHM 045	–	Hagnýtt landbúnaðarsvæði í heild sinni, borið á það með jarðefnaáburði		ha
MAHM 046	–	Hagnýtt landbúnaðarsvæði í heild sinni, borið á með húsdýraáburði		ha
	Ítarleg efnisatriði: húsdýraáburður sem er fluttur frá og til búrekstrareiningarinnar			
		Hreinn brottflutningur á húsdýraáburði frá bújörðinni		
MAHM 047	–	–	Hreinn brottflutningur á fljótandi húsdýraáburði frá bújörðinni	m^3
MAHM 048	–	–	Hreinn brottflutningur á húsdýraáburði í föstu formi frá bújörðinni	tonn
	Ítarleg efnisatriði: lífrænn áburður og áburður úr úrgangi annar en húsdýraáburður			
MAHM 049	–	Lífrænn áburður og áburður úr úrgangi, annar en húsdýraáburður sem er notaður í búrekstrareiningunni		tonn
Efnisatriði: tækni við dreifingu húsdýraáburðar				
	Ítarleg efnisatriði: upptökutími á hverja dreifingartegund			
		Breiðdreifing		
MAHM 050	–	–	Upptaka innan 4 klukkustunda	Hlutfallslegt tíðniband (1)
MAHM 051	–	–	Upptaka eftir 4 klukkustundir	Hlutfallslegt tíðniband (1)
MAHM 052	–	–	Engin upptaka	Hlutfallslegt tíðniband (1)
		Tíðnibandsbil		
MAHM 053	–	–	Ábreiðsluslanga	Hlutfallslegt tíðniband (1)
MAHM 054	–	–	Niðurfellingarskór	Hlutfallslegt tíðniband (1)
		Ídæling		
MAHM 055	–	–	Grunn/opin rauf	Hlutfallslegt tíðniband (1)
MAHM 056	–	–	Djúp/lokuð rauf	Hlutfallslegt tíðniband (1)
Efnisatriði: aðstaða fyrir húsdýraáburð				
	Ítarleg efnisatriði: geymsluaðstaða og rými fyrir húsdýraáburð			
MAHM 057	–	Húsdýraáburður í föstu formi geymdur í hrúgum		%
MAHM 058	–	Húsdýraáburður geymdur í moltuhaugum		%
MAHM 059	–	Húsdýraáburður geymdur í gryfjum undir vistarverum dýranna		%
MAHM 060	–	Húsdýraáburður geymdur í kerfi með þykku lagi af undirburði		%
MAHM 061	–	Fljótandi húsdýraáburður geymdur án yfirbreiðslu		%
MAHM 062	–	Fljótandi húsdýraáburður geymdur undir gegndræpri yfirbreiðslu		%

Breytur			Einingar/flokkar
MAHM 063	–	Fljótandi húsdýraáburður geymdur undir ógegndræpri yfirbreiðslu	%
MAHM 064	–	Húsdýraáburður geymdur í annarri aðstöðu, ót. a.	%
MAHM 065	–	Dagleg dreifing	%
MAHM 066	–	Húsdýraáburður geymdur í moltuhaugum	Mánuðir
MAHM 067	–	Geymsla húsdýraáburðar undir vistarverum dýra	Mánuðir
MAHM 068	–	Geymsla húsdýraáburðar í kerfi með þykku lagi af undirburði	Mánuðir
MAHM 069	–	Geymsla fljótandi húsdýraáburðar	Mánuðir
MAHM 070	–	Húsdýraáburður geymdur í annarri aðstöðu, ót. a.	Mánuðir

([1]) Húsdýraáburður sem er dreift með dreifingartæknibúnaði hundraðshlutaflokka: (0), (> 0-< 25), (≥ 25-< 50), (≥ 50-< 75), (≥ 75-< 100), (100).

III. VIÐAUKI

Lýsing á breytum sem nota á fyrir viðhengi um bújarðargögn eins og tilgreint er í II. viðauka við þessa framkvæmdarreglugerð

1. ÁFANGI: VINNUAFL OG ÖNNUR TEKJUSKAPANDI STARFSEMI

LÝSING Á VINNUAFLSBREYTUM

Eigandi

Eigandinn *er sá einstaklingur (eða valinn einstaklingur þegar um er að ræða eignarhaldsfélag samstæðu) sem rekur búrekstrareininguna fyrir eigin reikning og í eigin nafni og ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á einungunni.* Þegar eigandinn er lögaðili er gögnum ekki safnað um eigandann.

Landbúnaðarstörf *eru skilgreind í I. viðauka. ALMENNAR KJARNABREYTUR*

Efnisatriði: bústjórnun

	Ítarleg efnisatriði: eigandi og jafnt hlutfall kynjanna	
MLFO 001	–	**Kynferði eigandans** Kynferði eigandans M — karl F — kona
MLFO 002	–	**Fæðingarár** Fæðingarár eiganda
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun	
MLFO 003	–	**Landbúnaðarstörf eiganda á búrekstrareiningunni** Hundraðshlutaflokkur ársverka í landbúnaðarvinnu á búrekstrareiningu fyrir eigandann, að undanskildum heimilisstörfum.
	Ítarleg efnisatriði: öryggisráðstafanir, þ.m.t. öryggisáætlun fyrir bújörð	
MLFO 004	–	**Öryggisáætlun fyrir bújörð** Bújörðin hefur framkvæmt áhættumat fyrir vinnustaði í þeim tilgangi að draga úr vinnutengdri áhættu og skilað af sér skriflegu skjali þar að lútandi (eins og til dæmis „öryggisáætlun fyrir bújörð“).

Efnisatriði: vinnuafl aðstandenda

	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun, fjöldi einstaklinga sem taka þátt og jafnt hlutfall kynjanna	
	Aðstandendur sem vinna landbúnaðarstörf *Liður þessi á einungis við um bújarðir í eigu eins eiganda vegna þess að bú í eigu samstæðu og lögaðila teljast ekki hafa vinnuafl aðstandenda.* ***Aðstandendur*** *sem vinna landbúnaðarstörf (að undanskildum heimilisstörfum) teljast vera maki, skyldmenni í beinan legg af eldri eða yngri kynslóð og systkini eiganda eða maka eiganda eina eiganda bújarðar.* Eftir atvikum telst með í þessu bústjóri sem er í fjölskyldu eiganda.	
MLFO 005	–	**Karlkyns aðstandendur sem vinna landbúnaðarstörf** Fjöldi aðstandanda á hvern hundraðshlutaflokk ársverka.

MLFO 006	–	**Kvenkyns aðstandendur sem vinna landbúnaðarstörf** Fjöldi kvenkyns aðstandanda á hvern hundraðshlutaflokk ársverka.

Efnisatriði: vinnuafl sem ekki telur til aðstandenda

	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun, fjöldi einstakra starfsmanna og jafnt hlutfall kynjanna		
			Vinnuafl sem ekki tekur til aðstandenda og er fastráðið á búrekstrareiningunni *Fastráðnir starfsmenn eru einstaklingar, aðrir en eigandi eða aðstandendur, sem sinntu landbúnaðarstörfum á búrekstrareiningunni í hverri viku á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, án tillits til lengdar vinnuviku og án tillits til þess hvort þeir fengu einhvers konar þóknun (laun, kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu).* Til þeirra teljast einnig einstaklingar sem gátu ekki unnið allt tímabilið af ástæðum eins og: *i. sérstakar framleiðsluaðstæður í sérhæfðum búrekstrareiningum, eða* *ii. þeir voru fjarverandi vegna orlofs, herþjónustu, veikinda eða slyss eða eru látnir, eða* *iii. þeir voru að hefja störf eða hætta störfum á búrekstrareiningunni, eða* *iv. vegna algjörrar vinnustöðvunar á búrekstrareiningunni af óviðráðanlegum orsökum (vegna flóða, bruna o.s.frv.).*
MLFO 007	–	–	**Utanaðkomandi karlkyns vinnuafl sem er fastráðið á bújörðinni** Fjöldi karlkyns utanaðkomandi vinnuafls á hvern hundraðshlutaflokk ársverka.
MLFO 008	–	–	**Utanaðkomandi kvenkyns vinnuafl sem er fastráðið á bújörðinni** Fjöldi kvenkyns utanaðkomandi vinnuafls á hvern hundraðshlutaflokk ársverka.
	Ítarleg efnisatriði: óreglulegt vinnuafl sem starfar á bújörðinni		
			Lausráðið utanaðkomandi vinnuafl telst vera það launafólk sem vann ekki í hverri viku á bújörðinni á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur á viðmiðunardegi könnunarinnar, af öðrum ástæðum en þeim sem taldar eru upp fyrir annað utanaðkomandi fastráðið vinnuafl. ***Vinnudagar sem unnir eru af utanaðkomandi starfsmönnum sem eru ekki fastráðnir*** *teljast allir dagar sem eru það langir að starfsmenn fá greidd laun eða einhvers konar þóknun (kaup, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) fyrir heilsdagsvinnu, og unnin vinna er þess eðlis að henni hefði alla jafna verið sinnt af landbúnaðarverkamanni í fullu starfi.* Orlofs- og veikindadagar teljast ekki sem vinnudagar.
MLFO 009	–		**Aðrir utanaðkomandi starfsmenn sem ekki eru fastráðnir: karlar og konur** Heildarfjöldi vinnudaga í fullu starfi af hálfu einstaklinga sem starfa á búrekstrareiningunni.
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun verktaka		
MLFO 010	–		**Einstaklingar sem ekki vinna beint fyrir búrekstrareininguna og falla ekki undir fyrrnefnda flokka** Heildarfjöldi vinnudaga í fullu starfi sem unnir eru á búrekstrareiningunni af hálfu einstaklinga sem ekki vinna beint fyrir búrekstrareininguna (t.d. undirverktakar sem starfa hjá þriðju aðilum).

Efnisatriði: önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint

Upplýsingar um aðra tekjuskapandi starfsemi er skráð fyrir:

i. eigendur bújarða í eigu eins eiganda og bújarða í samstæðu

ii. aðstandendur á bújörðum í eigu eins eiganda

og, ef um er að ræða aðra tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint, einnig fyrir

iii. utanaðkomandi vinnuafl sem er fastráðið á bújörðinni.

Engar upplýsingar um aðra tekjuskapandi starfsemi er safnað fyrir lögbýli.

Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni **beint** vísar til annarrar tekjuskapandi starfsemi:

a) á búrekstrareiningunni, eða

b) utan búrekstrareiningarinnar.

Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint er starfsemi þar sem annaðhvort eru notuð tilföng búrekstrareiningarinnar (svæði, byggingar, vélbúnaður o.s.frv.) eða afurðir hennar. Meðtalin er bæði starfsemi sem er ekki landbúnaðarstörf og landbúnaðarstörf fyrir aðrar búrekstrareiningar. Hreinar fjárfestingar eru undanskildar. Útleiga á landi til ýmiss konar starfsemi án frekari þátttöku í starfseminni er einnig undanskilin.

	Ítarleg efnisatriði: tegund starfsemi	
MLFO 011	–	**Framboð á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum** Öll starfsemi sem er tengd framboði á heilbrigðis- og félagsþjónustu og menntamálum og/eða félagslegri atvinnustarfsemi þar sem notaðir eru annaðhvort framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eða vörur á forstigi framleiðslunnar, til staðar.
MLFO 012	–	**Ferðaþjónusta, gistiaðstaða og önnur frístundastarfsemi** Öll starfsemi sem tengist ferðaþjónustu, gistiþjónustu, skoðunarferðir á búrekstrareininguna fyrir ferðamenn eða aðra hópa, íþrótta- eða tómstundastarf o.s.frv. þar sem land, byggingar eða aðrir framleiðsluþættir búrekstrareiningarinnar eru notaðir, til staðar.
MLFO 013	–	**Handverk** Handunnar vörur sem annaðhvort eigandi, aðstandendur hans eða utanaðkomandi vinnuafl framleiðir á búrekstrareiningunni, óháð því hvernig afurðirnar eru seldar, til staðar.
MLFO 014	–	**Vinnsla landbúnaðarafurða** Öll vinnsla á aukaafurðum úr landbúnaðarhráefnum á búrekstrareiningunni, óháð því hvort hráefnin eru framleidd á búrekstrareiningunni eða aðkeypt, til staðar.
MLFO 015	–	**Vinnsla endurnýjanlegrar orku** Vinnsla endurnýjanlegrar orku fyrir markaðinn, þ.m.t. lífgas, lífeldsneyti eða rafmagn, með vindhverflum, öðrum búnaði eða úr hráefni úr landbúnaði. Endurnýjanleg orka sem er eingöngu framleidd til notkunar á búrekstrareiningunni er ekki meðtalin hér.
MLFO 016	–	**Timburvinnsla** Vinnsla á búrekstrareiningunni á óunnum viði til sölu á markaði (sögun á viði o.s.frv.), til staðar.
MLFO 017	–	**Lagareldi** Framleiðsla á fiski, vatnakröbbum o.s.frv. á búrekstrareiningunni, til staðar. Starfsemi sem felst eingöngu í fiskveiðum er ekki meðtalin.
		Verktakavinna (með notkun á framleiðsluþáttum búrekstrareiningarinnar) *Verktakavinna þar sem notast er við búnað búrekstrareiningarinnar, þar sem greint er á milli vinnu sem stunduð er innan eða utan landbúnaðargeirans.*

MLFO 018	–	–	**Verktakavinna í landbúnaði** Vinna sem er innan landbúnaðargeirans, til staðar.
MLFO 019	–	–	**Verktakavinna í öðru en landbúnaði** Vinna sem eru utan landbúnaðargeirans (t.d. snjóruðningur, farmflutningar, viðhald landslags, landbúnaðar- og umhverfisþjónusta o.s.frv.), til staðar.
MLFO 020	–	**Skógrækt** Vinna við skógrækt þar sem bæði er nýtt vinnuafl í landbúnaði og vélar og búnaður búrekstrareiningarinnar sem er jafnan nýtt í landbúnaði, til staðar.	
MLFO 021	–	**Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint, ót. a.** Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint, ót. a., til staðar.	
	Ítarleg efnisatriði: mikilvægi fyrir búrekstrareininguna		
MLFO 022	–	**Hlutfall annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint varðandi endanlega afurð búrekstrareiningarinnar.** Hundraðshlutaflokkur annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint varðandi afurð búrekstrareiningarinnar. Hlutur annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint í framleiðslu búrekstrareiningarinnar er talinn vera hlutur annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint í heildarveltu búrekstrareiningarinnar og beinum greiðslum þeirrar búrekstrareiningar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 eða nýrri löggjöf. $HLUTFALL = \frac{\text{Velta annarrar tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint}}{\text{Heildartekjur búrekstrareiningarinnar (landbúnaður + önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint + beinar greiðslur)}}$	
	Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun *Þessi liður gildir um:* *i. eigendur búrekstrareininga í eigu eins eiganda og búrekstrareininga í samstæðu* *ii. aðstandendur á búrekstrareiningum í eigu eins eiganda og* *iii. utanaðkomandi sem eru fastráðnir á búrekstrareiningunum.* *Engar upplýsingar eru teknar saman fyrir lögbýli.*		
MLFO 023	–	**Eigandi með aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna)** Eigandi búrekstrareininga í eigu eins eiganda eða búrekstrareininga í samstæðu er með aðra tekjuskapandi starfsemi sem tengist búrekstrareiningunni beint: M — aðalstarf S — aukastarf N — engin aðild Starfsemi getur farið fram á búrekstrareiningunni sjálfri (önnur störf en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni) eða utan búrekstrareiningarinnar.	
MLFO 024	–	**Aðstandendur sem vinna við búrekstrareininguna og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna) að aðalstarfsemi** Fjöldi aðstandenda sem stunda að aðalstarfi aðra tekjuskapandi starfsemi er tengist búrekstrareiningunni beint.	
MLFO 025	–	**Aðstandendur sem vinna við búrekstrareininguna og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna) að aukastarfi.** Fjöldi aðstandenda sem hafa aðra tekjuskapandi starfsemi, sem tengist búrekstrareiningunni beint, að aukastarfi.	
MLFO 026	–	**Utanaðkomandi vinnuafl sem vinnur við búrekstrareininguna og hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrareininguna) að aðalstarfi** Fjöldi utanaðkomandi einstaklinga sem hafa aðra tekjuskapandi starfsemi, er tengist búrekstrareiningunni beint, að aðalstarfi á búrekstrareiningum í eigu eins eiganda eða búrekstrareiningum samstæða.	

MLFO 027	–	**Utanaðkomandi vinnuafl sem vinnur við búrekstrareininguna og hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem varðar búrekstrar eininguna) að aukastarfi** Fjöldi utanaðkomandi einstaklinga sem hafa aðra tekjuskapandi starfsemi er tengist bújörðinni beint að aukastarfi, á bújörðum í eigu eins eiganda eða bújörðum samstæða.

Efnisatriði: önnur tekjuskapandi starfsemi sem ekki tengist búrekstrareiningunni beint

Vísar til annarra starfa en landbúnaðarstarfa í búrekstrareiningunni og starfa utan búrekstrareiningarinnar. Í þessu felst hver sú starfsemi sem stunduð er gegn þóknun (kaup, laun, hagnað eða aðrar greiðslur, þ.m.t. greiðslur í fríðu) önnur en:

i. landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni og

ii. önnur tekjuskapandi starfsemi eiganda sem tengist búrekstrareiningunni beint

Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist ekki búrekstrareiningunni **beint** og vísar til annarrar launaðrar starfsemi:

a) á búrekstrareiningunni (önnur störf en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni) eða

b) utan búrekstrareiningarinnar.

		Ítarleg efnisatriði: vinnuaflsnotkun
MLFO 028	–	**Eini eigandinn, sem er einnig bústjóri búrekstrareiningar með einn eiganda, hefur aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni)** Eigandinn hefur tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni ekki beint M — aðalstarf S — aukastarf N — engin aðild Starfsemi getur farið fram á búrekstrareiningunni sjálfri (önnur störf en landbúnaðarstörf á búrekstrareiningunni) eða utan búrekstrareiningarinnar.
MLFO 029	–	**Aðstandendur einna eigenda (þegar eini eigandinn er bústjóri búrekstrareiningarinnar) sem starfa á búrekstrareiningunni og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni) að aðalstarfi** Fjöldi aðstandenda sem hafa aðra tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni ekki að aðalstarfi.
MLFO 030	–	**Aðstandendur einna eigenda (þegar eini eigandinn er bústjóri búrekstrareiningarinnar) sem starfa á búrekstrareiningunni og hafa aðra tekjuskapandi starfsemi (sem ekki tengist búrekstrareiningunni) að aukastarfi.** Fjöldi aðstandenda sem hafa tekjuskapandi starfsemi, sem tengist ekki bújörðinni, að aukastarfi.

2. VIÐHENGI. DREIFBÝLISÞRÓUN

LÝSING Á DREIFBÝLISÞRÓUNARBREYTUM

Efnisatriði: búrekstrareiningar sem styðjast við ráðstafanir á sviði dreifbýlisþróunar

Búrekstrareiningin er talin hafa hagnast á undangengnum 3 árum á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar sem mælt er fyrir um í III. bálki 1. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 samkvæmt tilteknum stöðlum og reglum sem tilgreind eru í síðustu löggjöf, án tillits til þess hvort greiðsla hafi farið fram á viðmiðunartímabilinu eða ekki, svo fremi að jákvæð ákvörðun að því er varðar úthlutun á slíkum ráðstöfunum hafi verið tekin (t.d. að umsókn um styrk hafi verið samþykkt).

MRDV 001	–	**Ráðgjafaþjónusta, bústjórnun og afleysingarþjónusta** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.

MRDV 002	–			**Gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 003	–			**Fjárfestingar í efnislegum eignum** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 004	–			**Að koma að nýju á framleiðslugetu í landbúnaði þar sem tjón hefur orðið af völdum náttúruhamfara og hamfara og að taka upp viðeigandi forvarnir** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
				Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun *Ráðstafanir á sviði dreifbýlisþróunar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013 að því er varðar Króatíu, einnig skv. 40. gr. sömu reglugerðar.*
MRDV 005	–	–		**Aðstoð við sprotafyrirtæki ungra bænda** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. i. lið 19. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 006	–	–		**Aðstoð við sprotafyrirtæki við þróun lítilla bújarða** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. iii. lið 19. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 007	–	–		**Landsbundnar viðbótarbeingreiðslur til Króatíu** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 008	–			**Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og lífvænleika skóga** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
				Greiðslur fyrir umhverfis- og loftslagsvænan landbúnað
MRDV 009	–	–		**Umhverfis- og loftslagsvænn landbúnaður** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 010	–	–		**Þjónusta á sviði umhverfis- og loftslagsvænnar skógræktar og til verndunar skóga** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 011	–			**Lífrænn búskapur** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 012	–			**Evrópunet verndarsvæða og beingreiðslur vegna rammatilskipunar um vatn** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 013	–			**Greiðslur til svæða sem standa frammi fyrir náttúrulegum takmörkunum eða öðrum sértækum takmörkunum** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.
MRDV 014	–			**Velferð dýra** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.

MRDV 015	–	**Áhættustýring** Búrekstrareiningin hefur hagnast á ráðstöfunum á sviði dreifbýlisþróunar skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1305/2013.

3. VIÐHENGI. GRIPAHÝSING OG MEÐHÖNDLUN HÚSDÝRAÁBURÐAR

LÝSING Á BREYTUM GRIPAHÝSINGAR OG MEÐHÖNDLUNAR HÚSDÝRAÁBURÐAR

Efnisatriði: gripahýsing

*Stæði í gripahýsingu fyrir nautgripi, svín og alifugla. Hugtakið „**stæði**“ vísar til hefðbundins fjölda dýra sem eru til staðar í gripahýsingunni á viðmiðunarárinu. Það þýðir að leiðrétta þarf fjölda dýra á viðmiðunardegi ef aðstæður eru óvenjulegar (of margir gripir í húsi, of fáir gripir í húsi, húsnæði rýmt af hreinlætisástæðum, sérstakar framleiðsluáætlanir, o.s.frv.). Einungis á að skrásetja gripahýsingu sem er í notkun á viðmiðunartímabilinu.* Einnig á að skrá fjölda stæða sem eru auð um stundarsakir í gripahúsum á viðmiðunartímabilinu.

Dýr eru skilgreind í III. kjarnaþætti. BREYTUR BÚFÉNAÐAR

	Ítarleg efnisatriði: nautgripahýsing		
MAHM 001	–	**Mjólkurkýr** Meðalfjöldi mjólkurkúa á viðmiðunarárinu.	
MAHM 002	–	–	**Mjólkurkýr í bundnum básum (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr í bundnum básum með stýringu fljótandi húsdýraáburðar.
MAHM 003	–	–	**Mjólkurkýr í bundnum básum (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr í bundnum básum með stýringu húsdýraáburðar í föstu formi.
MAHM 004	–	–	**Mjólkurkýr í lausagönguhúsi eða smáklefum (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr í lausum básum eða smáklefum með stýringu fljótandi húsdýraáburðar.
MAHM 005	–	–	**Mjólkurkýr í lausagönguhúsi eða smáklefum (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr í lausum básum eða smáklefum með stýringu húsdýraáburðar í föstu formi.
MAHM 006	–	–	**Mjólkurkýr hýstar á annan hátt (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr hýstar á annan hátt, ót. a., með stýringu á fljótandi húsdýraáburði.
MAHM 007	–	–	**Mjólkurkýr hýstar á annan hátt (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr hýstar á annan hátt, ót. a., með stýringu á húsdýraáburði í föstu formi.
MAHM 008	–	–	**Mjólkurkýr sem eru alltaf utandyra** Fjöldi stæða fyrir mjólkurkýr sem eru alltaf utandyra.
MAHM 009	–	–	**Mjólkurkýr sem eru að hluta til utandyra (á beit)** Mánuðir þegar mjólkurkýr eru við beit utandyra.
MAHM 010	–	–	**Mjólkurkýr með aðgang að svæði til hreyfingar** Svæði til hreyfingar fyrir mjólkurkýr, til staðar.
MAHM 011	–	**Aðrir nautgripir** Meðalfjöldi annarra nautgripa á viðmiðunarárinu.	
MAHM 012	–	–	**Önnur naut í bundnum básum (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi í bundnum básum með stýringu fljótandi húsdýraáburðar.

MAHM 013	–	–	**Önnur naut í bundnum básum (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi í bundnum básum með stýringu húsdýraáburðar í föstu formi.
MAHM 014	–	–	**Aðrir nautgripir hýstir í lausgönguhúsi eða smáklefum (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi í lausum básum eða smáklefum með stýringu fljótandi húsdýraáburðar.
MAHM 015	–	–	**Aðrir nautgripir hýstir í lausagönguhúsi eða smáklefum (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi í lausum básum eða smáklefum með stýringu húsdýraáburðar í föstu formi.
MAHM 016	–	–	**Aðrir nautgripir hýstir á annan hátt (fljótandi húsdýraáburður)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi sem eru hýstir á annan hátt, ót. a., með stýringu á fljótandi húsdýraáburði.
MAHM 017	–	–	**Aðrir nautgripir hýstir á annan hátt (húsdýraáburður í föstu formi)** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi sem eru hýstir á annan hátt, ót. a., með stýringu á húsdýraáburði í föstu formi.
MAHM 018	–	–	**Aðrir nautgripir sem eru alltaf utandyra** Fjöldi stæða fyrir aðra nautgripi sem eru alltaf utandyra.
MAHM 019	–	–	**Aðrir nautgripir sem eru að hluta til utandyra (á beit)** Mánuðir þegar aðrir nautgripir eru við beit utandyra.
MAHM 020	–	–	**Aðrir nautgripir með aðgang að svæði til hreyfingar** Svæði til hreyfingar fyrir aðra nautgripi er til staðar.
	Ítarleg efnisatriði: svínahýsing		
MAHM 021	–	**Gyltur til undaneldis** Meðalfjöldi gylta til undaneldis á viðmiðunarárinu.	
MAHM 022	–	–	**Gyltur til undaneldis á rimlagólfi að öllu leyti** Fjöldi stæða þar sem gyltur til undaneldis eru að öllu leyti hýstar á rimlagólfi.
MAHM 023	–	–	**Gyltur til undaneldis á rimlagólfi að hluta til** Fjöldi stæða þar sem gyltur til undaneldis eru að hluta til hýstar á rimlagólfi.
MAHM 024	–	–	**Gyltur til undaneldis hýstar á gegnheilu gólfi (að undanskildu þykku lagi af undirburði)** Fjöldi stæða þar sem gyltur til undaneldis eru hýstar á gegnheilu gólfi að undanskildum þykkum undanburði
MAHM 025	–	–	**Gyltur til undaneldis þar sem allt yfirborð gólfs er þykkur undirburður** Fjöldi stæða þar sem gyltur til undaneldis eru hýstar á þykkum undirburði.
MAHM 026	–	–	**Gyltur til undaneldis hýstar á annan hátt** Fjöldi stæða þar sem gyltur til undaneldis eru hýstar á annan hátt.
MAHM 027	–	–	**Gyltur til undaneldis utandyra (útiganga)** Fjöldi stæða fyrir gyltur til undaneldis í útigöngukerfum.
MAHM 028	–	–	**Gyltur til undaneldis utandyra (útiganga)** Fjöldi mánaða þegar gyltur til undaneldis eru við beit utandyra, í útigöngukerfum.

MAHM 029	–		**Önnur svín** Meðalfjöldi annarra svína á viðmiðunarárinu.
MAHM 030	–	–	**Önnur svín á rimlagólfi að öllu leyti** Fjöldi stæða þar sem önnur svín eru hýst á rimlagólfi að öllu leyti.
MAHM 031	–	–	**Önnur svín á rimlagólfi að hluta til** Fjöldi stæða þar sem önnur svín eru hýst á rimlagólfi að hluta til.
MAHM 032	–	–	**Önnur svín hýst á gegnheilu gólfi (að undanskildum þykkum undirburði)** Fjöldi stæða þar sem önnur svín eru hýst á gegnheilu gólfi að undanskildum þykkum undanburði.
MAHM 033	–	–	**Önnur svín þar sem allt yfirborð gólfs er þykkur undirburður** Fjöldi stæða þar sem önnur svín eru hýst á þykkum undirburði.
MAHM 034	–	–	**Önnur svín hýst á annan hátt** Fjöldi stæða þar sem önnur svín eru hýst á annan hátt.
MAHM 035	–	–	**Önnur svín utandyra (útiganga)** Fjöldi stæða fyrir önnur svín utandyra í útigöngukerfum.
MAHM 036	–	–	**Önnur svín með aðgang að svæði til hreyfingar** Svæði til hreyfingar fyrir önnur svín (þó ekki útiganga) eru til staðar.
	Ítarleg efnisatriði: hýsing varphæna		
MAHM 037	–		**Varphænur** Meðalfjöldi varphæna á viðmiðunarárinu.
MAHM 038	–	–	**Varphænur hýstar á þykkum undirburði** Fjöldi stæða þar sem varphænur eru hýstar á þykkum undanburði
MAHM 039	–	–	**Varphænur í hænsnahúsi (án undirburðar)** Fjöldi stæða fyrir varphænur í hænsnahúsi.
MAHM 040	–	–	**Varphænur í búrum með færibönd fyrir húsdýraáburð** Fjöldi stæða fyrir varphænur í búrum með færibönd fyrir húsdýraáburð.
MAHM 041	–	–	**Varphænur í búrum með djúpar gryfjur** Fjöldi stæða fyrir varphænur í búrum með djúpar gryfjur.
MAHM 042	–	–	**Varphænur í búrum með þrepafyrirkomulagi** Fjöldi stæða fyrir varphænur í búrum með þrepafyrirkomulagi.
MAHM 043	–	–	**Varphænur hýstar á annan hátt** Fjöldi stæða þar sem varphænur eru hýstar á annan hátt.
MAHM 044	–	–	**Varphænur utandyra (útiganga)** Fjöldi stæða fyrir varphænur í útigöngukerfum.

Efnisatriði: notkun næringarefna og húsdýraáburðar á bújörðinni

	Ítarleg efnisatriði: Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem borið er á		
MAHM 045	–		**Hagnýtt landbúnaðarsvæði í heild sinni, borið á það með jarðefnaáburði** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði, borið á það með jarðefnaáburði

MAHM 046	–		**Hagnýtt landbúnaðarsvæði í heild sinni, borið á með húsdýraáburði** Hektarar af hagnýttu landbúnaðarsvæði, borið á það með jarðefnaáburði
	Ítarleg efnisatriði: húsdýraáburður sem er fluttur frá og til búrekstrareiningarinnar *Hreint magn húsdýraáburðar sem er annaðhvort flutt frá eða til bújarðarinnar.*		
			Hreinn brottflutningur á húsdýraáburði frá bújörðinni *Hreint magn húsdýraáburðar sem er flutt brott frá búrekstrareiningunni eða flutt til hennar.*
MAHM 047	–	–	**Hreinn brottflutningur á fljótandi húsdýraáburði frá bújörðinni** Rúmmetrar af fljótandi húsdýraáburði fluttur til eða brott frá búrekstrareiningunni til beinna nota sem áburður eða ætlaður til vinnslu í iðnaði, án tillits til þess hvort hann er seldur, keyptir eða honum skipt án greiðslu. Til þessa telst einnig fljótandi húsdýraáburður sem var notaður til orkuvinnslu og endurnýttur síðar í landbúnaði.
MAHM 048	–	–	**Hreinn brottflutningur á húsdýraáburði í föstu formi frá bújörðinni** Tonn af húsdýraáburði í föstu formi, fluttur til eða brott frá búrekstrareiningunni til beinna nota sem áburður eða ætlaður til vinnslu í iðnaði, án tillits til þess hvort hann er seldur, keyptir eða honum skipt án greiðslu. Til þessa telst einnig húsdýraáburður í föstu formi sem var notaður til orkuvinnslu og endurnýttur síðar í landbúnaði.
	Ítarleg efnisatriði: lífrænn áburður og áburður úr úrgangi annar en húsdýraáburður		
MAHM 049	–		**Lífrænn áburður og áburður úr úrgangi, annar en húsdýraáburður sem er notaður í búrekstrareiningunni** Tonn af lífrænum áburði og áburði úr úrgangi, annar en húsdýraáburður sem er notaður í búrekstrareiningunni.

Efnisatriði: tækni við dreifingu húsdýraáburðar

Tækni til að dreifa húsdýraáburði

	Ítarleg efnisatriði: upptökutími á hverja dreifingartegund		
			Breiðdreifing *Húsdýraáburði er dreift á yfirborð lands eða á uppskeru án þess að nota tækni ábreiðslu eða ídælingar.*
MAHM 050	–	–	**Upptaka innan 4 klukkustunda** Hundraðshlutaflokkur heildarmagns húsdýraáburðar, sem hefur verið blandað í jarðveginn með vélvirkum hætti innan 4 klukkustunda frá breiðdreifingu.
MAHM 051	–	–	**Upptaka eftir 4 klukkustundir** Hundraðshlutaflokkur heildarmagns húsdýraáburðar sem hefur verið tekinn upp í jarðveginn á vélvirkan hátt milli 4 og 24 klukkustunda frá breiðdreifingu.
MAHM 052	–	–	**Engin upptaka** Hundraðshlutaflokkur heildarmagns húsdýraáburðar sem hefur ekki verið tekinn upp í jarðveginn eða ef húsdýraáburðurinn hefur ekki verið tekinn upp í jarðveginn innan 24 klukkustunda frá breiðdreifingu.
			Tíðnibandsbil *Fljótandi húsdýraáburði eða blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburðar er dreift á svæði í samsíða rákum, með engum húsdýraáburði á milli rákanna, með því að nota tæki (við ábreiðslu) sem fest er aftan á tankbifreið eða dráttarvél til að dreifa fljótandi húsdýraáburði eða blöndu fasts og fljótandi húsdýraáburði á jörðu.*
MAHM 053	–	–	**Ábreiðsluslanga** Hundraðshlutaflokkur fljótandi húsdýraáburðar sem dreift er með ábreiðsluslöngudreifara.

MAHM 054	–	–	**Niðurfellingarskór** Hundraðshlutaflokkur fljótandi húsdýraáburðar sem dreift er með niðurfellingarskódreifara.
			Ídæling *Fljótandi húsdýraáburði er dreift í skorur sem skornar hafa verið mismunandi djúpt í jarðveginn út frá tegund innspýtingar.*
MAHM 055	–	–	**Grunn/opin rauf** Hundraðshlutaflokkur fljótandi húsdýraáburðar er dreift í grunnar skorur (jafnan um 50 mm djúpar), án tillits til þess hvort skorurnar séu skildar eftir opnar eða þeim lokað eftir dreifingu.
MAHM 056	–	–	**Djúp/lokuð rauf** Hundraðshlutaflokkur fljótandi húsdýraáburðar er dreift í djúpar skorur (jafnan um 150 mm djúpar) sem lokað er eftir dreifingu.

Efnisatriði: aðstaða fyrir húsdýraáburð

		Ítarleg efnisatriði: geymsluaðstaða og rými fyrir húsdýraáburð *Aðstaða sem ætluð er til að geyma húsdýraáburð* Rúmtak geymsluaðstöðu fyrir húsdýraáburð er skilgreint sem fjöldi mánaða þegar hægt er að geyma áburðinn sem framleiddur er á búrekstrareiningunni án þess að hætta sé á frárennsli og án þess að hún sé tæmd öðru hverju.
MAHM 057	–	**Húsdýraáburður í föstu formi geymdur í hrúgum** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur í lausum stöflum eða hlöðum eða á opnu en aflokuðu svæði, jafnan í nokkra mánuði.
MAHM 058	–	**Húsdýraáburður geymdur í moltuhaugum** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur í aflokuðum moltuhaugum sem er loftblandaðir og/eða blandaðir.
MAHM 059	–	**Húsdýraáburður geymdur í gryfjum undir vistarverum dýranna** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur með aðeins litlu eða engu viðbættu vatni, einkum undir rimlagólfi í afgirtri og aflokaðri gripaaðstöðu, jafnvel skemur en í 1 ár.
MAHM 060	–	**Húsdýraáburður geymdur í kerfi með þykku lagi af undirburði** Hlutfall húsdýraáburðar sem er safnað saman á framleiðsluferlinu sem getur náð yfir 6 til 12 mánuði.
MAHM 061	–	**Fljótandi húsdýraáburður geymdur án yfirbreiðslu** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur í opnum þróm eða vatnsgryfjum, jafnan í 1 ár eða skemur.
MAHM 062	–	**Fljótandi húsdýraáburður geymdur undir gegndræpri yfirbreiðslu** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur í þróm eða vatnsgryfjum, einkum skemur en í 1 ár og er hulinn með gegndræpri yfirbreiðslu (eins og leir, hálmi eða náttúrulegri skorpu).
MAHM 063	–	**Fljótandi húsdýraáburður geymdur undir ógegndræpri yfirbreiðslu** Hlutfall húsdýraáburðar sem er geymdur í þróm eða vatnsgryfjum, jafnan í 1 ár eða skemur og er hulinn með ógegndræpri yfirbreiðslu (eins og úr eðlisþungu pólýetýleni eða yfirbreiðsla með undirþrýstingi).
MAHM 064	–	**Húsdýraáburður geymdur í annarri aðstöðu, ót. a.** Hlutfall húsdýraáburðar (án tillits til þess hvort um ræði í föstu formi eða fljótandi) sem geymdur eru í annarri aðstöðu, ótalin annars staðar.
MAHM 065	–	**Dagleg dreifing** Hlutfall húsdýraáburðar sem er færður reglulega úr aflokuðu aðstöðunni og er dreift á akurlendi eða beitiland innan 24 klukkustunda frá úthreinsun.

MAHM 066	–	**Húsdýraáburður geymdur í moltuhaugum** Fjöldi mánaða sem hægt er að geyma húsdýraáburð í aflokuðum moltuhaugum.
MAHM 067	–	**Geymsla húsdýraáburðar undir vistarverum dýra** Fjöldi mánaða sem hægt er að geyma húsdýraáburð í gryfjum fyrir fljótandi húsdýraáburð á búinu.
MAHM 068	–	**Geymsla húsdýraáburðar í kerfi með þykku lagi af undirburði** Fjöldi mánaða sem hægt er að geyma húsdýraáburð í undirburðarkerfum.
MAHM 069	–	**Geymsla fljótandi húsdýraáburðar** Fjöldi mánaða sem hægt er að geyma húsdýraáburð í geymslu fljótandi húsdýraáburðar, án tillits til yfirbreiðslu.
MAHM 070	–	**Húsdýraáburður geymdur í annarri aðstöðu, ót. a.** Fjöldi mánaða sem geyma má húsdýraáburð (án tillits til þess hvort um ræðir í föstu formi eða fljótandi) í annarri aðstöðu sem er ótalin annars staðar.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1010 **2021/EES/22/113**

frá 21. júní 2016

um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2016) 3727) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB mega lögbær yfirvöld aðildarríkja því aðeins heimila miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- og rannsóknarskýrslna, sem varða hlutaðeigandi endurskoðun, til lögbærra yfirvalda þriðja lands að þau yfirvöld uppfylli kröfur sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að séu fullnægjandi og að um gagnkvæma vinnutilhögun milli þeirra og lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríkjum sé að ræða. Því þarf að ákvarða hvort lögbær yfirvöld tiltekinna þriðju landa uppfylli fullnægjandi kröfur til þess að til þeirra megi miðla vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- og rannsóknarskýrslum.

2) Í ákvörðun um hvort ákvæði um viðmiðanir séu fullnægjandi, skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, er ekki fjallað um aðrar sértækar kröfur vegna miðlunar á vinnuskjölum við endurskoðun og öðrum skjölum í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og úttektar- og rannsóknarskýrslum, s.s. samkomulag um gagnkvæma vinnutilhögun milli lögbærra yfirvalda, sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, eða kröfur um miðlun persónuupplýsinga sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunarinnar.

3) Að því er varðar þessa ákvörðun ætti að líta á lögbær yfirvöld tiltekinna yfirráðasvæða, sem falið er, samkvæmt lögum, að setja reglur um og/eða hafa eftirlit með löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum eða sérstökum þáttum þar að lútandi á viðkomandi yfirráðasvæðum, sem lögbær yfirvöld þriðja lands.

4) Miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- og rannsóknarskýrslna, til lögbærs yfirvalds þriðja lands eða yfirráðasvæðis varðar mikilvæga hagsmuni almennings í tengslum við framkvæmd óháðs, opinbers eftirlits. Af þeim sökum ættu lögbær yfirvöld aðildarríkja, innan ramma vinnutilhögunarinnar sem um getur í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að tryggja að lögbært yfirvald hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis noti skjöl, sem miðlað hefur verið til þeirra í samræmi við 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, aðeins til að sinna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

5) Miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærs yfirvalds þriðja lands eða yfirráðasvæðis, tekur til þess að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið, sem er með skjölin í vörslu sinni, veiti slíku yfirvaldi aðgang að skjölunum eða sendi þau til þess, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki, eða að síðarnefnda yfirvaldið geri það sjálft.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

6) Þegar skoðanir eða rannsóknir fara fram er endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ekki heimilt að veita lögbærum yfirvöldum þriðju landa eða yfirráðasvæða aðgang að vinnuskjölum sínum við endurskoðun eða öðrum skjölum eða senda þau til þeirra, samkvæmt öðrum skilyrðum en þeim sem sett eru fram í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og þessari ákvörðun.

7) Að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ættu aðildarríkin að sjá til þess að samskipti milli endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem þau viðurkenna og lögbærs yfirvalds þriðja lands eða yfirráðasvæðis fari fram fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis, sbr. þó 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

8) Aðildarríki ættu að tryggja að samkomulagið um vinnutilhögun, sem krafist er skv. tilskipun 2006/43/EB vegna miðlunar á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og á úttektar- og rannsóknarskýrslum, milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda þriðja lands eða yfirráðasvæðis, sem falla undir þessa ákvörðun, sé gert á grundvelli gagnkvæmni og feli í sér vernd atvinnuleyndarmála og viðkvæmra viðskiptaupplýsinga sem slík skjöl innihalda um þá sem sæta endurskoðun, þ.m.t. iðnaðar- og hugverkaréttindi, eða um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða viðkomandi.

9) Þegar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eða úttektar- og rannsóknarskýrslna, til lögbærra yfirvalda viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis, felur í sér afhendingu persónuupplýsinga er slík afhending aðeins lögleg ef hún er einnig í samræmi við kröfur um alþjóðlega gagnaflutninga sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([2]). Í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er þess því krafist að aðildarríkin tryggi að miðlun persónuupplýsinga milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis sé í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB. Aðildarríki ættu að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir fyrir miðlun persónuupplýsinga, ef nauðsyn krefur með bindandi samningum, og að lögbært yfirvald þriðja lands eða yfirráðasvæðis greini ekki frekar frá persónuupplýsingum, sem skjölin, sem miðlað er, hafa að geyma, án undanfarandi samþykkis lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

10) Það hvort kröfur, sem gerðar eru til lögbærra yfirvalda þriðja lands eða yfirráðasvæðis, eru fullnægjandi, er metið með hliðsjón af kröfunum um samstarf í reglusetningu, sem settar eru fram í 36. gr. tilskipunar 2006/43/EB, eða raunverulegum niðurstöðum sem eru í meginatriðum sambærilegar. Einkum ætti að meta hvort kröfur séu fullnægjandi með hliðsjón af þeim valdheimildum sem lögbært yfirvald hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis beitir, gildandi verndarráðstöfunum gegn brotum á reglum um þagnarskyldu og trúnaðarkvaðir og skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum og reglum hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis um samstarf þessara lögbæru yfirvalda við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna.

11) Þeir einstaklingar, sem starfa eða hafa starfað hjá lögbærum yfirvöldum þriðja lands eða yfirráðasvæðis sem veita vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum viðtöku, í samræmi við 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, ættu að vera bundnir þagnarskyldu.

12) Löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem viðurkennd hafa verið af aðildarríki og sem endurskoða félög sem gefið hafa út verðbréf í Brasilíu, alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, á Guernsey, í Indónesíu, á Mön, Jersey, í Malasíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, á Taívan eða í Taílandi, eða eru hluti af samstæðu sem gefur út lögboðna samstæðureikninga í einu þessara þriðju landa eða yfirráðasvæða, lúta landslögum hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis. Því ætti að ákvarða hvort lögbær yfirvöld þessara þriðju landa og yfirráðasvæða uppfylli kröfur sem telja má fullnægjandi með hliðsjón af kröfunum um samstarf í reglusetningu, sem settar eru fram í 36. gr. tilskipunar 2006/43/EB, eða í meginatriðum sambærilegar.

13) Hæfismat hefur farið fram á því hvort lögbær yfirvöld í Brasilíu, alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, á Guernsey, í Indónesíu, á Mön, Jersey, í Malasíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, á Taívan og í Taílandi uppfylla ákvæði 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Hæfisúrskurð, að því er varðar þau yfirvöld, ætti að kveða upp á grundvelli þessa mats.

14) Verðbréfa- og kauphingsnefnd Brasilíu (Comissão de Valores Mobiliários) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Nefndin gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt brasilískum lögum og reglum má hún miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir verðbréfa- og kauphingsnefnd Brasilíu kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

15) Fjármálaeftirlit alþjóðlegu fjármálamiðstöðvarinnar í Dúbaí (Dubai Financial Service Authority of Dubai International Financial Centre) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eftirlitið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt settum lögum og reglum í Dúbaí og í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí má fjármálaeftirlitið í Dúbaí miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir fjármálaeftirlitið í Dúbaí kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

16) Fyrirtækjaskrá Guernsey (Registrar of Companies of Guernsey) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Skráin gerir fullnægjandi sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt settum lögum og reglum á Guernsey má hún miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir fyrirtækjaskrá Guernsey kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

17) Endurskoðendaráð Indónesíu (Finance Professions Supervisory Centre of Indonesia) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Endurskoðendaráð Indónesíu sinnir skyldum sínum ásamt eða samhliða fjármálaeftirlitinu (Financial Services Authority) en er innlent eftirlitsyfirvald með starfsgrein endurskoðenda í Indónesíu. Af þeim sökum er endurskoðendaráð Indónesíu lögbært yfirvald að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Endurskoðendaráðið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Eins og stendur má byggja þá niðurstöðu á túlkun laga og reglna Indónesíu að endurskoðendaráð Indónesíu megi miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Reglusetningarsamvinna milli endurskoðendaráðs Indónesíu og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna ætti því að sæta ítarlegu eftirliti og endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar. Á þessum grundvelli uppfyllir endurskoðendaráð Indónesíu kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB í takmarkaðan tíma.

18) Fjármálaeftirlitið á Mön (Financial Supervision Commission of the Isle of Man) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eftirlitið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt settum lögum og reglum á Mön má það miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir fjármálaeftirlitið á Mön kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

19) Fjármálaeftirlitið á Jersey (Jersey Financial Services Commission) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eftirlitið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt settum lögum og reglum á Jersey má það miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir fjármálaeftirlitið á Jersey kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

20) Eftirlitsráðið með endurskoðun í Malasíu (Audit Oversight Board of Malaysia) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, þ.m.t. málefni er varða samstarf við hlutaðeigandi erlend yfirvöld um skipti og miðlun á upplýsingum sem varða eftirlit með endurskoðun, og ætti þessi ákvörðun einungis að taka til þessara valdheimilda. Eftirlitsráðið sinnir skyldum sínum fyrir hönd Verðbréfaeftirlitsstofnunar Malasíu (Securities Commission of Malaysia), en starfar óháð henni. Af þeim sökum er

eftirlitsráðið með endurskoðun í Malasíu lögbært yfirvald að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Eftirlitsráðið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt malasískum lögum og reglum má það miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir eftirlitsráðið með endurskoðun í Malasíu kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

21) Óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum í Suður-Afríku (Independent Regulatory Board for Auditors of South Africa) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Nefndin gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt suður-afrískum lögum og reglum má hún miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Skjölum, sem hefur verið aflað við eftirlit, og úttektarskýrslum má hinsvegar aðeins deila með samþykki endurskoðanda eða endurskoðandafyrirtækis sem skráð er hjá óháðu eftirlitsnefndinni með endurskoðendum í Suður-Afríku. Sú krafa getur valdið erfiðleikum við framkvæmd krafna um samstarf í reglusetningu sem settar eru fram í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því ætti reglusetningarsamvinna milli óháðu eftirlitsnefndarinnar með endurskoðendum í Suður-Afríku og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna að sæta ítarlegu eftirliti og endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar til að meta hvort krafan um samþykki hafi í raun hamlandi áhrif á upplýsingaskiptin. Á þessum grundvelli uppfyllir óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum í Suður-Afríku kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB í takmarkaðan tíma.

22) Fjármálaráðuneyti Suður-Kóreu (Financial Services Commission of South-Korea) og Fjármálaeftirlit Suður-Kóreu (Financial Supervisory Service of South-Korea), sem heyrir undir fjármálaráðuneytið, hafa valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Fjármálaráðuneytið ber heildarábyrgð á stefnu í endurskoðunarmálum en fjármálaeftirlitið ber ábyrgð á framkvæmd skoðana og rannsókna fyrir fjármálaráðuneytið. Þessi ákvörðun ætti að taka til fjármálaeftirlitsins innan fjármálaráðuneytisins og valdheimilda fjármálaráðuneytisins til að hafa eftirlit með endurskoðun. Fjármálaráðuneytið og fjármálaeftirlitið gera fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi og fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi trúnaðarupplýsingar í té. Samkvæmt suður-kóreskum lögum og reglum mega þau miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfylla fjármálaráðuneyti Suður-Kóreu og fjármálaeftirlit Suður-Kóreu kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

23) Fjármálaeftirlitið á Taívan (Financial Supervisory Commission of Taiwan) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eftirlitið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt taívönskum lögum og reglum má það miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir fjármálaeftirlitið á Taívan kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

24) Verðbréfa- og kauphingsnefnd Taílands (Securities and Exchange Commission of Thailand) hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Nefndin gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt taílenskum lögum og reglum má hún miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir verðbréfa- og kauphingsnefnd Taílands kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

25) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á það samstarfsfyrirkomulag sem um getur í 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([3]).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

26) Ákvörðun þessi miðar að því að greiða fyrir skilvirkri samvinnu á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og í Brasilíu, alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí, á Guernsey, í Indónesíu, á Mön, Jersey, í Malasíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, á Taívan og í Taílandi. Markmið hennar er að gera þessum yfirvöldum kleift að gegna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytri gæðatryggingu og rannsóknir og jafnframt gæta réttinda þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Aðildarríkin eru skuldbundin til að tilkynna framkvæmdastjórninni um gagnkvæma vinnutilhögun, sem samið hefur verið um við þessi yfirvöld, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta hvort samvinna fari fram í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

27) Lokatakmark samvinnu um eftirlit á sviði endurskoðunar við Brasilíu, alþjóðlegu fjármálamiðstöðina í Dúbaí, Guernsey, Indónesíu, Mön, Jersey, Malasíu, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, Taívan og Taíland er að skapa gagnkvæmt traust aðila á eftirlitskerfum hvers annars. Þannig ætti miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og á úttektar- og rannsóknarskýrslum að heyra til undantekninga. Gagnkvæmt traust yrði byggt á jafngildi endurskoðunareftirlitskerfa Sambandsins og hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis.

28) Framkvæmdastjórnin mun fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og reglusetningarramma hlutaðeigandi þriðju landa og yfirráðasvæða. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð, eins og við á, í ljósi breytinga á eftirliti og reglusetningu í Sambandinu og í hlutaðeigandi þriðju löndum og yfirráðasvæðum, að teknu tilliti til tiltækra, viðeigandi heimilda. Einkum getur framkvæmdastjórnin, með aðstoð Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda (CEAOB) eins og um getur í c-lið 7. mgr. 30. gr. og 12. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ([4]), hvenær sem er, endurmetið hæfi, einkum ef breytingar hafa orðið á viðeigandi lögum eða málavöxtum. Sú endurskoðun gæti leitt til þess að yfirlýsing um hæfi verði dregin til baka.

29) Evrópska persónuverndarstofnunin skilaði áliti 17. desember 2015.

30) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lögbær yfirvöld þriðju landa eða yfirráðasvæða uppfylla kröfur sem teljast fullnægjandi í skilningi c-liðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því er varðar miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum og úttektar- og rannsóknarskýrslum skv. 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar:

1) Verðbréfa- og kauphingsnefnd Brasilíu (Comissão de Valores Mobiliários of Brazil),

2) Fjármálaeftirlit alþjóðlegu fjármálamiðstöðvarinnar í Dúbaí (Dubai Financial Service Authority of Dubai International Financial Centre),

3) Fyrirtækjaskrá Guernsey (Registrar of Companies of Guernsey),

4) Endurskoðendaráð Indónesíu (Finance Professions Supervisory Centre of Indonesia),

5) Fjármálaeftirlitið á Mön (Financial Supervision Commission of the Isle of Man),

6) Fjármálaeftirlitið á Jersey (Jersey Financial Services Commission),

7) Eftirlitsráð með endurskoðun í Malasíu (Audit Oversight Board of Malaysia),

8) Óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum í Suður-Afríku (Independent Regulatory Board for Auditors of South Africa),

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

9) Fjármálaráðuneyti Suður-Kóreu (Financial Services Commission of South Korea) og Fjármálaeftirlit Suður-Kóreu (Financial Supervisory Service of South Korea),

10) Fjármálaeftirlitið á Taívan (Financial Supervisory Commission of Taiwan),

11) Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Taílands (Securities and Exchange Commission of Thailand),

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að þegar vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eru einungis í vörslu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis, sem er skráð í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem endurskoðandi samstæðu er skráður og lögbært yfirvald þess ríkis hefur fengið beiðni frá einhverju af þeim yfirvöldum, sem um getur í 1. gr., skuli einungis miðla slíkum skjölum til lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi þriðja landi eða yfirráðasvæði hafi lögbært yfirvald í fyrra aðildarríkinu veitt skýlaust samþykki fyrir því.

3. gr.

Að því er varðar þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 4. og 8. mgr. 1. gr., skal þessi ákvörðun gilda til 31. júlí 2019.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jonathan HILL

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1155 **2021/EES/22/114**

frá 14. júlí 2016

um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2016) 4363) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB ber lögbærum yfirvöldum aðildarríkis að skrá alla endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í þriðju löndum sem veita áritun endurskoðanda varðandi ársreikninga eða samstæðureikningsskil fyrirtækja sem hafa réttarstöðu lögaðila utan Sambandsins og eru með framseljanleg verðbréf sem eru skráð á skipulegan markað þess aðildarríkis. Í 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB er gerð krafa um að aðildarríkin setji slíka endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki undir opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi sín.

2) Aðildarríki geta með gagnkvæmu samkomulagi valið að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. og 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB í tengslum við endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki viðkomandi þriðja lands að því tilskildu að opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar-, og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í því þriðja landi teljist uppfylla kröfur tilskipunarinnar. Skilyrðin, sem uppfylla þarf til að heimilt sé að beita ekki eða breyta kröfunum í 1. mgr. og 3. mgr. 45. gr. tilskipunar 2006/43/EB á grundvelli ákvörðunar um jafngildi, eru að jafnaði sett fram í samstarfssamkomulagi, eins og um getur í 3. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, á milli aðildarríkisins og opinbers eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfis viðkomandi þriðja lands og tilkynnt framkvæmdastjórninni.

3) Í framkvæmdaákvörðun 2013/281/ESB ([2]) taldi framkvæmdastjórnin opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum, þ.e. verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga, fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, jafngild opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum. Sú framkvæmdaákvörðun fellur úr gildi 31. júlí 2016. Því ætti að endurmeta jafngildi þessara kerfa.

4) Takmörkun á gildistíma framkvæmdaákvörðunar 2013/281/ESB stafaði af skorti á gagnkvæmu trausti á eftirlitskerfunum. Því hefur samstarfsfyrirkomulag lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/281/ESB frá 11. júní 2013 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 8).

Bandaríkjanna verið endurskoðað til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra. Frá samþykkt framkvæmdaákvörðunar 2013/281/ESB hafa verið stigin skref í átt að auknu trausti, þ.m.t. skuldbinding um að forðast óþarfa tvíverknað og skilgreina aðferðir við samvinnu sem leiða til aukins trausts til framtíðar.

5) Ef um er að ræða félag sem hefur réttarstöðu lögaðila í Bandaríkjunum og er með framseljanleg verðbréf, skráð á skipulegan verðbréfamarkað aðildarríkis, en sem eru ekki skráð á markað í Bandaríkjunum, ættu aðildarríki að tryggja að allt endurskoðunarstarf, sem tengist reikningsskilum slíks félags, falli undir samstarfssamkomulag sem gert hefur verið við lögbær yfirvöld Bandaríkjanna til að ákvarða hvaða opinbera eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi mun gilda um endurskoðendur slíkra félaga. Þegar endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki annars aðildarríkis hefur skuldbundið sig til slíks endurskoðunarstarfs ættu viðkomandi aðildarríki að vinna saman til að tryggja að endurskoðunarstarfið falli innan gildissviðs einhvers opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- eða viðurlagakerfa þeirra. Þetta fyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin komi á samstarfssamkomulagi um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.

6) Hvers konar niðurstaða um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa þriðja lands, skv. 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, hefur ekki forgang fram yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja, samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, varðandi það hvort kröfur, sem lögbær yfirvöld þess þriðja lands uppfylla, séu fullnægjandi.

7) Lokamarkmið samvinnu á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og Bandaríkjanna á sviði opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki er að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars sem byggist á jafngildi þeirra.

8) Framkvæmdastjórnin hefur, með aðstoð Evrópuhóps eftirlitsaðila endurskoðenda, framkvæmt jafngildismat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki. Matið var unnið í ljósi þeirra krafna, sem settar voru fram í 29., 30. og 32. gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem gilda um opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki í aðildarríkjunum. Opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki, uppfylla kröfur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. þeirrar tilskipunar.

9) Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna hefur valdheimildir að því er varðar eftirlit með starfsemi opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga.

10) Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fyrirhuga frekara mat á opinberum eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfum aðildarríkjanna áður en þau ákveða að treysta á það eftirlit sem framkvæmt er af lögbærum yfirvöldum þeirra. Með tilliti til þess að undanþágan, sem kveðið er á um í 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB, er byggð á meginreglunni um gagnkvæmni ætti því að endurskoða samstarfsfyrirkomulagið milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars. Við þá endurskoðun ætti einnig að taka til greina hvort aðildarríkin hafi átt í erfiðleikum með að hljóta viðurkenningu um jafngildi frá lögbærum yfirvöldum í Bandaríkjunum að því er varðar opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi þeirra fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki. Af þessari ástæðu ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

11) Þrátt fyrir tímamörkin mun framkvæmdastjórnin fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og reglusetningarsamvinnunnar. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð, eins og við á í ljósi breytinga á eftirliti og reglusetningu í Sambandinu og í Bandaríkjunum, að teknu tilliti til tiltækra, viðeigandi heimilda. Sú endurskoðun kann að leiða til þess að yfirlýsing um jafngildi verði dregin til baka.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. tilskipunar 2006/43/EB skulu opinber eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfi verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna og opinbers eftirlitsráðs Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki teljast uppfylla kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 29., 30. og 32. gr. þeirrar tilskipunar.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu ekki að hafa áhrif á samstarfssamkomulag um einstakar endurskoðanir á gæðatryggingum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2022.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jonathan HILL

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1156 **2021/EES/22/115**

frá 14. júlí 2016

um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2016) 4364) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrsta undirlið 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB mega lögbær yfirvöld aðildarríkja því aðeins heimila miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- og rannsóknarskýrslna, sem varða hlutaðeigandi endurskoðun, til lögbærra yfirvalda þriðja lands að þau yfirvöld uppfylli kröfur sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að séu fullnægjandi og að um gagnkvæma vinnutilhögun milli þeirra og lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríkjum sé að ræða.

2) Í framkvæmdaákvörðun 2013/280/ESB ([2]) taldi framkvæmdastjórnin lögbær yfirvöld Bandaríkjanna, nánar tiltekið opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga og verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna, uppfylla kröfur sem eru fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Sú framkvæmdaákvörðun tók gildi 1. ágúst 2013 og fellur úr gildi 31. júlí 2016. Því er nauðsynlegt að ákvarða hvort lögbær yfirvöld Bandaríkjanna uppfylli áfram fullnægjandi kröfur til þess að til þeirra megi miðla vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- og rannsóknarskýrslum.

3) Takmörkun á gildistíma framkvæmdaákvörðunar 2013/280/ESB stafaði af skorti á gagnkvæmu trausti á eftirlitskerfunum. Því hefur samstarfsfyrirkomulag lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna verið endurskoðað, einkum til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra. Frá samþykkt framkvæmdaákvörðunar 2013/280/ESB hafa verið stigin skref í átt að auknu trausti, þ.m.t. skuldbinding um að forðast óþarfa tvíverknað og skilgreina aðferðir við samvinnu sem leiða til aukins trausts til framtíðar.

4) Í ákvörðun um hvort ákvæði um viðmiðanir séu fullnægjandi, skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, er ekki fjallað um aðrar sértækar kröfur vegna miðlunar á vinnuskjölum við endurskoðun og öðrum skjölum í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og úttektar- og rannsóknarskýrslum, s.s. samkomulag um gagnkvæma vinnutilhögun milli lögbærra yfirvalda sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, eða kröfur um miðlun persónuupplýsinga sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunarinnar.

5) Miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- og rannsóknarskýrslna, til lögbærs yfirvalds þriðja lands varðar mikilvæga hagsmuni almennings í tengslum við framkvæmd óháðs, opinbers eftirlits. Af þeim sökum ættu lögbær yfirvöld aðildarríkja, innan ramma

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/280/ESB frá 11. júní 2013 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtíð. ESB L 161, 13.6.2013, bls. 4).

vinnutilhögunarinnar sem um getur í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að tryggja að lögbær yfirvöld Bandaríkjanna noti skjöl, sem miðlað hefur verið til þeirra í samræmi við 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, aðeins til að sinna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

6) Miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, til lögbærs yfirvalds þriðja lands, tekur til þess að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrirtækið, sem er með skjölin í vörslu sinni, veiti slíku yfirvaldi aðgang að skjölunum eða sendi þau til þess, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki, eða að síðarnefnda yfirvaldið geri það sjálft.

7) Þegar skoðanir eða rannsóknir fara fram er endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ekki heimilt að veita lögbærum yfirvöldum Bandaríkjanna aðgang að vinnuskjölum sínum við endurskoðun eða öðrum skjölum eða senda þau til þeirra, samkvæmt öðrum skilyrðum en þeim sem sett eru fram í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og þessari ákvörðun.

8) Að því er varðar opinbert eftirlit, gæðamat og rannsóknir á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ættu aðildarríkin að sjá til þess að samskipti milli endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem þau viðurkenna og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum fari fram fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja, sbr. þó 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

9) Aðildarríki ættu að tryggja að samkomulag um vinnutilhögun, sem krafist er skv. tilskipun 2006/43/EB vegna miðlunar á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og á úttektar- og rannsóknarskýrslum, milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna, sé gert á grundvelli gagnkvæmni og feli í sér vernd atvinnuleyndarmála og viðkvæmra viðskiptaupplýsinga sem slík skjöl innihalda um þá sem sæta endurskoðun, þ.m.t. iðnaðar- og hugverkaréttindi, eða um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða viðkomandi.

10) Þegar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eða úttektar- og rannsóknarskýrslna, til lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna, felur í sér afhendingu persónuupplýsinga er slík afhending aðeins lögleg ef hún er einnig í samræmi við kröfur um alþjóðlega gagnaflutninga sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([3]). Í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er þess því krafist að aðildarríkin tryggi að miðlun persónuupplýsinga milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna sé í samræmi við IV. kafla tilskipunar 95/46/EB. Aðildarríki ættu að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir fyrir miðlun persónuupplýsinga, einkum með bindandi samningum milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna, og að lögbær yfirvöld Bandaríkjanna greini ekki frekar frá persónuupplýsingum, sem skjölin, sem miðlað er, hafa að geyma, án undanfarandi samþykkis lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

11) Aðildarríki geta ákveðið að samþykkja, í undantekningartilvikum, sameiginlegar skoðanir með lögbærum yfirvöldum Bandaríkjanna þar sem þörf er á til að tryggja skilvirkt eftirlit. Aðildarríki geta leyft að samstarf við lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fari fram í formi sameiginlegra skoðana eða með áheyrnarfulltrúum án skoðunar- eða rannsóknarheimilda og án aðgangs að trúnaðarvinnuskjölum við endurskoðun, öðrum skjölum í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja eða úttektar- og rannsóknarskýrslum. Slíkt samstarf ætti ávallt að fara fram samkvæmt skilyrðunum, sem eru sett fram í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og í þessari ákvörðun, einkum að því er varðar nauðsyn þess að virða fullveldi, trúnaðarkvöð og gagnkvæmni. Aðildarríki ættu að sjá til þess að sameiginlegar skoðanir, sem lögbær yfirvöld þeirra og lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum annast í Sambandinu skv. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, séu að jafnaði undir stjórn lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

12) Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna hefur valdheimildir að því er varðar rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Þessi ákvörðun ætti einungis að taka til þess valdsviðs verðbréfa- og kauphingsnefndar Bandaríkjanna sem tekur til rannsókna á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi og fyrrverandi

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi trúnaðarupplýsingar í té. Samkvæmt bandarískum lögum og reglum má verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47 gr. tilskipunar 2006/43/EB, sem tengjast rannsóknum sem hún kann að framkvæma á slíkum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þeim grundvelli uppfyllir verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

13) Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga hefur valdheimildir að því er varðar opinbert eftirlit, ytra gæðamat og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Eftirlitsráðið gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi og fyrrverandi starfsmenn láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt bandarískum lögum og reglum má opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47 gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Á þessum grundvelli uppfyllir opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum kröfur sem ætti að lýsa yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

14) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á það samstarfsfyrirkomulag sem um getur í 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([4]).

15) Hvers konar niðurstaða varðandi það hvort kröfur, sem lögbær yfirvöld þess þriðja lands uppfylla, séu fullnægjandi, samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, hefur ekki forgang fram yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þess þriðja lands skv. 2 mgr. 46. gr. þeirrar tilskipunar.

16) Ákvörðun þessi miðar að því að greiða fyrir skilvirkri samvinnu á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og í Bandaríkjunum. Markmið hennar er að gera þessum yfirvöldum kleift að gegna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytri gæðatryggingu og rannsóknir og jafnframt gæta réttinda þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Aðildarríkin eru skuldbundin til að tilkynna framkvæmdastjórninni um gagnkvæma vinnutilhögun, sem samið hefur verið um við lögbær yfirvöld Bandaríkjanna, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta hvort samvinna fari fram í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

17) Lokamarkmið samvinnu um eftirlit á sviði endurskoðunar milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum er að ná að skapa gagnkvæmt traust aðila á eftirlitskerfum hvers annars. Þannig ætti miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja og úttektar- og rannsóknarskýrslum að heyra til undantekninga. Gagnkvæmt traust yrði byggt á jafngildi endurskoðunareftirlitskerfa Sambandsins og Bandaríkjanna.

18) Lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum fyrirhuga frekara mat á endurskoðunareftirlitskerfum aðildarríkjanna áður en þau ákveða að treysta að fullu á það eftirlit sem framkvæmt er af lögbærum yfirvöldum þeirra. Því ætti að endurskoða samstarfsfyrirkomulagið milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda Bandaríkjanna til að meta hvernig fram vindur við að skapa gagnkvæmt traust milli þeirra á eftirlitskerfum hvers annars. Af þessari ástæðu ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

19) Þrátt fyrir tímamörkin mun framkvæmdastjórnin fylgjast reglulega með þróun eftirlits- og reglusetningarsamvinnunnar. Ákvörðun þessi verður endurskoðuð, eins og við á, í ljósi breytinga á eftirliti og reglusetningu í Sambandinu og í Bandaríkjunum, að teknu tilliti til tiltækra, viðeigandi heimilda. Sú endurskoðun kann að leiða til þess að yfirlýsing um hæfi verði dregin til baka.

20) Evrópska persónuverndarstofnunin skilaði áliti 27. maí 2016.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Opinbert eftirlitsráð Bandaríkjanna með reikningsskilum félaga og verðbréfa- og kauphingsnefnd Bandaríkjanna uppfylla kröfur sem teljast fullnægjandi í skilningi c-liðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því er varðar miðlun á vinnuskjölum við endurskoðun eða öðrum skjölum og úttektar- og rannsóknarskýrslum skv. 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eru einungis í vörslu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis, sem er skráð í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem endurskoðandi samstæðu er skráður og lögbært yfirvald þess ríkis hefur fengið beiðni frá einhverju af þeim yfirvöldum, sem um getur í 1. gr., skuli einungis miðla slíkum skjölum til lögbærs yfirvalds sem leggur fram beiðnina hafi lögbært yfirvald í fyrra aðildarríkinu veitt skýlaust samþykki fyrir því.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að sameiginlegar skoðanir, sem lögbær yfirvöld þeirra og lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum annast í Sambandinu uppfylli skilyrði 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og séu að jafnaði undir stjórn lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að tvíhliða vinnutilhögun á milli eigin lögbærra yfirvalda og lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum sé í samræmi við samstarfsskilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. júlí 2022.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jonathan HILL

framkvæmdastjóri.